



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Þanghafið breiða

**Þýðing á skáldsögunni *Wide Sargasso Sea* eftir Jean Rhys
ásamt greinargerð**

Ritgerð til MA-prófs í Þýðingafraeði

Rósa María Sigurðardóttir

September 2014

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Þýðingafræði

Þanghafið breiða

Þýðing á skáldsögunni *Wide Sargasso Sea* eftir Jean Rhys
ásamt greinargerð

Ritgerð til MA-prófs í Þýðingafræði

Rósa María Sigurðardóttir

Kt.: 2402663509

Leiðbeinendur: Ingibjörg Ágústsdóttir og Marion Lerner

September 2014

Ágrip

Hér á eftir fer lokaverkefni í Þýðingafraði við Háskóla Íslands. Verkið samanstendur af þýðingu á skáldsögunni *Wide Sargasso Sea* eftir Jean Rhys, ásamt greinargerð um þýðinguna og vangaveltum um þýðingar almennt. Sagan tengist annarri sögu, *Jane Eyre* eftir Charlotte Brontë, og verða tengslum þessara tveggja sagna gerð eilítill skil. Einkum verða þær skoðaðar frá sjónarhóli eftirlendustefnu og femínisma, en þær stefnur eru áberandi í umfjöllun um bókmenntaverk sem sprottið hafa úr menningarheimum fyrrum nýlendna. Bakgrunnur og menningarheimur rithöfundar ræður oft miklu um það hvernig verk hann skrifar. Í tilviki *Wide Sargasso Sea* kemur þetta mjög skýrt fram. Það er einn þeirra þátta sem litið er til í umfjölluninni. Eitt af viðfangsefnum sögunnar er árekstrar á milli menningarheima sem og á milli kynjanna. Tungumál og það hvaða tók mismunandi hópar innan eins samfélags hafa á því er einnig áhrifaþáttur í umfjölluninni, ásamt því hvernig mögulegt er að þýða stéttamállyskur yfir á tungumál eins og íslensku sem ekki hefur neinar mállyskur (að ráði). Þýðandinn þarf að vera sér meðvitaður um þá ábyrgð sem hann ber við slíka yfirfærslu á milli menningarheima og hann þarf að taka ákvarðanir um hvernig hann kys að koma verkinu til skila. Hér verður reynt að hrófla sem minnst við stíl höfundar en þó um leið að láta þýdda textann hljóma sem þjálást fyrir nýja lesendur.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fyrri hluti	4
1 Almennt um þýðingar	4
1.1. Áhrif menningar á þýðingar	4
1.2. Framandgerving eða staðfærsla	4
1.3. Jafngildi	6
1.4. Ósýnileiki þýðandans	8
2 Höfundurinn, sagan og <i>Jane Eyre</i>	11
2.1. Um höfundinn	11
2.2. <i>Wide Sargasso Sea</i>	15
2.3. <i>Wide Sargasso Sea</i> og <i>Jane Eyre</i>	19
2.4. Bókmenntakenningar	21
3 Þýðingarferlið	25
3.1 Greining textans	25
3.2. Þýðingarstefna	27
3.3. Vandamál við þýðinguna	29
Lokaorð	34
Heimildir	35
Seinni hluti	37
<i>Þanghafið breiða</i>	37
I. hluti	37
II. hluti	65
III. hluti	135

Inngangur

Sú iðja að færa texta á milli tungumála hefur verið stunduð öldum saman og er einn af áhugaverðustu þáttum menningartengsla þjóða á milli. Það hlýtur að styrkja samskipti og skilning á milli þjóða að kynnast menningu hver annarrar og hluti af því ferli er að kynnast bókmenntum þeirra. Að sýna menningu annarra þjóða áhuga eflir skilning á henni, virðingu fyrir henni og eykur víðsýni þess sem það stundar. Skilningur okkar á menningu annarra verður þó alltaf bundinn okkar eigin bakgrunni og hugmyndum og engir tveir einstaklingar (og engar tvær þjóðir) skilja og skynja heiminn á sama hátt. Hver þjóðtunga hefur sín sérkenni og orð sem tengjast menningarheimi hennar. Þegar tekin er ákvörðun um að þýða verk af einu tungumáli á annað getur verið snúið að færa slík sérkenni á milli mála. Ekki er gefið að viðtökumálið búi yfir samsvarandi orðum og hugtökum og frummálið. Þá reynir virkilega á þýðandann að leita leiða til að koma innihaldi og merkingu textans til skila. Við þýðingu á *Wide Sargasso Sea* vöknudu margar spurningar um hvernig hægt væri að færa alla þessa menningarlegu þætti yfir á íslensku. Segja má að á milli þess heims sem sagan sprettur úr og þess sem hún er hér þýdd yfir á séu mörg lög af menningarmismun. Sagan gerist í landi og heimshluta sem er flestum Íslendingum framandi. Hún gerist líka fyrir meira en hálfri annarri öld og er því framandi bæði í tíma og rúmi. Hún lýsir tilveru fólks sem var, þrátt fyrir að vera jafnvel fætt í viðkomandi landi, hálfgerðir útlendingar vegna þess að forfeður þess komu frá öðru landi og settust þar að innan um fólk sem bjó þar fyrir. Jean Rhys, höfundur sögunnar, var sjálf sprottin úr slíku umhverfi. Þar sem henni fannst hún eiga heima var litið á hana sem aðskotadýr og þá reynslu nýtti hún við sköpun aðalpersónu sögunnar. Það er sannarlega krefjandi að reyna að komast í gegnum öll þessi lög og að skapa úr þeim heildstæða og skiljanlega mynd á íslensku. Með því að skoða bókmenntakenningar sem efninu tengjast ásamt kenningum í þýðingafræði er reynt að varpa ljósi á bakgrunn þess, sögu og samhengi í bókmennta- og menningarheiminum. Einnig verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem hvað erfiðastir voru viðureignar við sjálfa þýðingu verksins og hvað réði einstökum ákvörðunum.

Fyrri hluti

1 Almenn um þýðingar

Hér verður fjallað um þýðingar almennt, svo sem áhrif menningar á þær, um meðferð textans og viðhorf til hans. Eilítið verður fjallað um hugtök innan þýðingafræða og heimfærslu þeirra í þýðingastarfi.

1.1. Áhrif menningar á þýðingar

Bakgrunnur hvers rithöfundar hlýtur óhjákvæmilega að hafa áhrif á verk hans á einn eða annan hátt. Að sama skapi hlýtur bakgrunnur þýðanda að hafa áhrif á hans verk, þýðinguna. Þó svo maður gangi út frá því að þýðandi reyni á einhvern máta að miðla sínum hugsanlegu lesendum þeim menningarheimi sem sýndur er í frumtextanum þá fer varla hjá því að hans eigin bakgrunnur móti verk hans á einhvern hátt. Við erum öll svo gegnsýrð af okkar menningarlega bakgrunni að við gerum okkur oftast ekki grein fyrir því, hversu mikið sem við reynum að fjarlægja okkur frá honum.

Fólk sem flytur frá heimalandi sínu til annarra landa vegna þess að því finnst það ekki eiga heima þar, kemst yfirleitt að því þegar komið er á nýjan stað að það ber með sér áhrif sinnar menningar á ýmsum sviðum, hvort sem því líkar betur eða verr. Það sem gerist er að sjónarhornið færast til og hlutir sem við teljum sjálfsagða og venjulega og veltum aldrei fyrir okkur heima fyrir verða allt í einu framandi þegar við berum þá við aðrar mælistikur.

Jafnvel þó að maður gefi sér að rithöfundur skrifi texta á sínu móðurmáli þá er sama hversu mikið hann reynir að brjótast frá þeim menningarheimi sem fósraði hann, honum mun tæplega takast það ætlunarverk nema að takmörkuðu leyti. Á sama hátt hlýtur menningarheimur þýðanda að hafa áhrif á hann í sínu starfi og allar líkur eru á að einhver merki þess skíni í gegn í verki hans.

1.2. Framandgerving eða staðfærsla

Við yfirfærslu texta af einu máli yfir á annað verður þýðandi að spyrja sig hvaða áhrifum hann vill ná fram í textanum; hvort hann vilji halda svip frumtextans eða hvort hann kjósi að færa hann nær lesanda sínum með því að laga hann að hans heimi. Friedrich Schleiermacher segir að annað hvort verði þýðandinn að láta höfundinn í friði og færa lesandann til hans eða að láta lesandann í friði og færa höfundinn til hans

(Schleiermacher, 2010, bls. 12). Þessi yfirlýsing hljómar kannski eins og dálítið svart-hvít einföldun en þó má segja að margt sé til í henni.

Ef þýðandinn lætur höfundinn í friði og færir lesandann til hans þá felur það í sér einhvers konar framandgeringu verksins. Hann leitast þá við að halda sérkennum verksins, hvort heldur sem þau eru efnisleg, málfarsleg eða hvaðeina, og reynir að miðla sögunni til lesandans á þann hátt að það líkist frumtextanum sem mest. Til þess að það takist þarf hann að móta sinn texta að sem mestu leyti eftir fyrirmynd höfundarins. Beiti hann þessari aðferð gæti hann þó átt það á hættu að sá texti sem hann „framleiðir“ verði væntanlegum lesendum á markmálinu erfiðari viðfangs og jafnvel í versta falli illskiljanlegur, sé frumtextinn þess eðlis. Slík nálgun tekur fyrst og fremst mið af frumtextanum, setur hann í forgrunn og fær markmálið til að þjóna honum.

Sé áherslan hins vegar lögð á að færa höfundinn til lesandans þá þarf að beita öðrum aðferðum. Þá vinnur þýðandinn í því að aðlaga textann markmáli og –menningu og gera hann þannig úr garði að viðtakandi geti lesið hann snurðulaust og án vandkvæða. Slík þýðing getur krafist þess að þýðandi staðfæri þá þætti sögunnar sem komið gætu lesanda framandlega fyrir sjónir, hvort heldur sem um er að ræða menningarlega þætti eða aðra. Við slíka vinnu eru miklar líkur á að fórna þurfi einhverjum og jafnvel mörgum sérkennum sögunnar.

Schleiermacher telur að aðeins sé hægt að velja aðra hvora leiðina, ekki sé hægt að fara þær báðar eða einhvern milliveg (Schleiermacher, 2010, bls. 12). Þegar þýðingastefna fyrir tiltekið verkefni sé ákveðin þurfi sem sagt að velja eindregið á milli aðferða. Velji þýðandi fyrrnefndu leiðina, að vera frekar trúr frumtextanum, þá hlýtur hann að leitast við það öðru frammar að láta sérkenni frumtextans halda sér. Það krefst vissulega meiri fyrirhafnar fyrir lesandann heldur en ef seinni leiðin er valin, sú sem lagar textann að heimi hugsanlegs viðtakanda, í þeim tilgangi að gera honum lesturinn auðveldari. Það eru sjálfsagt ekki allir sammála Schleiermacher um að aðeins önnur leiðin sé fær í einu en að ætla sér að fara einhvern milliveg milli þessara aðferða þarf að minnsta kosti að stíga afar varlega til jarðar. Þá verður að gæta þess að jafnt sé farið með alla hluta textans svo hann verði ekki skrykkjóttur og ekki gæti ósamræmis. Taki þýðandi ekki afstöðu í aðra hvora áttina er hugsanlega meiri hættu á að útkoman verði eitthvert ruglingslegt miðjumóð.

Ástráður Eysteinnsson segir um Schleiermacher að hann „geri[r] ráð fyrir að lesendur þýddra skáldverka séu forvitnir um menningarheim verksins og leiti að merkingu og vægi þess heims í þýðingunni“ (Ástráður Eysteinnsson, 1996, bls. 79). Í hnattvæddu nútímasamfélagi á upplýsingatækniöld þar sem meginþorri fólks á vesturlöndum hefur

auðveldan aðgang að upplýsingum um önnur lönd og menningarheima er leikur einn fyrir þá sem kæra sig um að kynna sér bakgrunn verka sem þeir hyggjast lesa.

Þetta er það leiðarljós sem ég vil setja mér í mínu verki. Það markmið sem ég set mér við þýðingu þessa verks er að reyna að miðla þeim heimi sem það sýnir sem „ómenguðustum“ til íslensks lesanda. Tilgangur minn er að færa honum þessa framandi veröld í öllum sínum framandleika og veita honum innsýn í hana. Vera má að margt virki sérkennilegt og torskilið í textanum en það gerir það einnig í frumtextanum. Ég lít svo á að hefði höfundur kært sig um að auðvelda lesanda sínum lesturinn hefði hún hreinlega skrifað öðruvísi texta og útskýrt ýmislegt betur. En þá hefði sagan ekki orðið að því verki sem hún er og hún hefði heldur ekki haft sömu áhrif. Það ber þó vissulega einnig að líta til þess að hátt í fimmtíu ár eru frá því að sagan var gefin út og tíðarandi og orðræða getur breyst á skemmri tíma en það. Sjónarhorn á söguna færist til og söguskoðun og bókmenntarýni taka einnig breytingum með tímanum og þetta þarf allt að hafa í huga í umfjölluninni.

Verkið sem hér um ræðir fjallar um samskipti milli fólks úr ólíkum menningarheimum og það hverju mismunandi tjáningarmáti undir þeim kringumstæðum getur komið til leiðar. Þar sem fólk af ólíkum menningarheimum mætist þarf lipurð í samskiptum og hæfileika til að setja sig í annarra spor. Ef tveir slíkir aðilar eiga tjáskipti hvor fyrir sig eingöngu á sínum eigin forsendum og án þess að hafa skilning á aðstæðum hins er hætta á að samskiptin gangi illa og að alls kyns misskilningur verði til. *Wide Sargasso Sea* er saga sem snýst í raun um það að sýna hve hörmulegar afleiðingar slíkt skilningsleysi á menningu og kringumstæðum annarra getur haft.

1.3. Jafngildi

Við færslu bókmenntatexta af einu tungumáli yfir á annað er það nokkuð almenn krafa að merking textans verði sú sama á markmálinu og á frummálinu. Krafan hefur löngum verið sú að þýddi textinn verði sá sami, að „þýðing segði það sama og frumtexti“ (Ástráður Eysteinnsson, 1996, bls. 89). Hvort og hvernig hægt er að ná því fram er spurning sem endalaust er hægt að velta fyrir sér og eins því hvort texti sé yfirhöfuð eitthvað sem er fastmótað og óbreytanlegt. Við slíkar vangaveltur koma óneitanlega upp í hugann hugmyndir og kenningar Bandaríkjamannsins Eugene Nida um „jafngildið.“ Ástráður Eysteinnsson lýsir kjarnanum í kenningum Nida þannig: „Í „jafngildi“ felst að þýðandi reynir að veita þeim boðum sem hann sendir frá sér skírskotun sem samsvarar skírskotun upphaflegra boða“ (Ástráður Eysteinnsson, 1996, bls. 90). Þetta finnst mér vera rökrétt sýn

á það hver tilgangurinn með þýðingu er. Með þeim hætti getur hlutverk hins þýdda texta orðið hið sama og frumtextans. Það er þó ekki svo einfalt að eingöngu sé til ein tegund jafngildis, því Nida talar um tvenns konar jafngildi, þ.e. „áhrifajafngildi“ og „formlegt jafngildi“ („dynamic equivalence“ og „formal equivalence“) (Nida, 2004, bls 156). Eins og orðin benda til þá vísar áhrifajafngildi til þess þegar þýðandi reynir frekar að gera texta þannig úr garði að lesandi þýðingar hans verði fyrir svipuðum hughrifum og lesandinn sem las hann á frummálinu, þó að hann fái að lesa hann á sínu eigin tungumáli. Í slíkri þýðingu er ritstíl höfundarins, sem og öðrum ytri einkennum textans, takmarkaður gaumur gefinn og aðaláhersla lögð á að upplifun lesandans verði ekki menningarlega framandleg. Formlegt jafngildi vísar aftur á móti til þess er þýðandinn leyfir einkennum texta, ritstíl og formi að halda sér, þó það kosti það að hann þurfi að láta skýringar fylgja (Nida, 2004, bls. 156-7).

Þegar verið er að þýða texta þar sem mállýska er skrifuð eftir framburði þá flækist spurningin um jafngildið. Í tilviki *Wide Sargasso Sea* er þó ekki rétt að tala einfaldlega um mállýsku (e. dialect) þar sem það orð vísar fremur til afbrigðis af tungumáli sem bundið er tilteknum stað. Frekar mætti í þessu tilviki tala um stéttamállýsku (e. sociolect), þar sem hin mismunandi mál sem fólkið í sögunni talar ræðst frekar af stöðu þess innan samfélagsins heldur en hvaðan það kemur. Undir slíkum kringumstæðum er ekki nóg með að þýðandi þurfi að finna jafngild orð til að móta „venjulegt“ mál heldur þarf hann einnig að finna eitthvert mögulegt jafngildi fyrir stéttamállýskuna eða mállýskurnar, kjósi hann yfirhöfuð að reyna að koma henni/þeim til skila með einhverju móti. Þegar slíkur texti er þýddur yfir á tungumál eins og íslensku sem hefur engar slíkar mállýskur (sem orð er á gerandi) getur það valdið heilmiklum heilabrotum hvernig beri að leysa það. Þegar þannig hagar til þarf líka að velja því fyrir sér hvort jafngildið eigi eingöngu við gagnvart einstökum orðum eða hvort líta eigi á textann í heild sinni; hvort hægt sé að finna einhvers konar jafngildi textahluta fremur en jafngildi einstakra orða. Í tilviki sögu eins og *Wide Sargasso Sea*, sem hefur jafn sterka menningarsögulega tengingu og raun ber vitni, finnst mér eðlilegra að hallast að formlega jafngildinu, þar sem að með því næst fremur að koma einkennum sögunnar til skila og að líta beri bæði á textann í heild sinni sem og hinar smærri einingar hans.

Maria Tymoczko segir að viðhorfið hafi verið þannig, í umfjöllun um eftirlendubókmenntir, að menn viti ekki hvernig eigi að fjalla um þær, að til þess skorti fullnægjandi orðaforða (Tymoczko, 1999, bls. 19). Það mætti því segja að þýðingar á slíkum textum geti verið vandasamar af sömu ástæðum. Spurningin um jafngildið hlýtur

þannig ávallt að vera jafnframt spurning um menningartúlkun og hvort, og þá hvernig, mögulegt sé að finna slíkt jafngildi á milli menningarheima. Tymoczko gengur svo langt að segja: „engan texta er nokkru sinni hægt að þýða til fullnustu með öllum hans blæbrigðum: aldrei er hægt að ná fullkominni samsvörun á milli þýðingar og frumtexta“ (Tymoczko, 1999, bls. 23).¹ Hvort þessi staðhæfing hennar stenst hlýtur alltaf að verða matsatriði og það hvort jafngild þýðing þurfi endilega að vera einhver málfræðilega og/eða merkingarfræðilega hárnákvæm samsvörun er einnig umdeilanlegt. Hversu jafngildar þýðingar geta orðið getur til dæmis mögulega ráðist af skyldleika tungumála eða því hversu lík þau eru að uppbyggingu. Einnig geta títt nefnd menningaráhrif komið þar við sögu. Það liggur í augum uppi að minni útskýringa er þörf á þáttum og fyrirbærum úr menningu sem líkist menningu viðtökusamfélagsins heldur en ef um mjög framandi menningarheim er að ræða. Á meðan einn lesandi myndi frekar vilja þýðingu sem, frá því sjónarhorni, væri eitthvað ábótavant, ef það þýddi að hún yrði honum ögn skiljanlegri en sú fyrrnefnda, þá tæki annar slíkt alls ekki til greina. Þýðandinn verður því alltaf að spyrja sig þeirrar spurningar hver markhópur hans er og til hverra hann kýs að höfða.

1.4. Ósýnileiki þýðandans

Það hefur löngum verið litið á þýðendur og þýðingar sem eitthvað ósýnilegt og fram undir daginn í dag nánast verið gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut að þannig væri æskilegast að hafa það. Þýðandinn virðist oft aðeins álitinn einhvers konar milliliður, og það af illri nauðsyn. Ímynd hans hefur því verið frekar verið hálfgerð ímyndarleysi, eins og Ástráður orðar það (Ástráður Eysteinnsson, 1996, bls. 15). Fremst í bók Lawrence Venuti, „The Translator's Invisibility“ stendur þessi tilvitnun í bandaríska þýðandann Norman Shapiro:

„Ég lít á þýðingu sem tilraun til að skapa texta sem er svo gegnsær að hann lítur ekki út fyrir að vera þýddur. Góð þýðing er eins og gluggarúða. Maður tekur þá aðeins eftir að hún sé þarna þegar smávægilegir gallar sjást – rispur, loftbólur. Ef allt væri eins og best yrði á kosið, væru þeir engir. Hún ætti aldrei að draga athygli að sjálfri sér“ (1995, bls. 1).

Þessi stutta klausa virðist lýsa á einfaldasta hátt kjarnanum í því sem þýðing er, samkvæmt öllum þeim venjulegasta skilningi sem við leggjum í það hugtak. Slík þýðing

¹ Mín þýðing. Allar beinar tilvitnanir sem fyrir koma í greinargerðinni og ekki koma úr verkum sem þegar hafa verið þýdd hef ég þýtt sjálf.

sýnir lesanda sínum það sem höfundurinn sagði, en á hans eigin máli. Frumtextinn er þannig gerður sýnilegur í gegnum gluggarúðu þýðingarinnar. Það má hins vegar velta fyrir sér hvað þessi lýsing innifelur þegar betur er að gáð og hvort þetta sé alveg svo einfalt. Í einfaldasta skilningi þess hugtaks hlýtur það að þýðandi geri sig ósýnilegan að innifela það að hann setji textann í forgrunn. Með því reyni hann að láta þýdda textann líta út eða hljóma sem líkast því sem hann gerði á frummálinu, eða með orðum Ástráðs Eysteinsonar: „Lesandi á að heyra óm frumtextans í þýðingunni og öðlast vissan aðgang að málheimi hans...“ (Ástráður Eysteinson, 1996, bls. 78).

Ef það er markmiðið mætti því ætla að einkenni frumtextans fái að halda sér sem minnst breytt. Slíkt getur hins vegar valdið því að textinn verði ætluðum lesanda á markmálinu erfiður aflestrar, ef frumtextinn er t.d. mjög framandi, hvort sem það er vegna efnis eða forms. Það getur gert það að verkum að lesandanum finnist sem aðgengi hans að efninu sé takmarkað og að honum sé ekki veitt full hlutdeild í því, sem aftur leiðir hugann að því í hverju ósýnileikinn eða gagnsæið felist. Líklegast er að það sem Shapiro á þarna við sé að þýðingin eigi að gera lesandanum kleift að lesa textann og skilja hann á sínum eigin forsendum. Með því móti taki lesandinn ekki eftir því að hann sé að lesa þýðingu og þannig sé tilganginum best náð.

Það má spyrja sig hvort krafan um það að þýðandinn eigi að vera ósýnilegur sé eðlileg og hvort hún eigi yfir höfuð við. Fer hún saman við kröfuna um tryggð við frumtextann eða gengur hún þvert gegn henni; er til fleiri en ein gerð af ósýnileika, en síðast en ekki síst; er þessi hugmynd einfaldlega orðin úrelt? Við blasir hin eilífa spurning um hvort mögulegt sé að varðveita bæði innihald og form í einu. Það má segja að þýðandinn þurfi stundum að vera nokkurs konar sáttasemjari milli tungumálanna og menningarheimanna, t.d. þegar viðfangsefni hans er mjög framandi markhópnum. Hann gæti þurft að finna leið til þess að gera lesandanum textann skiljanlegan á einhvern þann hátt sem ekki „eyðileggur“ frumtextann algjörlega, þ.e. vísar ekki svo langt frá honum að hann verði óþekkjanlegur við hlið þýðingarinnar.

Susan Bassnet og André Lefévre skrifa formála að bók Venutis þar sem þau segja m.a.: „Þýðing er, auðvitað, endurritun á frumtexta.“ (Bassnett og Lefévre, 1995, bls. vii). Það hversu nákvæm sú endurritun er verður samkvæmt því mælikvarði á gæði verksins. Venuti segir síðan sjálfur: „Þýðing er ferli þar sem röð af tákmyndum sem frummálstextinn er samsettur úr er skipt úr fyrir röð af tákmyndum í markmálstextanum sem þýðandinn lætur í té í krafti túlkunar“ (Bassnett og Lefévre, 1995, bls. 17). Þarna eru því komnar tvenns konar útlistanir á því hvað þýðing er, sem sagt, endurritun og túlkun.

En hvað felst þá í þeirri endurritun og túlkun og hvar er þýðandinn þá búinn að staðsetja sig? Mér sýnist á öllu að hann sé þarna kominn í sáttasemjara hlutverkið og að verk hans verði samkvæmt því einmitt ekki ósýnilegt heldur fremur það að standa við hlið höfundarins og hjálpa honum að skapa sér sess hjá nýjum lesendum.

Áður fyrr, á þeim tímum þegar fáir höfðu tök á að læra erlend tungumál eða kynnast menningu annarra landa, voru þýðingar oft býsna frjálsgelar, svo ekki sé meira sagt. Það væri ekki tímafrekt verk að fara inn á hvaða almenningsbókasafn sem er, finna sæmilega þekktar þýddar skáldsögur frá u.þ.b. miðri síðustu öld eða fyrr, taka frumtextann, bera saman og komast að því að ekki var alltaf borin mikil virðing fyrir honum. Það virðist oft hafa verið álitnið nóg að endursegja söguna í grófum dráttum. Sem dæmi um þannig vinnubrögð má nefna að á innri titilsíðu þeirrar einu íslensku útgáfu sem ég hef fundið á skáldsögunni *Jane Eyre* stendur: „Sigurður Björgólfsson þýddi og endursagði“ (Brontë, 1948, bls. 4). Þegar svo farið er að lesa bókina kemur fljótt í ljós að margt er ansi frjálsgela þýtt og löngum köflum hreinlega alveg sleppt. Þetta sýnir glögglega að á þýðingar hafi verið litið fyrst og fremst sem þjónustu við hugsanlega lesendur á markmáli og að mestu máli hafi skipt að gera þeim lesturinn sem auðveldastan. Lítið hafi verið hugsað um höfund og frumtexta og virðingin við þá verið af skornum skammti. Það er einnig algengt að sjá að þýðandans hafi hreinlega alls ekki verið getið. Þannig var hann því svo sannarlega gerður ósýnilegur og þáttur hans í verkinu að engu gerður.

Venuti lýsir því einmitt hvernig algengt hefur verið að líta á þýðingar: „þýðing er skilgreind sem annars flokks túlkun; eingöngu frumtextinn getur verið upprunalegur, ósvikin útgáfa, trú persónulegri fyrirætlun höfundarins, þar sem þýðingin aftur á móti er afleidd, óekta, mögulega falsað afrit“ (Venuti, 1995, bls. 7). Það að þetta viðhorf hafi ríkt má því miður oft edlilegt teljast í ljósi þess sem hér að ofan segir. Þegar frumtextanum hefur ekki verið sýndur sá sómi sem honum ber og hann settur í þá stöðu að verða fremur aðlagður væntanlegum lesanda þá er það ekki aðeins virðingarleysi við sjálfan textann og höfund hans, heldur einmitt einnig við þennan umrædda lesanda. Með þess konar vinnubrögðum er honum neitað um það að taka sjálfstæða afstöðu til þess sem hann les og komið fram við hann nánast eins og óvita barn sem ekki hafi þroska til að takast á við það sem honum mætir. Slík framsetning verður því eins og einhverskonar mötun; það getur vissulega verið þægilegra og fyrirhafnarminna að gleypa í sig, án þess að þurfa að tryggja, einhverja mjúka stöppu heldur en að þurfa sjálfur að kljást við hvern bita fyrir sig. Hættan

er þó sú að ánægjan verði minni í fyrrnefnda tilfellinu og að bragðleysi mjúku stöppunnar hafi á endanum fælandi mátt.

Starf þýðandans er sannarlega flókið og gerir margs konar kröfur. Það er sannarlegur línudans þar sem hann þarf að vera sér mjög meðvitaður um stöðu sína og ábyrgð, bæði gagnvart frumtexta og markhópi. Að ætlast til þess að hann geri sig ósýnilegan er hvorki sanngjörn krafa gagnvart honum né lesandanum og að sama skapi ekki raunhæf. Til þess að gera sig ósýnilegan þyrfti hann hreinlega að fórna hluta af persónuleika sínum en slíkt skapar engum virðingu og þjónar engum tilgangi. Hann á ekki að fela spor sín heldur að reyna að stíga þau í sem bestum takti við frumverkið sem hann fæst við í það og það skiptið.

2 Höfundurinn, sagan og *Jane Eyre*

Hér verður fjallað stuttlega um höfund *Wide Sargasso Sea* og hennar bakgrunn. Einnig verður sagt frá sögunni sjálfri, tengingu hennar við *Jane Eyre* og bókmenntakenningum sem varða þessar tvær sögur.

2.1. Um höfundinn.

Jean Rhys fæddist þann 24. ágúst 1890 í borginni Roseau á eyrni Dóminíku í Dóminíska Lýðveldinu. Hennar rétta nafn var Ella Gwendolen Rees Williams. Faðir hennar var læknir, ættaður frá Wales, og móðir hennar var þriðju kynslóðar kreóli, þ.e.a.s. afkomandi hvíttra manna sem bjuggu í Vestur-Indíum, en áttu ættir að rekja til Skotlands og Írlands. Rhys ólst upp á eyrni og kom ekki til Englands fyrr en hún var orðin 17 ára. Aðstæður hennar buðu síðan ekki upp á það fyrr en mörgum áratugum síðar að hún færi aftur heim, og þá var aðeins um stutta heimsókn að ræða.

Ævi Jean Rhys var sannarlega enginn dans á rósum. Hún upplifði það strax sem barn að finnast hún öðruvísi. Hún hafði annan hára- og augnlit en systkini hennar og velti oft fyrir sér þessari spurningu: „af hverju valdist ég til að vera sú eina sem var ljós yfirlitum, til að vera nefnd Gwendolen sem þýðir ‚hvítur‘ á velsku“ (Rhys, 1981, bls. 20). Hún passaði ekki heldur inn í þegar hún kom í skóla og átti erfitt með að eignast vini. Henni leið asnalega í óklæðilegum skólabúningnum og var ekki sérlega snyrtileg. Aðeins ein stúlka í skólanum var draslaralegri en hún sjálf og hún fór að reyna að slá henni við. Þessi stúlka reyndi að vingast við hana en hún vildi frekar vera ein: „Ég kaus fremur að vera hornreka út af fyrir mig, og kærði mig ekkert um hana, þó að ég nyti þverúðarfullrar

ánægju af að slá henni við í subbuskapnum“ (Rhys, 1981, bls. 21). Af þessu má skilja hve utanveltu henni fannst hún vera og virðist sú tilfinning hafa fylgt henni alla ævi.

Þegar hún kom fyrst til Englands, sautján ára gömul, hafði hún miklar væntingar. Þegar þær stóðust ekki varð hún fyrir miklum vonbrigðum. Fólkið hennar hafði talað svo fallega um landið og lýst því sem dásamlegum stað en henni fannst það bara kalt og grátt og óaðlaðandi. Hún var í för með frænku sinni sem sýndi henni alla helstu merkisstaði og söfn en henni þótti lítið til koma. „Ég leitaði að ögn af hlýju og lit en fann ekki“ (Rhys, 1981, bls. 100). Hún hóf leiklistarnám en varð að hætta því fljótlega þar sem faðir hennar lést og þá hafði móðir hennar ekki lengur efni á að senda henni peninga. Hún vildi að hún kæmi heim en það gat Rhys ekki hugsað sér. Hún sótti því um starf í ferðaleikhúsi, var ráðin og vann við það í nokkur ár (Rhys, 1981, bls. 105). Hún eignaðist enga raunverulega vini og sá eini sem sýndi henni einhvers konar vinarhug, og hélt henni í raun uppi í nokkur ár, var fyrsti alvöru elskhugi hennar, Lancelot Hugh Smith. Það byrjaði með því að hann útvegaði henni peninga til að fara í „ólöglega aðgerð“ (fóstureyðingu). Hugsanlega var þar að verki slæm samviska, a.m.k. að einhverju leyti. Rhys var utanveltu í samfélagi sem krafðist þess að allir borgararnir væru steypdir í sama mót, það var ekki fínt að vera öðruvísi. Hún þoldi ekki hræsnina og snobbið sem henni fannst gegnsýra þjóðfélagið í þessu landi sem hana hafði dreymt um. Draumurinn varð kannski ekki beinlínis að martröð en veruleikinn var sannarlega mun miskunnarlausari en hún hafði séð fyrir sér.

Það er ekki ætlunin hér að rekja ævisögu Rhys í löngu máli og aðeins verður stiklað á stóru um næstu áratuginna í lífi hennar. Á stríðsárunum vann hún sjálfboðavinnu í kaffistofu fyrir hermenn. Í lok stríðsins kynntist hún Jean Lenglet, sem hún giftist og flutti með til Parísar, síðan til Vínar og Búdapest og svo aftur til Parísar. Lenglet vann ýmis óljós störf. Í Vín var hann aðallega í gjaldeyrisbraski og þegar upp komst um svik hans gagnvart einhverjum fyrirtækjum urðu þau hjónin að flýja. Í fyrri Parísardvölinni fékk Rhys tímabundna vinnu við að tala ensku við frönsk börn. Þar eignuðust þau Lenglet dreng, árið 1920, sem dó aðeins nokkurra vikna gamall. Í Vín fæddist þeim svo dóttir tveimur árum seinna. Í seinni Parísardvölinni komst hún í kynni við Ford Madox Ford og það hafði afgerandi áhrif á hennar líf. Hann hvatti hana til að skrifa og þar hóf hún sinn rithöfundarferil. Þetta urðu stormasöm ár og á endanum skildu Rhys og Lenglet. Hann og dóttirin fluttu til Hollands. Hún fór hins vegar aftur til Englands, með handrit að bók í farteskinu. Árið var 1927 og næsta rúman áratuginn skrifaði hún flest sín verk.

Rithöfundarferill Rhys var nokkuð skrykkjóttur. Flestar sínar sögur gaf hún út á fimmtán ára tímabili á milli 1924 og 1939 en engin þeirra hlaut sérlega mikla athygli og féllu þær fljótt í gleysku. Francis Wyndham segir að þær hafi þó notið hylli meðal bókmenntafólks (Plasa, 2001, bls. 20). Þegar *Wide Sargasso Sea* kom út árið 1966 voru liðin 27 ár frá útkomu síðustu sögu hennar, *Good Morning Midnight*, og í millitíðinni hafði hún fallið svo algjörlega í gleysku að almennt var álitid að hún væri dáin. *Wide Sargasso Sea* sló í gegn og Rhys öðlaðist vinsældir sem aldrei fyrr. Eldri bækur hennar voru þá gefnar út aftur og öðluðust einnig viðurkenningu þó að *Wide Sargasso Sea* sé alltaf álitin hennar höfuðverk.

Jean Rhys varð lengst af ævinnar að reiða sig á fjárhagslega forsjá karlmannna og sambönd hennar við þá voru oft flókin og erfið. Fyrsta málsgreinin í bók Carole Angier um ævi Rhys er á þá leið að hún hafi ekki verið nútímakona. Hún hafi einungis þráð öryggi og viljað láta karlmenn hugsa um sig. Hana langaði ekki til að verða rithöfundur, heldur vildi hún bara vera „venjuleg, hamingjusöm, aðgerðalítill og vernduð kona“ (Angier, 1985, bls. 15). Hún var óörugg og óttaðist einsemdina meira en nokkuð annað. Angier segir einnig: „Það hefur alltaf verið lesendum Jean ráðgáta hvernig hún gat búið með eiginmönnum sínum öll sín fullorðinsár en samt skrifað svo ískeyggilega sannfærandi um konur sem voru svo algjörlega einar á báti“ (Angier, 1985, bls. 118-119). Þetta endurspeglar það hversu ein henni fannst hún vera og öðruvísi en annað fólk. Henni virtist oft falla best við fólk sem var á einhvern hátt öðruvísi, t.d. samstarfsfólkið í ferðaleikhúsinu sem talaði sitt eigið mál, af því að það minnti hana á konurnar heima og slangrið þeirra. Hún öfundaði stundum þá sem áttu velgengni að fagna „...en henni líkaði ekki við þá. Hún kunnir betur við gálurnar“ (Angier, 1985, bls. 28).

Persónur hennar virðast oft vera einhvers konar spegilmyndir hennar sjálfrar og jafn utanveltu og óöruggar og hún var sjálf. Í gegnum þær lýsir hún því hvernig það er að vera öðruvísi og hvernig það er að passa ekki inn í það samfélag sem maður hrærist í. Þær lýsa þörfinni til að tilheyra einhverju og einhverjum, en sú þörf er rík í mannssálinni. Hversu sjálfstæður sem einstaklingurinn er þá hefur hann alltaf þessa þörf fyrir viðurkenningu samfélagsins, eða a.m.k. tiltekins hóps innan þess, og það að geta ekki öðlast hana veldur angist og einangrunartilfinningu. Það er merkilegt og kaldhæðnislegt að hugsa til þess að kona sem skrifaði jafn magnað og sterkt verk og *Wide Sargasso Sea* er, verk sem lýsir svo sterkri gagnrýni á karlaveldið, skuli sjálf hafa verið svona háð karlmönnum í sínu lífi.

Það má líta á *Wide Sargasso Sea* sem einhvers konar uppgjör hennar sjálfrar við sína fortíð og/eða bakgrunn. Raunar má segja það sama um flestöll hennar verk. Hver saga er uppgjör við ákveðinn kafla lífs hennar og þegar að *Wide Sargasso Sea* kemur er hún komin í hring, þ.e.a.s. komin aftur til æskunnar. Þessi saga er hið endanlega uppgjör höfundarins, bæði við sjálfa sig og einnig við bakgrunn sinn og þann heim sem ól hana af sér og gerði hana að því sem hún var. Rhys kom úr umhverfi sem var afsprengi heimsvaldastefnu einnar þjóðar, þjóðar sem hafði sjálf komist upp með að setja leikreglur að eigin geðþótta og nota aðrar manneskjur sem það og vinnudýr í tafla sínu um auð, völd og yfirráð, sett sjálfa sig á stall sem æðri öðrum manneskjum, valtað yfir hvað sem í vegi fyrir hennar markmiðum varð. Það er ekki skrytið að manneskja, kona, sem kom úr jafn flóknu umhverfi, hafi átt erfitt með að finna „sinn“ stað í veröldinni og lífinu.

Rhys, sem sjálf var mestan hluta ævi sinnar upp á karlmenn komin fjárhagslega og virtist vilja hafa það þannig, skrifar af miklu næmi um konur sem eru algjörlega háðar karlmönnum og lýsir þeirri angist sem sú staða hefur í för með sér. Örlög Antoinette eru að mörgu leyti örlög hennar sjálfrar, hún fann sig ekki heima á Dóminíku en vonaði að það myndi hún gera á Englandi. Raunin varð sannarlega önnur og vonbrigðin því mikil. Líkindin með henni og Antoinette eru því býsna sterk á mörgum sviðum þó að margir áratugir skilji þær í tíma. Rhys upplifði algjört menningaráfall þegar hún kom til Englands, og breytingin á loftslaginu hjálpaði sannarlega ekki til. Þegar Antoinette orðar þær hugsanir sínar að það geti ekki verið að hún sé á Englandi, það hafi orðið einhver mistök, þá er það þráðbeint bergmál af eigin upplifun höfundarins og fyrstu kynnum af því landi.

Rhys lýsir í skrifum sínum angist hinnar undirgefna og undirsætna konu sem hefur ekki hugmyndaflug til að brjótast úr viðjum vana og venja. Konu sem er bæði afsprengi og fórnarlamb þess samfélags sem hún elst upp í. Samfélags sem er brenglað og óheilbrigt eftir aldalanga stjórn manna sem *tóku* völd og drottnuðu yfir fólki sem ekki kærði sig um að vera undir þeirra stjórn, en sem ekki hafði forsendur til að veita neina mótspyrnu. Þegar þrælahaldið var afnumið sáu margir hinna gömlu nýlenduherra sér þann kost vænstan að fara aftur heim til Englands (eða hvers þess lands sem þeir upphaflega komu frá). Ekki höfðu þó allir tök á því og sumum var nauðugur einn kostur að reyna að aðlagast nýju samfélagi og lifa af í því. Þeir innfæddu í landinu, sem allan nýlendutímamann hafði verið farið með eins og aðskotahluti í eigin landi, voru ekkert endilega tilbúnir að sýna sínum gömlu kúgurum neina mildi eða miskunn. Innibyrgt hatur og reiði sem safnast hafði upp allan þennan tíma vall nú upp á yfirborðið og fékk útrás. Nú skyldi hefnt fyrir

allt það sem á þeirra hlut hafði verið gert í gegnum tíðina. Þetta er sá jarðvegur sem *Wide Sargasso Sea* sprettur úr og andrúmsloftið var rafmagnað og viðkvæmt.

Það var gífurlegt átak fyrir Rhys að klára söguna og hún var endalaust í vafa um ágæti hennar. Draumur sem Antoinette dreymir er sterkur þráður í sögunni og Rhys virðist sjálfa hafa dreymt táknræna drauma líka. Hana dreymdi hvað eftir annað að hún gengi með barn og létti mikið þegar hún vaknaði. Að endingu dreymdi hana að hún sæi barnið í vögg, lítið og veikburða. Þetta tók hún sem tákn um að nú væri sagan fullburða (Angier, 1985, bls. 97-98).

2.2. Wide Sargasso Sea

Bókin *Wide Sargasso Sea* eftir Jean Rhys kom fyrst út árið 1966 og vakti strax verðskuldaða athygli. Rhys hafði ekki gefið út bók frá 1939 og var flestum gleymd þegar *Wide Sargasso Sea* kom út. Sagan fékk mjög góðar viðtökur og færði höfundu sínum frægð langt umfram hennar fyrri verk. Hún skipaði sér fljótt sess sem eitt af lykilverkum bókmenntasögunnar þegar eftirlendustefna og femínismi eru til umfjöllunar.

Þegar ég fór að skoða hvað skrifað hefði verið um söguna var tilfinningin eins og að opna flóðgátt; ég óttaðist að drukna í efni og átti fullt í fangi með að átta mig á í hvaða átt væri best að synda. Óhemjumikið hefur verið um hana skrifað og helsta vandamál mitt var að finna hvaða takmörk ég ætti að setja mér í öflun efnis og úrvinnslu þess. Þó lítil sé að umfangi, aðeins rúmar hundrað blaðsíður í kiljuformi, inniheldur þessi bók stóra og margþætta sögu. Hún varpar ljósi á fjölmarga þætti, bæði sögulega, í víðu samhengi, og persónulega þætti í lífi höfundarins, og ristir djúpt niður í þann jarðveg sem hún er sprottin úr.

Sagan var skrifuð á löngum tíma. Í bréfi til Francis Wyndham segist Rhys hafa skrifað söguna áður, þó undir öðru nafni og í öðru umhverfi en út frá sömu hugmynd (Plasa, 2001, bls. 9). Francis Hope skrifaði í gagnrýni um *Wide Sargasso Sea*: „Þegar við verðum uppiskroppa með sögur, þá rifjum við upp gamlar“ (Plasa, 2001, bls. 15). Þar er hann að vísa til tengingarinnar við *Jane Eyre*. Það skal látið liggja á milli hluta hvort Rhys hafi skrifað söguna vegna þess að hana hafi þrotið umfjöllunarefni eður ei. Það mætti því einnig túlka þá staðreynd að Rhys skrifar sína sögu út frá annarri sögu á þann veg að með því hafi hún fundið farveg til að koma henni frá sér og slá um leið þá flugu að réttlæta tilveru persónu sem henni fannst standa höllum fæti, þó aðeins væri það persóna í bók. Hennar sjónarhóll er líka þess eðlis að erindi hennar ljær þeim þætti *Jane Eyre* sem snýst um brjáluðu konuna á loftinu aukið vægi, bæði út frá mannúðarsjónarmiði og einnig

mannkynssögulegu sjónarmiði. Hope hefur líklega ekki vitað hve lengi sagan var búin að gerjast í höfundinum áður er hún leit dagsins ljós fullsköpuð. Hugsanlega hefur hann ekki heldur vitað að Rhys var einnig að vissu leyti að skrifa um sjálfa sig, sinn bakgrunn og sína reynslu. Þó sagan gerist áratugum áður en Rhys fæddist þá eimdi enn eftir af því andrúmslofti sem sagan lýsir í því umhverfi sem hún ólst sjálf upp í. Við lestur sjálfsævisögu Rhys, *Smile, please*, og einnig við lestur ævisögu hennar, *Jean Rhys*, sem Carole Angier skrifar, sést fljótt að margt úr hennar eigin sögu og umhverfi er notað í *Wide Sargasso Sea*. Hún notar einnig að hluta til sína eigin fjölskyldusögu til að skapa bakgrunn aðalpersónunnar, Antoinette. Afi hennar sjálfrar var plantekrueigandi, eins og faðir Antoinette. Lýsingum hennar á æskuheimilinu, Geneva, ber mjög saman við Coulibri-býlið í sögunni og á sama hátt hljóma lýsingar á sumarhúsi sem fjölskylda hennar átti, Bona Vista að nafni, mjög áþekkt lýsingu á Granbois, og svo mætti lengi telja (Angier, 1979, bls. 21-22).

Speglar og speglun leika ákveðið hlutverk í sögunni. Móðir Antoinette horfir á sjálfa sig í spegli. Þegar Antoinette er komin til Englands talar hún sjálf um að hún hafi engan spegil og viti því ekki hvernig hún lítur út. Þetta er mjög táknrænt. Antoinette er manneskja sem hefur brenglaða, eða a.m.k. lélega sjálfsmynd og þegar hún hefur ekki spegil til að sjá sjálfa sig í þá er eins og hún viti ekki lengur hver hún er. Speglarnir eru líka táknrænir á margan annan hátt. Til dæmis má sjá það fyrir sér að fólk í nýlendunum hafi speglað sig við herraþjóðirnar; allt í einu var komið eitthvert utanaðkomandi fólk sem ekki aðeins leit öðru vísi út (oftast nær) heldur hagaði sér öðru vísi og bar með sér sína menningu. Einnig eru speglarnir tákn fyrir það hvernig fólk sér sjálft sig og hvert annað, og hvernig því gengur að sættast við það sem það sér fer eftir því hversu „rétt“ sú mynd sem það sér er. Vegna speglunarinnar verða alltaf til tvær myndir, tvær hliðar, sem báðar eru „réttar“ að því leyti að þær líta eins út á yfirborðinu. En spegillinn sýnir einungis útlitið, tvívíða mynd, sem gefur í raun ekkert upp umfram þá einföldu, flötu vídd. Speglarnir geta einnig verið tákn um nýlendutímamann og allar andstæðurnar sem hann ól af sér; þar eru svartir og hvítir, herrar og undirsátar, gamli heimurinn og nýji heimurinn. Það má svo ekki gleyma sterkustu spegluninni, nefnilega á milli sagnanna tveggja, *Wide Sargasso Sea* og *Jane Eyre*.

Segja má að ástæðan fyrir því að Antoinette nær aldrei að sjá sína „réttu“ mynd í speglunum sé sú að hún lendir hreinlega á milli þeirra, á milli hinna tveggja ósamrýmanlegu heima sem nýlendan og nýlenduvelðið eru. Bölvun Antoinette er að hún finnur sig betur heima í þeim heimi sem kærir sig ekki um hana, þ.e. á meðal hinna

svörtu. Þetta sýnir sig vel í lýsingunni á því þegar hún lítur á Tiu eftir að Tia hefur kastað í hana steininum: „Við stöðum hvor á aðra, andlit mitt blóðugt, hennar társtokkið. Það var eins og ég sæi sjálfa mig. Eins og í spegli“ (bls. 55 í þýðingu).

Þegar hún er komin til Englands þá virðist hún ekki vita almennilega hvar hún er og skilur ekki hvað hún er að gera þar. Þar sem hún hefur engan spegil þá hefur hún ekki lengur neitt viðmið. Antoinette þekkir ekkert annað en það umhverfi sem hún ólst upp í og hefur því engan samanburð, ekkert til að spegla sinn heim í. Hún trúir því ekki að hún sé í Englandi. Áður en hún kom þangað hafði hún mjög fastmótaða hugmynd um hvernig það land væri. Þegar sú mynd sem við henni blasir stemmir ekki við hugmyndir hennar sjálfrar neitar hún einfaldlega að trúá. Sú mynd sem hún hafði búið sér til var að mestu byggð á frásögnum ættingja hennar og Englendinga sem komu á heimaslóðir hennar. Það er oft svo að þegar fólk kemur til annarra landa og framandi staða sér það heimkynni sín í nýju ljósi og gerir sér betur grein fyrir því hvað það kann að meta við sín eigin heimkynni og hætt verður við því að það sjái þau eilítið í rósrauðum bjarma og fari að lýsa þeim þannig fyrir öðrum. Þá skapast sú hætta að sá er á hlýðir geri sér í hugarlund fegraða mynd, sem getur leitt til þess að raunveruleikinn valdi honum vonbrigðum þegar hann kemur sjálfur á staðinn.

Rhys gefur tilteknum þáttum í *Jane Eyre* nýtt gildi með því að tengja við þá, eða láta þá endurspegla atburði í *Wide Sargasso Sea*. Dæmi um það eru brunarnir, annars vegar á Coulibri og hins vegar á Thornfield Hall. Í báðum tilvikum má segja að þar séu fórnarlömb að hefna sín. Á Coulibri eru það hinir hatursfullu, innfæddu, fyrrum þrælar sem brenna hús þrælahaldarafjölskyldunnar en á Thornfield Hall er það fórnarlamb hatursins sem brennir niður hús þess manns sem hefur fangelsað hana þar.

Carole Angier nefnir að Rhys hafi talað um að tungumálið sem meðleikarar hennar í ferðaleikhúsinu töluðu hafi minnt hana á fólkið á heimaslóðunum, einhvers konar einka- eða leynimál. Hún talar um að heima fyrir hafi karabísku konurnar átt sitt leynimál sem karlarnir skildu ekki (Angier, 1985, bls. 29). Þetta notar hún í *Wide Sargasso Sea*. Þegar þeir innfæddu, eða konurnar í þeirra hópi, vildu ræða eitthvað sem þær vildu ekki að aðrir skildu þá gripu þær til einhvers konar dulmáls. Í II. hluta sögunnar, þegar Rochester hefur orðið, sjáum við þetta líka. Strax í upphafi annars hluta sögunnar, þar sem Rochester hefur orðið, gerist það að Antoinette hleypur til innfæddu kvennanna og þá tala þær á máli sem hann skilur ekki (Rhys, 1999, bls. 39). Þetta atriði leggur línurnar fyrir það sem koma skal og sýnir fyrstu merki þess hve dauðadæmt samband þeirra er og hve ósamrýmanleg þau og þeirra heimar eru.

Það hvernig hver manneskja skilgreinir sjálfa sig fer alltaf að einhverju leyti eftir landfræðilegri staðsetningu hennar. Við berum, án þess að gera okkur grein fyrir því, keim af því umhverfi sem við komum úr, ekki bara félagslegu heldur einnig landfræðilegu. Heimsveldin tóku sér rétt til yferráða yfir svæðum sem þau oft á tíðum þekktu ekki. Hinir innfæddu þekktu hins vegar landið eins og lófann á sér og það gat veitt þeim ákveðið forskot í vissum þáttum samskiptanna við hina nýju herra. Við sjáum ýmis dæmi um slíkt í *Wide Sargasso Sea*, t.d. þegar Rochester fer í göngutúr og villist, af því að hann þekkir ekki umhverfið, hvernig náttúran á staðnum hagar sér og hvað ber að varast. Annar áberandi þáttur er varðar slíka hluti er svo það hvernig afkomendum gömlu herranna hefur reitt af eftir að nýlendutímanum lauk. Þetta fólk er jafnvel búið að búa í nýlendunni í nokkrar kynslóðir, hefur kannski aldrei komið til „föðurlandsins“ og þekkir ekkert annað líf en það hefur vanist. Þegar valdauppbyggingin breytist þá verður það óvelkomið í augum hinna innfæddu og þeir vilja helst losna við það. Þessa fólks bíður þá jafnvel að fara til þess lands sem forfeðurnir komu frá og kemst þar að því að það passar ekki heldur inn í því umhverfi.

Segja má að nýlenduveltin hafi í eðli sínu verið karllæg; það voru karlar sem stofnuðu til þeirra og stjórnðu þeim, settu reglur og héldu þeim gangandi, alltaf fyrst og fremst á sínum eigin forsendum og til að fullnægja sínum þörfum fyrir völd og fjármuni. Í því tafla voru innfæddir íbúar þeirra landa sem þeir námu aðeins það. Stundum voru þeir gagnleg það, sem hægt var að nota sem vinnuafli, en oft og tíðum voru þeir aðeins óþægileg fyrirstaða sem ryðja þurfti úr vegi. Þegar Rochester gefur Antoinette annað nafn má á vissan hátt líta á það sem smækkaða mynd af nýlenduhyggjinni eða því hvernig landkönnuðir gáfu þeim löndum sem þeir „fundu“ nöfn, svona rétt eins og þau hefðu ekki átt sér nein nöfn áður. Þannig festir Rochester vald sitt yfir konunni, Antoinette, í sessi, á sama hátt og nýlenduveltin gerðu við löndin. Konur skipuðu að mestu þann sama sess og í „gamla“ heiminum; að fæða börn og hugsa um heimili. Lífið í nýlendunum var þó ólíkt lífinu í „gamla“ heiminum og þar bjuggu konur oft við mun takmarkaðri réttindi og höfðu minna að segja. Það má til dæmis sjá á móður Antoinette. Eftir að maður hennar, plantekrueigandinn, deyr þá verður hún fyrir aðkasti hinna innfæddu og þeir gera henni lífið leitt. Eina leiðin sem hún sér út úr vandræðum og fátækt er að giftast aftur. Með því að bindast öðrum karlmanni öðlast hún einhverja vernd en hann fær í staðinn yferráð yfir eignum hennar.

Það er á vissan hátt hægt að líta á bæði Antoinette og Rochester sem fórnarlömb karlaveldisins. Hann er yngri sonur aðalsmanns á Englandi og erfir þar með engar eignir

þar, hann þarf að láta sér eitthvað minna duga. Það eru hans vonbrigði. Hans ráð er að fara til nýlendunnar og finna þar konu sem á peninga og giftast henni. Rochester og Antoinette eru ekki bara tvær manneskjur sem „rekast“ hvor á aðra, heldur tveir heimar, eða fulltrúar tveggja heima. Sagan lýsir því einnig árekstrum heimsveldis og nýlendu. Sagan er þannig ekki eingöngu saga tveggja einstaklinga og þeirra örlaga heldur saga þessara tveggja ólíku heima.

2.3. *Wide Sargasso Sea* og *Jane Eyre*

Það er alkunna að *Wide Sargasso Sea* er skrifuð út frá vangaveltum Rhys um persónu Berthu Mason í *Jane Eyre* eftir Charlotte Brontë. Í byrjun 2. kafla í bók Carls Plasa um söguna er yfirskrift sem vitnar í viðtal við Rhys. Þar veltir hún því fyrir sér hvers vegna Charlotte Brontë hafi álitid kreólakonur geðveikar og finnst það miður að eiginkona Rochesters skuli gerð að hræðilegum brjálæðingi. Hún reynir að ímynda sér hvernig saga hennar hafi verið og segir svo; „Mig langaði til að skrifa handa henni líf“ (Plasa, 2001, bls. 38). Henni eru greinilega hugleikin örlög kvenna sem lenda á milli menningarheima, eða detta niður á milli þeirra. Hún sjálf á það sameiginlegt með Antoinette að hafa verið í þeim sporum. Hún var fædd inn í heim sem var í raun ekki hennar og flytur svo til þess heims sem í orði kveðnu átti að vera hennar en þar sem hún finnur sig aldrei.

Það er athyglisvert hvernig Jane lýsir Antoinette í fyrstu skiptin sem hún sér hana. Henni finnst hún líkjast vampýru eða draugi. Það er mögulegt að hún hafi í alvöru ekki borið kennsl á „veruna“ sem hún sá. Hitt er þó allt eins líklegt að þetta sé merki um annarleikann (e. otherness) og hvernig allt sem er öðruvísi og utan þess þekktá í heimi hverrar manneskju sé um leið ógnvænlegt. Jane stafar vissulega ógn af þessari konu, og það á fleiri máta en hún gerir sér grein fyrir í fyrstu. Það er ekki aðeins ógnin sem henni stendur af atferli hennar heldur líka sú staðreynd, sem hún vissulega ekki þekkir lengi vel, að hún er gift Rochester, sem og öll sagan á bak við það hjónaband og komu hennar til Englands.

Munurinn á Jane og Antoinette er sá að Antoinette nær ekki að brjótast undan karlaveldinu og standa á sínu en Jane gerir það, á sinn hátt. Antoinette er algjörlega ofurseld því valdi sem aðrir hafa yfir henni. Bakgrunnur hennar og umhverfi eru þannig að hugmyndin um að brjótast undan ægivaldi karlaveldisins nær ekki að komast að. Það er ekki ólíklegt að hún finni að það er eitthvað að en að hún geri sér mögulega ekki grein fyrir því hvað það nákvæmlega er og þar af leiðandi áttar hún sig ekki heldur á því að hægt sé að breyta einhverju. Jane býr hins vegar í Evrópu, mun nær hjarta þeirra

hugmynda og hræringa sem ólu af sér kvenréttindahreyfinguna. Hún er sér því meðvitaðri um að hún geti haft áhrif á eigið líf og á með því betri möguleika á að standa á sínu gagnvart karlavelðinu. Antoinette, sem afkvæmi nýlenduheimsins, hefur aldrei gert sér grein fyrir því að hún ætti þessa möguleika. Í því felst hennar mesta eynd og þar með örlög.

Sandra Gilbert og Susan Gubar tala um *Jane Eyre* sem „greinilega kvenkyns *Bildungsroman*“ sem sýni hvaða vandamál konur í feðraveldissamfélagi þurfi að kljást við og sigrast á á leið sinni til persónulegs frelsis (Gilbert og Gubar, 2000, bls. 339). Segja má að Jane búi yfir stolti sem er óviðeigandi á hennar tímum og hún hefur persónuleikastyrkinn sem Antoinette skortir. Jane rekur þroskaferil sinn frá barnæsku til fullorðinsára og þann þroska sem hún öðlast hefði hún varla tekið út nema fyrir tilstilli þessa styrks. Hún þarf frá unga aldri að takast á við erfiðleika en hefur í farteskinu réttlætiskennd og siðferðisstyrk en það er nokkuð sem Antoinette fær ekki að kynnast í sínum uppvexti. Ég sé sögu Antoinette aftur á móti frekar eins og afbyggingu á persónu, öfuga þroskasögu, eða saga um konu sem skortir forsendur til að ná þroska og berjast fyrir sínu. Að því leyti er persóna Antoinette algjör andstæða við persónu Jane. Antoinette nær ekki að brjótast út úr þeim aðstæðum sem eru henni andstæðar. Jane hefur aftur á móti meiri stjórn á sínum aðstæðum en Antoinette og hún lærir af reynslu sinni. Jane þarf frá barnsaldri að berjast fyrir sínum tilverurétti og gerir það með réttlætiskenndina eina að vopni. Á endanum tekst henni að standa á eigin fótum og sanna sig. Antoinette hefur enga burði til þess að gera það sama. Bakgrunnur hennar er forréttindaheimur nýlenduveldisins þar sem konur af hennar sauðahúsi hafa fengið allt upp í hendurnar fyrirhafnarlaust. Jane er munaðarlaus og á enga fjölskyldu til að samsama sig með. Hún veit að það er annað hvort að duga eða drepast, hún mun ekki fá neitt gefins í þessu lífi.

Antoinette horfir upp á móður sína algjörlega ófæra um að bjarga sér og börnum sínum á eigin spýtur eftir að eiginmaðurinn deyr. Eina lausnin sem hún sér út úr ömurlegum aðstæðum er að finna annan mann til að giftast. Þetta er sú fyrirmynd sem Antoinette hefur og það er því varla skrítíð að hún fari sömu leið sjálf. Þó að hjónaband hennar sé ákveðið af öðrum þá hefur hún ekki viljastyrk eða hugmyndaflug til að rísa gegn því. Hún fær að vísu einhverja bakþanka og vill hætta við brúðkaupið en þær tilraunir hennar eru máttlitlar og mannsefnið hennar brýtur þær auðveldlega á bak aftur.

Þrátt fyrir allt það sem er ólíkt með þessum persónum þá eiga þær samt ýmislegt sameiginlegt. Hvorug þeirra passar inn í sitt umhverfi. Á meðan Jane er hjá Reed-fjölskyldunni er hún kölluð „kvikindi“, „rotta“, „óður köttur“ (Brontë, 1975, bls. 8-10).

Henni er gert vel skiljanlegt að hún sé þar eingöngu fyrir náð og miskunn og að hún eigi bara að þakka fyrir að vera svona heppin. Hinir innfæddu kalla Antoinette og fjölskyldu hennar „hvíta kakkalakka“ og líta á þau sem óæskileg aðskotadýr. Þau eru tákni fyrir leifar af heimi sem er liðinn undir lok og sem fyrir heimamönnunum var ein löng martröð kúgunar og arðráns sem þeir vilja losna við og gleyma. Þær eru báðar, á einhverjum tímamarki, lokaðar inni; Jane í rauða herberginu hjá Reed fjölskyldunni, fyrir afar litlar sakir, og Antoinette svo inni á loftinu á Thornfield Hall. Það er kannski táknrænt að Jane tekst fljótlega að brjótast út, þó að hún þurfi að upplifa sinn skammt af ógn og skelfingu, en Antoinette kemst aðeins út í dauðann. Og svo kaldhæðnislegt sem það er, þá gerir hún það á sama stað og Jane öðlast sitt frelsi. Þetta finnst mér segja sitthvað um „heimana“ sem þær búa í; Jane býr í heimi herraþjóðar nýlendunnar þar sem fólk á auðveldara með að hafa stjórn á aðstæðum sínum, en Antoinette býr í nýlendunni þar sem það eru aðeins örfáir (karlar) sem stjórna öllu með harðri hendi og sjá til þess að enginn utan þeirra raða eigi minnsta möguleika á að brjótast til frelsis undan valdi þeirra.

Þau líkindi sem finna má með sögunum og persónum þeirra eru vissulega engin tilviljun, heldur meðvitað sköpunarverk Jean Rhys. Hún hefði jú tæplega skrifað *Wide Sargasso Sea* nema fyrir þau áhrif sem lestur *Jane Eyre* hafði á hana á unga aldri. Hún valdi sjálf hvernig hún vann úr sinni hugmynd og kom henni á framfæri. Útkoman er afrakstur þeirrar vinnu og hefur hún fært (bókmennta)heiminum krefjandi verk sem vekur fólk til umhugsunar um stóra þætti í mannkynssögunni.

2.4. Bókmenntakenningar

Sagan sem er umfjöllunarefni þessarar ritgerðar, *Wide Sargasso Sea*, er ekki löng eða mikil að fyrirferð. Það sem um hana hefur verið skrifað í gegnum tíðina er hins vegar heilmikið og hún hefur verið greind og grannskoðuð út frá ótal sjónarhornum. Hægt er að heimfæra margar bókmenntafræðikenningar upp á hana en hér verður aðaláherslan lögð á tvær; femínisma og eftirlendustefnu. Þessar tvær stefnur hafa oft verið spyrtaðar saman og er það ekki að ósekju þar sem margir þættir þeirra skarast.

Eftirlendustefna og eftirlendufræði eru orð sem notuð eru við umfjöllun um menningu og málefni landa sem hafa verið undir stjórn einhvers hinna mörgu nýlenduvelda sem hvað valdamest voru frá tímum landafundanna og, a.m.k. sum hver, fram undir miðja tuttugustu öldina, en sem frá þeim tíma hafa öðlast sjálfstæði. Í svari við spurningu á Vísindavefnum um hvernig þýða beri „post-colonialism“ segir m.a.: „*Eftirlendufræði* er fræðigrein sem einbeitir sér að menningu og sjálfsmynd fólks í

fyrirverandi nýlendum, oft með sérstakri áherslu á þátt tungumálsins“ (Jón Gunnar Þorsteinsson, 2005). Yfirráð nýlenduherranna voru ekki eingöngu á sviði stjórn mála og efnahagsmála heldur teygðu þau sig einnig yfir svið menningar og raunar allra þátta mannlægs lífs í þessum löndum. Eftirlendufræði beina gjarnan sjónum sínum að þeim lægra settu í tilteknu samfélagi og hvernig þeim, og þar með þjóðfélaginu, hefur reitt af eftir lok nýlendutímans. Sjálfsmynd þeirra þjóða sem lutu stjórn heimsveldanna mótast af þeirri stöðu sem þær voru settar í og sem þær höfðu ekkert um að segja. Manneskja sem býr við það að vera alltaf stjórnað af öðrum, eins og það sé sjálfsagt mál, hlýtur að bera þess merki. Hún er vanin á að taka eingöngu við skipunum og að sjálfstæð hugsun sé ekki æskileg, jafnvel ekki leyfileg. Hún á aðeins að sýna hlýðni og undirgefni.

Í inngangi að *The Empire Writes Back* eftir Bill Ashcroft kemur fram að algengasti skilningurinn sem lagður er í orðið eftirlendustefna sé að þar sé fjallað um þjóðmenningu nýlendanna eftir að nýlenduvelðinu lýkur (Ashcroft, 1989, bls. 1). Það sé hins vegar ekki einhlítt að hægt sé að líta þannig á málin þar sem áhrifa frá nýlenduvelðinu haldi áfram að gæta í mjög langan tíma eftir að það hverfur á brott (Ashcroft, 1989, bls. 2). Í tilviki flestra nýlenduvelða voru þau búin að ráða yfir sínum nýlendum í áratugi eða hundruð ára og þau höfðu því haft ærinn tíma til að koma sínum áhrifum að. Mörg þeirra þjóðfélaga sem voru fórnarlömb þeirra eða viðföng, voru undir lok nýlendutímans orðin svo gegnsýrð af áhrifum herraþjóðarinnar að þau höfðu hreinlega týnt hluta af sinni eigin menningararfleifð og þar með sjálfsmynd. Sums staðar var fólk skikkað til að tala mál herraþjóðarinnar og þjóðtungur þess sjálfs urðu að lúta í lægra haldi, sem varð þess valdandi að þær hreinlega dóu út.

Það hefur oft verið tilhneiging hinna þróaðri þjóða (oftast vestrænna) að álíta sem svo að þegnar hinna svokölluðu vanþróðu þjóða væru vanþróaðir vegna þess að þeir byggju ekki yfir greind á við þá sjálfa. Tæknivæðing og framfarir, eða vöntun á þeim, á hinum ýmsu sviðum samfélagsins virðist oft, í hugum vesturlandabúa, hafa verið haft sem mælikvarði á greind. Tilhneigingin varð því oft sú að farið var með þegna hinna vanþróðu landa meira eins og dýr, og fáum ef nokkrum datt í hug að þeir væru færir um að sjá fótum sínum forráð. Tungumál þeirra voru mjög ólík evrópskum málum að uppbyggingu. Fæst þeirra áttu sér ritmál og því álitu Evrópubúar gjarnan að þau væru ekki eins merkileg og þeirra eigin, og þótti það staðfesta enn frekar að þeir sem þau töluðu væru óaðri verur. Tungumálið varð þannig að einu af stjórn tækjum herraþjóðanna og kunnátta í þeirra eigin tungumálum skilyrði fyrir því að þegnar hinna undirsættnu þjóða ættu yfirhöfuð einhverja möguleika á að tjá sig við herraþjóðina. Ef nýlendubúarnir náðu

ekki góðum tókum á viðkomandi máli var einfaldast að líta svo á að þeir væru á einhvern hátt óæðri og skapa þannig réttlætingu á drottun og undirokun.

Ein af stærstu forsendunum fyrir því að nýlenduvelðin urðu þau veldi sem þau voru var innflutningur þræla, aðallega frá Afríku. Ræktun plantna eins og sykurreys og bómullar krafðist mikils mannafla og skapaði það eftirspurnina eftir þrælunum. Þeir sem stjórnðu nýlendunum, velflestum a.m.k., voru hvítir evrópskir karlar. Segja má að þrælarnir hafi verið þessum körlum nauðsynlegir sem vinnuafli og konurnar nauðsynlegar til undaneldis, svo ég noti dálítið gróft orðalag. Svo dregin sé upp mjög einfölduð mynd þá voru þrælarnir og konurnar nauðsynleg hjálpartæki fyrir hina evrópsku hvítu menn.

Útgangspunktur nýlenduherranna var þeirra heimur. Þegar Evrópubúar sigldu til „nýja heimsins“ mætti þeim heimur sem var þeim algjörlega framandi og passaði engan veginn við þeirra heimsmynd. Þeir skildu ekki þann heim sem þarna mætti þeim, hvorki tungumálin né menninguna. Þeir urðu að ákveða hvernig bregðast ætti við þessum ókunnugu aðstæðum, m.a. hvað gera ætti varðandi tungumálin. Átti hreinlega að slátra þessu fólki eins og dýrum eða reyna að snúa því til Kristni og evrópskra siða? Áttu Evrópubúarnir að læra mál innfæddra eða þvinga „villimennina“ til að læra hin ýmsu evrópsku mál (Robinson, 1997, bls. 64)?

Í bók Bill Ashcroft, sem ég nefndi hér að ofan, segir jafnframt að einn af meginþáttunum í undirokun heimsveldanna sé stjórn á tungumálinu (Ashcroft, 1989, bls. 8). Það liggur því í augum uppi að þær bókmenntir sem úr jarðvegi þessara þjóða hafa sprottið alla tíð síðan, hljóta að bera merki þeirra miklu áhrifa sem innrás heimsveldanna og yfirráð þeirra hafði á þau. Þó svo að flestar þessara fyrrum nýlenda hafi öðlast sjálfstæði (a.m.k. að einhverju leyti) þá heldur uppgjörð við fortíðina áfram lengi enn.

Í *Wide Sargasso Sea* kemur lagskipting þjóðfélagsins í gegnum tungumálið töluvert við sögu. Rhys lætur þá innfæddu tala sitt eigið mál, sína eigin, bjöguðu og einfölduðu ensku sem og önnur staðbundin blendingsmál. Það er erfitt að sjá fyrir sér að annað hefði verið hægt þar sem það skapar ákveðin hughrif sem setja mjög sterkan svip á söguna. Þetta gerir það að verkum að lesandinn fær betri tilfinningu fyrir stéttaskiptingunni sem þar um ræðir.

Nýlenduvelðin voru í eðli sínu mjög karllæg. Yfir þeim réðu karlar sem litu á það sem náttúrulögmál að þannig væri heimurinn og að aðeins þannig ætti hann að vera. Vissulega hafði hann lengi verið með því móti og tilhneigingin til að viðhalda þekktu ástandi er sterk í mannlegu eðli. Simone de Beauvoir segir: „Mannkynið er karlkyns og maðurinn skilgreinir konuna ekki út frá henni sjálfri heldur í samanburði við sig; á hana er

ekki litið sem sjálfstæða veru.“ (de Beauvoir, 1968, bls. xvi). Það má segja að þetta lýsi kjarna þess efnis sem Rhys fjallar um í *Wide Sargasso Sea*. Sagan segir frá (lífi) konu, sem fæðist og elst upp í nýlendusamfélagi, bæði í fyrstu persónu frásögn af hennar eigin sjónarhóli og frá sjónarhóli karlmanns; þess karlmanns sem kemur frá landi nýlenduherranna og giftist konunni í því augnamiði að tryggja fjárhagslega stöðu sína. Hann telur sig geta stjórnað bæði konunni og aðstæðunum í ljósi stöðu sinnar.

Femínismi er hugmyndafræðileg stefna sem talar fyrir jafnrétti beggja kynja í víðasta skilningi þess orðs. Á íslensku hefur femínismi verið kallaður „kvenfrelsisstefna“ og vísar það kannski frekar til þess hvernig hann hefur verið skilgreindur út frá pólitísku og samfélagslegu sjónarmiði heldur en til notkunar í bókmenntum og bókmenntaumfjöllun. Í bókmenntum er orðið femínismi gjarnan notað sem mælistika á ritstörf kvenna og þá einkum og sér í lagi skrif sem sérstaklega fjalla um konur og sérleg málefni þeirra. Í bókinni *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (sem vissulega er komin nokkuð til ára sinna) er talað um að í bókmenntum kvenna „komi fram skipt sjálfsvitund, að konur sjái sig samtímis að utan með augum karlmanna og hefðarinnar, þar sem þær eru þolendur, og að innan þar sem þær leitast við að verða að gerendum í lífi sínu og losna undan hefðbundnum hlutverkum og viðhorfum“ (Jakob Benediktsson, 1998, bls. 154). Þess má geta að í þeirri ágætu bók er orðið femínisma hvergi að finna og áðurgreind orð eru úr klausu sem heitir „Kvennabókmenntir.“ Það er sérlega athyglisvert að lesa þessa skilgreiningu á kvennabókmenntum og horfa svo á *Wide Sargasso Sea* og *Jane Eyre* þar sem þessi klausa hljómar nánast eins og lýsing á viðfangsefni þeirra. *Wide Sargasso Sea* er skrifuð *Jane Eyre* til höfuðs og með gleraugum femínisma. Í henni er spólað til baka aftur í tímann og hluti af gamalli sögu rýndur og greindur upp á nýtt með þessum ágætu gleraugum. Þá koma fjölmargir hlutir í ljós sem umbylta áður viðteknum hugmyndum um þessa gömlu sögu. Við þýðingu á slíku verki er þýðanda því nauðsynlegt að vera sífellt meðvitaður um stöðu sína og þá ábyrgð sem í því felst að takast slíkt verk á hendur, eigi boðskapur þess að komast til skila.

Femínismi tekur m.a. til umfjöllunar kúgun kvenna á öllum tímum. Eftirlendustefna fæst að sama skapi við eftirköst nýlendutímans og afdrif íbúa nýlendnanna. Nýlendubúar, bæði hinir innfluttu þrælar og einnig það fólk sem fyrir var í viðkomandi löndum, eiga það sameiginlegt með konum að hafa um aldir verið undirokaðir, bæði meðvitað og ómeðvitað, af hvítum, vestrænum karlmönnum. Þessir karlar hafa sett „leikreglur“ og ákveðið viðmið á öllum sviðum samfélagsins. Allar þeirra gjörðir hafa miðað að því að tryggja valdastöðu þeirra í heiminum og að reyna að koma

Því inn hjá sem flestum öðrum að einmitt eftir þeirra höfði eigi heimurinn að vera og virka. Því sem gerðist í fortíðinni verður ekki breytt en það er hægt, og ekki aðeins hægt heldur algjörlega nauðsynlegt, að horfa til baka með augum nútímamanneskju. Til að geta breytt heiminum til framtíðar þurfum við að gera upp við fortíðina og það uppgjör mun ekki bera árangur nema beitt sé nútíma verkfærum.

3 Þýðingarferlið

Hér verður fjallað um vinnuna við þýðingu verksins allt frá greiningu textans að ákvörðunum um þýðingarstefnu. Einnig verður gerð grein fyrir helstu vandamálum við þýðinguna.

3.1 Greining textans

Eitt af því fyrsta sem þýðandi þarf að gera þegar hann tekst á hendur eitthvert verkefni er að greina hvers konar texta er um að ræða. Út frá því hvers eðlis textinn er þarf hann síðan að ákveða hvernig hann hyggst taka á honum, hvaða þýðingastefnu skuli taka. Greining textans þarf að fara fram bæði á forsendum sjálfs tungumálsins og þeirrar menningar sem það er sprottið úr. Skoða verður textategund og málsnið bæði út frá frummáli textans og þeirri menningu sem hann sprettur úr og finna síðan leið til að koma honum til skila inn í markmenningu og markmál á þann hátt sem honum hæfir. Hvað honum hæfir verður vissulega alltaf matsatriði þýðanda og hann og hans verk stendur og fellur með því.

Basil Hatim og Ian Mason segja að textar beri í sér hugmyndafræðilega merkingu og að það geri þá viðkvæma fyrir breytingum á félagslegum og menningarlegum viðmiðum (Hatim og Mason, 1997, bls. 127). Samkvæmt því þarf því meðal annars, við þýðingu textans, að huga að ritunarstað og -tíma textans og skoða til hvers hann var ætlaður á þeim stað og tíma. Það þarf að skoða textann í ljósi þess menningarlega bakgrunns sem hann kemur úr og velta upp þeim þáttum sem gætu haft áhrif á túlkun hans og meðferð í nútímanum, ekki síst ef langur tími er liðinn frá ritun hans.

Grófasta skilgreiningin á þeim texta sem hér er til umfjöllunar er að hann er bókmenntatexti. Það eitt segir þó takmarkaða sögu því bókmenntatextar eru sannarlega eins misjafnir og þeir eru margir. Hver höfundur hefur sinn stíl og sumir hafa margar stíltegundir á sínu valdi og breyta til eftir því hvað þeim finnst henta hverju verki fyrir sig. Þeir þættir sem ákvarða stíl höfundar eru ótal margir en sem dæmi má nefna notkun sérstakra orða og orðatiltækja, setningalengd, greinamerkjasetningu og margt fleira. Síðast

en ekki síst ber svo að nefna þau áhrif sem bakgrunnur höfundarins hefur, þjóðerni hans og jafnvel þjóðfélagsstaða og fjölskyldusaga, menning, áhugasvið, skoðanir, og síðast en ekki síst, kyn.

Stíll Jean Rhys á *Wide Sargasso Sea* er fremur knappur. Ekki er mikið um orðalengingar eða skruðmælgir og öllu er komið til skila á fremur látlausan máta. Orðfæri er nokkuð blátt áfram en þó langt í frá einfalt eða hversdagslegt. En textinn er ekki eingöngu orð sem raðað er saman, því hvernig orðunum er raðað hefur vissulega allt að segja um það hvernig textinn hljómar og hverju hann kemur til skila. Fremur látlaust orðavalið geymir í sér mikla merkingu og oft og tíðum tvíræðni og margt leynist á milli línanna. Sagan var skrifuð á löngum tíma en fyrstu drög að henni munu hafa verið lögð á fjórða áratug síðustu aldar (Angier, 1985, bls. 12). Höfundur hefur því haft góðan tíma til að velja orð sín og meitla textann í sitt endanlega form.

Segja má að textinn skiptist í þrjá hluta. Í sögunni eru tveir sögumenn sem báðir hafa ensku að móðurmáli og svo er hluti textans skrifaður eftir talmáli innfæddra eyjarskeggja á Jamaíku og Dóminíku, eða öllu heldur afkomenda þeirra þræla sem nýlenduherrarnir fluttu þangað frá Afríku. Sín á milli tala þeir einhvers konar blendingsmál sem Evrópubúarnir skilja ekki en svo tala þeir ensku við sína gömlu herra. Enskan þeirra er þó bjöguð og einföld og þeir virðast bara tala hana af illri nauðsyn. Þessar mismunandi raddir gera það að verkum að textinn verður fjölbreyttur og nokkuð krefjandi fyrir lesandann, og þá einnig þýðandann.

Starf þýðandans felur í sér endalausar vangaveltur um hvað sé „rétt“ orðið í hverju tilviki. Hann er dæmdur til að standa á miðju vegasalti og þurfa sífellt að taka ákvarðanir um hvað hentar best til að halda jafnvægi á milli frumtexta og þýðingar. Við þýðingu úr ensku er mismunandi auðvelt að finna hæfilega samsvarandi orð á íslensku. Enska er orðaríkara mál og blæbrigðamunur orða getur verið meiri í enskunni heldur en íslenskunni og úr færri orðum að velja á okkar ástkæra ylhýra. Það getur því verið vandasamt að finna hvað hæfir best og stundum er ég ekki viss um að það sem í boði er á íslensku nái utan um það sem átt er við á enskunni. Ástráður Eysteinnsson segir þó að þýðendur megi „ekki hafa vantrú á orðaforða eigin máls“ (Ástráður Eysteinnsson, 1996, bls. 114). Það má skilja sem svo að hann telji hvert mál hafa næga burði á því sviði til að hægt sé að skapa úr því frambærilega þýðingu úr hvaða öðru máli sem er. Þegar við tökum tillit til menningarmunar tungumála er allt eins líklegt að málvísindalegur munur haldist a.m.k. að einhverju leyti í hendur við hann. Þessi menningarlegi og málvísindaleigi munur ætti samkvæmt því ekki að gera neinar þýðingar ómögulegar en hann getur

vissulega haft sitt að segja um það hve auðvelt eða erfitt er um vik að þýða tiltekið verk. Þýðandi verður að velta fyrir sér og taka afstöðu til þess hvort hann vilji leggja meiri áherslu á að halda stíleinkennum textans eða innihaldi hans. Mögulegt er að færa þurfi fórnir á einhverju sviði þýðingarinnar til að ná heildaráhrifum verksins.

3.2. Þýðingarstefna

Á meðan Babelsturninn er ekki afbyggður ofan í grunn og þjóðir heims taka sig saman um að tala eitt og sama málið mun þörfin fyrir að miðla hinu aðskiljanlegasta efni á milli tungumála heimsins, í formi þýðinga, verða fyrir hendi. Markmiðið með þýðingu texta er, í grundvallaratriðum, að færa hann af einu máli yfir á annað. Hvernig það er gert er undir hverjum og einum þýðanda komið. Ég vil leitast við að koma *Wide Sargasso Sea* yfir á íslenskt mál á þann hátt að stíll og málfar verði sem líkast frumtextanum. Ég vil þó ekki gera það svo bókstaflega að verkið geti komi íslenskum lesendum einkennilega fyrir sjónir. Sá heimur sem sagan sprettur úr er flestum Íslendingum framandi og ég geri mér grein fyrir að það geti skapað ákveðin vandkvæði. Ég vil reyna að halda ákveðnum hluta af framandleikanum því öðruvísi verður verkið, að mínu mati, ekki sannfærandi.

Friedrich Schleiermacher segir að allar manneskjur séu undir áhrifavaldi þess tungumáls sem þær tala og hugsun þeirra stjórnist af því. Ómögulegt sé því að hugsa út fyrir það mál (Schleiermacher, 2010, bls. 9). Það má til sanns vegar færa að hvert tungumál bjóði upp á tiltekið notkunarmynstur, ef svo má að orði komast, þ.e.a.s. málfræðina. Gangi maður út frá þessum hugmyndum Schleiermachers þá verður þýðing því vissulega ekki annað en einhvers konar endurómur eða bergmál af frumtextanum. Bergmál er alltaf daufara hljóð en upphafshljóðið og ekki eins skýrt og slíkt má að einhverju leyti heimfæra á þýddan texta. Vegna þess hve menningarbundið tungumálið er hlýtur verk hvers þýðanda að bera merki hans menningar. Hver og einn þýðandi býr svo að auki yfir sinni eigin persónulegu reynslu, og á sinn eigin persónulega bakgrunn, sem hefur enn frekari áhrif á verk hans.

Við þýðingu á *Wide Sargasso Sea* hef ég kosið að láta textann frekar halda sér og tala fyrir sig, þó það kosti það að hann verði hugsanlegum lesanda erfiður viðureignar. Maria Tymoczko nefnir að í bókmenntum síðari ára, sem ætlaðar eru fjölþjóðlegum lesendahópi, séu oft hafðar útskýringar af ýmsu tagi; í neðanmálsgreinum, kortum, töflum o.fl., í þeim tilgangi að útskýra ákveðna hluti fyrir lesandanum (Tymoczko, 1999, bls. 22). Þannig er textanum leyft að vera hann sjálfur en sérkenni hans útskýrð eilítið til hliðar. Lesandi getur síðan sjálfur ákveðið hvort hann kærir sig um að eltast við þær útskýringar.

Þá leið myndi ég líklegast fara, væri ég að búa þessa sögu til útgáfu. Í Norton-útgáfunni af *Wide Sargasso Sea*, sem ég notaði við þessa þýðingu, er þó nokkuð af neðanmálgreinum sem útskýra hina ýmsu þætti í textanum. Ég hef sleppt því nánast alveg að láta þær fylgja hér og vísa til fyrri orða um hugsanlega útgáfu.

Texti *Wide Sargasso Sea* virðist ekki svo ýkja flókinn við fyrstu sýn en hann leynir á sér. Þó að orðaval sé ekki sérlega hástemmt þá er vissulega hægt að búa til flókinn texta úr tiltölulega „venjulegum“ orðum. Það eru ekki alltaf eingöngu orðin sjálf, eða einstök orð, sem eru vandamálið, heldur innihald textans sem settur er saman úr þeim. Þau sérstöku eða sértæku orð sem finnast í texta sögunnar eru oftast nær orð sem koma úr öðrum málum en ensku, eða úr stéttamállyskum. Texti þessarar sögu er samt sem áður svo þrunginn merkingu og táknum að lesandi má hafa sig allan við að meðtaka það allt, ef honum tekst það þá nokkurn tíma. En eins og Ástráður Eysteinnsson segir í bók sinni *Tvímæli* þá er það „ekki tungumálið eitt og sér sem er óþýðanlegt, því vitaskuld er það sprottið úr samfélagslegu og menningarlegu samhengi sem aldrei er hægt að flytja nema að takmörkuðu leyti á milli tungumála“ (Ástráður Eyrsteinsson, 1996, bls. 22). Þetta er hið stóra vandamál við þýðingu þessarar sögu; efnið og innihaldið, þessi framandi menningarheimur úr löngu liðnum tíma og síðast en ekki síst tungumálið í öllum þeim margbreytilegu myndum sem þar koma fram. Sjálft umfjöllunarefni sögunnar sem hér er verið að þýða er einmitt áreksstrar á milli menningarheima, hvernig fólki tekst, eða tekst ekki, að kljást við flutning á milli menningarheima og hvernig það getur lent á milli þeirra eins og á milli steins og sleggju. Það er því ekki aðeins textinn sjálfur sem er viðfangsefni þýðandans heldur einnig þeir menningarheimar sem færa þarf á milli.

Frægur er hinn ítalski orðaleikur sem segir að þýðandinn sé svikari; „Traduttore, traditore“ og hann er vissulega dálítið skemmtilegur. Hvort heldur sem hann er settur fram af alvöru eða í hálfkæringi þá vekur hann mann sannarlega til umhugsunar um hvað þýðing sé. Getur hún aldrei orðið annað en svik við frumtextann (eða lesandann)? Svarið við þeirri spurningu hlýtur vissulega að fara eftir því hvernig á það er litið og skoðanir manna á því verða vafalaust alltaf skiptar. Það er ágætt fyrir þýðanda að hafa þennan orðaleik í huga til áminningar um hver tilgangurinn með starfi hans er. Ég held að almennt vilji þýðendur vera heiðarlegir bæði við það verk sem þeir þýða og einnig við þá lesendur sem þeir hafa í huga.

Það er nokkuð ljóst að algjörlega hárnákvæm þýðing er nokkuð sem erfitt er að ná fram, hversu lík eða skyld sem málin eru sem þýtt er á milli. Og svo er auðvitað, í því sama ljósi, spurning hvað nákvæm þýðing sé. Ef við gerum ráð fyrir því að þýðandi vinni

sitt verk af mestu mögulegu heilindum og að honum takist að vera eins hlutlaus og hægt er, frá sjónahóli menningarlegs bakgrunns og persónulegra gilda, þá getur vinna hans orðið hin besta mögulega viðleitni í þá átt.

Í orðsifjabók Ásgeirs Blöndal er sögnin að þýða útskýrð þannig að það sé að „gera þjóðinni skiljanlegt“ (Ásgeir Blöndal, 1989, „þýða“) Þessi útskýring er vissulega einföld og rökrétt en hún gerir ekki ráð fyrir að þjóðin sem um ræðir geti verið sundurleit og einstakir þegnar hennar geti lagt misjafnan skilning í ákveðinn þýddan texta. Það hvernig hver tiltekinn þýðandi vinnur sitt verk hlýtur því alltaf að ráðast fyrst og fremst af hans eigin tilfinningu, þekkingu og greiningu á textanum. Hvort tveggja sýnir okkur hve snúið verkefni það er að greina og þýða texta og leiðir okkur fyrir sjónir að það verður seint til einhver ein, óvéfengjanlega rétt aðferð við að þýða.

Wide Sargasso Sea er mikið verk í lítilli bók. Sagan hefur lengi verið meðal höfuðverka þegar fjallað er um eftirlendustefnu og femínisma og er frægt í bókmenntaheiminum. Markmið mitt með þýðingu á þessu verki er því að reyna að miðla því til minnar þjóðar á minni þjóðtungu, sem sagt að gera íslenskum lesendum verkið skiljanlegt að því marki sem mitt tungumál leyfir. Ég vil þó jafnfram reyna eins og kostur er, að láta hinn framandlega anda verksins halda sér sem mest og best þannig að hugsanlegir lesendur þess fái innsýn í þann heim sem þar er sýndur.

3.3. Vandamál við þýðinguna

Við þýðingu á texta af einu tungumáli á annað fer ekki hjá því að upp komi ýmis konar vafaatriði og vandamál sem úr þarf að leysa. Hversu mikil þau vandamál eru getur oltið á mörgum þáttum eins og menningarmun, málfarslegum sérviskum höfundar, sértækum umfjöllunarefnum og svo mætti lengi telja. Því ólíkari menningarheimar sem verið er að þýða á milli því meiri líkur á því að þýðandinn lendi í erfiðleikum með viðfangsefni sitt. Þegar farið er að skoða texta *Wide Sargasso Sea* nánar kemur í ljós að þýðing verður ekki hrist fram úr erminni í fljótheitum og að það verkefni býður upp á margs konar heilabrot.

Eitt af stærstu vandamálunum sem ég stóð frammi fyrir við þýðingu þessarar sögu voru hinar mismunandi enskur, ef svo má segja. Sagan fjallar um Evrópubúa í fyrrum nýlendu og hina innfæddu á staðnum. Enskan er ekki þeirra móðurmál og þeir hafa þurft að læra hana af (illri) nauðsyn. Hún er þeim framandi mál og þar af leiðandi hafa þeir misgóð tök á henni og tala mismunandi (stétta)mállýskur af henni. Frásögnin er í fyrstu (en ekki alltaf sömu) persónu en í samtölum milli aðalpersónanna og hinna innfæddu er

munurinn á máli þeirra sýndur á þann hátt að orð þeirra síðarnefndu eru skrifuð eins og þeir tala, þ.e. með stéttamállýsku sem hljómar dálítið einfaldningslega.

Til að halda „anda“ sögunnar hef ég kosið að láta þetta einfalda mál halda sér, þ.e. að þýða þetta yfir á dálítið einfaldaða íslensku. Þar sem sambærilegar mállýskur finnast ekki í íslensku fór ég að velta fyrir mér hvernig best væri að leysa það. Ég hugsaði um hvernig þeir útlendingar tala, sem aðeins eru nýlega byrjaðir að læra íslensku. Reyndi ég síðan að búa til einhvers konar einfaldað mál í slíkum dúr, með röngum eða engum beygingum sagn- og nafnorða og takmarkaðri notkun smáorða. Sem dæmi má taka hluta af fyrstu málsgrein sögunnar:

e) „...because she pretty like pretty self.“

ísl) „...af því hún falleg eins og falleg sjálf.“

Ótal fleiri dæmi væri hægt að taka þar sem þó nokkuð mikið fer fyrir þessum stéttamállýskum í sögunni.

Það hefði vissulega verið hægt, og mögulega verið þægilegra og einfaldara, að þýða þetta allt saman á „venjulegt“ mál, þ.e.a.s. allt á sama málið. Mér fannst það hins vegar ekki koma til greina þar sem þannig hefði sagan tapað ákveðnum hluta af svip sínum og sérkennum og orðið flatari og svipminni en ella. Ég geri mér þó vel grein fyrir því að það er ákveðin áhætta í því fólgin að reyna að búa til svona mál í þýðingu fyrir hugsanlegan íslenskan markað. Ekki er víst að öllum íslenskum lesendum falli slíkt í geð þar sem mállýskur í eigin máli eru okkur framandi. Á hinn bóginn veit ég að íslenskir lesendur eru nýjungagjarnir og forvitnir um bókmenntir og menningu annarra þjóða og hafa sýnt því áhuga að kanna ókunnar slóðir í bókmenntunum. Ég set því traust mitt á að sú verði áfram raunin.

Þó að texti sögunnar sé ekki ýkja flókinn þá er orðfæri höfundar oft og tíðum sérstakt. Hún notar t.d. samsetningarnar “and“ og “but“ oft í kross við það sem maður lærir að sé almenn regla í ensku; and þegar ætla mætti að but ætti að vera og öfugt. Til dæmis má nefna þegar Antoinette segir frá því að hún hafi haldið áfram að kalla Hr. Mason bara Hr. Mason en ekki pabba eða eitthvað þ.u.l. „Good night, white pappy,‘ I said one evening and he was not vexed“ (Rhys, 1999, bls. 20. (Mín áhersla)). Þarna hefði frekar mátt ætla að kæmi „but“ þar sem þarna er um að ræða samhengi þar sem eitthvað gerist (ekki) þrátt fyrir ákveðnar forsendur sem gætu bent til annars. Hún kallar hann þetta og á jafnvel von á að hann verði reiður, en það gerist ekki, þrátt fyrir allt.

Þar sem setningaskipan er önnur í ensku en íslensku og orðaröð einnig oft á tíðum er stundum nauðsynlegt að hliðra til svo að setningar hljómi ekki beinlínis ankannalega. Ég hef þó reynt að breyta þessu sem minnst þar sem mér finnst á stundum sem það sé stíll höfundarins að hafa setningar dálítið öðruvísi. Þegar texti er óræður á frummáli þá finnst mér viðeigandi að hafa hann það líka í þýðingu þó að vissulega megi hann ekki verða óskiljanlegur með öllu. Það er mismunandi auðvelt að finna „réttu“ orðið á íslensku. Enska er orðaríkara mál og blæbrigðamunur getur verið meiri í enskunni heldur en íslenskunni og úr færri orðum að velja í henni. Það getur því verið vandasamt að finna hvað hæfir best.

Í sögunni eru nokkur staðanöfn, einhver ensk en þó aðallega vestur-indísk. Varðandi þau hef ég tekið þann pól í hæðina að aðlaga þau íslenskri stafsetningu, samanber leiðbeiningar um slíkt í Málfarsbankanum á vef Árnastofnunar (*Málfarsbankinn*, 2014). Þar er sýndur íslenskur ritháttur á nöfnum fjölda landa og höfuðstaða. Þar sem í sögunni er fjöldi smærri staða þá er listinn á vefnum ekki tæmandi en öll staðaheiti sem þar er ekki að finna læt ég halda sér óbreyttum. Eitt var það nafn sem olli mér dálitlum heilabrotum en það var þorpsnafnið „Massacre.“ Þegar það er nefnt í fyrsta skipti er í framhaldinu spurt hvort fjöldamorð hafi verið framið þar. Ég ákvað að gera ráð fyrir nægilegri enskukunnáttu lesenda minna til að láta nafnið halda sér óbreyttu á enskunni þó að orðaleikurinn komist ekki beinlínis til skila.

Í sögunni er einnig að finna ógrynni af plöntu- og dýraheitum og á fæstum þeirra er til íslensk þýðing. Þær þýðingar sem til voru notaði ég að sjálfsögðu. Í öðrum tilvikum var snúnara að finna lausn. Með því að gúgla þessi heiti fann ég yfirleitt einhverjar upplýsingar en þær voru misnákvæmar. Oft virtist ekki vera um eina ákveðna plöntu að ræða heldur frekar plöntuflokk eða þá að tiltekin planta hafði mismunandi nöfn eftir vaxtarstað. Ég tók því stærðfræðipólinn í þá hæðina og „námundaði“ að einhverju því sem annað hvort var til þýðing á eða valdi það sem auðveldast var að þýða út frá gagnsæi orða. *Dýra- og plöntuorðabók* sem Örn & Örlygur gáfu út 1989 var býsna gagnleg og þar fann ég m.a. heiti plöntu, *stephanotis*, sem ég hafði nánast gefist upp á að reyna að finna, sem þar er kallað *frúarlauf* og nota ég það. Í einstaka tilfelli gætti einnig misræmis í íslenskum heitum. Eitt þeirra var plantan *hibiscus*, sem bæði snara.is og *Ensk-íslensk orðabók* Arnar & Örlygs (frá 1984) þýddu sem *læknakólf*. Á snöru stóð þó innan sviga *havaírós* eða *sýrlandsrós* og þar sem það fyrst nefnda er almennt notað hér á landi þótti mér tilhlýðilegt að nota það. Ef ég held aðeins áfram með jurtaríkið þá eru þar ensk orð eins og *octopus* *orchid*, *sandbox tree* og *razorgrass*. Þar sem ég fann ekki íslensk heiti á þessum plöntum

þá þýði ég þessi gegnsæju nöfn einfaldlega beint og kalla þær *kolkrabbaorkídeu*, *sandkassatré* og *rakhnífagras*. Síðan er það *coralita* sem ég þýði sem *kóralblóm*. Bæði bendir erlenda nafnið til tengingar við kóralla og svo er blómið skærbleikt, með anga í allar áttir, ekki ósvipað kóralgreinum.

Of langt mál væri að þylja öll þau heiti sem fyrir koma og tek ég því aðeins nokkur dæmi af þeim sem ég þýddi. Fuglsnafnið *solitaire* þýði ég sem *skeggþröst*, eftir að google-leit leiddi mig á slóðir *myadestes genibarbis*, sem heitir á ensku *rufous-throated solitaire*. Fuglinn er með áberandi rauðbrúnan blett frá goggi og niður á bringu. Þó að enska heitið bendi fremur til hálskraga þá fannst mér bletturinn frekar minna á skegg og réði það ákvörðun minni. Antoinette nefnir einhver kvikindi *crac-cracs* og segir að þau framleiði hljóð sem er eins og nafnið þeirra. Í neðanmálgrein er sagt að þetta kvikindi sé skylt krybbum. En þar sem hún nefnir svo í næstu andrá hljóð sem krybbur og froskar gefa frá sér þá fannst mér varla hægt að þýða þetta líka sem krybbur. Ég kys því að kalla þetta aðeins *krakk-krakk* án þess að útskýra það neitt frekar.

Í textanum er nokkuð um frönsk orð og eru þau skáletruð í bókinni. Ég læt þau oftast nær halda sér þannig en þó er eitt orð sem olli mér meiri heilabrotum en það er *glacis*. Mér fannst það hljóma ankannalega á íslenskunni þar sem iðulega þarf að beygja það. Gekk eftir *glacis*, dönsuðu á *glacis*, stóð á *glacis*, horfði af *glacis*. Mér fannst þetta ekki virka nógu vel. Í Fransk-íslenskri orðabók og veforðabókum er það þýtt sem *virkisbrekka* en mér fannst það hljóma dálítið ábúðarmikið og að það gæti jafnvel boðið heim misskilningi. Tók ég því þá ákvörðun að nota einfaldlega orðið *verönd*. Annað slíkt er *ajoupa* sem mér sýnist vera einhvers konar stráhyssi eða –skýli og þýði ég það þannig. (Enskumælandi lesandi sögunnar hefur á sínum tíma líklega getað flett þessum orðum upp í franskri orðabók, hafi þau truflað hann.) Þó að ég þýði þessi orð sem höfð eru óþýdd í enska textanum þá finnst mér það ekki hafa nein afgerandi áhrif í þýðingunni.

Orð sem koma úr búramáli innfæddra, og koma fyrir oftast en einu sinni, hef ég hins vegar látið halda sér. Þau hafa vafalaust hljómað jafn óskiljanlega fyrir enska lesendur sögunnar þegar hún kom út eins og fyrir íslenska lesendur í dag. *Obeah* er eitt þessara orða, en það er notað um galdra heimamanna. Annað slíkt orð er *béké*, sem þýðir einfaldlega hvítir menn. Yrði þýðingin búin til prentunar væri sá möguleiki fyrir hendi að setja frekar neðanmálgreinar til að útskýra slík orð.

Varðandi greinamerki þá tók ég fyrst þann pól í hæðina að láta þau halda sér sem líkast því sem þau eru í fumtextanum. Þegar á leið fannst mér það svolítið mismunandi auðvelt og að það passaði ekki alltaf inn í íslenska textann. Ég hef þó ekki farið í að

endurskoða þau algjörlega heldur frekar reynt að láta tilfinningu ráða í því efni. Á stöku stað hef ég breytt orðaröð setninga og þá hefur það stundum orðið til þess að aðlaga þurfti greinamerki. Höfundur notar þankastrik þó nokkuð og ég hef alveg leyft þeim að halda sér.

Það var sannarlega ekki hlaupið að því að þýða *Wide Sargasso Sea*. Sagan er stutt, textinn knappur og þrunginn merkingu. Mikið er um tákna sem auðvelt er að yfirsjáast við fyrsta lestur. Ekki er víst að hugsanlegir lesendur sögunnar hreinlega átti sig á öllum, eða mörgum, þessara tákna. Hinar mismunandi stéttamállýskur voru einnig heilmikill höfuðverkur og línudansinn erfiður við að reyna að koma þeim til skila þannig að þær yrðu hvorki of flatar né of ýktar. Á heildina litið reyndi ég að láta anda sögunnar halda sér sem best ég gat.

Lokaorð

Ég hef í þessari greinargerð minni reynt að gera bakgrunni *Wide Sargasso Sea*, höfundu hennar og tengslum við *Jane Eyre* nokkur skil. Einnig hefur verið dregið á öðrum þáttum, eins og menningarlegum tengslum, ásamt því að leggja verkið við mælistikur ýmissa fræðimanna sem skrifað hafa um þýðingar. Í upphafi þýðingarferlisins var markmið mitt fyrst og fremst það að að koma innihaldi og anda sögunnar til skila yfir á mitt móðurmál. Hugmynd mín um hvernig það yrði best gert var ekki fullmótuð þá þegar en mótaðist smám saman er á leið. Ég reyndi að vera ekki of meðvituð á meðan á verkinu stóð og leyfa hugmyndunum frekar að flæða. Mín tilfinning er sú að það sé affarasælla að því leyti að þannig verði hinn þýddi texti eðlilegri og þjálli. Tungumálið setur alltaf sínar skorður en þó að munur sé á málum þá trúi ég því að alltaf megi finna leið sem hæfir hverju verki, án þess að málamiðlanir taki of mikinn toll af innihaldi eða stíl verksins. Með því að ástunda þýðingar getum við, manneskjur allra menningarheima, gert okkar besta til að víkka sjóndeildarhring okkar sjálfra og hvers annars og auka þar með skilning okkar á milli. Þrátt fyrir, eða kannski ætti ég að segja vegna þess, að sífellt fleiri manneskjur í öllum löndum læra önnur tungumál þá sé ég fyrir mér að þýðingar fari vaxandi og ekki síst þýðingar á milli ólíkra mála og menningarheima. Það eru nefnilega svo ótrúlega stórir hlutar af menningarheiminum sem enn á eftir að teikna kortin af; við vitum að þeir eru þarna en við eigum bara eftir að uppgötva þá. Þýðendur allra landa eru menningarlegir landkönnuðir framtíðarinnar og þeir munu með vinnu sinni færa heiminum óendanlegar gersemar.

Heimildir

- Angier, C. (1985). *Jean Rhys*. Harmondsworth: Penguin.
- Ashcroft, B., Griffiths, G. og Tiffin, H. (1989). *The Empire Writes Back: theory and practice in post-colonial literatures*. London, New York: Routledge.
- Ásgeir Blöndal. (1989). *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans og Mál og Menning.
- Ástráður Eysteinnsson. (1996). *Tvímæli: þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun, Háskólaútgáfan.
- Bassnet, S. og Trivedi, H. (1998). *Post-colonial Translation: theory & practice*. London, New York: Routledge.
- Beauvoir, S. de. (1968). *The Second Sex*. New York: The Modern Library.
- Brontë, C. (ritsjtjóri Richard J. Dunn)(2001). *Jane Eyre*. New York, London: W.W. Norton & Company (Norton Critical Editions 3. útg.).
- Brontë, C. (1982). *Jane Eyre*. (Sigurður Björgólfsson þýddi og endursagði). Reykjavík: Sögusafn heimilanna.
- Gilbert, S. M. og Gubar, S. (2000). *The Madwoman in the Attic: the women writer and the Nineteenth-Century Literary Imagination*. New Haven and London: Yale University Press.
- Hatim, B. og Mason, I. (1997). *The Translator as Communicator*. London & New York: Routledge.
- Jakob Benediktsson. (1998). *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og Menning.
- Nida, E. (2004). „Principles of Correspondence“, (Lawrence Venuti). *The Translation Studies Reader*. New York, London: Routledge.
- Óskar Ingimarsson. (1989). *Dýra- og plöntuorðabók: ensk-latnesk-íslensk og latnesk-íslensk-ensk*. Reykjavík: Örn & Örlygur.

Plasa, C. (2001). *Jean Rhys, Wide Sargasso Sea: A reader's guide to essential criticism*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.

Rhys, J. (1981). *Smile please: an unfinished autobiography*. Harmondsworth: Penguin Books.

Rhys, J. (ritstjóri Judith L. Raiskin) (1999). *Wide Sargasso Sea*. New York, London: W.W. Norton & Company (Norton Critical Editions).

Robinson, D. (1997). *Translation and Empire: post-colonial theories explained*. Manchester: St. Jerome.

Schleiermacher, F. (2010). Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir. (Martin Ringmar þýddi) *Jón á Bægisá*, 14, 5-29.

Venuti, L. (1995). *The Translator's Invisibility: a history of translation*. London og New York: Routledge.

Heimildir af vef:

Jón Gunnar Þorsteinsson. (2005). Hvernig þýðir maður post-colonialism á íslensku? *Vísindavefurinn*. Sótt 12. maí 2014 af : [//www.visindavefur.is/svar.php?id=4886](http://www.visindavefur.is/svar.php?id=4886)

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (2014). Málvarsbankinn: leiðbeiningar um íslenskt málvar. Sótt 18. Febrúar 2014 af: <http://malfar.arnastofnun.is/?cat=202>

Seinni hluti

Panghafið breiða

eftir Jean Rhys

I. hluti

Þeir segja að þegar vandræði steðja að eigi að þetta raðirnar og það gerði hvíta fólkið. En við vorum ekki í þess röðum. Jamaísku konurnar höfðu aldrei samþykkt móður mína, „af því hún falleg eins og falleg sjálf“ sagði Christophine.

Hún var seinni kona föður míns, allt of ung fyrir hann fannst þeim og, það sem verri var, stelpa frá Martiník. Þegar ég spurði hana af hverju svo fáir kæmu að heimsækja okkur, sagði hún við mig að vegurinn frá Spanish Town að Coulibri-býlinu þar sem við bjuggum væri mjög slæmur og að vegabætur heyrðu nú fortíðinni til. (Faðir minn, gestir, hestar, að finna fyrir öryggi í eigin rúmi – allt heyrði þetta fortíðinni til.)

Einhvern daginn heyrði ég hana tala við Hr. Luttrell, nágranna okkar og hennar eina vin. „Auðvitað eiga þeir við sinn vanda að etja. Bíða ennþá eftir þessum bótum sem Englendingarnir lofuðu þeim þegar frelsislögin voru sett. Sumir munu bíða lengi.“

Hvernig hefði hún átt að vita að Hr. Luttrell yrði sá fyrsti sem þreyttist á biðinni? Eitt kyrrlát kvöld skaut hann hundinn sinn, synti á haf út og var horfinn fyrir fullt og allt. Það kom enginn umboðsmaður frá Englandi til að líta eftir eigninni hans – Nelson's Rest hét staðurinn – og ókunnugt fólk frá Spanish Town kom ríðandi til að slúðra og ræða harmleikinn.

„Búa á Nelson's Rest? Ekki fyrir mitt litla líf. Ógæfustaður.“

Hús Hr. Luttrells var skilið eftir autt, gluggahlerarnir börðust til í vindinum. Fljótlega fór svartu fólkið að tala um að þar væri reimt, það kom ekki nærri húsinu. Og enginn kom nærri okkur.

Ég vandist einmanalegu lífinu en móðir mín lagði ennþá á ráðin og vonaði – kannski varð hún að vona í hvert skipti sem hún gekk fram hjá spegli.

Hún reið ennþá út á hverjum morgni og kærði sig kollótta þó svartu fólkið stæði í hópum og gerði gys að henni, sérstaklega þegar reiðfötin hennar fóru að snjást (það tekur eftir fötum, það hefur vit á peningum).

Dag einn, mjög snemma, sá ég síðan hestinn hennar liggja undir örlagatrénu. Ég fór upp að honum en hann var ekki veikur, hann var dauður og augu hans voru svört af flugum. Ég hljóp í burtu og sagði ekki frá af því að ég hélt að ef ég segði engum þá yrði

það kannski ekki satt. En síðar um daginn fann Godfrey hann, það hafði verið eitruð fyrir honum. „Nú erum við bjargarlaus,“ sagði móðir mín, „hvað verður um okkur?“

Godfrey sagði „ég geta ekki passa hestinn dag og nótt. Ég orðinn of gamall. Þegar gamli tíminn farinn, láta hann fara. Gagnslaust að hanga í hann. Drottinn gera ekki mun á svarta og hvíta, svarta og hvíta eins fyrir Hann. Hvíla þig í friði því réttlátir vera ekki yfirgefnir.“ En það gat hún ekki. Hún var ung. Hvernig gat hún annað en streist við gagnvart öllu því sem hvarf svo snögglega, svo fyrirvaralaust. „Þú ert blindur þegar þér hentar að vera blindur“ sagði hún grimmúðlega „og heyrnarlaus þegar þér hentar að vera heyrnarlaus. Gamli hræsnarinn,“ hélt hún áfram. „Hann vissi hvað þeir ætluðu að gera.“ „Djöfullinn prins af þessum heimi,“ sagði Godfrey, „en þessi heimur ekki endast svo lengi fyrir dauðlega mann.“

Hún taldi lækni frá Spanish Town á að vitja yngri bróður míns Pierre, sem skjögraði þegar hann gekk og talaði óskýrt. Ég veit ekki hvað læk'nirinn sagði við hana eða hún við hann en hann kom aldrei aftur og eftir þetta breyttist hún. Snögglega, ekki smám saman. Hún grenntist og varð hljóðlátari og að síðustu neitaði hún alfarið að fara út fyrir hússins dyr.

Garðurinn okkar var stór og fallegur eins og garðurinn í Biblíunni – þar óx lífsins tré. En hann var kominn í órækt. Stígarnir orðnir grónir upp og lyktin af dauðum blómum blandaðist ferskum ilmi hinna lifandi. Undir burknatrjánnum, háum eins og burknatrén í frumskóginum, var birtan græn. Orkídeur blómstruðu utan seilingar eða þannig að ekki náðist að komast í snertingu við þær einhverra hluta vegna. Ein leit snákslega út, önnur eins og kolkrabbi með langa, granna, lauflausa, brúna arma sem héngu út frá kræklóttri rót. Tvisvar á ári blómgaðist kolkrabbaorkídean – þá sást ekki angi af örmunum. Það var bjöllulaga massi af hvítu, ljósfjólubláu, purpurarauðu, dásamlegur á að líta. Ilmurinn var mjög sætur og höfugur. Ég kom aldrei nærri henni.

Allt á Coulibri-býlinu hafði vaxið hömlulaust eins og garðurinn og var komið í órækt. Engir þrælar lengur – af hverju ætti *nokkur* að vinna? Þetta gerði mig aldrei dapra. Ég mundi ekki þá tíma þegar staðurinn var í blóma.

Móðir mín gekk iðulega fram og aftur eftir veröndinni, steinlögðum hjalla með þaki yfir, sem lá meðfram endilöngu húsinu og hallaði upp á móts við bambusþykkni. Þegar hún stóð hjá bambusþykkninu hafði hún óhindrað útsýni yfir hafið en hver sem gekk fram hjá gat líka glápt á hana. Þeir gláptu, stundum hlógu þeir. Löngu eftir að hljóðið var dofnað og dáið út var hún enn með augun lokuð og hendurnar fastkrepptar.

Það kom hrukka á milli dökkra augnabrúnanna, djúp – hún hefið getað verið skorin með hnífi. Ég hataði þessa hrukku og einu sinni snerti ég enni hennar til að reyna að slétta úr henni. En hún ýtti mér í burtu, ekki harkalega heldur rólega, kuldalega og þegjandi eins og hún hefði ákveðið í eitt skipti fyrir öll að ég væri henni vita gagnslaus. Hún vildi sitja hjá Pierre eða ganga þangað sem hana lysti án þess að neinn angraði hana, hún vildi frið og ró. Ég var nógu gömul til að hugsa um mig sjálf. „Æi, láttu mig í friði,“ sagði hún, „láttu mig í friði,“ og eftir að ég hafði komist að því að hún talaði upphátt við sjálfa sig varð ég dálítið hrædd við hana.

Ég varði mestöllum tíma mínum í eldhúsinu, en það var í dálítilli útbyggingu sem var eilítið úr leið. Christophine svaf í litla herberginu við hliðina á því.

Er kvöldaði söng hún fyrir mig ef hún var í þannig skapi. Ég skildi ekki alltaf búramálssöngvana hennar – hún var líka frá Martiník – en hún kenndi mér einn sem útlagðist „Þau litlu eldast, börnin fara frá okkur, koma þau til baka?“ og þennan um blómin á sedrustrjánnum sem lifa aðeins einn dag.

Tónlistin var glaðleg en ljóðin voru dapurleg og rödd hennar skalf oft og brast á háu tónunum. „Adieu.“ Ekki adieu eins og við sögðum það heldur *á dieu* sem var svo sem miklu rökréttara. Ástríki maðurinn var einmana, stúlkan var yfirgefin, börnin komu aldrei til baka. Adieu.

Söngvarnir hennar voru ekki eins og jamaískir söngvar og hún var ekki eins og hinar konurnar.

Hún var miklu svartari – blásvört með grannt andlit og beinar línur. Hún gekk í svörtum kjól, bar þunga eyrnarlokka og gulan höfuðklút – vandlega bundinn, með tvö skörp horn að framan. Engin önnur negrakona gekk í svörtu eða batt klút sinn að hætti Martiníka. Hún hafði lága rödd og lágstemmdan hlátur (þegar hún hló), og þrátt fyrir að hún gæti talað góða ensku þegar hún vildi og frönsku jafn vel og búramálið þá gætti hún þess að tala eins og þær. En þær vildu ekkert með hana hafa og hún hitti aldrei son sinn sem vann í Spanish Town. Hún átti aðeins eina vinkonu – konu að nafni Maillotte og Maillotte var ekki jamaísk. Stúlkurnar neðan frá flóanum sem hjálpuðu stundum til við þvottinn og þrifin voru skíthræddar við hana. Ég komst fljótt að því að það var þess vegna sem þær komu – því hún borgaði þeim ekkert. Samt komu þær oft með ávexti og grænmeti að gjöf og þegar dimma tók heyrði ég oft lágværar raddir úr eldhúsinu.

Svo ég spurði út í Christophine. Var hún mjög gömul? Hafði hún alltaf verið hjá okkur?

„Hún var brúðargjöf föður þíns til mín – ein af gjöfunum hans. Hann hélt að ég

yrði ánægð með að fá martiníska stúlku. Ég veit ekki hvað hún var gömul þegar komið var með hana til Jamaíku, nokkuð ung líklega. Ég veit ekki hvað hún er gömul núna. Skiptir það máli? Af hverju ertu að angra mig og plaga með öllu því sem gerðist fyrir löngu síðan? Christophine var áfram hjá mér af því að hún vildi vera kyrr. Þú getur verið viss um að hún hafði sínar eigin ágætu ástæður. Ég fullyrði að við hefðum dáið ef hún hefði snúist gegn okkur og það hefðu verið betri örlög. Að deyja og gleymast í friði. Ekki að vita sig yfirgefinn, að logið sé um mann, hjálparlausan. Allir þeir sem dóu – hver víkur góðu orði að þeim núna?“

„Godfrey var líka kyrr,“ sagði ég, „og Sass.“

„Þeir voru kyrrir,“ sagði hún reiðilega, „af því að þeir þurftu stað til að sofa á og eitthvað að éta. Þessi Sass! Þegar mamma hans skondraðist í burtu og skildi hann eftir hér – það var nú meira hvað *hún* kærði sig um hann – þessa litlu beinagrind. Nú er hann að verða stór og sterkur strákur og þá drífur hann sig í burtu. Við sjáum hann ekki aftur. Godfrey er þrjótur. Þessir nýju eru ekkert of góðir við gamalt fólk og hann veit það. Þess vegna er hann kyrr. Gerir ekki nokkurn skapaðan hlut nema éta á við tvö hross. Þykist vera heyrnarlaus. Hann er ekki heyrnarlaus – hann vill ekki heyra. Andskotinn sá!“

„Af hverju segir þú honum ekki finna sér einhvern annan stað til að búa á?“ sagði ég og hún fór að hlægja.

„Hann myndi ekki fara neitt. Hann myndi líklega frekar reyna að koma okkur héðan út. Ég hef lært að láta kyrrt liggja,“ sagði hún.

„Myndi Christophine fara ef þú segðir henni að fara?“ hugsaði ég. En ég sagði það ekki. Ég þorði ekki að segja það.

Það var of heitt þennan eftirmiðdag. Ég sá svitann perla á efri vör hennar og dökka baugana undir augunum. Ég ætlaði að svala henni með blævæng en hún sneri höfðinu undan. Hún gæti hvílst ef ég léti hana í friði, sagði hún.

Áður hefði ég farið hljóðlega til baka til að horfa á hana sofa á bláa sófanum – áður hafði ég fundið mér afsakanir fyrir því að vera nærri þegar hún burstaði hár sitt, mjúka svarta skikkju sem huldi mig, faldi mig, veitti mér öryggi.

En ekki lengur. Ekki framar.

Þetta var fólkið í lífi mínu – móðir mín, Pierre, Christophine, Godfrey og Sass, sem var farinn frá okkur.

Ég leit aldrei á neina ókunnuga negra. Þeir hötuðu okkur. Þeir kölluðu okkur hvíta

kakkalakka. Látum kyrrt liggja. Dag einn elti mig lítil stelpa syngjandi „farðu burt, hvíti kakkalakki, farðu burt, farðu burt.“ Ég gekk hratt en hún gekk hraðar. „Hvíti kakkalakki, farðu burt, farðu burt. Það vill þig enginn. Farðu burt.“

Þegar ég var komin í öryggið heima settist ég við gamla vegginn við enda garðsins. Hann var þakinn grænum mosa sem var mjúkur eins og flauel og mig langaði aldrei til að hreyfa mig þaðan frammar. Allt myndi versna ef ég hreyfði mig. Christophine fann mig þar þegar orðið var næstum dimmt og ég var orðin svo stírf að hún varð að hjálpa mér á fætur. Hún sagði ekkert en næsta morgun var Tia í eldhúsinu með móður sinni Maillotte, vinkonu Christophine. Fljótlega var Tia orðin vinkona mín og ég hitti hana næstum hvern morgun við gatnamótin á veginum niður að ánni.

Stundum fórum við upp úr baðhlynum um hádegi, stundum vorum við þar vel fram eftir síðdeginu. Þá kveikti Tia eld (henni tókst alltaf að kveikja eld, hvassir steinar meiddu hana ekki, ég sá hana aldrei gráta). Við suðum græna banana og borðuðum þá með fingrunum beint upp úr kalabaskerinu og þegar við vorum búnar að borða sofnaði hún strax. Ég gat ekki sofið en var samt ekki fullkomlega vakandi þegar ég lá í skugganum og horfði í hylinn – djúpan og dökkgrænan undir trjánum, brúgrænan ef það rigndi en glitrandi ljósgrænan í sólinni. Vatnið var svo tært að maður sá steinana í botninum á grynri hluta hans. Bláa og hvíta og rauðröndótta. Mjög fallega. Fyrr eða síðar skildum við hjá gatnamótunum. Móðir mín spurði aldrei hvar ég hefði verið eða hvað ég hefði verið að gera.

Christophine hafði gefið mér nokkur penni sem ég geymdi í vasanum á kjólnum mínum. Þeir duttu úr honum einn morgun svo ég lagði þá á stein. Þeir glitruðu eins og gull í sólinni og Tia starði á þá. Hún var með lítil augu, mjög svört, sem lágu djúpt.

Hún veðjaði við mig að ég gæti ekki farið í kollhnís í kafi „eins og þú segist geta.“

„Auðvitað get ég það.“

„Ég hef aldrei séð þig gera það,“ sagði hún, „bara tala.“

„Ég skal veðja öllum peningunum mínum að ég get það“ sagði ég.

En eftir einn kollhnís snerist ég áfram og svelgdist á þegar ég kom upp. Tia hló og sagði að það liti út eins og ég myndi drukkna. Svo tók hún peningana.

„Ég gerði það,“ sagði ég þegar ég gat talað aftur en hún hristi hausinn. Ég hefði ekki gert það almennilega og þar fyrir utan væri ekki hægt að kaupa margt fyrir penni. Af hverju horfði ég svona á hana?

„Jæja, taktu þá bara, niggarasvindlarinn þinn,“ sagði ég, því ég var þreytt og mér var óglatt af vatninu sem ég hafði gleppt. „Ég get fengið meira ef mig langar.“

Hún sagðist nú ekki hafa heyrt það. Henni hafði skilist að við værum öll fátæk eins og betlarar. Við ætum saltfisk – engir peningar til fyrir ferskum fiski. Að gamla húsið væri svo lekt að við hlypum um með kalabasker til að taka við vatninu þegar rigndi. Nóg af hvítu fólki á Jamaíku. Alvöru hvítu fólki, það ætti gullpeninga. Það liti ekki á okkur, enginn sæi það koma nærri okkur. Hvítt fólk frá gamla tímanum væri bara hvítir negrar núna, og svartir negrar betri en hvítir negrar.

Ég vafði um mig trosnuðu handklæði og settist á stein með bakið í hana, skjálfandi úr kulda. En sólin hlýjaði mér ekki. Ég vildi fara heim. Ég leit í kringum mig og Tia var farin. Ég leitaði lengi áður en það rann upp fyrir mér að hún hefði tekið kjólinn minn – ekki nærfötin, hún gekk ekki í neinum – en kjólinn minn, stífaðan, straujaðan, tandurhreinan þennan morgun. Hún hafði skilið sinn eftir handa mér og ég fór að lokum í hann og gekk heim í brennandi sólinni. Mér var illt og ég hataði hana. Ég hafði ætlað að fara bak við húsið og koma inn eldhúsmegin en þegar ég gekk fram hjá hesthúsunum stoppaði ég til að horfa á þrjá ókunnuga hesta og móðir mín sá mig og kallaði á mig. Hún stóð á veröndinni ásamt tveimur ungum dömum og herramanni. Gestir! Ég dragnaðist ófús upp þrepin – einu sinni hafði ég þráð gesti en það var fyrir mörgum árum síðan.

Þau voru mjög falleg fannst mér og voru í svo fallegum fötum að ég leit niður fyrir mig á hellusteinana og þegar þau hlógu – herramaðurinn hló hæst – hljóp ég inn í húsið og inn í herbergið mitt. Þar stóð ég með bakið að hurðinni og fann hjartað í mér hamast svo ég titraði öll. Ég heyrði þau tala og ég heyrði þau fara. Ég kom út úr herberginu mínu og móðir mín sat á bláa sófanum. Hún horfði lengi á mig áður en hún sagði að ég hefði hagað mér mjög undarlega. Kjóllinn minn væri meira að segja skítugri en vanalega.

„Þetta er kjólinn hennar Tiu.“

„En af hverju ertu í kjólnum hennar Tiu? Tiu? Hver þeirra er Tia?“

Christophine, sem hafði verið í búrinu og hlustað kom strax og var sagt að finna handa mér hreinan kjól. „Hentu þessum. Brenndu hann.“

Svo rifust þær.

Christophine sagði að ég ætti engan hreinan kjól. „Hún á tvo kjóla, einn að ganga í, einn í þvotti. Þú halda hreinn kjóll detta af himni? Sumt fólk bilað í alvöru.“

„Hún hlýtur að eiga annan kjól einhvers staðar,“ sagði móðir mín. „Einhvers staðar.“ En Christophine sagði að þetta er skammarlegt. Hún ganga sjálfala, vaxa upp einskis virði. Og öllum sama.

Móðir mín gekk út að glugganum. („Alveg strand,“ sagði beint, grannt bak hennar, hárið vandlega vafið upp. „Alveg strand.“)

„Hún á gamlan mússulínskjól. Finndu hann.“

Á meðan Christophine skrúbbaði á mér andlitið, fléttaði á mér hárið og batt með nýju bandi, sagði hún mér að þetta væri nýja fólkið á Nelson's Rest. Þau kalla sig Luttrell en hvort sem þau væru ensk eða ekki ensk, þá væru þau ekki eins og gamli Hr. Luttrell.

„Gamli Hr. Luttrell hrækja í andlitið á þau ef hann sjá hvernig þau horfa á mann. Vandræði labba inn í húsið í dag. Vandræði labba inn.“

Gamli mússulínskjóllinn fannst og hann rifnaði þegar ég fór í hann. Hún tók ekki eftir því.

Ekki meira þrælahald! Hún gat ekki annað en hlegið! „Þessir nýju eru með Lagabókstaf. Sami hlutur. Þeir eru með dómara. Þeir eru með sektir. Þeir eru með fangelsi og keðjugengi. Þeir eru með stigmylla til að merja fæturnar á fólkið. Þeir nýju verri en þeir gömlu – bara slægari.“

Allt þetta kvöld talaði móðir mín hvorki við mig né leit á mig og ég hugsaði, „hún skammast sín fyrir mig, það er satt sem Tia sagði.“

Ég fór snemma í háttinn og sofnaði strax. Mig dreymdi að ég væri á gangi í frumskóginum. Ekki ein. Einhver sem hataði mig var með mér, utan sjónmáls. Ég heyrði þungt fótatakið nálgast og þótt ég berðist um og öskraði þá gat ég ekki hreyft mig. Ég vaknaði grátandi. Sængurfötin lágu á gólfinu og móðir mín horfði niður til mín.

„Fékkstu martröð?“

„Já, vondan draum.“

Hún andvarpaði og breiddi ofan á mig. „Það var svoddan hávaði í þér. Ég verð að fara til Pierre, þú gerðir hann hræddan.“

Ég lá og hugsaði „ég er örugg. Þarna er hornið hjá svefnherbergisdyrunum og vinaleg húsöggnin. Í garðinum er lífsins tré og mosaveggurinn græni. Varnarveggur klettanna og fjallanna háu. Og varnarveggur hafsins. Ég er örugg. Örugg fyrir ókunnugum.“

Það logaði ennþá á kertinu inni hjá Pierre þegar ég sofnaði aftur. Ég vaknaði næsta morgun og vissi að ekkert yrði nokkurn tíma samt. Það myndi breytast og halda áfram að breytast.

Ég veit ekki hvernig hún útvegaði peningana til að kaupa hvíta og bleika mússulínið. Mússulín í metravis. Hún gæti hafa selt síðasta hringinn sinn, því það hafði verið einn eftir. Ég sá hann í skartgripaskríninu hennar – hann, og nisti með músasmára innan í. Þær voru að lagfæra og sauma í rauðabýtið og voru enn að sauma þegar ég fór í háttinn. Viku síðar átti hún nýjan kjól og ég líka.

Luttrell-fólkið lánaði henni hest og hún átti það til að ríða á brott snemma morguns og koma ekki heim fyrr en síðla næsta dag – dauðþreytt af því að hún hafði verið á dansleik eða í lautartúr í tungsljósinu. Hún var hlægjandi og kát – yngri en ég hafði séð hana og húsið var dapurlegt þegar hún var farin.

Svo ég yfirgaf það og hélt mig í burtu þar til orðið var dimmt. Ég var aldrei lengi í baðhlynum, ég hitti Tiu aldrei.

Ég fór aðra leið, fram hjá gömlu sykurverksmiðjunni og vatnsmyllunni sem ekki hafði snúist árum saman. Ég fór um hluta Coulibri sem ég hafði aldrei séð, þar sem engir vegir voru, engir stígar, engir slóðar. Og ef rakhnífagrasíð skar leggi mína og arma hugsaði ég með mér „það er þó skárri en manneskjur.“ Svartir maurar og rauðir maurar, háir hraukar morandi í hvítum maurum, rigning sem gerði mig gegndrepa – einu sinni sá ég snák. Allt betra en manneskjurnar.

Betra. Betra, betra en manneskjur.

Þegar ég horfði á rauð og gul blómin í sólskininu og hugsaði ekkert, var eins og dyr opnuðust og ég væri einhvers staðar annars staðar, eitthvað annað. Ekki lengur ég sjálf.

Ég vissi hvaða tími dags var, því þó að heitt sé og blámistrað og skýlaust getur himininn tekið á sig mjög svartan blæ.

Ég var brúðarmær þegar móðir mín giftist Hr. Mason í Spanish town. Christophine krullaði á mér hárið. Ég bar blómvönd og allt sem ég klæddist var nýtt – meira að segja fallegu skórnir mínir. En augu þeirra hvörfluðu frá hatursfullu andliti mínu. Ég hafði heyrt hvað allt þetta smeðjubrosandi fólk sagði um hana þegar hún heyrði ekki til og það vissi ekki að ég gerði það. Ég faldi mig í garðinum þegar það kom í heimsókn að Coulibri, og hlustaði.

„Stórfurðulegt hjónaband og hann mun iðra þess. Af hverju skyldi vellauðugur maður sem gæti valið úr öllum stúlkum í Vestur-Indíum, og væntanlega mörgum á Englandi líka gera svona nokkuð?“ „Af hverju *væntanlega*?“ sagði hin röddin. „*Vissulega*.“ „Af hverju ætti hann þá að giftast ekkju sem á ekki eyri og Coulibri í hörmulegu ástandi? Og að segja að vandræði vegna afnámsins hafi drepið Cosway gamla? Vitleysa – býlinu hafði verið að hraka árum saman áður en það varð. Hann drakk sig til dauða. Það er nú oft svo að – jæja. Og allt þetta kvenfólk! Hún gerði aldrei neitt til að stöðva hann – hún hvatti hann frekar. Gjafir og bros á öllum jólum handa bastörðunum hans. Gamlar venjur? Sumar gamlar venjur væru betur dauðar og grafnar. Nýji

eiginmaðurinn hennar þarf að punga út góðri summu áður en húsið verðu svo mikið sem íbúðarhæft – það lekur eins og gatasigti. Og hvað með útihúsin og vagnageymsluna, koldimmt, og íbúðir þjónanna og sex feta langa snákinn sem ég sá með eigin augum hringa sig á kamarsetunni þegar ég var hér síðast. Brá mér? Ég öskraði. Og þá kom þessi hræðilega karlugla sem hún hýsir kengboginn úr hlátri. Og hvað börnin tvö varðar – drengurinn fáviti sem hulinn er sjónum og sinni og stúlkan á sömu leið sýnist mér – alltaf með ygglibrún.“

„Ó, ég er alveg sammála,“ sagði hin, „en Annette er sannarlega fögur kona. Og þvílíkur dansari. Minnir mig á sönginn „létt eins og bómullarblómstur í eitthvað andvaranum“, eða var það blænum? Ég man það aldrei.“

Já, þvílíkur dansari – kvöldið sem þau komu heim úr brúðkaupsferðinni til Trinidad og þau dönsuðu á veröndinni við enga tónlist. Það var engin þörf fyrir tónlist þegar þau dönsuðu. Þau stönsuðu og hún hallaði sér aftur á bak yfir arm hans, niður, þar til hár hennar snerti hellusteinana – ennþá neðar, neðar. Svo upp aftur í hvelli, skellihlægjandi. Hún lét það líta út fyrir að vera svo auðvelt – eins og allir gætu gert það, og hann kyssti hana, löngum kossi. Ég var þarna líka en þau voru búin að gleyma mér og brátt hætti ég að hugsa um þau. Ég minntist þess þarna þegar konan hafði sagt „Dansa! Hann kom nú ekki til Vestur-Indía til að dansa – hann kom til að græða peninga eins og þeir gera allir. Sum stærri býlanna seljast nú ódýrt og ólánstap eins er happ hins klára. Nei, þetta er allt ein ráðgáta. Það virðist vera gagnlegt að hafa martiníska obeah-konu á býlinu.“ Hún átti við Christophine. Hún sagði það hæðnislega, meinti það ekki, en fljótlega fór annað fólk að segja það – og meina það.

Á meðan viðgerðirnar stóðu yfir og þau voru á Trinidad, dvöldum við Pierre hjá Coru frænku í Spanish town.

Hr. Mason var ekki hrifinn af Coru frænku, sem var fyrrum þrælæigandi sem hafði sloppið við hörmungar og hlegið með því framan í forsjónina.

„Af hverju gerði hún ekkert til að hjálpa ykkur?“

Ég sagði honum að eiginmaður hennar hefði verið enskur og ekki líkað við okkur og þá sagði hann „Vitleysa.“

„Það er ekki vitleysa. Þau bjuggu á Englandi og hann varð reiður ef hún skrifaði okkur. Hann hataði Vestur-Indíur. Þegar hann dó, fyrir ekki löngu síðan, þá kom hún heim. Hvað gat hún gert fyrir þann tíma? Það var ekki *hún* sem var rík.“

„Það er hennar saga. Ég trúi henni ekki. Hégómleg kona. Í sporum móður þinnar

myndi ég fyrirlíta framkomu hennar.“

„Ekkert ykkar skilur okkur,“ hugsaði ég.

Coulibri leit alveg eins út þegar ég sá það aftur, enda þótt það væri orðið hreint og snyrtilegt, ekkert gras á milli hellusteinanna, engir lekar. En mér fannst það öðruvísi. Sass var kominn aftur og það gladdi mig. Þeir finna lykt af peningum, sagði einhver. Hr. Mason réði nýja þjóna – mér líkaði ekki við neinn þeirra nema hestasveininn Mannie. Hvernig þeir töluðu um Christophine breytti Coulibri, ekki viðgerðirnar eða húsgögnin eða nýju ókunnugu andlitin. Tal þeirra um Christophine og obeah breytti því.

Ég þekkti herbergið hennar svo vel – myndirnar af hinni heilögu fjölskyldu og bænin fyrir sælum dauða. Hún átti glaðlega litað bútasaumsrúmteppi, bilaðan skenk undir fötin sín og móðir mín hafði gefið henni gamlan ruggustól.

En einn daginn þegar ég beið þar, varð ég samt allt í einu mjög hrædd. Dyrnar voru opnar mót sólarbirtunni, einhver blístraði í nánd við hesthúsin en ég var hrædd. Ég var viss um að í herberginu (bak við gamla skápinn?) væri uppþornuð hendi af dauðum manni falin, hæsnafjaðrir, hálshöggvinn hani, hægt deyjandi, mjög hægt. Dropa fyrir dropa félli blóðið í rauða skál og fyllti hana og ég ímyndaði mér að ég heyrði það. Enginn hafði nokkru sinni talað við mig um galdra – en ég vissi hvers ég yrði vísari ef ég dirfðist að gá. Svo kom Christophine inn, brosandí og glöð að sjá mig. Ekkert hræðilegt gerðist og ég gleymdi þessu eða taldi mér trú um að ég hefði gleymt því.

Hr. Mason hefði hlegið hefði hann vitað hve hrædd ég varð. Hann hefði hlegið jafnvel ennþá hærra en þegar móðir mín sagðist vilja flytja frá Coulibri.

Það byrjaði um ári eftir að þau giftu sig. Þau sögðu alltaf sömu hlutina og ég hlustaði sjaldan orðið á rífrildi þeirra. Ég vissi að við vorum hötuð – en að fara í burtu... aldrei slíku vant var ég stjúpföður mínum sammála. Það var ekki hægt.

„Þú verður að hafa einhver rök,“ sagði hann, og hún svaraði, „Ég þarf að breyta til,“ eða „Við getum heimsótt Richard.“ (Richard, sonur Hr. Mason af fyrra hjónabandi var í skóla á Barbados. Hann myndi fljótlega fara til Englands og við höfðum lítið séð hann.)

„Umboðsmaður gæti litið eftir staðnum hér. Í bili. Fólkið hér hatar okkur. Það hatar mig svo sannarlega.“ Hún sagði þetta hreint út einn daginn og það var þá sem hann hló svona hjartanlega.

„Annette, vertu nú sanngjörn. Þú ert ekkja þrælalaldara, dóttir þrælalaldara, og þú varst búin að búa ein hérna með tvö börn í fimm ár þegar við kynntumst. Á þeim tíma

voru hlutirnir upp á sitt versta. En þú varst aldrei áreitt, þér var aldrei gerður neinn skaði.“

„Hvernig veist þú að mér hafi aldrei verið gerður neinn skaði?“ sagði hún. „Við vorum svo fátæk þá,“ sagði hún við hann, „við vorum aðhlátursefni. En við erum ekki fátæk núna,“ sagði hún. „Þú ert ekki fátækur maður. Heldur þú að þeir viti ekki um býlið þitt á Trínidad? Og eignina á Antígva? Þeir tala stanslaust um okkur. Þeir skálda sögur um þig og lygar um mig. Þeir reyna að komast að því hvað við borðum dags daglega.“

„Þeir eru forvitnir. Það er bara eðlilegt. Þú ert búin að búa ein of lengi, Annette. Þú ímyndar þér fjandskap þar sem enginn er. Alltaf öfgar í eina áttina eða aðra. Varst það ekki þú sem réðst á mig eins og villiköttur þegar ég sagði niggari? Ekki niggari, ekki einu sinni negri. Ég á að segja svart fólk.“

„Þér líkar ekki við það, skynjar jafnvel ekki það góða í því,“ sagði hún, „og þú vilt ekki trú á hina hliðina.“

„Þeir eru of fjandi latir til að vera hættulegir,“ sagði Hr. Mason. „Það veit ég.“

„Þeir eru meira lifandi en þú, latir eða ekki, og þeir geta verið hættulegir og grimmir af ástæðum sem þú gætir ekki einu sinni skilið.“

„Nei, ég skil ekki,“ sagði Hr. Mason alltaf. „Ég skil alls ekki.“

En hún fór aftur að tala um að fara burt. Þrjóskalega. Reiðilega.

Hr. Mason nam staðar hjá tómunum kofum þeirra þegar við vorum á heimleið um kvöldið. „Allir farnir á einhvern af þessum dönsum,“ sagði hann. „Ungir sem gamlir. Mikið lítur staðurinn tómlega út.“

„Við heyrum í trommunum ef það er dans.“ Ég vonaði að hann drifi sig áfram en hann staldraði við hjá kofunum til að horfa á sólina setjast, himininn og hafið logaði allt þegar við yfirgáfum Bertrandsflóa loksins. Langt úr fjarska sá ég skuggann af húsinu okkar hátt uppi á klettunum. Það var ilmur af burknum og árvatni og mér fannst ég aftur örugg, líkt og ég væri ein hinna réttlátu. (Godfrey sagði að við værum ekki réttlát. Einn daginn þegar hann var drukkinn sagði hann mér að við værum öll fordæmd og að ekkert þýddi að biðja.)

„Þeir hafa valið mjög heitt kvöld fyrir dansinn sinn,“ sagði Hr. Mason, og Cora frænka kom út á veröndina. „Hvað, dans? Hvar?“

„Það eru einhver hátíðahöld í nágrenninu. Kofarnir voru allir yfirgefnir. Kannski brúðkaup?“

„Ekki brúðkaup,“ sagði ég. „Það eru aldrei brúðkaup,“ Hann hvessti á mig augun en Cora frænka brosti.

Þegar þau voru farin inn hallaði ég mér fram á svalt handrið virkisbrekkunnar og hugsaði með mér að mér myndi aldrei eiga eftir að líka vel við hann. Ég kallaði hann ennþá „Hr. Mason“ með sjálfri mér. „Góða nótt, hvíti pápi,“ sagði ég eitt kvöldið og hann reiddist ekki heldur hló. Að sumu leyti var allt betra áður en hann kom þó að hann hafi bjargað okkur frá fátækt og eynd. „Og mátti ekki tæpara standa.“ Svarta fólkið hataði okkur ekki eins mikið á meðan við vorum fátæk. Við vorum hvít en við höfðum ekki sloppið og bráðum yrðum við dauð af því að við áttum enga peninga eftir. Hvað var svo sem eftir til að hata?

Nú var það allt byrjað aftur og hafði versnað til muna, móðir mín vissi það en henni tókst ekki að sannfæra hann um það. Ég vildi að ég gæti sagt honum að hér niðurfrá eru hlutirnir alls ekki eins og Englendingar halda að þeir séu. Ég vildi...

Ég heyrði spjall þeirra og hlátur Coru frænku. Ég var glöð yfir að hún væri í heimsókn hjá okkur. Og ég heyrði bambusinn hvískra og braka þó enginn væri vindurinn. Það hafði verið heitt allan daginn og kyrrt og þurrt í marga daga. Himinninn hafði misst lit sinn, birtan var blá og gæti ekki enst lengi. Veröndin væri ekki góður staður þegar náttáði, sagði Christophine. Þegar ég gekk inn var móðir mín að tala, æstri röddu.

„Nú jæja. Þar sem þú neitar að hugleiða það þá fer ég og tek Pierre með mér. Þú hefur varla neitt á móti því, vona ég?“

„Þetta er alveg rétt hjá þér Annette,“ sagði Cora frænka og það kom mér á óvart. Hún greip sjaldan inn í þegar þau rifust.

Hr. Mason virtist hissa og hreint ekki ánægður.

„Þú talar svo tryllingslega,“ sagði hann, „og hefur svo rangt fyrir þér. Auðvitað getur þú farið í burtu til tilbreytingar ef þig langar til. Því lofa ég.“

„Þú hefur lofað því áður,“ sagði hún. „Þú stendur ekki við loforð þín.“

Hann andvarpaði. „Mér líður mjög vel hérna. En hvað um það, við gerum einhverjar ráðstafanir. Mjög fljótlega.“

„Ég verð ekki stundinni lengur á Coulibri,“ sagði móðir mín. „Það er ekki öruggt. Ekki öruggt fyrir Pierre.“

Cora frænka kinkaði kolli.

Þar sem orðið var framorðið borðaði ég með þeim en ekki útaf fyrir mig eins og venjulega. Myra, ein af nýju þjónustustúlkunum, stóð við hliðarborðið og beið eftir að skipt væri um diska. Við borðuðum enskan mat núorðið, nautakjöt og lambakjöt, bökur og búðinga.

Ég var ánægð með að vera eins og ensk stúlka en ég saknaði bragðsins af matnum

hennar Christophine.

Stjúpfaði minn ræddi áætlanir um að flytja inn vinnukraft – coolies kallaði hann þá – frá Austur-Indíum. Þegar Myra var farin sagði Cora frænka „Ef ég væri þú þá myndi ég ekki ræða þetta þegar Myra heyrir til.

„En fólkið hér vinnur ekki. Það vill ekki vinna. Sjáðu bara þennan stað hér – það er átakanlegt.“

„Hér hefur margt átakanlegt gerst,“ sagði hún. „Það máttu vera viss um. Ég vona að þið vitið hvað þið eruð að gera.“

„Þú átt við –“

„Ég á ekki við neitt, nema bara að það væri viturlegra að segja þessari konu ekki frá áætlunum þínum – nauðsynlegum og miskunnsömum efast ég ekki um. Ég treysti henni ekki.“

„Búin að búa hér mestalla ævi þína og veist ekkert um fólkið. Það er með ólíkindum. Þetta eru börn. Gera ekki flugu mein.“

„Því miður þá gera börn flugum mein,“ sagði Cora frænka.“

Myra kom inn dapurleg á svip eins og hún var alltaf þó að hún brosti þegar hún talaði um helvíti. Allir færu til helvítis, sagði hún við mig, maður varð að tilheyra hennar trúarsöfnuði til að verða hólpinn og jafnvel þá – eins gott að vera ekki of góður með sig. Hún var með granna handleggi og stórar hendur og fætur og klúturinn sem hún var með um hálsinn var alltaf hvítur. Aldrei röndóttur eða skærlitur.

Ég leit af henni og á uppáhaldsmyndina mína. „Dóttir malarans“, falleg ensk stúlka með brúnar krullur og blá augu og kjól sem rann út af öxlum hennar. Síðan leit ég yfir hvítan borðdúkinn og vasann með gulu rósunum og á Hr. Mason, svo sjálfsöruggan, svo dæmalaust enskan. Og á móður mína, svo dæmalaust óenska, en ekki neinn hvítan negra heldur. Ekki hún móðir mín. Hafði aldrei verið það. Gæti aldrei orðið það. Já, hún hefði dáíð, hugsaði ég, ef hún hefði ekki hitt hann. Og í fyrsta skipti var ég þakklát og líkaði við hann. Það eru fleiri en leið til að vera hamingjusamur, kannski er betra að vera friðsæll, sáttur og verndaður, eins og mér líður núna, friðsæll árum og árum saman, og verða þá kannski hólpinn, hvað sem Myra segir. (Þegar ég spurði Christophine hvað gerðist þegar maður dæi sagði hún, „Þig langar vita of mikið.“) Ég mundi eftir að kyssa stjúpföður minn góða nótt. Cora frænka hafði einu sinni sagt, „Hann er mjög sár vegna þess að þú kyssir hann aldrei.“

„Hann lítur nú ekkert út fyrir að vera neitt sár,“ mótmælti ég. „Það eru mikil mistök að fara eftir útliti,“ sagði hún, „á hvorn veginn sem er.“

Ég fór inn í herbergi Pierres, sem var við hliðina á mínu, í fjærsta enda hússins. Það var bambus utan við gluggann hans. Maður gat næstum því snert hann. Hann var ennþá í barnarúmi og hann svaf alltaf meira og meira, var næstum alltaf sofandi. Hann var svo mjór að ég gat auðveldlega lyft honum. Hr. Mason hafði lofað að taka hann með til Englands síðar meir, þar sem hægt yrði að lækna hann svo hann yrði eins og annað fólk. „Og hvernig litist þér á það“ hugsaði ég, um leið og ég kyssti hann. „Hvernig fyndist þér að vera gerður alveg eins og annað fólk?“ Hann leit út fyrir að vera hamingjusamur þegar hann svaf. En það verður seinna. Seinna. Sofðu núna. Það var þá sem ég heyrði aftur gnesta í bambusnum og eins og einhver væri að hvísla. Ég þíndi mig til að líta út um gluggann. Það var fullt tungl en ég sá engan, ekkert nema skugga.

Ég skildi eftir ljós á stólnum við rúmið mitt og beið eftir Christophine, því mér fannst gott að hún væri sú síðasta sem ég sæi fyrir svefninn. En hún kom ekki og eftir því sem kertið brann neðar hvarf mér hin friðsama öryggistilfinning. Ég óskaði þess að eiga stóran kúberskan hund til að hafa hjá mér og verja mig, ég vildi að ég hefði ekki heyrt þessi hljóð frá bambusþykkuninu, eða að ég væri orðin lítil aftur, því þá trúði ég enn á prikið mitt. Það var eiginlega ekki prik heldur grannur viðarbútur með tveimur nöglum sem stungust út úr enda hans, hugsanlega leifar af þakskífu. Ég fann það skömmu eftir að hesturinn okkar var drepinn og hugsaði með mér að ég gæti barist með því, og ef allt færi á versta veg gæti ég barist til enda þó allir þeir bestu féllu eins og segir í söngnum. Christophine barði naglana úr, en leyfði mér að halda spýtunni og mér fór að þykja vænt um hana, ég trúði því að enginn gæti gert mér mein með hana mér við hlið, að týna henni yrði hið mesta ólán. Þetta var allt fyrir löngu síðan, á meðan ég var enn smábarn og viss um að allt væri lifandi, ekki aðeins áin eða rigningin heldur líka stólar, speglar, bollar, undirskálar, allt.

Ég vaknaði og það var ennþá nótt og móðir mín stóð hjá mér. Hún sagði, „Farðu á fætur og klæddu þig og komdu niður, vertu fljót. Sjálf var hún klædd, en hún hafði ekki sett hárið upp og önnur fléttan var laus. „Vertu fljót,“ sagði hún aftur, svo fór hún inn í herbergi Pierres. Ég heyrði hana tala við Myru og að Myra svaraði henni. Ég lá hálfsofandi, horfði á kertaljósið á kommóðunni, þar til ég heyrði hljóð eins og stóll hefði dottið um koll í litla herberginu, þá stóð ég upp og klæddi mig.

Húsið var á nokkrum pöllum. Það voru þrjú þrep niður frá herbergjunum okkar Pierres að borðstofunni og svo önnur þrjú niður í restina af húsinu, sem við kölluðum „neðri hæðina.“ Fellihurðirnar að borðstofunni voru ekki lokaðar og ég sá að setustofan

var full af fólki. Hr. Mason, móðir mín, Christophine og Mannie og Sass. Cora frænka sat í bláa sófanum í horninu, klædd svörtum silkikjól, slöngulokkunum vandvirknislega fyrir komið. Hún leit mjög yfirlætislega út, hugsaði ég. En Godfrey var ekki þarna, né Myra, kokkurinn eða nokkurt hinna.

„Það er engin ástæða til að vera uggandi,“ sagði stjúpfaðir minn um leið og ég kom inn. „Nokkrir fullir negrar.“ Hann opnaði dyrnar út á veröndina og gekk út. „Hvað á þetta að þýða?“ hrópaði hann. „Hvað viljið þið?“ Hræðilegur hávaði magnaðist upp, líkast ýlfri í dýrum, bara miklu verri. Við heyrðum steina falla á veröndina. Hann var fölnur þegar hann kom inn aftur, en reyndi að brosa er hann lokaði og læsti dyrunum. „Þeir eru fleiri en ég hélt og í andstyggilegu skapi líka.“ Þeir iðrast í fyrramálið. Ég get ímyndað mér gjafir eins og tamarind í sykurlagi og engifermola á morgun.

„Á morgun verður það orðið of seint,“ sagði Cora frænka. „Of seint fyrir engifermola eða hvað annað.“ Móðir mín hlustaði á hvorugt þeirra. Hún sagði, „Pierre er sofandi og Myra er hjá honum, mér fannst betra að hafa hann í sínu eigin herbergi, fjarri þessum hræðilega hávaða. Ég veit ekki. Kannski.“ Hún neri saman höndunum, giftingarhringurinn datt af henni og rúllaði út í hornið næst tröppunum. Stjúpfaðir minn og Mannie beygðu sig báðir niður eftir honum, en þá rétti Mannie sig skyndilega upp og sagði, „Guð minn góður, þeir eru komnir á bak við hús, þeir eru að kveikja í bak við húsið.“ Hann benti í áttina að dyrunum á herberginu mínu, sem ég hafði lokað á eftir mér, og nú lagði reyk undan hurðinni.

Ég sá móður mína ekki hreyfa sig því hún var svo snögg. Hún opnaði dyrnar að herberginu mínu og svo sá ég hana ekki meir, sá ekkert nema reyk. Mannie hljóp á eftir henni, líka Hr. Mason, en bara hægar. Cora frænka vafði mig örmum. Hún sagði, „Ekki vera hrædd, þú ert alveg örugg. Við erum öll alveg örugg.“ Eitt augnablik lokaði ég augunum og hvíldi höfuð mitt á öxl hennar. Ég man að hún lyktaði af vanillu. Síðan kom önnur lykt, af brunnu hári, ég leit upp og móðir mín var komin og hélt á Pierre. Það var slegið hár hennar sem hafði brunnið og af því var lyktin.

Ég hugsaði, Pierre er dáinn. Hann leit út eins og dáinn. Hann var hvítur og gaf engin hljóð frá sér, höfuð hans hékk líflaust út af handlegg hennar eins og ekkert líf væri í honum og augun rúlluðu upp á við svo aðeins sá í hvítuna. Stjúpfaðir minn sagði, „Annette, þú ert særð – hendurnar þínar...“ En hún leit ekki einu sinni á hann. „Það var kviknað í rúminu hans,“ sagði hún við Coru frænku. „Það er kviknað í litla herberginu og Myra var ekki þar. Hún er farin. Hún var ekki þar.“

„Það kemur mér hreint ekki á óvart,“ sagði Cora frænka. Hún lagði Pierre á

sófann, beygði sig yfir hann, lyfti síðan upp pilsinu sínu, fór úr undirpilsinu og hóf að rífa það niður í lengjur.

„Hún yfirgaf hann, hún hljópst á brott og skildi hann eftir til að deyja,“ sagði móðir mín, hvíslandi. Það varð því enn skelfilegra þegar hún byrjaði að æpa ókvæðisorð að Hr. Mason, kalla hann flón, grimmt, heimskt flón. „Ég sagði þér það,“ sagði hún, „ég sagði þér hvað eftir annað hvað myndi gerast.“ Rödd hennar brast, en hún hélt áfram að öskra, „Þú hlustaðir ekki, þú hæddist að mér, glottandi hræsnarinn þinn, þú ættir ekki að fá að lifa heldur, þú sem allt þykist vita, ekki satt? Af hverju ferð þú ekki út og biður þá að sleppa þér? Segir þeim hve saklaus þú ert. Segir að þú hafir alltaf treyst þeim.“

Ég var miður mín yfir allri ringulreiðinni. Og hvað allt gerðist hratt. Ég sá Mannie og Sass staulast með tvær stórar leirkrúsir, sem geymdar voru í búrinu, fullar af vatn. Þeir fleygðu úr þeim inn í herbergið og vatnið gerði svartan poll á gólfinu, en reykurinn flæddi strax yfir hann. Svo kom Christophine, sem hafði farið inn í herbergi móður minnar til að ná í vatnskönnuna þaðan, og talaði við frænku mína. „Það lítur út fyrir að þeir hafi kveikt í hinum enda hússins,“ sagði Cora frænka. „Þeir hljóta að hafa klifrað upp tréð sem stendur við húsið. Það mun brenna eins og tundur og við getum ekkert gert til að koma í veg fyrir það. Því fyrr sem við forðum okkur út, því betra.“

Mannie sagði við strákinn, „Ertu hræddur?“ Sass hristi höfuðið. „Komdu þá,“ sagði Mannie. „Farðu frá,“ sagði hann og ýtti Hr. Mason til hliðar. Mjór timburstigi lá niður frá búrinu yfir í útbyggingarnar, eldhúsin, þjónaherbergin, gripahúsin. Það var þangað sem þeir ætluðu að fara. „Taktu barnið,“ sagði Cora frænka við Christophine, „og komdu.“

Það var mjög heitt á virkisbrekkunni líka, þeir öskruðu þegar við komum út og svo kom annað öskur að baki okkur. Ég hafði ekki séð neina loga, aðeins reyk og neista, en nú sá ég logana rísa hátt upp til himins, því kviknað hafði í bambusnum. Það voru líka nokkur burknatré nærri, glæður höfðu náð í eitt þeirra.

„Komdu, fljótt,“ sagði Cora frænka, hún fór fremst og hélt í höndina á mér. Christophine kom á eftir okkur og hélt á Pierre, þær voru báðar þöglar þegar við gengum niður þrepin á veröndinni. En þegar ég sneri mér við til að gá að móður minni sá ég að Hr. Mason, dumbrauður í framan, virtist hálfdraga hana á eftir sér og hún streittist við, barðist á móti. Ég heyrði hann segja, „Það er vonlaust, of seint núna.“

„Vill hún ná í skartgripaskrínið sitt?“ sagði Cora frænka.

„Skartgripaskrínið? Ekkert svo skynsamlegt,“ drundi Hr. Mason. „Hún vildi snúa við til að sækja fjandans páfagaukinn. Ég leyfi það ekki.“ Hún svaraði engu, hélt aðeins

áfram að berjast á móti í hljóði, vatt sér eins og köttur og beraði tennurnar.

Páfagaukurinn okkar hét Coco, grænn páfagaukur. Hann var ekkert sérlega góður að tala, gat þó sagt *Qui est là? Qui est là?* og svarað sjálfum sér *Ché Coco, Ché Coco*. Eftir að Hr. Mason vængstýfði hann varð hann skapstygur og þótt hann vildi sitja í rólegheitum á öxl móður minnar, þá átti hann það til að ráðast að þeim sem komu nærri og gogga í fætur þeirra.

„Annette,“ sagði Cora frænka. „Þeir eru að hlæja að þér, ekki gera þeim það til geðs að leyfa þeim að hlæja að þér.“ Hún hætti að streitast á móti og hann hálfstuddi, hálfdró hana á eftir okkur, bölvandi hástöfum.

Fólkið var ennþá hljótt og svo margt að ég sá varla í gras né tré fyrir því. Það hlýtur að hafa verið margt fólk neðan frá flóanum en ég bar þó ekki kennsl á neinn. Það leit allt eins út, það var sama andlitið endurtekið aftur og aftur, augun glampandi, munnarnir hálfopnir eins og til að kalla. Við vorum komin fram hjá hestasteininum þegar þeir sáu Mannie koma akandi í hestvagninum fyrir hornið. Sass fylgdi á eftir, sitjandi á einum hesti, með annan í taumi.

Einhver æpti,“ nei, sjáið þið svarta Englendinginn! Sjáið þið hvítu negrana!“ og svo fóru þeir allir að æpa „Sjáið þið hvítu negrana! Sjáið þið helvítis hvítu negrana!“ Steinn flaug rétt fram hjá höfði Mannies, hann blótaði í áttina að þeim og þeir hopuðu frá þrjónandi, hræddum hestunum. „Drífið ykkur, í guðanna bænum,“ sagði Hr. Mason. „Komið ykkur upp í vagninn, komið ykkur til hestanna.“ En við komumst ekki því þeir þrengdu sér utan um okkur. Sumir þeirra voru hlæjandi og veifuðu prikum, sumir þeirra sem bakatil voru báru kyndla og það var bjart sem hádagur væri. Cora frænka hélt fast um hönd mína og varir hennar hreyfðust, en ég heyrði ekki í henni vegna hávaðans. Og ég var hrædd því að ég vissi að þeir sem hlógu væru þeir hættulegustu. Ég lokaði augunum og beið. Hr. Mason hætti að bölvva og fór að biðja, hárrí guðhræddri röddu. Bænin endaði á „Megi almáttugur guð vernda okkur.“ Og guð sem er svo sannarlega dularfullur, sem hafði engin teikn sýnt þegar búið var að kveikja í herbergi Pierres á meðan hann svaf – ekki þrumuhvellur, ekki eldingarblossi – hinn dularfulli guð hlustaði undir eins á Hr. Mason og svaraði honum. Ópin hættu.

Ég opnaði augun, allir horfðu upp og bentu á Coco á virkisbrekkuhandriðinu með fjaðrirnar logandi. Hann reyndi að fljúga en stýfðir vængirnir brugðust honum og hann féll niður gargandi. Hann stóð allur í ljósum logum.

Ég fór að gráta. „Ekki horfa,“ sagði Cora frænka. „Ekki horfa.“ Hún beygði sig niður, lagði handlegginn utan um mig og tók fyrir andlit mitt, en ég fann að þeir voru ekki

lengur eins nærri. Ég heyrði einhvern segja eitthvað um ógæfu og mundi þá að það boðaði mikla ógæfu að drepa páfagauk, eða jafnvel að sjá páfagauk deyja. Þeir byrjuðu að tínast burt, hratt, hljóðlega, og þeir sem eftir voru færðu sig til hliðar og horfðu á okkur ganga yfir lóðina. Þeir hlógu ekki lengur.

„Komið ykkur í vagninn, komið ykkur í vagninn,“ sagði Hr. Mason. „Flýtið ykkur!“ Hann fór fyrstur, hélt um handlegg móður minnar, síðan Christophine með Pierre í fanginu, og Cora frænka kom síðust, og hélt enn í hönd mína. Ekkert okkar leit um öxl.

Mannie stöðvaði hestana við beygjuna á steinlagða stígnum og þegar við nálgumst heyrðum við hann kalla, „Hvað eruð þið eiginlega? Skyndlausar skepnur?“ Hann beindi orðum sínum að hópi manna og örfárra kvenna sem stóðu í kringum vagninn. Þeldökkur maður með sveðju í hendi hélt í beislið. Ég sá hvorki Sass né hina hestana tvo. „Drífdú þig inn,“ sagði Hr. Mason. „Fástu ekki um hann, drífdú þig inn.“ Maðurinn með sveðjuna sagði nei. Við myndum fara til löggunnar og segja alls konar bölvadaðar lygar. Kona ein sagði honum að leyfa okkur að fara. Þetta hefði allt saman verið af slysnri og þeir hefðu helling af vitnum. „Myra bera vitni fyrir okkur.“

„Haltu þér saman,“ sagði maðurinn. „Þú kremja hundraðfætla, kremja það, skilja eftir þínu þons og það vaxa aftur... Hver halda þú löggan trúna betur, ha? Þú eða hvíta negra?“

Hr. Mason starði á hann. Hann virtist ekki vera hræddur, heldur frekar of hissa til að geta talað. Mannie tók svipuna úr vagninum en einn svörtu mannanna sneri hana úr hendi hans, braut hana á hné sér og henti henni í burtu. „Hlauptu burt, svartí Englendingur, eins og strákurinn hlaupa. Fela þig í runnana. Það betra fyrir þig.“ Það var Cora frænka sem steig fram og sagði, „Litli drengurinn er mjög illa meiddur. Hann deyr ef við fáum enga hjálp fyrir hann.“

Þá sagði maðurinn, „Svo svartir og hvítir, þeir brenna eins, ha?“

„Þeir gera það,“ sagði hún. „Nú og framvegis, eins og þú munt komast að. Mjög bráðlega.“

Hann slepti beislinu og otaði andliti sínu fast að hennar. Hann skyldi kasta henni á eldinn líka ef hún legði á hann vond álög. Gamla hvíta jumby, kallaði hann hana. En hún hopaði ekki um þumlung, hún leit beint í augu hans og hótaði honum eilífum eldi rólegri röddu. „Og aldrei svo mikið sem dropi af sangoree til að kæla brennandi tungu þína,“ sagði hún. Hann bölvadaði henni aftur en hopaði þó. „Komið ykkur nú inn,“ sagði Hr. Mason. „Þú, Christophine, komdu þér inn með barnið.“ Christophine fór inn. „Þú núna,“ sagði hann við móður mína. En hún hafði snúið sér við og var að horfa í átt að húsinu og

þegar hann lagði hönd sína á handlegg hennar öskraði hún.

Ein kona sagðist bara hafa komið til að gá hvað væri að gerast. Önnur kona byrjaði að gráta. Maðurinn með sveðjuna sagði, „Þú gráta fyrir hana – hvenær hún gráta fyrir þig? Seg mér það.“

Nú sneri ég mér líka við. Húsið var að brenna, rauðgulur himininn var eins og sólsetur og ég vissi að ég myndi aldrei sjá Coulibri aftur. Ekkert yrði eftir, gullnu burknarnir og silfrúðu burknarnir, orkídeurnar, ljósgullnu liljurnar og rósirnar, ruggustólarnir og blái sófinn, jasmínan og geitatoppurinn, myndin af dóttur malarans. Þegar þeir hefðu lokið sér af yrði ekkert eftir nema sviðnaðir veggir og hestasteinninn. Það varð alltaf eftir. Því væri ekki hægt að brenna eða stela.

Þá, ekki langt frá, sá ég Tiu og móður hennar og ég hljóp til hennar, því hún var það eina sem eftir var af lífi mínu eins og það hafði verið. Við höfðum borðað sama mat, sofið hlið við hlið, baðað okkur í sömu ánni. Á hlaupunum hugsaði ég, ég fæ að búa hjá Tiu og ég verð eins og hún. Þarf ekki að fara frá Coulibri. Ekki að fara. Ekki. Þegar ég kom nær sá ég brúnahvassan steininn í hendi hennar en ég sá hana ekki kasta honum. Ég fann ekki fyrir honum heldur, aðeins einhverju votu sem rann niður andlit mitt. Ég leit á hana og sá andlit hennar krumpast saman um leið og hún byrjaði að gráta. Við stöðum hvor á aðra, andlit mitt blóðugt, hennar társtokkið. Það var eins og ég sæi sjálfa mig. Eins og í spegli.

„Ég sá fléttuna mína, bundna með borða, þegar ég fór á fætur,“ sagði ég. „Í kommóðuskúffunni. Ég hélt að hún væri snákur.“

„Það þurfti að klippa hárið þitt. Þú ert búin að vera mjög veik, elskan mín,“ sagði Cora frænka. „En þú ert örugg hjá mér núna. Við erum öll örugg eins og ég sagði þér að við myndum verða. Þú þarft þó að vera áfram í rúminu. Af hverju vafrar þú svona um herbergið? Hárið þitt vex aftur,“ sagði hún. „Síðara og þykkra.“

„En dekkra,“ sagði ég.

„Af hverju dekkra?“

Hún tók mig upp og ég var glöð að finna mjúka dýnuna og glöð að láta breiða yfir mig svalt teppið.

„Það er kominn tími á örvarrótina þína,“ sagði hún og fór fram. Þegar ég hafði klárað hana tók hún bollann og stóð og horfði á mig.

„Ég fór framúr af því mig langaði til að vita hvar ég væri.“

„Og nú veistu það, er það ekki?“ sagði hún, áhyggjufullri röddu.

„Auðvitað. En hvernig komst ég hingað í húsið þitt?“

„Luttrell-fólkið var mjög elskulegt. Um leið og Mannie náði til Nelson's Rest sendi það börur og fjóra menn. Þú varst nú samt þó nokkuð hrist og skekin. En þeir gerðu sitt besta. Ungi Hr. Luttrell reið með alla leið. Var það ekki fallett af honum?“

„Jú,“ sagði ég. Hún virtist mögur og gömul og hár hennar var ekki fallega greitt, svo ég lokaði augunum, langaði ekki til að horfa á hana.

„Pierre er dáinn, er það ekki?“

„Hann dó á leiðinni hingað, aumingja litli drengurinn,“ sagði hún.

„Hann var dáinn fyrir,“ hugsaði ég en var of þreytt til að tala.

„Móðir þín er í sveitinni. Að hvíla sig. Láta sér batna. Þú færð að sjá hana fljótlega.“

„Ég vissi það ekki,“ sagði ég. „Af hverju fór hún í burtu?“

„Þú ert búin að vera veik í nærri sex vikur. Vissir ekki af þér.“

Hvað stoðaði að segja henni að ég hefði verið búin að vakna áður og heyra móður mína öskra „*Qui est là? Qui est là?*“, síðan „Ekki snerta mig. Ég drep þig ef þú snertir mig. Hugleysinginn þinn. Hræsnarinn þinn. Ég drep þig.“ Ég setti hendurnar fyrir eyrun, öskur hennar voru svo hávær og hræðileg. Ég sofnaði og þegar ég vaknaði aftur var allt orðið hljótt. Cora frænka stóð enn við rúmið mitt og horfði á mig.

„Það eru sárabindi um höfuðið á mér. Þau eru svo heit,“ sagði ég. „Fæ ég ör á ennið?“

„Nei, nei.“ Hún brosti í fyrsta skiptið. „Það hefst vel við. Það mun ekki lýta þig á brúðkaupsdaginn,“ sagði hún.

Hún laut niður og kyssti mig. „Vantar þig eitthvað? Kaldan drykk að dreypa á?“

„Nei, ekkert að drekka. Syngdu fyrir mig. Það finnst mér gaman.

Hún byrjaði að syngja, titrandi röddu.

„*Sérhvert kvöld, um hálfnú*
heyrist bank, bank, bankað – „

„Ekki þetta lag. Mér finnst það ekki skemmtilegt. Syngdu *Áður en frelsi ég fékk*.

Hún settist hjá mér og söng lágt, „*Áður en frelsi ég fékk*.“ Ég hlustaði alveg að „*Sorgin sem hjarta mitt sker –*, ég heyrði ekki endinn, en áður en ég sofnaði heyrði ég „*Sorgin sem hjarta mitt sker*.“

Ég ætlaði að fara að hitta móður mína. Ég krafðist þess að Christophine kæmi með mér, enginn annar, og þar sem mér var ekki fyllilega batnað höfðu þau látið undan. Ég man dauflega tilfinninguna er við ókum áfram af því að ég átti ekki von á að sjá hana. Hún var hluti af Coulibri, sem var farið, svo hún hafði farið líka, um það var ég viss. En þegar við komum að fallega litla húsinu þar sem hún bjó núna (sögðu þau) stökk ég út úr vagninum og hljóp eins hratt og ég gat yfir lóðina. Einar dyr opnuðust út á veröndina. Ég fór inn án þess að banka og starði á fólkið, sem var í stofunni. Þeldökkur maður, þeldökk kona og hvít kona sem sat með höfuðið hneigt svo djúpt að ég sá ekki framan í hana. Ég þekkti hárið hennar, önnur fléttan miklu styttri en hin. Og kjólinn hennar. Ég tók utan um hana og kyssti hana. Hún hélt svo fast utan um mig að ég gat varla andað og ég hugsaði, „Þetta er ekki hún.“ Síðan, „Þetta hlýtur að vera hún.“ Hún leit til dyra, síðan á mig og svo aftur til dyra. Ég gat ekki sagt, „Hann er dáinn,“ svo ég hristi höfuðið. „En ég er hérna, ég er hérna,“ sagði ég, og hún sagði lágt, „Nei.“ Síðan „Nei nei nei,“ mjög hátt og hrinti mér frá sér. Ég datt á skilrúmið og meiddi mig. Maðurinn og konan héldu í hendur hennar og Christophine var þarna. Konan sagði, „Af hverju þú koma með barnið og gera vandræði, vandræði, vandræði? Nóg vandræði samt.“ Við sögðum ekki orð alla leiðina til baka til Coru frænku.

Fyrsta daginn sem ég þurfti að fara í klaustrið, hékk ég utan í Coru frænku eins og líf mitt lægi við. Á endanum varð hún óþolinmóð, svo ég harkaði af mér og gekk frá henni út um innganginn, niður þrepinn sem lágu niður að götunni og, eins og ég vissi, biðu þau eftir mér undir sandkassatrénu. Þau voru tvö, strákur og stelpa. Strákurinn var um það bil fjórtán ára og stór eftir aldri, hann var með hvíta húð, dauflega ljóta hvíta húð, þakta freknum, munnurinn svertingjamunnur og augun lítil, eins og græn glerbrot. Hann var með augu eins og dauður fiskur. Það versta, allra versta af öllu, var að hár hans var hrokkið eins og svertingjahár, en bara ljósrautt, og augabrúnir hans og augnhár voru rauð. Stelpan var mjög svört og var ekki með neinn höfuðklút. Hár hennar hafði verið fléttað og ég fann ógeðslega lyktina af olíunni sem borin hafði verið í það, alla leið þangað sem ég stóð á tröppunum á dimmu, hreinu, vinalegu húsi Coru frænku, og starði á þau. Þau virtust svo meinlaus og hljóðlát, enginn hefði tekið eftir blikinu í augum piltsins.

Svo glotti stelpan og fór að láta braka í fingraliðunum. Við hvert brak kipptist ég við og fór að svitna í lófunum. Ég hélt á nokkrum skólabókum í hægri hendi og færði þær undir handlegginn, en það var of seint, það var far í lófa mínum og svitablettur á kápu bókarinnar. Stúlkan byrjaði að hlægja, mjög hljóðlega, og það var þá sem ég fann hatrið

koma yfir mig og með hatrinu hugrekki svo ég gat gengið fram hjá þeim án þess að líta á þau.

Ég vissi að þau fylgdu mér eftir, ég vissi líka að á meðan ég væri í augstýn frá húsi Coru frænku myndu þau ekki gera neitt annað en að lalla í humáttina á eftir mér. En ég vissi hvenær þau myndu færa sig upp á skaftið. Það myndi gerast þegar ég væri á leiðinni upp á hæðina. Það voru veggir og garðar báðum megin í hæðinni og þar væri enginn á þessum tíma morguns.

Miðja vegu upp hæðina komu þau upp að mér og byrjuðu að tala. Stelpan sagði, „Sjáðu brjálaða stelpuna, þú brjálað eins og mamma þín. Frænka þín hrædd að hafa þig í húsið. Hún senda þig til nunnurnar að læsa þig inni. Mamma þín ganga um í enga skór og enga sokka, hún ekki í nærföt. Hún reyna drepa karlinn sinn og líka reyna drepa þig þegar þú fara heimsækja hana. Hún með augu eins og uppvakningur og þú líka með augu eins og uppvakningur. Af hverju þú vilja ekki horfa á mig.“ Strákurinn sagði aðeins, „Dag einn ég ná þér eina, bíddu bara, dag einn ég ná þér eina.“ Þegar ég kom upp á hæðina voru þau farin að stjaka við mér, ég fann lyktina úr hári stelpunnar.

Langur auður vegur teygði sig í átt að klaustrinu, klausturveggjunum og timburhliðinu. Ég þurfti að hringja til að mér væri hleypt inn. Stelpan sagði, „Þú vilja ekki horfa á mig, ha, en ég láta þig horfa á mig.“ Hún hrinti mér svo bækurnar sem ég hélt á féllu á jörðina.

Ég beygði mig til að taka þær upp og sá að hávaxinn strákur sem gekk eftir götunni hinum megin hafði stansað og litið í áttina til okkar. Síðan sneri hann við og kom hlaupandi. Hann var leggjalangur, fætur hans snertu varla jörðina. Um leið og þau sáu hann snéru þau sér við og gengu í burtu. Hann horfði á eftir þeim, ráðvilltur. Ég hefði frekar dáðið en að hlaupa á meðan þau sáu til, en um leið og þau voru horfin, tók ég til fótanna. Ég skildi eina af bókunum mínum eftir í götunni og strákurinn kom á eftir mér.

„Þú misstir þetta,“ sagði hann og brosti. Ég vissi hver hann var, hann hét Sandi, sonur Alexanders Cosway. Einhvern tíma hefði ég sagt frændi minn, Sandi, en eftir að Hr. Mason hafði lesið yfir mér var ég orðin hikandi gagnvart þeldökkum ættingjum mínum. „Takk fyrir,“ muldraði ég. „Takk fyrir.“

„Ég skal tala við þennan strák,“ sagði hann, „Hann angrar þig ekki fram.“

Í fjarska sá ég rautt hár óvinar míns þar sem hann þaut áfram, en hann átti sér enga von. Sandi náði honum áður en hann var kominn að næsta horni. Stelpan var horfin. Ég beið ekki eftir að sjá hvað myndi gerast, heldur hringdi bjöllunni af öllu afli.

Að endingu opnuðust dyrnar. Nunnan var þeldökk kona og hún virtist óánægð.

„Þú átt ekki að hringja bjöllunni svona,“ sagði hún. „Ég kom eins fljótt og ég gat.“ Síðan heyrði ég dyrnar lokast að baki mér.

Ég féll saman og fór að gráta. Hún spurði hvort mér væri illt, en ég gat ekki svarað. Hún tók í hönd mér, smellti enn tungunni og muldraði skapvonskulega, og leiddi mig yfir garðinn gegnum skugga af stóru tré, ekki inn um framdyrnar heldur inn í stórt, steinlagt herbergi. Pottar og pönnur héngu þar á veggjum og þar var stórt eldstæði. Bakatil í herberginu var önnur nunna og þegar bjallan hringdi aftur fór fyrri nunnan til dyra. Seinni nunnan, líka þeldökk kona, kom með vatnsskál en jafnharðan og hún þvoði mér flæddu tárin mín. Þegar hún sá hönd mína spurði hún hvort ég hefði dottið og meitt mig. Ég hristi höfuðið og hún þvoði blettinn varlega í burtu með svampi. „Hvað er að, af hverju ertu að gráta? Hvað kom fyrir þig?“ Og enn gat ég ekki svarað. Hún færði mér mjólkurglas, ég reyndi að drekka það en svelgdist á. „Svona nú,“ sagði hún, og yppti öxlum um leið og hún gekk út.

Þegar hún kom inn aftur, var þriðja nunnan með henni og sagði hún rólega, „Nú ertu búin að gráta alveg nóg, þú verður að hætta. Ertu með vasaklút?“

Ég mundi að ég hafði misst hann. Nýja nunnan þurrkaði mér um augun með stórum vasaklút, gaf mér hann og spurði mig að nafni.

„Antoinette,“ sagði ég.

„Auðvitað,“ sagði hún. „Ég veit. Þú ert Antoinette Cosway, eða Antoinette Mason, réttara sagt. „Gerði einhver þig hrædda?“

„Já.“

„Líttu nú á mig,“ sagði hún, „Þú verður ekki hrædd við mig.“

Ég leit á hana. Hún var með stór brún augu, afar mild, og var hvítklædd, ekki með stífaða svuntu eins og hinar voru með. Klæðið í kringum andlit hennar var úr hör og ofan við hvítan hörinn var svört slæða úr einhverju þunnu efni, sem féll í fellingum niður á bak hennar. Kinnar hennar voru rjóðar, hún hafði hláturmilt andlit og tvo djúpa spékoppa. Hendur hennar voru smáar en þær litu klaufalega út og voru þrútnar, alls ólíkar öðrum hlutum líkama hennar. Það var ekki fyrr en seinna sem ég komst að því að þær væru bæklaðar af völdum gigtar. Hún fór með mig inn í stofu, búna þunglamalegum húsgögnum, stólum með beinu baki og póleruðu borði í miðjunni. Þegar hún hafði talað við mig sagði ég henni eilítið um af hverju ég hefði verið að gráta og að mér væri ekki um það gefið að ganga ein míns liðs í skólann.

„Það verður að gera eitthvað í því,“ sagði hún. „Ég skal skrifa frænku þinni. Núna bíður Móðir St. Justine eftir þér. Ég hef sent eftir stúlku sem er búin að vera hjá okkur í

tæpt ár. Hún heitir Louise – Louise de Plana. Ef eitthvað kemur þér spánskt fyrir sjónir þá getur hún útskýrt það fyrir þér.“

Við Louise gengum eftir steinlögðum stíg í átt að kennslustofunni. Það var gras meðfram stígnum og tré og skuggar þeirra og sums staðar glaðlegar blómabreiður. Hún var falleg og þegar hún brosti til mín trúði ég varla að ég hefði nokkurn tíma verið vansæl. Hún sagði, „Við köllum alltaf Móður St. Justine, Móður Súraldin. Hún er ekkert voðalega greind, aumingja konan. Það áttu eftir að sjá.“

Örsnöggt, á meðan ég man, verð ég að minnast á kennslustofuna. Heitu kennslustofuna, borðin úr lindifurunni, hitinn í bekknum sem leiddi upp líkama minn, út í handleggi og hendur. En fyrir utan sá ég svalan, bláan skuggann á hvítum veggnum. Nálin mín er stöm, og það brakar í henni þar sem hún fer í gegnum strigann. „Nálin mín er að bölvla,“ hvísla ég að Louise, sem situr við hlið mér. Við erum að sauma út silkirósir með krosssaumi á fölum bakgrunni. Við megum ráða hvernig rósirnar okkar eru á litinn og mínar eru grænar, bláar og purpurarauðar. Fyrir neðan rita ég nafnið mitt, Antoinette Mason, fædd Cosway, Mount Calvary-klaustrinu, Spanish Town, Jamaíku, 1839.

Á meðan við vinnum segir Móðir St. Justine okkur sögur af ævi dýrlinganna, heilagri Rósu, Barböru og Agnesi. En við eigum okkar eigin dýrling, beinagrind fjórtán ára stúlku undir altarinu í kapellu klaustursins. Helgu dómana. En hvernig gátu nunnurnar komið þeim þangað, spyr ég sjálfa mig? Í ferðatösku? Sérpakkaðri? Hvernig? En þarna er hún, og heitir heilög Innocenzia. Við þekkjum ekki sögu hennar, hún er ekki í neinni bók. Dýrlingarnir sem við heyrum um voru allar mjög fallegar og ríkar. Allar elskaðar af ríkum og myndarlegum ungum mönnum.

„...fegurri og fagurbúnari en hann hafði nokkru sinni séð hana í lifanda lífi,“ þrumar móðir St. Justine. „Hún brosti og sagði, ‚Hér Þeófilus er rós úr garði Spúsa míns, á hvern þú ekki trúðir.‘ Rósin sem hann fann við hlið sér er hann vaknaði hefur aldrei fölnað. Hún er enn til.“ (En hvar, ó, hvar?) „Og Þeófilus snerist til kristni,“ segir Móðir St. Justine, farin að lesa mjög hratt núna, „og varð einn hinna heilögu píslarvotta.“ Hún lokar bókinni með hvelli og talar um að ýta naglaböndunum niður þegar við þvöum okkur um hendurnar. Hreinlæti, góðir siðir og gæska við guðs fátæklinga. Orðaflaumur. („Það er hennar tími í lífinu,“ sagði Helène de Plana, „hún getur ekkert að því gert, aumingja gamla Justine.“) „Þegar þú móðgar eða særir hina ólánssömu eða hina óhamingjusömu, þá móðgar þú Krist sjálfan og Hann gleymir ekki, því þeir eru hans útvöldu.“ Þessi athugasemd er gerð með hversdagslegri og kæruleysislegri röddu og hún rennir sér yfir í

reglu og skírlífi, þann flekklausa kristal sem, þegar einu sinni er búið að brjóta hann, verður aldrei hægt að laga. Líka framkomu. Eins og allar hinar, hefur hún orðið fyrir álögum de Plana-systranna og hampar þeim sem fordæmi fyrir bekkinn. Ég dáist að þeim. Þær sitja svo öruggar og óhagganlegar á meðan hún bendir á ágæti hárgreiðslu ungfrú Helène, sem framkvæmd var án spegils.

„Vildir þú vera svo væn, Helène, að segja mér hvernig þú greiðir hárið þitt, af því að þegar ég verð stór vil ég að mitt líti út eins og þitt.“

„Það er mjög auðvelt. Þú greiðir það upp á við, svona, og ýtir því svo eilítið fram á við, svona, og svo setur þú spennu hér og hér. En ekki of margar spennur.“

„Já, en Helène, mitt lítur ekki út eins og þitt, sama hvað ég geri.“

Augnhár hennar titruðu og hún leit undan, of kurteis til að segja hið augljósa. Við erum ekki með neinn spegil í svefnalnum og einu sinni sá ég nýju ungu nunnuna frá Írlandi horfa á sjálfa sig í vatnstunnu, hún brosti til að sjá hvort spékopparnir hennar væru þarna ennþá. Þegar hún sá mig, roðnaði hún og ég hugsaði, nú mun hún aldrei þola mig.

Stundum var það hár ungfrú Helène og stundum óaðfínanleg framkoma ungfrú Germaine, og stundum var það alúðin sem ungfrú Louise lagði í umhirðu sinna fallegu tanna. Og ef við öfunduðumst ekki þá virtust þær aldrei hégómlegar. Helène og Germaine, dálítið hæðnislegar, fálátar kannski, en Louise, ekki einu sinni það. Hún tók engan þátt í slíku – eins og hún vissi að hún væri fædd til annarra hluta. Brún augu Helène gátu skotið gneistum, grá augu Germaine voru falleg, mjúk og kúrleg, hún talaði hægt og var, ólíkt öðrum Kreólástúlkum, afar jafnlynd. Það er auðvelt að ímynda sér hvað hefði hent þær tvær, að slysum frátöldum. Og svo Louise! Mjótt mitti hennar, grannar brúnar hendurnar, svartar krullurnar sem lyktuðu af vetíver, björt, blíðleg röddin, sem syngur svo kæruleysislega um dauðann í kapellunni. Eins og fugl sé að syngja. Hvað sem er gæti hafa komið fyrir þig, Louise, hvað sem er, og ekki væri ég hissa.

Svo var einn dýrtingur í viðbót, sagði Móðir St. Justine, hún var uppi síðar en líka á Ítalíu, eða var það á Spáni. Ítalía er hvítar súlur og grænt vatn. Spánn er heit sól og steinar, Frakkland er dama með svart hár, í hvítum kjól, af því að Louise fæddist í Frakklandi fyrir fimmtán árum síðan, og móðir mín, sem ég verð að gleyma og biðja fyrir eins og hún sé dáin, þó hún sé enn á lífi, klæðist gjarnan hvítu.

Enginn talaði um hana lengur nú þegar Christophine var farin til að búa hjá syni sínum. Stjúpföður minn sá ég sjaldan. Honum virtist ekki líka við Jamaíku, sérstaklega ekki við Spanish Town, og var oft fjarverandi mánuðum saman.

Einn heitan eftirmiðdag í júlí sagði frænka mín mér að hún ætlaði til Englands í

eitt ár. Heilsa hennar væri ekki góð og hún þyrfti tilbreytingu. Á meðan hún talaði var hún að sauma bútasaumsrúmteppi. Tígullaga silkibútarnir bráðnuðu hver inn í annan, rauðir, bláir, purpurarauðir, grænir, gulir, allir saman í einn skínandi lit. Klukkustundum saman hafði hún unnið að því, og nú var það nærri því tilbúið. Yrði ég einmana? spurði hún og ég sagði „Nei,“ og horfði á alla litina. Klukkustundum og klukkustundum saman, hugsaði ég.

Þetta klaustur var athvarf mitt, staður sólskins og dauða, þar sem við þessar nú sem sváfum í langa svefnsalnum vorum vaktar fyrir allar aldir með smellum í tréklöppu. Er við vögnuðum sáum við systur Marie Augustine sitjandi, kyrrláta og snyrtilega, teinrétt í baki á tréstól. Langur, brúnn salurinn var fullur af gylltu sólskini og skuggar trjáanna bærðust hljóðlega. Ég lærði að segja, eins hratt og hinar, „Fær oss allar bænir, störf og þjáningar þessa dags.“ En hvað með hamingju, hugsaði ég fyrst, er engin hamingja? Það hlýtur að vera. Æjú, hamingja, auðvitað er hamingja.

En ég gleymdi brátt hamingjunni, þar sem ég hljóp niður stigann að stóra steinbaðinu þar sem við busluðum um íklæddar gráum bómullarskyrtum sem náðu niður á ökkla. Sápulyktin á meðan maður sápaði sig varfærnislega undir skyrtunni, kúnst sem þurfti að lærast, að klæðast hæversklega var önnur kúnst. Stórar gusur af sólargeislum þegar við hlupum upp tréþrepinn að matsalnum. Heitt kaffi og rúnnstykki og bráðnandi smjör. En eftir máltíðina, nú og á dauðastundu vorri, og á hádegi og klukkan sex á kvöldin, nú og á dauðastundu vorri. Lát þitt eilífa ljós lýsa þeim. Þetta er fyrir móður mína, hugsaði ég, hvar sem sál hennar reikar, því hún hefur yfirgefið líkamann. Svo mundi ég hvað hún hataði sterka birtu en elskaði svalann og skuggann. Þetta er öðruvísi ljós, sögðu þær mér. En samt átti ég erfitt með að segja það. Brátt vorum við aftur komnar út í flöktandi skuggana, mun fallegrri en nokkurt eilíft ljós gæti verið, og fljótlega lærði ég að babla hugsunarlaust eins og hinar. Um það að breytast núna og dauðastundina því það er allt sem við eigum.

Allt var birta, eða myrkur. Veggirnir, skærir litir blómanna í garðinum, búningar nunnanna, allt var þetta í björtum litum, en slæður þeirra, róðukrossinn sem hékk frá mitti þeirra, skuggar trjáanna, allt var það svart. Þannig var það, ljós og myrkur, sól og skuggi, himnaríki og helvíti, því einn nunnan vissi allt um helvíti og hver veit það ekki? En önnur vissi allt um himnaríki og eiginleika hinna hólpnu, en þar af er óviðjafnanleg fegurð það sísta. Það allra sísta. Ég gat varla beðið eftir allri þessari alsælu og einu sinni það ég þess lengi að vera dái. Svo mundi ég að það var synd. Það er hroki eða örvænting, ég man

ekki hvort, en dauðasynd er það. Svo ég bað lengi út af því líka, en þá fór ég að hugsa, það er svo margt sem er syndsamlegt, af hverju? Enn ein synd að hugsa þannig. Hins vegar, sem betur fer, segir systir Marie Augustine að hugsanir séu ekki syndir, ef þær eru strax hraktar á brott. Þú segir bara guð hjálpi mér, ég ferst. Mér er mikil huggun í því að vita nákvæmlega hvað ber að gera. Samt sem áður bað ég ekki eins oft eftir þetta og fljótlega næstum aldrei. Ég var hugrakkari, hamingjusamari, frjálsari. En ekki svo örugg.

Á þessu tímabili, nærri átján mánuðum, kom stjúpfaðir minn oft að heimsækja mig. Hann byrjaði á að yfirheyra abbadísina, síðan kom ég inn í stofuna klædd eins og fyrir kvöldverð eða vinaheimsókn. Hann gaf mér gjafir þegar hann fór, sælgæti, nisti, armband, einu sinni afskaplega fallegan kjól sem ég gat, vitaskuld, ekki gengið í.

Síðasta skiptið sem hann kom var öðruvísi. Ég vissi það um leið og ég gekk inn í stofuna. Hann kyssti mig, hélt mér í armslengd frá sér, virti mig vandlega og gagnrýnið fyrir sér, brosti síðan og sagði að ég væri hærri en hann minnti. Ég minnti hann á að ég væri orðin meira en sautján ára, fullorðin kona. „Ég gleymdi ekki gjöfinni þinni,“ sagði hann.

Þar sem ég var hálffeimin og vandræðaleg svaraði ég kuldalega, „Ég get ekki gengið í öllu þessu sem þú kaupir handa mér.“

„Þú getur gengið í hverju sem þig lystir þegar þú býrð hjá mér,“ sagði hann.

„Hvar? Á Trínidad?“

„Auðvitað ekki. Hér, til að byrja með. Hjá mér og Coru frænku þinni, sem er loksins að koma heim. Hún segir að einn enskur vetur í viðbót muni drepa sig. Og Richard. Það er ekki hægt að fela þig alla þína ævi.“

„Af hverju ekki,“ hugsaði ég.

Ég hugsa að hann hafi tekið eftir vonleysi mínu því hann byrjaði að grínast, slá mér gullhamra, og spyrja mig svo fáránlegra spurninga að brátt var ég farin að hlæja líka. Hvernig litist mér á að búa á Englandi? Síðan, áður en ég náði að svara, hvort ég hefði lært að dansa, eða voru nunnurnar of strangar?

„Þær eru alls ekki strangar,“ sagði ég. „Biskupinn sem heimækir þær á hverju ári segir að þær séu of linar. Mjög linar. Hann kennir loftslaginu um.“

„Ég vona að þær hafi sagt honum að skipta sér ekki af því sem honum komi ekki við.“

„Hún gerði það. Abbadísin. Sumar hinna voru hræddar. Þær eru ekki strangar en engin hefur kennt mér að dansa.“

„Það verður ekkert vandamál. Ég vil að þú sért hamingjusöm, Antoinette, örugg,

ég hef reynt að koma hlutum þannig fyrir, en við munum hafa nógan tíma til að tala um það síðar.“

Þegar við gengum út um klausturhliðið sagði hann kæruleysislegri röddu, „Ég hef boðið nokkrum enskum vinum að dvelja hér næsta vetur. Þér mun ekki leiðast.“

„Heldurðu að þeir komi?“ sagði ég, efins.

„Einn þeirra kemur. Um það er ég viss.“

Kannski var það hvernig hann brosti, en ég fann aftur fyrir beyg, depurð, missi, sem ætlaði að kæfa mig. Í þetta skipti lét ég hann ekki sjá það.

Þetta var eins og morguninn sem ég fann hestinn dauðan. Ekki segja orð og þá yrði það kannski ekki satt.

En þær vissu það allar í klaustrinu. Stúlkurnar voru mjög forvitnar en ég svaraði ekki spurningum þeirra og í fyrsta sinn ollu glaðleg andlit nunnanna mér gremju.

Þær eru öruggar. Hvernig geta þær vitað hvernig lífið getur verið fyrir utan?

Þetta var í annað skiptið sem mig dreymdi drauminn minn.

Aftur hef ég yfirgeið húsið að Coulibri. Það ennpá nótt og ég geng í átt að skóginum. Ég er í síðum kjól og þunnum inniskóm, og á því erfitt með að ganga, og fylgja eftir manningum sem er með mér og heldur uppi slóðanum á kjólnum mínum. Hann er hvítur og fallegur og ég vil ekki óhreinka hann. Ég fylgi honum, dauðhrædd en ég geri enga tilraun til að bjarga sjálfri mér; ef einhver hygðist hjálpa mér myndi ég afþakka. Þetta verður að gerast. Nú höfum við náð að skóginum. Við erum undir háum, dökkum trjánnum og það er enginn vindur. „Hérna?“ Hann snýr sér við og lítur á mig, andlit hans svart af hatri, og þegar ég sé það fer ég að gráta. Hann brosir lymaskulega. „Ekki hér, ekki strax,“ segir hann, og ég fylgi honum grátandi. Nú reyni ég ekki lengur að halda kjólnum uppi, hann dregst eftir aurnum, fallegi kjóllinn minn. Við erum ekki lengur í skóginum heldur í lokuðum garði umkringdum steinvegg og trén eru öðruvísi tré. Ég þekki þau ekki. Það eru þrep sem liggja upp á við. Það er of dimmt til að sjá vegginn eða þrepinn, en ég veit að þau eru þarna og hugsa, „Það gerist þegar ég er komin upp þrepinn. Efst uppi.“ Ég hrasa í kjólnum og get ekki staðið upp. Ég snerti tré og armar mínir halda í það. „Hérna, hérna.“ En ég held að ég fari ekki lengra. Tréð sveigist og rykkist eins og það sé að reyna að henda mér frá sér. Samt hangi ég á því og sekúndurnar líða hjá og hver þeirra er þúsund ár. „Hérna, hérna,“ segir ókunnug rödd, og tréð hættir að sveigjast og rykkjast.

Nú er systir Marie Augustine að leiða mig út úr svefnsalnum, og spyr hvort ég sé veik, ég megi ekki trufla hinar og þó ég sé enn skjálfandi velti ég því fyrir mér hvort hún

muni fara með mig á bak við dularfullu tjöldin að staðnum þar sem hún sefur. En nei. Hún setur mig á stól, hverfur, og kemur til baka eftir smá stund með bolla af heitu súkkulaði.

Ég sagði, „Mig dreymdi að ég væri í helvíti.“

„Það er illur draumur. Losaðu hann úr huga þér – hugsaðu aldrei um hann aftur,“ og hún nuddaði kaldar hendur mínar til að verma þær.

Hún lítur út eins og venjulega, yfirveguð og snyrtileg, og mig langar til að spyrja hana hvort hún fari á fætur fyrir dögum eða hvort hún hafi alls ekkert farið í háttinn.

„Drekktu súkkulaðið þitt.“

Á meðan ég drekk man ég að eftir jarðarför móður minnar, mjög snemma um morguninn, næstum jafn snemma og núna, fórum við heim til að drekka súkkulaði og borða kökur. Hún dó í fyrra, það sagði mér enginn hvernig, og ég spurði einskis. Hr. Mason var þar og Christophine, engir aðrir. Christophine grét sáran en ég gat það ekki. Ég bað, en orðin féllu merkingarlaus til jarðar.

Nú er tilhugsunin um hana runnin saman við drauminn minn.

Ég sá hana í bættum reiðfötunum ríðandi lánshesti, að reyna að veifa við efsta hluta steinlagða vegarins við Coulibri, og það spruttu fram tár í augum mínum. „Það gerðust svo hræðilegir hlutir,“ sagði ég. „Hvers vegna? Hvers vegna?“

„Þú mátt ekki hafa of miklar áhyggjur af þeirri gátu,“ sagði systir Marie Augustine. „Við vitum ekki af hverju djöfullinn þarf að skemmta sér svona. Ekki ennþá.“

Hún brosti aldrei eins mikið og hinar, nú brosti hún alls ekki. Hún virtist döpur.

Hún sagði, eins og hún væri að tala við sjálfa sig, „Farðu nú hljóðlega aftur í rúmið. Hugsaðu um rólega, friðsæla hluti og reyndu að sofna. Bráðum gef ég merkið. Bráðum kemur morgundagurinn.“

Þanghafið breiða

II. hluti

Nú var það allt yfirstaðið, sóknin og undanhaldið, efasemdirnar og hikið. Allt um garð gengið, í blíðu og stríðu. Þarna vorum við komin, leituðum skjóls frá dynjandi rigningunni undir stóru mangótré, ég sjálfur, konan mín Antoinette og lítil kynblendingsþjónustustúlka að nafni Amelie. Undir nærliggjandi tré sá ég farangurinn okkar sem skýlt var með strigadúk, burðarmennina tvo og dreng sem hélt í tvo óþreytta hesta, sem leigðir höfðu verið til að bera okkur upp þessa 600 metra að húsinu þar sem við myndum verja hveitibrauðsdögum.

Stúlkan, Amelie, sagði í morgun, „Ég vona þú verða mjög hamingjusamur, herra, á

fallega hveitibrauðsdagaheimilið þitt.“ Ég sá að hún hló að mér. Snotur lítill dúlla en lúmsk, meinfýsin, kannski illgjörn eins og margt annað á þessum stað.

„Þetta er bara skúr,“ sagði Antoinette, mæðulega. „gengur fljótt yfir.“

Ég horfði á dapurlega hallandi kókospálmana, fiskibátana sem dregnir höfðu verið upp í malarfjöruna, ójafna röð hvítkalkaðra kofanna, og spurði hvað þorpið hét.

„Massacre.“

„Og hverjir voru myrtir hérna? Þrælur?“

„Nei, nei.“ Hún hljómaði hneyksluð. „Ekki þrælur. Það hlýtur eitthvað að hafa gerst hér fyrir langalöngu. Það man enginn lengur eftir því.“

Það rigndi enn meira, þungir droparnir hljómuðu eins og hagl á laufum trjáanna, og sjórinn sleikti fjöruna taktfast og laumulega.

Svo þetta er Massacre. Ekki heimsendi, aðeins síðasti spölurinn á óralangri leið okkar frá Jamaíku, byrjunin á okkar ljúfu hveitibrauðsdögum. Og allt mun það líta öðruvísi út í sólskininu.

Því hafði verið svo fyrir komið að við yfirgæfum Spanish Town strax að athöfninni lokinni og myndum verja nokkrum vikum á Kulborðseyjum, á litlu býli sem móðir Antoinette hafði átt. Ég samþykkti það. Eins og ég samþykkti allt annað.

Gluggar kofanna voru lokaðir, dyrnar opnuðust inn í þögn og drunga. Það komu þrjár litlir drengir til að glápa á okkur. Sá minnsti klæddist engu nema trúarlegu nisti um hálsinn og börðunum af stórum sjómannahatti. Þegar ég brosti til hans fór hann að gráta. Kona kallaði frá einum kofanum og hann hljóp í burtu, vælandi.

Hinir tveir fóru hægt í humáttina á eftir honum, litu nokkrum sinnum til baka.

Rétt eins og þetta hefði verið merki birtist önnur kona í dyrunum, og síðan sú þriðja.

„Þetta er Caro,“ sagði Antoinette, „Ég er viss um að þetta er Caro. „Caroline,“ kallaði hún og veifaði og konan veifaði á móti. Skrautleg gömul vera í skræpóttum kjól, með röndóttan höfuðklút og gulleyrnalokka.

„Antoinette, þú verður rennandi blaut,“ sagði ég.

„Nei, það er að hætta að rigna.“ Hún hélt uppi reiðpilsinu og hljóp yfir götuna. Ég horfði efins á eftir henni. Hún var með þríhyrndan hatt sem fór henni vel. Að minnsta kosti skýldi hann augum hennar sem eru of stór og geta slegið mann út af laginu. Hún deplar þeim aldrei, eða ekki sýnist mér það. Aflöng, dapurleg, dimm, framandi augu. Það má vera að hún sé kreóli af hreinu ensku bergi brotinn en þau eru ekki ensk, ekki einu sinni evrópsk. Og hvenær fór ég að taka eftir öllu þessu við konuna mína, hana

Antoinette? Eftir að við fórum frá Spanish Town hugsa ég. Eða hafði ég tekið eftir því áður og neitað að horfast í augu við það sem ég sá? Ekki það að ég hefði mikinn tíma til að taka eftir einu eða neinu. Ég var giftur mánuði eftir að ég kom til Jamaíku og af þeim tíma lá ég í þrjár vikur í rúminu með sóttita.

Konurnar tvær sem stóðu í dyrum kofans voru með handapat, töluðu ekki ensku heldur þessa úrkynjuðu frönsku mállýsku sem notuð er á þessari eyju. Rigningin byrjaði að seytla niður hnakkann á mér og jók enn á óþægilega líðan mína og depurð.

Ég leiddi hugann að bréfinu sem ég hefði átt að skrifa til Englands fyrir viku síðan. Kæri faðir...

„Caroline spyr hvort þú viljir þiggja skjól í húsinu hennar.“

Þetta var Antoinette. Hún sagði þetta hikandi eins og hún byggist við að ég neitaði, svo það var auðvelt.

„En þú ert að verða blautur,“ sagði hún.

„Það er allt í lagi.“ Ég brosti til Caroline og hristi höfuðið.

„Hún verður mjög vonsvikin,“ sagði konan mín, fór aftur yfir götuna og inn í dimman kofann.

Amelie, sem hafði setið og snúið baki í okkur, snéri sér við. Svipur hennar lýsti glaðhlakkalegri illkvittni, svo greindarlegur, en umfram allt svo áleitinn að ég skammaðist mín og leit undan.

„Ojæja,“ hugsaði ég, „ég er búinn að vera með hita. Ég er ekki orðinn eins og ég á að mér.“

Það hafði dregið úr rigningunni svo ég fór og talaði við burðarmennina. Sá fyrsti var ekki innfæddur á eyinni. „Þetta mjög villtur staður – ekki siðmenntaður. Af hverju þú koma hingað?“ Hann sagðist vera kallaður Ungi Tarfur og væri tuttugu og sjö ára gamall. Stórfenglegur líkami og kjánalegt, sjáfbirgingslegt andlit. Hinn maðurinn hét Emile, já hann var fæddur í þorpinu, bjó hér. „Spyrðu hann hvað hann sé gamall,“ sagði Ungi Tarfur. Emile sagði, „Fjórtán?“ með spurnarrödd, „Já ég er fjórtán ára gamall, herra.“

„Það getur ekki verið,“ sagði ég. Ég sá gráu hárin og gisið skeggið.

„Fimmtíu og sex kannski.“ Hann virtist ákafur að gera mér til geðs.

Ungi Tarfur hló hátt. „Hann vita ekki hvað hann gamall, hann hugsa ekki um það. Ég segja þér herra, þetta fólk ekki siðmenntað.“

Emile muldraði, „Mamma mín vita það, en hún dáin.“ Síðan tók hann upp bláa dulu sem hann vöðlaði saman í púða og setti á höfuð sér.

Flestar konurnar voru komar út í dyr og horfðu á okkur án þess að brosa. Þungbúið

fólk á þungbúnum stað. Sumir karlmennirnir voru á leið í báta sína. Þegar Emile kallaði, komu tveir þeirra til hans. Hann fór að syngja djúpri röddu. Þeir svöruðu, lyftu síðan þungri tágakörfunni og sveifluðu henni upp á höfuðpúða hans, syngjandi. Hann reyndi jafnvægið með annarri hendi og skálmaði af stað, berfættur á hvössu grjótinu, langsamlega kátasti brúðfylgdargesturinn. Á meðan byrðinni var komið fyrir á höfði Ungi Tarfur gjóaði hann augum á mig rogginn og söng með sjálfum sér á ensku.

Strákurinn færði hestana að stórum steini og ég sá Antoinette koma út úr kofanum. Sólin braust fram og gufa steig upp úr gróðrinum á bak við okkur. Amelie fór úr skónum, batt þá saman og hengdi um háls sér. Hún skorðaði litlu körfuna sína á höfði sér og dólaði á eftir burðarmönnunum. Við stigum á bak, riðum fyrir horn og þar með var þorpið úr auguþýni. Hani galaði hátt og ég mundi nóttina áður sem við höfðum varið í borginni. Antoinette hafði verið í herbergi út af fyrir sig, hún var útkeyrð. Ég lá vakandi og hlustaði á hanagal alla nóttina, fór svo eldsnemma á fætur og sá konur með bakka, hulda hvítum klútum, á höfðunum á leið til eldhússins. Konan með litlu heitu brauðhleifana til sölu, konan með kökurnar, konan með sætindin. Á götunni hrópaði enn ein, *Bon sirop, Bon sirop*, og ég fann fyrir friðsældartilfinningu.

Vegurinn lá upp í móti. Á aðra hliðina grænn gróðurveggurinn, á hina brött hliðin niður í gilið fyrir neðan. Við námum staðar og virtum fyrir okkur hæðirnar, fjöllin og blágrænan sjóinn. Það var hlýr, mjúkur andvari en ég skildi af hverju burðarmaðurinn hafði kallað þetta villtan stað. Ekki bara villtur heldur líka ógnvekjandi. Þessar hæðir þrengdu að manni.

„Þvílík ósköp af grænu,“ var það eina sem ég gat sagt, og sem mér varð hugsað til Emiles og tónsins í rödd hans þar sem hann kallaði til fiskimannanna, spurði ég eftir honum.

„Þeir stytta sér leið. Þeir verða komnir til Granbois löngu á undan okkur.“

Það er of mikið af öllu, fannst mér þar sem ég reið á eftir henni. Of mikið af bláu, of mikið af purpurarauðu, of mikið af grænu. Blómin of rauð, fjöllin of há, hæðirnar of nálægt. Og konan er mér ókunnug. Biðjandi svipur hennar pirrar mig. Ég keypti hana ekki, hún keypti mig, eða það heldur hún. Ég leit niður á gróft fax hestsins... Kæri faðir. Það er búið að greiða mér þessi þrjátíuþúsund pund, spurninga- og vafningalaust. Engar ráðstafanir hafa verið gerðar hennar vegna (það á eftir að sjá til þess). Ég hef hóflega afkomu núna. Ég mun aldrei verða þér eða mínum kæra bróður, syninum sem þú elskar, til skammar. Engin betlibréf, engar lágkúrulegar bónir. Engin ómerkileg lymskubrögð yngri sonar. Ég hef selt sál mína eða þú hefur selt hana, og eru það svo slæm skipti þegar

á allt er litið? Stúlkan er álitin fögur, hún er fögur. En samt...

Á meðan lulluðu hestarnir áfram eftir afleitum veginum. Það var orðið svalara. Fugl tísti langdregnum dapurlegum tóni. „Hvaða fugl er þetta?“ Hún var of langt fyrir framan mig og heyrði ekki í mér. Fuglinn tísti aftur. Fjallafugl. Hvellt og bjart. Mjög einmanalegt hljóð.

Hún nam staðar og kallaði, „Farðu í jakkann þinn núna.“ Ég gerði það og áttaði mig á að mér var ekki lengur þægilega svalt heldur kalt í svitastorkinni skyrtunni.

Við riðum aftur af stað, hljóð í skáhallri síðdegissólinni, grænn trjávægurinn á aðra hliðina, snarbrött brekka niður á hina. Nú var sjórinn orðinn kyrrlátur og blár, djúpur og dimmur.

Við komum að lítilli á. „Þetta eru landamerki Granbois.“ Hún brosti til mín. Þetta var í fyrsta sinn sem ég sá hana brosa blátt áfram og eðlilega. Eða kannski var þetta bara fyrsta skiptið sem mér leið blátt áfram og eðlilega með henni. Bambusstútur slútti fram úr klettinum, vatnið sem kom úr honum var silfurblátt. Hún steig snögglega af baki, tók stórt smáralagað lauf, gerði úr því bolla, og drakk. Síðan tók hún annað lauf, braut það og færði mér. „Smakkaðu. Þetta er fjallavatn.“ Þar sem hún leit upp brosandí hefði hún eins getað verið hvaða laglega enska stúlka sem var og til að þóknast henni drakk ég. Það var kalt, hreint og gott, liturinn fallegur í grænu laufblaðinu.

Hún sagði, „Núna förum við niður á við og svo upp aftur. Þá erum við komin.“

Næst þegar hún talaði sagði hún, „Jörðin er rauð hérna, hefur þú tekið eftir því?“

„Hún er rauð sums staðar á Englandi líka.“

„Ó, England, England,“ kallaði hún til baka, háðslega, og hljóðið bergmálaði áfram líkt og viðvörun sem ég kaus að hlusta ekki á.

Bráðum varð vegurinn steinlagður og við námum staðar við steinþrep. Það var stór skrufupálmi á vinstri hönd og til hægri var nokkuð sem leit út eins og eftirlíking af ensku sumarhúsi – fjórar timburstoðir og stráþak. Hún steig af baki og hentist upp þrepin. Efst var svo illa slegin, gróf lóð og við enda hennar hrörlegt hvítt hús. „Nú ertu kominn til Granbois.“ Ég leit á fjöllin, sem bar purpurarauð við afar bláan himin.

Trónandi á viðarsúlum leit húsið út fyrir að hörfa undan skóginum og trana sér af ákafa fram móti hafinu í fjarska. Það var frekar klunnalegt en ljótt, dálítið dapurlegt eins og það vissi að það myndi ekki endast lengi. Hópur af negrum stóð neðan við þrepin sem lágu upp á veröndina. Antoinette hljóp yfir lóðina og þegar ég fór á eftir henni rakst á mig drengur sem kom úr hinni áttinni. Hann ranghvolfdi augunum, skelkaður að sjá, og hélt áfram í átt að hestunum án þess að biðjast afsökunar einu orði. Karlmannsródd sagði,

„Beygðu þig núna, beygðu þig. Vertu vakandi.“ Þau voru fjögur. Kona, stúlka og hávaxinn virðulegur maður voru þarna saman. Antoinette stóð og faðmaði aðra konu. „Þetta var Bertrand sem keyrði þig næstum niður. Þetta eru Rose og Hilda. Þetta er Babtiste.“

Þjónarnir glottu feimnislega þegar hún nefndi nöfn þeirra.

„Og hérna er Cristophine sem var nanan mín, fóstur mín fyrir löngu síðan.“

Babtiste sagði að þetta væri gleðidagur og að við hefðum komið með góða veðrið með okkur. Hann talaði góða ensku en í miðju ávarpi hans byrjaði Hilda að flissa. Hún var ung stúlka, um það bil tólf til fjórtán ára, og var í hvítum ermalausum kjól sem náði varla niður að hnjám. Kjöllinn var tandurhreinn en óhulið hár hennar, þó það væri olíuborið og fléttað í smáar fléttur léði henni villimannslegan blæ. Babtiste yggldi sig framan í hana og þá flissaði hún enn hærra, lagði svo hönd fyrir munn sér og fór upp timburþrepin og inn í húsið. Ég heyrði bera fætur hennar hlaupa eftir veröndinni.

„*Doudou, chère cocotte*,“ sagði eldri konan við Antoinette. Ég leit snöggvast á hana en hún virtist ekki merkileg. Hún var svartari en flestir og fötin hennar, meira að segja höfuðklúturinn, voru í daufum litum. Hún horfði fast á mig, ekki með velþóknun, hugsaði ég. Við stöðum hvort á annað í örugglega mínútu. Ég varð fyrri til að líta undan og hún brosti með sjálfri sér, ýtti Antoinette aðeins áfram og hvarf inn í skuggann á bak við húsið. Hinir þjónarnir voru farnir.

Ég stóð á veröndinni og andaði að mér sætleik loftsins. Ég fann ilm af negul og kanil, rósum og appelsínublómum. Og höfugan ferskleika eins og enginn hefði nokkru sinni andað þessu lofti að sér fyrr. Þegar Antoinette sagði, „Komdu, ég ætla að sýna þér húsið,“ fylgdi ég henni treglega því restin af staðnum virtist vanrækt og yfirgefin. Hún leiddi mig inn í stórt ómálað herbergi. Þar var lítill og snjáður sófi, maghoníborð í miðjunni, nokkrir stólar með beinu baki og gömul eikarkista með látúnsfótum sem voru í laginu eins og ljónsklær.

Hún hélt í hendina á mér og gekk að hliðarborði þar sem tvö glös af rommpúnsi biðu okkar. Hún rétti mér annað og sagði, „Skál fyrir hamingjunni.“

„Fyrir hamingjunni,“ svaraði ég.

Næsta herbergi var stærra og tómlegra. Á því voru tvennar dyr, einar sem lágu út á veröndina, hinar opnuðust örlítið inn í lítið herbergi. Stórt rúm, kringlótt borð við hliðina á því, tveir stólar, snyrtiborð með marmaraplötu, sem kom á óvart, og stór spegill. Tveir kransar úr örlagatré lágu á rúminu.

„Á ég að bera annan þeirra? Og þá hvenær?“

Ég krýndi sjálfan mig með öðrum kransinum og gretti mig framan í spegilinn. „Ég held að þetta fari engan veginn við mitt fríða andlit, hvað finnst þér?“

„Þú lítur út eins og konungur, keisari.“

„Guð forði mér,“ sagði ég og tók af mér kransinn. Hann féll í gólfið og þegar ég gekk út að glugganum steig ég ofan á hann. Herbergið fylltist af ilmi kramdra blómanna. Ég sá spegilmynd hennar þar sem hún svalaði sér með litlum pálmalaufablævæng sem litaður var blár og rauður á brúnunum. Ég fann svitann á enni mínu og settist niður, hún kraup hjá mér og strauk andlit mitt með vasaklútnum sínum.

„Kanntu ekki vel við þig hérna? Þetta er minn staður og allt er okkur í hag. Einu sinni,“ sagði hún, „svaf ég með spýtubút við hlið mér svo ég gæti varið mig ef á mig yrði ráðist. Svo hrædd var ég.“

„Hrædd við hvað?“

Hún hristi höfuðið. „Við allt og ekkert.“

Einhver bankaði og hún sagði, „Þetta er bara Cristophine.“

„Gamla konan sem var barnfóstran þín? Ertu hrædd við hana?“

„Nei, hvernig gæti ég verið það?“

„Ef þær væru hávaxnari,“ sagði ég, „gæti ég alveg orðið hræddur við eina af þessum stæðilegu, uppstríluðu konum.“

Hún hló. „Þarna eru dyrnar inn í fataherbergið þitt.“

Ég lokaði varlega á eftir mér.

Það virkaði ofhlaðið miðað við restina af húsinu. Það var teppi á gólfinu, það eina sem ég hafði séð, skápur úr einhverjum mjög fallegum viði sem ég bar ekki kennsl á. Undir opnum glugganum var lítið skrifborð með pappír, pennum og bleki. „Afdrep“ hugsaði ég með mér og um leið sagði einhver, „Þetta var herbergi Hr. Mason, herra, en hann kom ekki oft hingað. Honum líkaði ekki staðurinn.“ Babtiste stóð í dyrunum út á veröndina, með teppi á handleggnum.

„Þetta er allt mjög notalegt,“ sagði ég. Hann lagði teppið á rúmið.

„Það getur orðið kalt á nóttunni hérna,“ sagði hann. Svo fór hann. En öryggistilfinningin var horfin mér. Ég leit tortryggislega í kringum mig. Það væri hægt að læsa öðrum dyrunum með slagbrandi, skjóta sterklegum timburbita fyrir hinar. Þetta var innsta herbergið í húsinu. Timburþrep lágu frá veröndinni niður á grófa lóðina, beiskjuappelsínutré óx við hliðina á þeim. Ég gekk aftur inn í fataherbergið og leit út um gluggann. Ég sá moldartroðning, forugan á köflum, afmarkaðan af röð hávaxinna trjáa á báðar hliðar. Hinum megin troðningsins voru nokkur hálfaldar útbyggingar. Ein þeirra

var eldhúsið. Enginn reykháfur var á því og reykur liðaðist út um gluggann. Ég settist á mjótt, mjúkt rúmið og hlustaði. Ekki hljóð utan áriðsins. Ég hefði eins getað verið einn í húsinu. Það var grófgerð bókahilla gerð úr þremur þakskífum sem hengdar voru upp yfir skrifborðinu og ég leit á bækurnar, ljóð Byrons, skáldsögur eftir Sir Walter Scott, *Játningar óþíumætu*, nokkur subbuleg brún bindi, og á efstu hillunni, *Ævi og bréf...* Restin hafði máðst í burtu.

Kæri faðir, við komumst heilu og höldnu frá Jamaíku eftir nokkra ónotalega daga. Þetta litla býli á Kulborðaejnum er hluti af eignum fjölskyldunnar og er Antoinette afar kært. Hún vildi komast hingað eins fljótt og hægt var. Allt er í besta lagi og hefur gengið eins og þú ráðgerðir og vildir. Ég skipti auðvitað við Richard Mason. Faðir hans lést skömmu eftir að ég fór til Vestur-Indía eins og þú væntanlega veist. Hann er ágætisnáungi, gestrisinn og vinsamlegur; hann virtist taka mér vel og treysti mér fullkomlega. Þessi staður er afskaplega fallegur en veikindi mín hafa dregið svo úr mér allan mátt að ég næ varla að njóta þess til fulls. Ég skrifa þér aftur eftir nokkra daga.

Ég las bréfið yfir og bætti við eftirskrift:

Mér finnst ég hafa dregið það of lengi að segja þér fréttir, því ein og saman tilkynningin um væntanlega giftingu mína var varla frétt. Ég lá í sóttihita í tvær vikur eftir að ég kom til Spanish Town. Ekki alvarlegum en mér leið samt nógu ræfilslega. Ég dvaldi hjá Fraser-fjölskyldunni, vinafólki Mason-fólksins. Hr. Fraser er Englendingur, friðdómari á eftirlaunum, og hann vildi endilega segja mér í smáatriðum sögur af nokkrum mála sinna. Það var erfitt að hugsa eða skrifa í samhengi. Á þessum svara og afskekktu stað sem nefndur er Granbois (Háutré, geri ég ráð fyrir) líður mér strax miklu betur og næsta bréf frá mér verður lengra og ítarlegra.

Svara og afskekktu stað... Og ég velti fyrir mér hvernig menn kæmu bréfum í póst hér. Ég lokaði mínu og stakk því í skrifborðsskúffuna.

Hvað varðar ruglingsleg hughrif mín þá verða þau aldrei rituð á blað. Það eru gloppur í minni mínu sem ekki verður fyllt upp í.

*

Það var allt í mjög æpandi litum, mjög framandi, en það skipti mig engu máli. Ekki heldur stúlkan sem ég átti að fara að kvænast. Þegar ég hitti hana loksins hneigði ég mig, kyssti á hönd hennar, dansaði við hana. Ég lék hlutverkið sem ætlast var til að ég léki. Stúlkan skipti sér aldrei af mér. Hver hreyfing mín var framkvæmd með átaki og stundum undraðist ég að enginn tæki eftir því. Ég hlustaði á rödd mína og dáðist að henni, lýtalausri en örugglega hljómlausri. En ég hlýt að hafa sýnt óaðfinnanlega frammistöðu.

Hafi ég séð minnsta vott af efa eða forvitni var það á svörtu andliti en ekki hvítu.

Ég man lítið eftir sjálfri athöfninni. Á veggjunum voru minningarskildir úr marmara sem útlistuðu mannkosti síðustu kynslóðar plantekrueigendanna. Allir góðgjarnir. Allir þrælahaldarar. Allir hvíldu þeir í friði. Þegar við komum út úr kirkjunni tók ég í hönd hennar. Hún var ísköld í heitu sólskininu.

Svo var ég staddur við langt borð í þéttsetnum sal. Pálmalaufablævængir, urmull af þjónum, konurnar með rauð- og gulröndótta höfuðklúta, andlit karlmannanna myrk. Sterkt bragðið af þúnsi, tærara bragðið af kampavíni, brúður mín hvítklædd en ég man varla hvernig hún leit út. Síðan í öðru herbergi voru svartklæddar konur. Julia frænka, Ada frænka, Lina frænka. Hvort heldur feitar eða mjóar litu þær allar eins út. Gulleyrnalokkar í götuðum eyrum. Silfurarmbönd glamrandi um úlniðina. Ég sagði við eina þeirra, „Við förum frá Jamaíku í kvöld,“ og hún svaraði eftir augnabliks hik, „Auðvitað. Antoinette er ekki hrifin af Spanish Town. Það var móðir hennar ekki heldur.“ Þírði á mig augun. (Minnka augun í þeim með aldrinum? Verða þau smærri, hvassari, hnýsnari?) Eftir það fannst mér ég sjá sama svipinn á þeim öllum. Forvitni? Meðaumkun? Háð? En af hverju ættu þær að hafa meðaumkun með mér. Mér sem sem hefur vegnað svo vel?

Um morguninn, fyrir brúðkaupið, ruddist Richard Mason inn í herbergið til mín á Fraser-heimilinu þegar ég var að enda við fyrsta kaffibollann. „Hún ætlar ekki að láta verða af því!“

„Láta verða af hverju?“

„Hún vill ekki giftast þér.“

„Af hverju ekki?“

„Það segir hún ekki.“

„Hún hlýtur að hafa einhverja ástæðu.“

„Hún gefur enga ástæðu. Ég er búin að þrefa við litla kjánann í klukkutíma.“

Við stöðum hvor á annan.

„Allt frágengið, gjafirnar, boðin. Hvað get ég sagt föður þínum?“ Hann virtist gráti nær.

Ég sagði, „Ef hún vill það ekki þá vill hún það ekki. Það er ekki hægt að draga hana upp að altarinu. Leyfðu mér að klæða mig. Ég verð að vita hvað hún segir.“

Hann fór auðmjúklega út og á meðan ég klæddist hugsaði ég að þetta myndi sannarlega láta mig líta kjánalega út. Ég hafði ekki áhuga á að fara aftur til Englands í hlutverki hafnaða vonbiðilsins sem einhver kreólastelpa hafði sagt upp. Ég varð að vita

ástæðuna.

Hún sat í ruggustól og laut höfði. Hár hennar hékk í tveimur löngum fléttum yfir axlirnar. Áður en ég kom mjög nærri sagði ég blíðlega, „Hvað er að, Antoinette? Hvað hefur þú gert?“

Hún sagði ekkert.

„Þú vilt ekki giftast mér?“

„Nei.“ Hún talaði mjög lágri röddu.

„En af hverju?“

„Ég óttast hvað gæti gerst.“

„En manstu ekki að ég sagði þér í gærkvöldi að þegar þú værir orðin konan mín yrði engin ástæða til að óttast framfar?“

„Jú, sagði hún. „Svo kom Richard inn og þú fórst að hlægja. Mér líkaði ekki hvernig þú hlóst.“

„En ég var að hlægja að sjálfum mér, Antoinette.“

Hún leit á mig og ég tók hana í fangið og kyssti hana.

„Þú veist ekkert um mig,“ sagði hún.

„Ég treysti þér ef þú treystir mér. Er það samþykkt? Þú gerir mig mjög vansælan ef þú sendir mig í burtu án þess að segja mér hvað ég hefur gert til misbjóða þér. Ég fer með depurð í hjarta.“

„Þitt dapra hjarta,“ sagði hún og snerti andlit mitt. Ég kyssti hana innilega, lofaði henni friðsæld, hamingju, öryggi, en þegar ég sagði, „Má ég segja aumingja Richard að þetta hafi verið mistök? Hann er dapur líka,“ sagði hún ekkert. Kinkaði aðeins kalli.

*

Með allt þetta í huga, reiðilegt andlit Richards, rödd hennar segjandi, „Geturðu veitt mér frið?“ hlýt ég að hafa sofnað.

Ég vaknaði við óm af röddum í næsta herbergi, hlátur og vatn sem verið var að hella. Ég hlustaði, ennþá syfjaður. Antoinette sagði, „Ekki setja meira ilmvatn í hárið á mér. Honum líkar það ekki.“ Hin: „Manninum líkar ekki ilmvatn? Svoleiðis hefur ég aldrei heyrt fyrir.“ Það var næstum því dimmt.

Borðið í borðstofunni var stórfenglega lýst. Kerti á borðinu, röð af þeim á hliðarborðinu, þriggja arma stjakar á gamla skipskoffortinu. Báðar dyrnar út á veröndina stóðu opnar en það var enginn vindur. Logarnir brunnu beint. Hún sat í sófanum og ég velti því fyrir mér af hverju ég hafði aldrei tekið eftir hve fögur hún var. Hárið var greitt frá andlitinu og féll mjúklega vel niður fyrir mitti. Ég sá rauðu og gylltu tónana í því. Hún

virtist ánægð þegar ég hrósaði kjólnum hennar og sagði mér að hún hefði látið sauma hann í St. Pierre, Martiník. Stíllinn er kallaður *à la Josephine*.“

„Þú talar um St. Pierre eins og hún sé París,“ sagði ég.

„En hún er París Vestur-Indíanna.“

Slóð af bleikum blómum lá um borðið og nafn þeirra bergmálaði ánægjulega í höfði mér, kóralblóm, kóralblóm. Maturinn, þó ofkryddaður væri, var léttari og lystugri en nokkuð sem ég hafði bragðað á Jamaíku. Við drukkum kampavín. Þó nokkuð af bjöllum og náttfiðrildum fundu sér leið inn í stofuna, flugu í kertaljósið og féllu dauð á borðdúkinn. Amelie sópaði þeim upp með mylsnubursta. Til einskis. Það komu bara fleiri bjöllur og náttfiðrildi.

„Er það satt,“ sagði hún, „að England sé draumi líkast? Af því að ein vinkona mín sem giftist Englendingi skrifaði og sagði mér það. Hún sagði að þessi borg, London, sé stundum eins og kaldur dimmur draumur. Mig langar til að vakna.“

„Ja,“ svaraði ég pirraður, „það er nákvæmlega þannig sem eyjan þín fagra lítur út í mínum augum, algjörlega óraunveruleg og líkust draumi.“

„En hvernig geta ár og fjöll og haf verið óraunveruleg?“

„Og hvernig geta milljónir fólks, húsin þess og strætinn verið óraunveruleg?“

„Miklu auðveldlegar,“ sagði hún, „miklu auðveldlegar. Já, stór borg hlýtur að vera líkust draumi.“

„Nei, þetta er óraunverulegt og draumi líkast,“ hugsaði ég.

Á langri veröndinni voru strigastólar, tvö hengirúm og viðarborð sem sjónauki á þrífæti stóð á. Amelie kom út með kerti í glerkúplum en nóttin gleypsti í sig dauft ljósið. Það var mjög höfugur blómailmur – blómin við ána sem opnast á nóttunni sagði hún mér – og hávaðinn, sem var dempaðri í innri stofunni, var ærandi. „Þetta eru krakk-krakk,“ útskýrði hún. „Þeir framleiða hljóð sem er eins og nafnið þeirra, og krybbur og froskar.“

Ég hallaði mér fram á handriðið og sá hundruð eldflugna – „Ó já, eldflugur á Jamaíku, hér eru þær kallaðar La belle.“

Stórt náttfiðrildi, svo stórt að ég hélt að það væri fugl, álpaðist inn í eitt kertaljósið, slökkti á því og féll á gólfíð. „Þetta var ekkert smásmíði,“ sagði ég.

„Er það illa brunnið?“

„Frekar vankað en sært.“

Ég tók fallett kvikindið upp í vasaklútinn minn og lagði það á handriðið. Dálitla stund var það hreyfingarlaust og í daufu kertaljósinu sá ég mjúka, skínandi liti þess, fingert mynstrið á vængjunum. Ég hristi vasaklútinn varlega og það flaug í burtu.

„Ég vona að þessum litskrúðuga náunga sé óhætt núna,“ sagði ég.

„Hann kemur strax aftur ef við slökkvum ekki á kertunum. Það er næg birta af stjörnunum.“

Satt var það, stjörnubirtan var slík að súlurnar á veröndinni vörpuðu skuggum á gólfið.

„Komdu í göngutúr,“ sagði hún, „og þá skal ég segja þér sögu.“

Við gengum eftir veröndinni að þrepunum sem lágu niður á lóðina.

„Við komum venjulega hingað til að losna við hitana í júní, júlí og ágúst. Ég kom hingað þrisvar með Coru frænku sem nú er veik. Það var eftir...“ hún nam staðar og bar höndina upp að höfðinu.

„Ef þetta er dapurleg saga, ekki þá segja mér hana í kvöld.“

„Hún er ekki dapurleg,“ sagði hún. „Það er bara það að sumir hlutir gerast og eru þá að eilífu orðnir jafnvel þó maður gleymi hvers vegna og hvenær. Það var í þessu litla svefnherbergi.“

Ég leit í áttina sem hún benti en sá aðeins útlínur á mjóu rúmi og einn eða tvo stóla.

„Þetta kvöld sem ég man svona vel var mjög heitt. Glugginn var lokaður en ég bað Christophine um að opna hann því það kemur andvari ofan úr hæðunum á nóttunni. Landáttin. Ekki hafgolan. Það var svo heitt að náttreyjan klístraðist við mig en ég fór samt að sofa. Og allt í einu var ég glaðvakandi. Ég sá tvær risastórar rottur, á stærð við ketti, á gluggasýllunni, starandi á mig.“

„Ég er ekki hissa á að þú hafir orðið hrædd.“

„En ég var ekki hrædd. Það var það skrytna. Ég starði á þær og þær hreyfðu sig ekki. Ég sá sjálfa mig í speglinum hinum megin í herberginu, í hvítu náttreyjunni með blúndunni í hálsmálinu, starandi á rotturnar og rotturnar, grafkyrrar, starandi á mig.“

„Nú, hvað gerðist?“

„Ég sneri mér við, dró teppið að mér og sofnaði strax.“

„Er þetta öll sagan?“

„Nei, ég vaknaði aftur snögglega eins og í fyrra skiptið og rotturnar voru ekki þarna lengur en ég var mjög hrædd. Ég stökk í hvelli fram úr rúminu og hljóp út á veröndina. Ég lagðist í eitt hengirúmið. Þetta þarna.“ Hún benti á flata hengirúmið, með köðlunum í öllum fjórum hornunum.

„Það var fullt tungl þessa nótt – og ég horfði á það lengi, lengi. Það voru engin ský að eltast við það, þannig að það virtist standa grafkyrrt og það skein á mig. Næsta

morgun var Christophine reið. Hún sagði að það væri slæmt að sofa í tunglsljósinu á fullu tungli.

„Og sagðir þú henni frá rottunum?“

„Nei, ég hef engum sagt frá þeim fyrr en núna. En ég hef aldrei getað gleymt þeim.“

Mig langaði til að segja eitthvað huggunarríkt en blómailmurinn var yfirþyrmandi. Mig svimaði.

„Heldur þú það líka,“ sagði hún, „að ég hafi sofið of lengi í tunglsljósinu?“

Á vörum hennar var frosið bros en augun voru svo feimnisleg og einmanaleg að ég tók utan um hana, ruggaði henni eins og barni og söng við hana. Gamla vísu sem ég hélt að ég hafði gleymt:

„Heill sé þér drottning næturinnar hljóðu,

Ljómaðu, ljómaðu, rauðbrystingur á dauðastundu þinni.“

Hún hlustaði, söng síðan með mér:

„Ljómaðu, ljómaðu, rauðbrystingur á dauðastundu þinni.“

Það var enginn í húsinu og aðeins tvö kerti í herberginu sem hafði verið svo uppljómað áður. Herbergi hennar var rökkvað, aðeins eitt kerti undir hlíf við rúmið og annað á snyrtiborðinu. Það stóð vínflaska á kringlóttu borðinu. Það var orðið mjög framorðið þegar ég skenkti okkur í tvö glös og sagði henni að skála fyrir hamingju okkar, ást okkar og hinum endalausum degi sem kæmi á morgun. Ég var ungur þá. Hve stutt voru mín æskuár.

Ég vaknaði næsta morgun í grængulri birtunni, var órótt eins og einhver væri að fylgjast með mér. Hún hlýtur að hafa verið vakandi einhverja stund. Hár hennar var þegar fléttað og hún var í hreinni, hvítri skyrtu. Ég sneri mér til að taka hana í fangið, ætlaði að fara að losa úr vandvirknislegum fléttunum, en um leið og ég gerði það var bankað létt á hurðina.

Hún sagði, „Ég er nú þegar búin að senda Christophine í burtu tvisvar. Við vöknum snemma hérna. Morguninn er besti tíminn.“

„Kom inn,“ kallaði hún og Christophine kom inn með kaffið okkar á bakka. Hún var vel til höfð og ábúðarmikil. Pilsíð á blómamynstruðum kjól hennar dróst á eftir henni með skjáfi þegar hún gekk og gulur túrbaninn var skrautlega bundinn. Síðir, þungir gulleyrnalokkar toguðu niður eyrnasnepla hennar. Hún bauð okkur brosandi góðan dag og lagði bakkann með kaffinu, kassavakökunni og gúavahlaupinu á kringlóttu borðið. Ég fór fram úr rúminu og inn í fataherbergið. Einhver hafði lagt morgunsloppinn minn á mjótt

rúmið. Ég leit út um gluggann. Skýlaus himininn var fölblárri en ég hafði ímyndað mér en á meðan ég horfði fannst mér sem blái liturinn dýpkaði. Ég vissi að um hádegi yrði hann orðinn gullinn, síðan messinggulur í hitanum. Núna var hann ferskur og svalur og loftið sjálft var líka blátt. Að lokum sneri ég mér frá birtunni og víðáttunni og fór aftur inn í svefnherbergið, sem ennþá var hálfrokkið. Antoinette hallaði sér út af og var með augun lokuð. Hún opnaði þau og brosti þegar ég kom inn. Sú svartá sem vokaði yfir henni sagði, „Bragðaðu nautsblóðið mitt, herra.“ Kaffið sem hún rétti mér var ljúffengt og hún hafði langa fingur, grannar og fallegar hendur geri ég ráð fyrir.

„Ekki hestapiss eins og ensku konurnar drekka,“ sagði hún. „Ég þekkja þær. Drekkja, drekkja sitt gula hestapiss, tala, tala sitt lygatal.“ Kjöllinn hennar skjáfaði og dróst við gólfið þegar hún gekk út um dyrnar. Þar sneri hún sér við, „Ég sendi stúlkuna til að þrifa subbið sem þið gerið með örlagatréð, það býður kakkalakkana inn í húsið. Gættu þín að hrasa ekki til á blómunum, ungi herra.“ Hún smaug út um dyrnar.

„Kaffið hennar er ljúffengt en málfar hennar er hræðilegt og hún gæti nú alveg haldið uppi kjólnum. Hann hlýtur að skitna þegar heilu metrarnir dragast eftir gólfinu.“

„Þegar þær halda kjólnum ekki uppi er það í virðingarskyni,“ sagði Antoinette. „Eða á hátíðisdögum eða þegar farið er til messu.“

„Og er þetta hátíðisdagur?“

„Hún vildi að það yrði hátíðisdagur.“

„Hver sem ástæðan er þá er þetta ekki snyrtilegur siður.“

„Það er það jú. Þú skilur þetta ekki. Þeim er sama þó þær óhreinki kjöllinn af því að það sýnir að þetta er ekki eini kjöllin sem þær eiga. Líkar þér ekki við Christophine?“

„Hún er vafalaust hin mætasta kona. En ég get ekki sagt að mér líki málfarið hennar.“

„Hún meinar ekkert með því.“

„Og hún lítur út fyrir að vera löt. Hún drollar.“

„Þér skjátlást aftur. Hún lítur út fyrir að vera hægfara, en hver hreyfing sem hún framkvæmir er hárrétt svo að þegar allt kemur til alls þá er hún rösk.“

Ég drakk annan bolla af nautsblóðinu. (Nautsblóð, hugsaði ég. Ungi Tarfur.)

„Hvernig komuð þið eiginlega snyrtiborðinu hingað upp?“

„Ég veit það ekki. Það hefur verið hérna síðan ég man eftir mér. Mörgum húsgögnum var stolið, en ekki því.“

Það voru tvær bleikar rósir á bakkanum, hvor um sig í litlum brúnum vasa. Önnur þeirra var útsprungin til fulls og þegar ég snerti hana duttu krónublóðin af.

„*Rose elle a vécu,*²“ sagði ég og hló. „Segir ljóðið satt? Eiga allir fagrir hlutir sér dapurleg örlög?“

„Nei, auðvitað ekki.“

Litli blævængurinn hennar var á borðinu, hún tók hann upp hlægjandi, lagðist aftur og lokaði augunum. „Ég held að ég fari ekkert á fætur þennan morguninn.“

„Farir ekki á fætur. Farir alls ekki á fætur?“

„Ég fer á fætur þegar mig langar til þess. Veistu, ég er mjög löt. Eins og Christophine. Ég er stundum í rúminu allan daginn.“ Hún breiddi út blævænginn.

„Baðhylurinn er hérna rétt hjá. Farðu áður en hann verður of heitur. Babtiste getur sýnt þér hann. Það eru tveir hyljir, við köllum annan þeirra kampavínshyllinn af því að það er foss þar, ekkert stór skilurðu, en það er gott að láta hann falla á axlirnar. Neðar er múskathylurinn, hann er brúnn og það skýlir honum stórt múskattré. Hann er rétt svo nógu stór til að hægt sé að synda í honum. En farðu varlega. Mundu að leggja fötin þín á stein og áður en þú klæðir þig aftur hristu þau þá vel. Gáðu sérstaklega að rauða maurnum, hann er verstur. Hann er mjög lítill en skærrauður svo þú þú sérð hann vel ef þú gáir. Farðu varlega,“ sagði hún og veifaði litla blævængnum sínum.

Einn morguninn stuttu eftir að við komum, var röðin af háu trjánum utan við gluggann minn þakin litlum hvítum blómum, svo viðkvæmum að þau höfðu ekkert viðnám gegn vindinum. Þau féllu sama dag, og litu út eins og snjó Korn í grófu grasinu – snjór með daufan sætan ilm. Síðan fuku þau burt.

Góða veðrið hélst lengur. Það hélst alla þá viku og þá næstu og þá næstu og þá næstu. Engin merki um að því myndi ljúka. Slappleikinn eftir hitasóttina hvarf, sem og allar efasemdir.

Ég fór snemma að baðhýlnum og var þar klukkutímunum saman, tregur til að yfirgefa ána, trén sem veittu henni skugga, blómin sem opnuðust á nóttunni. Þau voru kirfilega lokuð, drúptu, skýldu sér fyrir sólinni undir þykkum laufblöðunum.

Þetta var fallegur staður – villtur, ósnortinn, umfram allt ósnortinn, bjó yfir framandi, óróavekjandi, leyndardómsfullri fegurð. Og hann varðveitti sitt leyndarmál. Ég stóð mig að því að hugsa, „Það sem ég sé er ekkert – ég sækist eftir því sem hann hefur að *fela* – það er ekki ekkert.“

Síðdegis þegar vatnið var heitara baðaði hún sig með mér. Hún dundaði við það

² Ljóðið „*Consolation à M. du Périer*“ (Huggun fyrir Hr. Périer) eftir Francois de Malherbe. Harmljóð fyrir dóttur Hr. Périers: „*Et Rose elle a vécu ce que vevent les roses/ C'estspace d'une matin.*“ (Og Rósa hafði lífað eins og rósir lífa/ aðeins eina morgunstund)

dálitla stund að kasta steinvöllum í flatan stein í miðjum hylnum. „Ég hef séð hann. Hann er ekki dauður eða farinn eitthvert annað. Hann er hérna ennþá. Landkrabbarnir eru meinlausir. Fólk *segir* að þeir séu meinlausir. Ég myndi ekki vilja – „

„Ekki ég heldur. Herfilega ljótar skepnur.“

Hún var óviss, óviss um staðreyndir – hvaða staðreyndir sem var. Þegar ég spurði hana hvort snákarnir sem við sáum stundum væru eittraðir sagði hún, „Ekki þessir. Lensunaðran er það auðvitað, en hún er ekki hér,“ og bætti svo við, „en hvernig getum við verið viss? Heldurðu að þau viti fyrir víst?“ Síðan, „okkar snákar eru ekki eittraðir. Auðvitað ekki.“

Samt sem áður var hún viss um þetta með ófreskjukrabbann og eitt síðdegið þegar ég var að horfa á hana, trúði varla að þetta væri föla hljóðláta veran sem ég hafði kvænst, fylgdist með henni í bláu skyrtunni sinni, blárri með hvítum doppum, brett upp fyrir hné, hætti hún að hlægja, kallaði aðvarandi og kastaði stórri völu. Hún henti henni eins og strákur, í öruggri, þokkafullri hreyfingu, og ég leit niður og sá mjög langar gripklær, sagtenntar og beittar, hverfa. „Hann ræðst ekki á þig ef þú heldur þig frá steininum. Hann býr þar. Æi, þetta er önnur krabbategund. Ég veit ekki hvað hann heitir á ensku. Mjög stór, mjög gamall.“

Á göngunni heim spurði ég hana hver hefði kennt henni að miða svona vel. „Ó, það var hann Sandi sem kenndi mér það, strákur sem þú hefur aldrei hitt.“

Á hverju kvöldi horfðum við á sólina hníga til viðar frá stráþakta skýlinu sem hún kallaði *ajoupa*, ég kallaði það sumarhúsið. Við horfðum á himininn og hafði í fjarska leika ljósum logum – það voru allir litir í þeim eldi og risastór skýin voru brydduð og ofin þeim loga. En ég þreyttist fljótt á þeirri sýningu. Ég beið eftir ilmi blómanna hjá ánni – þau opnuðu sig þegar dimmdi og það dimmdi hratt. Ekki nótt og myrkur eins og ég þekkti heldur skínandi stjörnubjört nótt, framandi tungl – nótt sem úði og grúði af annarlegum hljóðum. Samt nótt, ekki dagur.

„Maðurinn sem á Consolation-býlið er einsetumaður,“ sagði hún. „Hann fer aldrei að hitta nokkurn mann – talar varla, segja þeir.“

„Einsetumaður sem nágranni hentar mér. Meira að segja prýðilega.“

„Það eru fjórir einsetumenn á þessari eyju,“ sagði hún. „Fjórir alvöru. Aðrir þykjast vera það en svo fara þeir þegar regntíminn byrjar. Eða eru fullir allan tímann. Það er þá sem dapurlegir hlutir gerast.“

„Svo staðurinn er eins einmanalegur og hann virðist?“ spurði ég hana.

„Já, það er einmanalegt. Ert þú hamingjusamur hérna?“

„Hver væri það ekki?“

„Ég elska þennan stað meira en alla aðra í heiminum. Eins og hann væri manneskja. Meira en manneskju.“

„En þú þekkir ekki heiminn,“ stríddi ég henni.

„Nei, bara þetta og Jamaíku auðvitað. Coulibri, Spanish Town. Ég þekki hinar eyjarnar alls ekki neitt. Er heimurinn þá fallegrí?“

Og hvernig er hægt að svara slíku? „Hann er öðruvísi,“ sagði ég.

Hún sagði mér að lengi hefðu þau ekki vitað hvað var að gerast á Granbois. „Þegar Hr. Mason kom, (hún kallaði stjúpföður sinn alltaf Hr. Mason) „var frumskógurinn við það að gleypa það.“ Umsjónarmaðurinn drakk, húsið var niðurnítt, öllum húsgögnunum hafði verið stolið, síðan fannst Babtiste. Yfirþjónn. Í St. Kitts. En fæddur hér á eyjunni og reiðubúinn að koma til baka. „Hann er mjög góður umsjónarmaður,“ sagði hún gjarnan, og ég tók undir með henni, en hélt skoðun minni á Babtiste, Christophine og öllum hinum fyrir mig. „Babtiste segir... Christophine vill...“

Hún treysti þeim, ég ekki. En ég gat varla farið að segja það. Ekki enn.

Við urðum svo sem ekki mikið vör við þau. Eldhúsið og kvíkt eldhúslífið var spölkorn í burtu. Og varðandi peningana sem hún lét af hendi rakna svo frjállega, án þess að telja þá, án þess að vita hve mikið hún gaf, eða öll ókunnugu andlitin sem birtust og hurfu, en aldrei fyrr en þau voru búin að fá góðan málsverð eða skvettu af rommi, komst ég að – systur, frænkur, og frændur – ef hún spurði einskis hvernig gat ég þá gert það?

Húsið var sópað og það var þurrkað af eldsnemma, yfirleitt áður en ég vaknaði. Hilda kom með kaffi og það voru alltaf tvær rósir á bakkanum. Stundum brosti hún, ljúfu barnslegu brosi, stundum flissaði hún hátt og groddalega, skellti bakkanum niður og hljóp í burtu.

„Heimska litla stelpukind,“ sagði ég þá.

„Nei, nei. Hún er feimin. Stúlkurnar hér eru mjög feimnar.“

Eftir morgunverð um hádegisbilið var þögn þangað til um kvöldmat, sem var borinn fram miklu seinna en á Englandi. Dyntir og duttlungar Christophine, var ég viss um. Síðan vorum við látin í friði. Einstaka sinnum settu hornaugu eða lymskulegar augnagotur mig út af laginu, en aldrei lengi í einu. „Ekki núna,“ hugsaði ég. „Ekki strax.“

Það var oft rigning þegar ég vaknaði á nóttunni, léttar glettgar skúrir, dansandi gáskafullt regn, eða hljóðlát dempað, hægt vaxandi, háværa, þrálátara, kraftmeira, miskunnarlaust hljóð. En alltaf hljómlist, hljómlist sem ég hafði aldrei áður heyrt.

Þá horfði ég á hana löngum stundum við kertaljós, velti fyrir mér af hverju hún

virtist döpur þegar hún svaf, og bölvaði hitasóttinni eða varfærninni sem hafði gert mig svo blindan, svo máttfarinn, svo hikandi. Ég man viðleitni hennar til að komast undan. (*Nei, mér þykir það leitt, en ég vil ekki giftast þér.*) Hafði hún látið undan röksemdum þessa Richards, hótunum líklega, ég treysti honum ekki of vel, eða mínum hálfvolga fagurgala og loforðum? Hvað sem öðru leið hafði hún látið undan, en kalt, viljalaust, og reynt að verja sjálfa sig með þögn og svipleysi. Aumleg vopn, og þau höfðu ekki þjónað henni vel eða enst lengi. Hafi ég gleymt varfærninni, þá er hún búin að gleyma þögninni og kuldanum.

Á ég að vekja hana og hlusta á allt það sem hún segir, hvíslar, í myrkrinu. Ekki á daginn.

„Mig langaði ekki til að lifa fyrir en ég kynntist þér. Ég hugsaði alltaf að það væri betra ef ég dæi. Svo langur tími að bíða þangað til það er búið.“

„Og sagðir þú einhvern tíma einhverjum frá þessu?“

„Það var enginn til að segja, enginn til að hlusta. Ó, þú getur ekki ímyndað þér Coulibri.“

„En eftir Coulibri?“

„Eftir Coulibri var það of seint. Ég breyttist ekki.“

Daglangt var hún eins og hver önnur stúlka, brosti við sjálfri sér í speglinum (*líkar þér þessi ilmur?*), reyndi að kenna mér söngvana sína, því þeir ásóttu mig.

„Adieu foulard, adieu madras,“ eða „Ma belle ka di maman li. Fallega stúlkan mín sagði við móður sína. (*Nei, það er ekki svona. Hlustaðu nú. Það er svona.*) Hún gat verið þögul, eða reið að ástæðulausu, og blaðrað við Christophine á búramáli.

„Af hverju faðmar þú og kyssir Christophine?“ spurði ég kannski.

„Af hverju ekki?“

„Ég myndi ekki faðma þetta fólk eða kyssa,“ sagði ég, „Ég gæti það ekki.“

Þessu gat hún hlegið að heillengi og vildi aldrei segja mér af hverju hún var að hlægja. En hversu mikið öðruvísi það var á nóttunni, meira að segja rödd hennar breyttist. Alltaf þetta tal um dauðann. (Er hún að reyna að segja mér að það sé leyndarmál þessa staðar? Að það sé engin önnur leið? Hún veit það. Hún veit.)

„Af hverju lést þú mig langa til að lifa? Af hverju gerðir þú mér það?“

„Af því að ég óskaði þess. Er það ekki nóg?“

„Jú, það er nóg. En ef þú óskar þess ekki lengur einn daginn. Hvað á ég þá að gera? Setjum svo að þú tækir þessa hamingju í burtu einn daginn þegar ég væri ekki að horfa...“

„Og missa mína eigin? Hver væri svo heimskur?“

„Ég er ekki vön hamingju,“ sagði hún. „Hún gerir mig hrædda.“

„Vertu aldrei hrædd. Eða ef þú ert það ekki segja neinum.“

„Ég skil. En að reyna hjálpar mér ekki.“

„Hvað gæti hjálpað?“ Hún svaraði því ekki, svo eina nóttina hvísalaði hún, „Ef ég gæti dáíð. Núna, þegar ég er hamingjusöm. Myndir þú gera það? Þú þyrftir ekki að drepa mig. Segðu deyðu og ég dey. Þú trúir mér ekki? Reyndu þá, reyndu, segðu deyðu og horfðu á mig deyja.“

„Deyðu þá! Deyðu!“ Ég horfði á hana deyja margsinnis. Á minn hátt, ekki hennar. Í sólskini, í skugga, við tunglsljós, við kertaljós. Á löngum eftirmiðdögum þegar húsið var tóm. Aðeins sólin var þar til að halda okkur félagsskap. Við lokuðum hana úti. Og af hverju ekki? Fljólega varð hún jafn sólgin í það sem kallað er að elskast og ég var – ennþá týndari og drukknaðri eftir á.

Hún sagði, „Hér get ég gert eins og mér sýnist,“ ekki ég, og svo sagði ég það líka. Það virtist einhvern veginn rétt á þessum einmanalega stað. „Hér get ég gert eins og mér sýnist.“

Við hittum sjaldnast nokkurn þegar við fórum út úr húsi. Ef við gerðum það þá heilsaði fólk og hélt svo leiðar sinnar.

Mér fór að líka vel við fjallafólkið, þögult, fáskiptið, aldrei auðmjúkt, aldrei forvitið (eða það hélt ég), ég vissi ekki að snögg hornaugun sáu allt sem þau vildu sjá.

Það var á nóttunni sem ég fann fyrir ótta sem ég reyndi að gleyma og ýta frá mér.

„Þú ert örugg,“ sagði ég. Það líkaði henni – að vera sagt „þú ert örugg.“ Eða ég snerti andlit hennar og fann tár. Tár – ekkert! Orð – minna en ekkert. Hvað varðaði hamingjuna sem ég veitti henni, þá var hún verri en ekkert. Ég elskaði hana ekki. Mig þyrsti í hana, en það var ekki ást. Ég fann ekki til mikillar blíðu gagnvart henni, hún var mér ókunnug manneskja, ókunnug manneskja sem hugsaði ekki eða fann til á sama hátt og ég.

Eitt síðdegið varð ég andstuttur og óður af girnd við að sjá kjól sem hún hafði skilið eftir liggjandi á svefnherbergisgólfinu. Þegar ég var orðinn úrvinda sneri ég mér frá henni og sofnaði, enn án þess að segja orð eða sýna henni nokkur blíðuhót. Ég vaknaði við að hún var að kyssa mig – mjúkum léttum kossum. „Það er framorðið,“ sagði hún og brosti. „Þú verður að leyfa mér að breiða ofan á þig – landáttin getur verið köld.“

„En þú, er þér ekki kalt?“

„O, ég er að verða tilbúin fljótlega. Ég ætla að vera í kjólnum sem þú ert svo hrifinn af í kvöld.“

„Já, vertu endilega í honum.“

Það voru föt á dreif um allt gólfíð, bæði hennar og mín. Hún steig kæruleysislega yfir þau að kómmóðunni sinni. „Ég var að hugsa um að láta gera annan alveg nákvæmlega eins,“ lofaði hún glaðlega. „Verður þú ánægður með það?“

„Mjög ánægður.“

Ef hún var barn var hún hvorki heimskt barn né þrjóskt. Hún spurði mig oft um England og hlustaði af athygli á svör mín, en ég var viss um að ekkert sem ég sagði skipti neinu máli. Hún hafði þegar ákveðið sig. Einhver rómantísk skáldsagan, athugasemd sem aldrei gleymdist, skissa, mynd, lag, vals, bútur úr tónverki, og hugmyndir hennar voru þegar ákveðnar. Um England og um Evrópu. Ég fengi þeim ekki breytt og sennilega gæti ekkert annað breytt þeim heldur. Veruleikinn gæti slegið hana út af laginu, gert hana ringlaða, sært hana, en það yrði ekki veruleikinn. Það yrði aðeins mistök, óheppni, röng leið valin, hennar ákveðnu hugmyndum yrði aldrei breytt.

Ekkert sem ég sagði henni hafði nokkur einustu áhrif á hana.

Deyðu þá. Sofðu. Það er allt sem ég get veitt þér... Ég velti því stundum fyrir mér hvort hún hafi einhvern tíma gert sér grein fyrir hve nærri hún var því að deyja. Á sinn hátt, ekki minn. Þetta var leikur sem ekki var hættulaus – á þessum stað. Girnd, hatur, líf, dauði, komu mjög nærri í myrkrinu. Betra að vita ekki hve nærri. Betra að hugsa ekki, ekki eitt andartak. Ekki nærri. Þetta sama... „Þú ert örugg,“ sagði ég við hana og við sjálfan mig. „Lokaðu augunum. Hvíldu þig.“

Síðan lá ég og hlustaði á regnið, syfjulegt hljóð sem virtist geta haldið áfram að eilífu... Regn, eilífðarrigning, drekktu mér í svefni. Og það fljótt.

Næsta morgun voru lítil ummerki um þessar skúrir. Ef einhver blómanna voru illa leikin, þá voru önnur sem ilmuðu enn sætar, loftið var blárra og glitrandi ferskt. Aðeins moldartroðingurinn utan við gluggann minn var forugur. Það glampaði á litla grunna vatnspolla í heitri sólinni, rauður jarðvegur þornar ekki hratt.

*

„Þetta koma til þín snemma í morgun, herra,“ sagði Amelie. „Hilda taka við það.“ Hún rétti mér bústið umslag stílað vandaðri koparstunguskrift. „*Afhendist í eigin persónu, áriðandi*“ var skrifað í hornið.

„Einhver þessara einsetunágranna,“ hugsaði ég. „Og fylgibréf handa Antoinette.“ Síðan sá ég Babbaste standandi við þrepinn upp á veröndina, setti bréfið í vasann og gleymdi því.

Ég var seinni en venjulega á fætur þennan morgun en þegar ég hafði klætt mig sat

ég lengi og hlustaði á fossinn, með augun hálflokuð, syfjaður og sáttur. Þegar ég stakk höndinni í vasann eftir úrinu mínu, fann ég umslagið og opnaði það.

Kæri herra. Ég tek mér þenna í hönd eftir langa hugsun og íhugun en þegar allt kemur til alls er sannleikur betri en lygi. Ég hef þetta að segja. Þú hefur verið skammarlega blekkur af Mason-fjölskyldunni. Þau segja þér kannski að nafn konunnar þinnar sé Cosway, enski herramaðurinn Mason var aðeins stjúpfaðir hennar, en þau segja þér ekki hvers konar fólk þessi Cosway-fjölskylda var. Illir og fyrirlitlegir þrælahaldarar í marga ættliði – já, allir á Jamaíku hata þau og líka á þessari fallegu eyju þar sem ég vona að dvöl þín verði löng og ánægjuleg þrátt fyrir allt, því sumir eru ekki þess verðir að eyða áhyggjum á. Illskan er ekki það versta. Það er geðveiki í ættinni. Gamli Cosway deyya bandóður eins og faðir hans á undan honum.

Þú spyrð hvaða sönnun ég hef og af hverju ég blanda mér í þín mál. Ég skal svara þér. Ég er bróðir konunnar þinnar af annarri móður, svona bróðir að hálfu eins og við segjum hér. Faðir hennar og minn var blygðunarlaus maður og af öllum hans bastörðum er ég óheppnastur og fátækastur.

Mamma mín deyya þegar ég var ósköp lítill og guðmóðir mín hugsa um mig. Gamli herrann gaf einhverja peninga til þess þó hann líkaði ekki við mig. Nei, þeim gamla djöfli líkaði alls ekki við mig, og þegar ég stækkaði sá ég það og hugsaði, Látum hann bíða, minn tími kemur. Spyrðu gamla fólkið herra um hann viðbjóðslega lifnað, sumir muna það.

Þegar frúin kona hans dó gifti óþokkinn sig fljótt aftur, ungri stúlku frá Martiník – það er of mikið fyrir hann. Dauðadrukkinn frá morgni til kvölds og deyr bölvandi og ragnandi.

Svo kemur hin dýrlega Tilskipun um afnám þrælahalds og vandræði fyrir suma þeirra háu og miklu. Enginn vill vinna fyrir ungu konuna og börnin hennar tvö og staðurinn Coulibri fer fljótt í rusl eins og allt gerir hér þegar enginn er lengur að þræla og strita á landinu. Hún eiga enga peninga og enga vini, því franskir og enskir eins og hundur og köttur í þessu landi síðan löngu síðan. Skjóta, drepa, allt.

Konan sem kölluð er Christophine líka frá Martiník er hjá henni og gamli maðurinn Godfrey, of vitlaus til að vita hvað gerist. Sumum finnst það gott. Þessi unga frú Cosway gagnslaus og spillt, hún lyftir ekki hendi að verja sig og fljótlega kemur út þetta brjálæði sem er í henni og öllum hvítum kreólum. Hún loka sig inni, hlægjandi og talandi við engan eins og margir geta vitnað um. Og litla stúlkan, Antoinetta, eins fljótt og hún getur gengið þá hlaupa hún og fela sig ef hún sér einhvern.

Við öll bíða eftir að konan stökkva fyrir björg „fini batt'e“ eins og við segjum hér sem þýðir „hætta að berjast.“

En nei. Hún giftast aftur ríka Englendingnum Hr. Mason, og það er margt sem ég get sagt um það en þú munt ekki trúá svo ég loka munni. Þeir segja hann elska hana svo mikið að ef hann hefur heiminn á silfurfati þá gefur hann henni heiminn – en það dugar ekki.

Geðveikin verður verri og það þarf að loka hana inni því hún reyna drepa manninn sinn – og ekki bara brjálæði.

Þetta herra minn er móðir konu þinnar – þetta var faðir hennar. Ég yfirgef Jamaíku. Ég veit ekki hvað varð um konuna. Sumir segju hún dáin, aðrir segja ekki. En gamli Mason taka ástfóstur við stúlkuna Antoinetta og gefa henni helming af peningum sínum þegar hann deyr.

En ég þvælast til og frá, ekki mikil heppni en leggja fyrir dálítinn pening og frétti af húsi til sölu á þessari eyju nærri Massacre. Mjög ódýrt svo ég kaupi það. Flýgur fiskisagan líka á þessum villta stað og það næsta sem ég heyri frá Jamaíku er að gamli Mason er dauður og fjölskyldan ráðgerir að gifta stúlkuna ungum Englending sem ekkert veit um hana. Þá finnst mér kristileg skylda mín að vara herra Manninn við að hún engin stúlka til að giftast með allt það illa blóð í báðum ættum. En þau hvít, ég kynblendingur. Þau rík, ég fátækur. Á meðan ég hugsa málið þá gifta þau ykkur í skyndi meðan þú enn veikur eftir hitasótt hjá friðdómarinn, áður en þú getur spurt spurninga. Þú hlýtur að vita sjálfur ef þetta er satt eða ekki.

Síðan kemur þú til þessi eyja um hveitibrauðsdaga og það er víst að drottinn lagði þetta á mínar axlir og að ég verð að segja þér sannleikann. En samt hika ég.

Ég heyri þú ungur og myndarlegur og velviljaður við alla, svarta og hvíta, líka kynblendinga. En ég heyri líka að stúlkan er falleg eins og móðir hennar var falleg, og þú heillaður af henni. Hún er í blóði þínu og beinum. Nótt og dag. En þú, heiðarlegur maður, veist vel að fleira þarf í hjónaband en það allt. Sem endist ekki. Gamli Mason líka heillaður af móðir hennar og sjá hvað gerðist með hann. Herra ég bið þess að ég er ekki of seinn að vara þig við.

Herra spyrðu sjálfan þig hvernig ég get búið til þessi saga og af hverju. Þegar ég fer frá Jamaíku kann ég að lesa skrifa og reikna dálítið. Góður maður á Barbados kenna mér meira, hann gefa mér bækur, hann segja mér að lesa Biblían á hverjum degi og ég læra án erfiðleika. Hann er hissa hvað ég læra hratt. Ég er samt fáfróður maður og get ekki búið til þessa sögu. Ég get það ekki. Hún er sönn.

Ég sit við gluggann minn og orðin fljúga fram hjá mér eins og fuglar – með guðs hjálp gríp ég nokkur.

Það tekur mig viku að skrifa þetta bréf. Ég get ekki sofð á nóttunni hugsandi hvað ég á að segja. Svo bráðum læt ég gott heita og enda erindi mitt.

Þú trúir mér ekki enn? Spyrðu þá þann djöful Richard Mason þrjár spurningar og láttu hann svara þér. Er móðir konu þinnar lokuð inni, bandóður brjálæðingur eða eitthvað verra? Dauð eða lifandi veit ég ekki.

Var bróðir konu þinnar aumingi frá fæðingu, þó guð taki hann af miskunnsemi sinni snemma til sín?

Er konan þín að fara sömu leið og móðir hennar og allir vita það?

Richard Mason er lúmskur maður og hann mun segja þér margar bullusögur sem við hér köllum lygar, um hvað gerðist á Coulibri og hitt og þetta. Ekki hlusta. Láttu hann svara – já eða nei.

Ef hann þegir þá spyrðu aðra því mörgum finnst skammarlegt hvernig fjölskyldan fer með þig og ættingja þína.

Ég bið þig herra að koma að hitta mig því það er meira sem þú þarf að vita. En mér er illt í hendin, mér er illt í höfuðið og hjarta mitt eins og steinn af áhyggjum sem ég gefa þér. Peningar eru fínir en engir peningar geta borga fyrir geðveika konu í rúmi þínu. Brjáluð og verra til.

Ég legg niður penna minn núna með einni lokabón. Komdu að hitta mig fljótt. Þinn auðmjúkur þjónn. Daniel Cosway.

Spyrðu þjónustustúlkuna Amelie hvar ég bý. Hún veit, og hún þekkir mig. Hún tilheyrir þessi eyju.

Ég braut bréfið vandlega saman og stakk því í vasa minn. Ég fann ekki fyrir neinni undrun. Það var eins og ég hefði búist við þessu, verið að bíða eftir því. Einhverja stund, ég veit ekki hvort hún var löng eða stutt, sat ég og hlustaði á ána. Að lokum stóð ég á fætur, sólin var orðin heit. Ég gekk stirðlega og gat ekki þvingað sjálfan mig til að hugsa. Svo gekk ég fram hjá orkídeu með löngum teinungum af gullinbrúnum blómum. Eitt þeirra straukst við vanga mér og ég minntist þegar ég tíndi nokkur handa henni einn daginn. „Þau eru eins og þú,“ sagði ég við hana. Nú nam ég staðar og braut einn teinung af og traðkaði hann ofan í leðjuna. Við það kom ég til sjálfs mín. Ég hallaði mér upp að tré, sveittur og skjálfandi. „Allt of heitt í dag,“ sagði ég upphátt, „allt of heitt.“ Þegar ég kom í sjónmál við húsið fór ég að ganga hljóðlegar. Það var enginn á ferli. Eldhúsdýrnar

voru lokaðar og staðurinn virtist yfirgefinn. Ég gekk upp þrepin og eftir endilangri veröndinni og þegar ég heyrði raddir stansaði ég bak við hurðina að herbergi Antoinette. Ég sá það í speglinum. Hún lá í rúminu og stúlkan Amelie var að sópa gólfíð.

„Flýttu þér að þessu og segðu svo Christophine að ég vilji finna hana.“

Amelie studdist fram á kútaskaftið. „Christophine er að fara,“ sagði hún.

„Fara?“ Endurtók Antoinette.

„Já, fara,“ sagði Amelie. „Christophine líkar ekki þetta fallega hveitibrauðsdagahús.“ Er hún sneri sér við kom hún auga á mig og hló hátt. „Manninn þinn, hann utan við dyrnar og líta út eins og draugur. Kannski þreyttur á hveitibrauðsdagana líka.“

Antoinette stökk fram úr og sló hana í andlitið.

„Ég slá þig til baka, hvíti kakkalakki, ég slá þig til baka,“ sagði Amelie. Og það gerði hún.

Antoinette þreif í hár hennar. Amelie, með beraðar tennur, virtist ætla að bíta.

„Antoinette, í guðanna bænum,“ sagði ég úr dyragættinni.

Hún snarsneri sér við, náfól. Amelie gróf andlitið í höndum sér og þóttist snökta, en ég sá að hún fylgdist með mér á milli fingranna.

„Farðu í burtu krakki,“ sagði ég.

„Þú kallar hana krakka,“ sagði Antoinette. „Hún er eldri en djöfullinn sjálfur, og djöfullinn er ekki grimvari.“

„Sendu Christophine upp,“ sagði ég við Amelie.

„Já, herra, já herra,“ svaraði hún mjúkri röddu, og leit niður. En um leið og hún var komin út úr herberginu byrjaði hún að syngja:

„Hvíti kakkalakkinn hún gifti sig

Hvíti kakkalakkinn hún gifti sig

Hvíti kakkalakkinn hún kaupa ungan mann

Hvíti kakkalakkinn hún gifti sig.“

Antoinette tók nokkur skref áfram. Hún var óstöðug á fótunum. Ég fór til að styðja hana en hún ýtti mér í burtu, settist á rúmið með samanbitnar tennur og togaði að sér teppið, skellti svo pirringslega í góm. Hún náði í skæri af kringlóttu borðinu, klippti í gegnum faldinn á teppinu og reif það svo í tvennt, síðan hvorn helming um sig í mjóar ræmur.

Hávaðinn sem hún gerði með þessu kom í veg fyrir að ég heyrði Christophine koma inn, en Antoinette heyrði í henni.

„Þú ert ekki að fara?“ sagði hún.

„Jú,“ sagði Christophine.

„Og hvað verður þá um mig?“ sagði Antoinette.

„Stattu á fætur, stelpa, og klæddu þig. Kona verður að hafa kjark til að lifa af í þessum grimma heimi.“

Hún hafði skipt yfir í litlausan kjól og tekið úr sér gulleyrnalokkana.

„Ég sjá nóg af vandræði,“ sagði hún. „Ég á rétt á minni hvíld. Ég á húsið sem móðir þín gefa mér fyrir langalöngu og ég á minn garð og minn son til að vinna fyrir mig. Letihaugur en ég láta hann vinna. Einnig að auki ungi herrann ekki líka við mig, og kannski mér líka ekki svo vel við hann. Ef ég vera hér áfram ég valda bara vandræði og verða þrætuepli í þínu húsi.“

„Ef þú ert ekki ánægð hérna skaltu fara,“ sagði Antoinette.

Amelie kom inn í herbergið með tvær krúsir af heitu vatni. Hún skáskaut augunum á mig og brosti.

Christophine sagði mjúkri röddu, „Amelie. Ef þú brosa svona einu sinni enn þá kremja ég á þér andlitið eins og ég kremja mjölbanana. Heyrirðu það? Svvaraðu mér stelpa.“

„Já, Christophine,“ sagði Amelie. Hún virtist óttaslegin.

„Ég skal einnig líka gefa þér verri magaverk en þú hefur áður upplifað. Kannski liggur þú lengi með magaverk sem ég gef þér. Svo þegiðu bara og vertu almennileg. Heyrirðu það?“

„Já, Christophine,“ sagði Amelie og læddist út úr herberginu.

„Hún einskis virði og ómerkileg,“ sagði Christophine með fyrirlitningu. „Hún læðast og skríða eins og margfætla.“

Hún kyssti Antoinette á kinnina. Síðan leit hún á mig, hristi höfuðið, og muldraði eitthvað á búramáli áður en hún fór út.

„Heyrðir þú hvað stelpugerpið var að syngja?“ sagði Antoinette.

„Ég skil nú ekki alltaf hvað það er sem þau eru að segja eða syngja.“ Eða nokkuð annað.

„Það var söngur um hvíta kakkalakka. Það er ég. Það er það sem þau kalla okkur öll sem vorum hér áður en þeirra eigið fólk í Afríku seldi þau þrælamöngurunum. Og ég hef heyrt ensku konurnar kalla okkur hvíta negra. Þegar ég er á meðal ykkar hugsa ég oft um hver ég sé og hvar mitt land sé og hvar ég eigi heima og hvers vegna í ósköpunum ég

hafi fæðst yfirhöfuð. Viltu nú vera svo vænn að fara. Ég þarf að klæða mig eins og Christophine sagði.“

Þegar ég hafði beðið í hálf tíma bankaði ég á dyrnar hennar. Það kom ekkert svar svo ég bað Babtiste um að færa mér eitthvað að borða. Hann sat undir beiskjuappelsínutrénu við endann á veröndinni. Hann færði mér matinn svo harmþrunginn á svip að ég hugsaði með mér að þetta fólk hlyti að vera ofur viðkvæmt. Hvað var ég orðinn gamall þegar ég lærði að fela tilfinningar mínar? Aðeins smástrákur. Sex, fimm, jafnvel yngri. Það var nauðsynlegt, var mér sagt, og ég hef ætíð tekið það gilt. Ef þessi fjöll ögra mér, eða andlitið á Babtiste, eða augu Antoinette, þá skjátlást þeim, þá eru þau melódramatísk, óraunveruleg (England hlýtur að vera óraunverulegt, eins og draumur sagði hún).

Rommpúnsið sem ég drakk var mjög sterkt og eftir matinn langaði mig mest til að sofna. Og af hverju ekki? Þetta er tíminn sem allir sofa. Ég ímyndaði mér hundana kettina hanana og hænurnar öll sofandi, meira að segja vatnið í ánni rynni hægar.

Ég vaknaði, varð strax hugsað til Antoinette og opnaði dyrnar inn í herbergið hennar, en hún var líka sofandi. Hún sneri baki að mér og lá alveg kyrr. Ég leit út um gluggann. Þögnin var truflandi, algjör. Ég hefði orðið himinsæll með að heyra hundgá, sagarhljóð. Ekkert. Þögn. Hiti. Klukkuna vantaði fimm mínútur í þrjú.

Ég gekk út og fylgdi stígnum sem ég sá út um gluggann minn. Það hlýtur að hafa rignt mikið um nóttina því rauður leirinn var ein leðja. Ég gekk fram hjá gisnum kaffitrjálundi, síðan rytjulegum guavarunnum. Á göngunni mundi ég eftir andliti föður míns og þunnum vörum hans, kringlóttum sjálfumglöðum augum bróður míns. Þeir vissu. Og fíflíð Richard vissi líka. Og stúlkan með tómlegt brosandí andlitið. Þau vissu öll.

Ég fór að ganga hraðar, nam síðan staðar því birtan var orðin öðruvísi. Græn birta. Ég var kominn að frumskóginum og manni sést ekki yfir frumskóginn. Hann er fjandsamlegur. Stígurinn var gróðri þakinn en það var hægt að fylgja honum. Ég hélt áfram án þess að horfa á há trén beggja vegna. Einu sinni steig ég yfir fallinn trjából morandi í hvítum maurum. Hvernig getur maður komist að sannleikanum hugsaði ég og sú hugsun leiddi mig engu nær. Enginn myndi segja mér sannleikann. Hvorki faðir minn né Richard Mason, og sannarlega ekki stúlkan sem ég hafði gifst. Ég stóð kyrr, svo viss um að verið væri að horfa á mig að ég leit um öxl. Ekkert nema trén og græn birtan undir þeim. Slóði var vart greinanlegur en ég hélt áfram, lítandi í allar áttir, stundum snöggt aftur fyrir mig. Það var þess vegna sem ég rak fótinn í stein og datt næstum. Steinninn sem ég hrataði um var ekkert lausagrjót heldur hluti af steinlögðum vegi. Það hafði verið

steinlagður vegur í gegnum þennan frumskóg. Slóðinn lá að stóru auðu svæði. Hér voru rústir steinhúss og kringum rústirnar höfðu tré vaxið upp í ótrúlega hæð. Að baki rústanna var appelsínutré þakið ávöxtum, lafin dökkgræn. Sannarlega fallegur staður. Og kyrrlátur – svo kyrrlátur að það virtist kjánalegt að hugsa eða ráðgera. Hvað þurfti ég svo sem að hugsa um eða ráðgera? Undir appelsínutrénu tók ég eftir litlum blómvöndum sem bundnir voru saman með grasstráum.

Ég veit ekki hve langur tími leið þangað til að fór að koma hrollur í mig. Birtan hafði breyst og skuggarnir lengst. Ég ætti að koma mér til baka áður en það yrði dimmt, hugsaði ég. Þá kom ég auga á litla stúlku sem bar körfu á höfðinu. Augu okkar mættust og mér til mikillar undrunar öskraði hún hátt, baðaði út öllum öngum og tók á rás. Karfan féll niður, ég kallaði á eftir henni, en þá öskraði hún enn hærra og hljóp hraðar. Hún snökti á hlaupunum, daufu skelfdu hljóði. Síðan hvarf hún. Ég hlýt að vera í aðeins fárra mínútna fjarlægð frá stígnum, hugsaði ég, en eftir að ég hafði gengið drygklanga stund að ég hélt fannst mér lággróðurinn og vafningsviðurinn vefjast um fætur mér og trjáþykkið lokast yfir höfði mér. Ég ákvað að halda aftur í átt að rjóðrinu, með sama árangri. Það var að verða dimmt. Það stoðaði ekkert að sannfæra sjálfan mig um að ég væri ekki langt frá húsinu. Ég var villtur og óttasleginn meðal þessara óvinatrjáa, svo sannfærður um að ég væri í hættu að þegar ég heyrði fótatak og hróp svaraði ég ekki. Fótatakið og röddin færðust nær. Þá hrópaði ég á móti. Ég bar ekki kennsl á Babtiste strax. Hann var klæddur bláum bómullarbuxum sem brettar voru upp fyrir hné og með breitt, skrautlegt belti um grannt mittið. Hann hélt á sveðju sinni og það glampaði á flugbeitta bláhvíta eggina. Hann brosti ekki þegar hann kom auga á mig.

„Við leitum að þér langan tíma,“ sagði hann.

„Ég villtist.“

Hann rumdi eitthvað til svars og vísaði veginn, gekk hratt á undan mér höggvandi hverja grein og vafningsviðarteinung sem fyrir okkur þvældist með sveðjunni.

Ég sagði, „Það var einu sinni vegur hérna, hvert lá hann?“

„Enginn vegur,“ sagði hann.

„En ég sá hann. *Pavé* vegur eins og Frakkarnir gerðu á eyjunum.“

„Enginn vegur.“

„Hver bjó í þessu húsi?“

„Þeir segja að hann væri prestur. Père Lilièvre. Bjó hérna fyrir löngu síðan.“

„Ég mætti barni. Hún virtist dauðhrædd þegar hún sá mig. Er eitthvað athugavert við staðinn?“ Hann yppti öxlum.

„Er draugur eða uppvakningur þar?“ hélt ég áfram.

„Ég veit ekkert um svoleiðis vitleysu.“

„Það var vegur hér einhvern tíma.“

„Enginn vegur,“ endurtók hann þrjóskulega.

Það var næstum orðið dimmt þegar við komum aftur út á rauðan moldartroðninginn. Hann gekk hægar, sneri sér við og brosti til mín. Það var eins og hann hefði sett þjónustugrímuna yfir villimannslegt álasandi andlitið sem ég hafði séð áður.

„Þér er ekki vel við skógana að næturlagi?“

Hann svaraði ekki, en benti í átt að ljósi og sagði, „Þetta langur tími sem ég búinn að leita að þér. Fröken Antoinette hrædd um að eitthvað kom fyrir þig.“

Þegar við komum að húsinu var ég orðinn dauðþreyttur.

„Þú lítur út eins og þú hafir hitasótt,“ sagði hann.

„Ég er nú þegar búinn að fá hana.“

„Ekki takmörk hvað þú getur fá hana oft.“

Það var enginn á veröndinni og ekkert hljóð barst frá húsinu. Við stóðum báðir á veginum og litum upp, svo sagði hann, „Ég sendi stúlkan til þín herra.“

Hilda færði mér stóra skál af súpu og einhverja ávexti. Ég reyndi að opna dyrnar að herbergi Antoinette. Þær voru læstar og þar var ekkert ljós. Hilda flissaði.

Taugaveiklað fliss. Ég sagði henni að ég vildi ekkert að borða, að færa mér heldur rommfloškuna og glas. Ég drakk, tók síðan upp bókina sem ég hafði verið að lesa, *Hin glitrandi eyjakóróna* hét hún, og ég byrjaði á kaflanum „Obeah“:

„Uppvakningur er dáin manneskja sem virðist vera lifandi eða lifandi manneskja sem er dáin. Uppvakningur getur líka verið andi staðar, yfirleitt illur en sem oft var hægt að friðþægja með fórnargjöfum úr blómum og ávöxtum.“ Mér varð strax hugsað til litlu blómvandanna við rústir prestshússins. „Þeir veina í vindinum sem er rödd þeirra, geisa í hafinu sem er reiði þeirra.“

„Það var mér sagt, en ég hef tekið eftir því að negrarnir neita almennt að ræða um svartagaldurinn sem svo margir trúá á. Vúdú eins og það er kallað á Haítí – Obeah á sumum eyjunum, einhverju öðru nafni í Suður-Ameríku. Þeir flækja málin með því að ljúga ef á þá er þrýst. Hvíta fólkið, sem stundum er auðtrúa, þykist afskrifa þetta sem hverja aðra vitleysu. Tilfelli af snögglegum og óútskýrðum dauðsföllum eru rakin til eiturs sem negrunum er kunnugt um en er órekjanlegt. Þetta er svo enn frekar flækt með...“

*

Ég leit ekki upp þó ég sæi hann við gluggann, heldur reið áfram umhugsunarlaust þangað til ég kom að klettunum. Fólkið hér kallar þá Mounes Mors (hina dauðu). Preston hörfaði frá þeim, þeir segja að hestar geri það alltaf. Síðan hrasaði hann illa, svo ég fór af baki og gekk áfram haldandi í tauminn. Það var að verða heitt og ég var þreytt þegar ég kom að stígnum sem lá að tveggja herbergja húsinu hennar Cristophine, með skífuþaki en ekki stráþaki. Hún sat á kassa undir mangótrénu, reykti hvíta leirpípu og kallaði, „Ert það þú, Antoinette? Af hverju þú kemur hingað svona snemma?“

„Mig langaði bara til að hitta þig,“ sagði ég.

Hún hjálpaði mér að losa um gjörðina á Preston og leiða hann að nærliggjandi læk. Hann drakk eins og hann væri að farast úr þorsta, hristi sig síðan og frísaði. Vatn frussaðist út um nasir hans. Við skildum hann eftir bítandi gras og fórum aftur að mangótrénu. Hún settist á kassann sinn og ýtti öðrum að mér, en ég kraup niður hjá henni og snerti mjóa silfurarmabandið sem hún gekk alltaf með.

„Þú ilmar eins,“ sagði ég.

„Þú kemur alla þessa leið til að segja mér það?“ sagði hún. Fötin hennar lyktuðu af hreinni bómull, stífaðri og straujaðri. Ég hafði svo oft séð hana standa í hnédjúpri ánni við Coulibri, með sítt pilsíð bundið upp, að þvo kjólana sína og hvítu klukkurnar, og berja þeim síðan við steina. Stundum voru þar fleiri konur sem allar börðu þvottinum sínum aftur og aftur við steinana, það var glaðlegt, önnum kafið hljóð. Að síðustu breiddu þær blaut fötin til þerris í sólinni, þurrkuðu svita af enni sér, hlægjandi og masandi. Hún ilmaði líka, þeirra ilmi, svo hlýjum og notalegum að mér fannst (en honum líkar hann ekki). Himininn var dökkblár að sjá á milli mangótrjáanna, og ég hugsaði, „Þetta er minn staður og hér á ég heima og hér vil ég vera.“ Síðan hugsaði ég, „svo fallett tré, en þetta er of hátt uppi fyrir mangó og kannski ber það aldrei ávöxt,“ og ég hugsaði um sjálfa mig liggjandi eina í rúminu mínu með mjúku bómullardýnunni og fallettu rúmötunum, hlustandi. Að lokum sagði ég, „Christophine, hann elskar mig ekki, ég held að hann hati mig. Hann sefur alltaf inni í fataherberginu núorðið og þjónustufólkið veit það. Ef ég reiðist verður hann fullur fyrir litningar og hljóður, stundum virðir hann mig ekki viðlits klukkutímum saman og ég afber það ekki lengur, ég get það ekki. Hvað á ég að gera? Hann var ekki þannig til að byrja með,“ sagði ég.

Bleikar og rauðar havaírósir uxu fyrir utan dyrnar hennar, hún kveikti sér í pípunni og svaraði ekki.

„Svaraðu mér,“ sagði ég. Hún blés frá sér reykskýi.

„Þú spyrð erfið spurning, ég gef erfitt svar, pakkaðu saman og farðu.“

„Fara, fara hvert? Á einhvern ókunnan stað þar sem ég hitti hann aldrei? Nei, það geri ég ekki, þá munu allir, ekki aðeins þjónustufólkið, hlægja að mér.“

„Það verða ekki þú sem þeir hlægja að ef þú ferð, þeir hlæja að honum.“

„Það geri ég ekki.“

„Af hverju spyrð þú mig, ef þegar ég svara þá segir þú nei? Af hverju kemur þú hingað ef þegar ég segi sannleikann þá segir þú nei?“

„En það hlýtur að vera eitthvað annað sem ég get gert.“

Hún var þungbúin á svip. „Þegar maður ekki elskar þig, þú reynir meira, hann hatar þig meira, karlmenn þannig. Ef þú elska þá þeir fara illa með þig, ef þú ekki elska þá þeir eftir þér dag og nótt, slíta sálarhulstur þitt út. Ég heyri um þig og maðurinn þinn,“ sagði hún.

„En ég get ekki farið. Hann er þó þrátt fyrir allt eiginmaður minn.“

Hún spýtti yfir öxl sér. „Allar konur, allir litir, ekkert nema kjánar. Þrjú börn á ég. Eitt lifir í þessi heimur, öll með mismunandi pabbar, en enginn eiginmaður, ég þakka guð minn. Ég á mína peninga. Ég gef þá ekki til neinn gagnslaus maður.“

„Hvenær á ég að fara? Hvert á ég að fara?“

„En sjá þau vandræði, lítil hvít stelpa eins og þú og meiri kjáni en allar hinar. Maður fer illa með þig, þú tekur upp pilsíð og labba út. Gerðu það og hann kemur á eftir þér.“

„Hann kemur ekki á eftir mér. Og þú verður að skilja að ég er ekki rík núna, ég á enga peninga sjálf, allt sem ég átti tilheyrir honum núna.“

„Hvað segir þú mér núna?“ sagði hún hvasst.

„Þannig eru ensk lög.“

„Lög! Mason-strákurinn lagar það til, þessi strákur verri en Satan og hann brennur í helvíti eina fallega nótt. Heyrðu mig nú og ég gef þér ráð hvað skal gera. Segðu maðurinn þinn þú ert veik, þú vilt heimsækja frænka þína á Martiník. Biddu hann að gefa þér dálítið af þínir eigin peningar, maðurinn ekki slæmur, hann gefur þér það. Þegar þú komin í burtu, þú heldur þig í burtu. Biðja um meira. Hann gefur það aftur, með mestu ánægju. Á endanum kemur hann og finnur út hvað þú ert að gera, hvernig þú reddar þér án hans, og sér ef þú ert feit og hamingjusöm þá vill hann fá þig aftur. Menn þannig. Betra að vera ekki í gamla húsi. Farðu úr því húsi, ég segi þér það.“

„Þú heldur að ég verði að fara frá honum?“

„Þú spyrð svo ég svara.“

„Já,“ sagði ég. „Ég gæti það vissulega, en af hverju ætti ég að fara til Martiník?“

Mig langar til að sjá England, ég gæti kannski fengið lánaða peninga til þess. Ekki hjá honum en ég veit hvar ég gæti það. Ég verð að fara langt, ef ég fer.“

Ég hef verið of óhamingjusöm, hugsaði ég, svo mikil óhamingja getur ekki varað, hún gæti drepið þig. Ég verð önnur manneskja þegar ég bý í Englandi og aðrir hlutir gerast þar... England, rósbleikt á landakortinu en á blaðsíðunni á móti voru orðin þétt saman og þunglamaleg að sjá. Útflutningsvörur, kol, járn, ull. Innflutningsvörur og persónueinkenni íbúanna. Nöfn, Essex, Chelmsford við Chelmer. Yorkshire- og Lincolnshireásarnir. Ásar? Ætli það þýði hæðir? Hve háar? Helmingurinn af okkar, eða ekki einu sinni það? Svöl græn lauf í stuttu svölu sumrinu. Sumar. Þar eru maísakrar eins og sykurreyr, en gylltir á lit og ekki jafn háir. Að loknu sumrinu eru trén nakin, svo vetur og snjór. Fallandi hvítar fjaðrir? Fallandi rifnir pappírssneplar? Þeir segja að frostið geri blómamynstur á gluggarúðurnar. Ég verð að vita meira en ég veit nú þegar. Af því að ég þekki húsið þar sem mér verður kalt og þar sem ég á ekki heima, rúmið sem ég sef í er með rauð rúmtjöld og ég hef sofið þar ótal sinnum áður, fyrir löngu síðan. Fyrir hve löngu síðan? Í því rúmi mun mig dreyma drauminn minn til enda. En draumurinn minn kom Englandi ekkert við og ég má ekki hugsa svona, ég verð að muna eftir ljósakrónum og dansi, eftir svönum og rósum og snjó. Og snjó.

„England,“ sagði Christophine, sem var að horfa á mig. „Heldurðu að sá staður er til?“

„Hvernig getur þú spurt svona? Þú veist að það er til.“

„Ég hef aldrei séð fjandans staðinn, hvernig veit ég?“

„Þú trúir ekki að til sé land sem heitir England?“

Hún deplaði augunum ótt og svaraði snarlega, „Ég segi ekki ég *trúi* ekki, ég sagði ég *veit* ekki.“ Ég veit hvað ég sé með augum mínum og ég hef aldrei séð það. Einnig spyr ég mig er þessi staður eins og þau segja okkur? Sumir segja eitt, aðrir segja annað, ég heyri það er kalt svo frýs inn að beini og þeir stela peningana þína, slægir eins og djöfullinn. Þú með peninga í vasann, þú horfir aftur og bang! Engir peningar. Að hverju vilt þú fara til þennan kalda þjófastað? Ef þessi staður er til í alvöru, þá hef ég aldrei séð hann, það eitt er víst.“Ég starði á hana og hugsaði, „En hvernig getur hún vitað hvað er mér fyrir bestu, þessi fáfróða, þrjóska gamla negrakerling, sem er ekki viss um að til sé staður eins og England?“ Hún sló úr pípunni sinni og starði á mig á móti, augun sviplaus með öllu.

„Christophine,“ sagði ég, „Það getur vel verið að ég geri eins og þú ráðleggur mér. En ekki strax. (Núna, hugsaði ég, verð ég að spyrja um það sem ég kom til að spyrja um.)

„Þú vissir hvað ég vildi um leið og þú sást mig, og þú veist það sannarlega núna. Ekki satt?“ Ég heyrði að rómur minn var orðin hár og mjór.

„Uss,“ sagði hún. „Ef maðurinn ekki elska þig, get ég ekki láta hann elska þig.“

„Jú þú getur það, ég veit að þú getur það. Þetta er það sem ég vil og þess vegna kom ég hingað. Þú getur látið fólk elska eða hata. Eða... deyja,“ sagði ég.

Hún hnykkti aftur höfðinu og hló hátt. (En hún hlær aldrei hátt og af hverju hlær hún yfir höfuð?)

„Svo þú trúir þessar bullusögur um obeah, sem þú heyrir svo hátt sett sem þú ert? Allan þann kjánaskap og vitleysu. Einnig að auki þá er það ekki fyrir *bèkè*. Mikil, mikil vandræði koma þegar *bèkè* vesenast í því.

„Þú verður,“ sagði ég. „Þú verður.“

„Uss. Jo-jo sonur minn kemur að sjá mig. Ef hann sér þig gráta þá segir hann allir.“ „Ég skal vera hljóð, ég fer ekki að gráta. En Christophine, ef hann, maðurinn minn, kæmi til mín eina nótt enn. Einu sinni enn, þá myndi ég fá hann til að elska mig.“

„Nei, *doudou*. Nei.“

„Jú, Christophine.“

„Þú talar kjánaskap. Jafnvel ef ég get láta hann koma í rúmið til þín, ég get ekki láta hann elska þig. Á eftir þá hatar hann þig.“

„Nei. Og hvað með það ef svo fer? Hann hatar mig nú þegar. Ég heyri hann ganga fram og aftur veröndina á hverju kvöldi. Fram og aftur. Þegar hann gengur fram hjá dyrunum mínum segir hann, ‚Góða nótt, Bertha.‘ Hann er hættur að kalla mig Antoinette. Hann komst að því að það var nafn móður minnar. ‚Ég vona að þú sofir vel, Bertha‘ – það getur ekki versnað,“ sagði ég. „Ef hann kæmi eina nótt enn gæti ég sofíð eftir það. Ég sef orðið svo illa. Og mig dreymir.“

„Nei, ég blanda mér ekki í það fyrir þig.“

Ég barði hnefanum í stein, þvingaði sjálfa mig til að tala rólega.

„Að fara í burtu til Martiník eða Englands, það er lygin. Hann myndi aldrei láta mig fá neina peninga til að fara í burtu og hann yrði fokreiður ef ég bæði hann um þá. Það yrði hneyksli ef ég færi frá honum og hann þolir ekki hneyksli. Jafnvel þó ég kæmist í burtu (og hvernig?) þá myndi hann neyða mig til að koma til baka. Richard líka. Og allir aðrir. Að hlaupast í burtu frá honum, frá þessari eyju, það er lygin. Hvaða ástæðu gæti ég gefið og hver myndi trúá mér?“

Þegar hún laut höfði virtist hún gömul og ég hugsaði, „Ó, Christophine, ekki verða gömul. Þú ert eini vinurinn sem ég á, ekki fara frá mér og verða gömul.“

„Maðurinn þinn sannarlega elska peninga,“ sagði hún. „Það er engin lygi. Peningar hafa fallet andlit finnst allir, en fyrir þennan mann peningar falleg eins og falleg sjálf, hann sjá ekki annað.“

„Hjálpðu mér þá.“

„Hlustaðu doudou ché. Margt fólk festa ljót orð á þig og móðir þín. Ég veit það. Ég veit hverjir tala og hvað þeir segja. Maðurinn ekki slæmur maður, jafnvel þó hann elska peninga, en hann heyra svo marga sögur hann vita ekki hvað á að trúá. Þess vegna hann halda sig frá þér. Ég treysta engu af þessu fólki í kringum þig. Ekki hér, ekki á Jamaíku.“

„Ekki Coru frænku?“

„Frænka þín gömul kona núna, hún snúa andlitið í vegginn.“

„*Hvernig veistu það?*“ sagði ég. Því það var það sem gerðist.

Þegar ég gekk fram fram hjá herbergi hennar, heyrði ég hana rífast við Richard og ég vissi að það snerist um hjónband mitt. „Það er smánarlegt,“ sagði hún. „Það er skammarlegt. Þú ert að afhenda bláókunnugum manni allt sem barnið á. Faðir þinn hefði aldrei leyft það. Hún ætti að njóta einhverrar lagaverndar. Það er hægt að gera kaupmála og það ætti að gera það. Það var hans ætlun.“

„Þú ert að tala um heiðvirt trúðmenni, ekki einhvern skálk,“ sagði Richard. „Ég er ekki í aðstöðu til að setja nein skilyrði, eins og þú veist vel. Hún er bara fjandi heppin að ná í hann, þegar allt kemur til alls. Af hverju ætti ég að krefjast kaupnála frá lögfræðingi þegar ég treysti honum fullkomlega? Ég myndi treysta honum fyrir lífi mínu,“ hélt hann áfram, tilgerðarlegri röddu.

„Þú ert að leggja hennar líf í hendur hans, ekki þitt,“ sagði hún.

Hann sagði henni í guðanna bænum að halda sér saman gamli bjálfi og skellti á eftir sér þegar hann fór. Svo reiður að hann tók ekki eftir mér þar sem ég stóð á ganginum. Hún sat uppi í rúminu þegar ég kom inn í herbergið hennar. „Hálfviti sem þessi drengur er, eða þykist vera það. Mér líkar ekki það sem ég hef séð af þessu heiðvirða trúðmenni. Stífur. Þver eins og spýta og heimskur sem naut, að mínu mati, að frátöldu því sem við kemur hann eigin hagsmunum.“

Hún var mjög föl og skalf öll, svo ég færði henni ilmsöltin af snyrtiborðinu. Þau voru í rauðri glerflösku með gylltum tappa. Hún bar flöskuna upp að nefi sér en hönd hennar féll niður eins og hún væri of þreytt til að halda henni stöðugri. Síðan sneri hún sér frá glugganum, himninum, speglinum, öllum falletu hlutunum á snyrtiborðinu. Rauða og

gyllta flaskan féll í gólfíð. Hún sneri andlitinu að veggnum. „Drottinn hefur yfirgefið okkur,“ sagði hún, og lokaði augunum. Hún sagði ekki fleira, og eftir dálitla stund hélt ég að hún væri sofnuð. Hún var of veik til að koma í brúðkaupið en ég fór til að kveðja hana, ég var spennt og hamingjusöm og hugsaði með mér að nú væru hveitibrauðsdagarnir mínir. Ég kyssti hana og hún gaf mér litla silkibuddu. „Hringarnir mínir. Tveir þeirra eru verðmætir. Ekki sýna honum þá. Feldu þá. Lofaðu mér því.“

Ég lofaði henni því, en þegar ég opnaði hana, var annar hringurinn úr skíragulli. Í gær hugsaði ég með mér að ég gæti selt annan strax en hver myndi vilja kaupa eitthvað sem ég hefði að selja hér?...

Christophine var að segja, „Frænka þín er of gömul og veik, og þessi Mason-strákur einskinýtur. Vertu hugrökk og berjast fyrir sjálfa þig. Talaðu við manninn þinn rólega og yfirvegað, segðu honum frá móðir þín og allt sem gerðist á Coulibri og af hverju hún varð veik og hvað þeir gerðu henni. Ekki öskra framan í manninn og ekki sýna ljótan svip. Ekki grenja heldur. Þýðir ekkert að grenja framan í hann. Tala fallega og láta hann skilja.“

„Ég hef reynt,“ sagði ég, „en hann trúir mér ekki. Það er allt saman orðið of seint núna (það er alltaf of seint fyrir sannleikann, hugsaði ég). „Ég skal reyna aftur ef þú vilt gera það sem ég bið þig um. Ó, Christophine, ég er svo hrædd,“ sagði ég, „Ég veit ekki af hverju, en ég er svo hrædd. Alltaf. Hjálpaðu mér.“

Hún sagði eitthvað sem ég heyrði ekki. Síðan tók hún oddhvassa spýtu og dró línur og hringi á jörðina undir trénu, og þurrkaði það síðan út með fætinum.

„Ef þú talar við hann fyrst þá geri ég sem þú biður mig.“

„Núna?“

„Já,“ sagði hún. „Horfðu nú á mig. Horfðu í augu mér.“

Mig svimaði þegar ég stóð upp, og hún fór inn í húsið muldrandi og kom út með kaffibolla.

„Góð skvetta af hvítt romm í þessu,“ sagði hún. „Andlitið þitt eins og dauð kona og augun þín rauð eins og í blóðsugudraug. Vertu nú stillt – sjáðu, þarna kemur Jo-jo, hann talar við alla um allt sem hann heyrir. Lekur eins og kalabasker, drengurinn sá.“

Þegar ég hafði drukkið kaffið byrjaði ég að hlægja. „Ég hef verið svo óhamingjusöm út af engu, engu,“ sagði ég.

Sonur hennar bar stóra körfu á höfðinu. Ég horfði á sterklega brúna leggina stíka eftir stígnum svo fyrirhafnarlaust. Hann virtist hissa og forvitinn þegar hann sá mig, en spurði kurteislega á búramáli, hvort ég hefði það gott, væri maðurinn minn við góða

heilsu?

„Já, Jo-jo, þakka þér fyrir, við höfum það bæði ágætt.“

Christophine hjálpaði honum með körfuna, náði síðan í rommflöskuna og hellti í hálfu glas. Hann renndi því niður í hvelli. Síðan fyllti hún glasið af vatni og hann drakk það eins og þau gera alltaf.

Hún sagði á ensku, „Frúin er að fara, hesturinn hennar þarna bakatil. Leggðu á hann.“

Ég elti hana inn í húsið. Það var viðarborð í ytra herberginu, bekkur og tveir bílaðir stólar. Svefnherbergi hennar var stórt og dimmt. Hún átti ennþá skærlyta rúmteppið, pálamlaufin frá pálmasunnudegi, og bænina um sælan dauða. En þegar ég hafði komið auga á haug af hæsnafjöðrum í einu horninu, langaði mig ekki að horfa í kringum mig lengur. „Svo þú ert strax hrædd, ha?“ Og þegar ég sá svipinn á henni tók ég budduna mína upp úr vasanum og fleygði henni á rúmið.

„Þú þarft ekki að gefa peninga. Ég geri þennan kjánaskap af því þú grátbiður mig – ekki fyrir peninga.“

„Er þetta kjánaskapur?“ sagði ég, hvíslandi, og hún fór aftur að hlægja, en mildilega.

„Ef *bèkè* segja að það er kjánaskapur, þá er það kjánaskapur. *Bèkè* klókir eins og djöfullinn. Meira klókir en guð. Ekki satt? Hlustaðu núna og ég segi þér hvað skal gera.“

Þegar við komum út í sólina hélt Jo-jo í Preston hjá stórum steini. Ég fór upp á hann og steig á bak.

„Vertu sæl, Christophine, vertu sæll, Jo-jo.“

„Vertu sæl, frú mín.“

„Þú kemur fljótlega að heimsækja mig, Christophine?“

„Já, ég kem.“

Ég leit til baka við enda stígsins. Hún var að tala við Jo-jo og hann virtist forvitinn og kátur. Einhvers staðar nærri gól hani og ég hugsaði, „Þetta er fyrir svikum, en hver er svikarinn?“ Hún vill ekki gera þetta. Ég þvingaði hana til þess með mínum skítugu peningum. Og hvað veit nokkur um svikara, eða af hverju gerði Júdas það sem hann gerði?

Ég man hverja sekúndu frá þessum morgni, ef ég loka augunum sé ég djúpbláan lit himinsins og mangólaufanna, bleikar og rauðar havaírósirnar, gulan klútinn sem hún vafði um höfuðið, bundinn að hætti Martiníka með skörp hornin að framan, en nú sé ég það allt eins og kyrralífsmýnd, óhagganlegt eins og litirnir í steindum glerglugga. Aðeins skýin

hreyfast. Það sem hún fékk mér, var vafið inn í laufblað, og það var svalt og mjúkt upp við húð mína.

*

„Frúin fór í heimsókn,“ sagði Babtiste mér þegar hann færði mér kaffið þennan morgun. Hún koma til baka í kvöld eða morgun. Hún ákveða sig í hveli og hún fara strax.“

Um kvöldið færði Amelie mér annað bréf.

Af hverju þú svara mér ekki. Þú trúir mér ekki? Spurðu þá einhvern annan – allir í Spanish Town vita. Af hverju heldur þú þau fóru með þig á þennan stað? Viltu ég komi heim til þín og básúni þín mál fyrir framan alla? Komdu til mín eða ég kem –

Þarna hætti ég að lesa. Krakkinn Hilda kom inn í herbergið og ég spurði hana, „Er Amelie hérna?“

„Já, herra.“

„Segðu henni að ég vilji tala við hana.“

„Já, herra.“

Hún setti hendina yfir munninn eins og til að stilla hlátur, en augu hennar, þau svörtustu sem ég hafði séð, svo svört að það var ómögulegt að greina augasteinana frá lithimnunni, voru óttaslegin og ráðvillt.

Ég sat á veröndinni og sneri baki í hafið og það var eins og ég hefði gert það allt mitt líf. Ég gat ekki ímyndað mér annað veður eða öðrvísi himin. Ég þekkti útlínur fjallanna eins vel og útlínur brúna krúsanna tveggja á viðarborðinu sem fylltar voru með hvítum ilmandi blómum. Ég vissi að stúlkan yrði klædd hvítum kjól. Brún og hvít væri hún, krullurnar hennar, hvítu stúlku hárið eins og hún kallaði það, hálfalið undi rauðum klút, fæturnir berir. Þarna var himininn og fjöllin, blómin og stúlkan og sú tilfinning að þetta væri allt ein martröð, veik huggandi vonin um að ég myndi vakna.

Hún hallaðist létt upp að einni súlunni á veröndinni, kæruleysislega þokkafull, rétt mátulega kurteisleg, og beið.

„Var þetta bréf afhent þér?“ spurði ég.

„Nei, herra. Hilda taka það.“

„Og er þessi maður sem skrifar það vinur þinn?“

„Ekki vinur minn,“ sagði hún.

„En hann þekkir þig – eða segist gera það.“

„Ó já, ég þekki Daniel.“

„Jæja þá. Viltu segja honum að bréf hans pirri mig, og að hann ætti sjálfs sín vegna ekki að skrifa fleiri bréf. Ef hann kemur með bréf láttu hann hafa það aftur. Skilur

þú það?“

„Já, herra. Ég skil.“

Hún hallaðist enn upp að súlunni og brosti til mín, og mér fannst að á hverri stundu myndi bros hennar breytast í háværan hlátur. Þess vegna hélt ég áfram, „Af hverju skrifar hann mér?“

Hún svaraði sakleysislega, „Hann ekki segja þér það? Hann skrifa þér tvö bréf og segja þér ekki af hverju hann skrifa? Ef þú veist ekki þá veit ég ekki.“

„En þú þekkir hann?“ sagði ég. „Heitir hann Cosway?“

„Sumir segja það, sumir segja það ekki. Það kallar hann sig.“

Hún bætti við hugsandi að Daniel væri mikill úrvalsmaður, alltaf að lesa Biblíuna og að hann lifði eins og hvíta fólkið. Ég reyndi að átta mig á hvað hún meinti með þessu, og hún útskýrði að hann ætti hús eins og hvíta fólkið, með einu herbergi bara til að sitja í. Að hann væri með tvær myndir uppi á vegg af föður sínum og móður.

„Hvít fólk?“

„Nei, nei, kynblendingar.“

„En hann sagði mér í fyrsta bréfinu að faðir hans væri hvítur maður.“

Hún yppti öxlum. „Það allt of langt síðan fyrir mig.“ Fyrirlitning hennar á löngu síðan var augljós. „Ég segja honum hvað þú segja, herra.“ Síðan bætti hún við, „Af hverju þú ekki fara hitta hann? Það er miklu betra. Daniel slæmur maður og hann mun koma hingað og gera vandræði fyrir þig. Það er betra hann ekki koma. Þeir segja að hann var einu sinni predíkari á Barbados, hann talar eins og predíkari, og hann á bróður á Jamaíku í Spanish Town, Hr. Alexander. Mjög ríkan mann. Hann eiga þrjár rommbúðir og tvær þurrvörubúðir.“ Hún leit eldsnöggt á mig, augnaráði sem var beitt eins og hnífsblað. „Ég heyra einu sinni að Fröken Antoinette og sonur hans, Hr. Sandi giftast, en það allt vitleysa. Fröken Antoinette hvít stúlka með mikla peninga, hún vill ekki giftast þeldökkur maður jafnvel þó hann ekki líta út eins og þeldökkur maður. Þú spyrja Fröken Antoinette, hún segja þér.“

Eins og Hilda þá setti hún hendina yfir munninn eins og til að koma í veg fyrir að hún færi að hlægja, og gekk í burtu.

Síðan sneri hún sér við og sagði lágri röddu, „Ég vorkenna þér.“

„Hvað sagðir þú?“

„Ég segja ekkert, herra.“

Stórt borð lagt rauðum dúk með kögri lét litla stofuna virðast heitari; eini glugginn var lokaður.

„Ég lét stólinn fyrir þig nærri dyrunum,“ sagði Daniel, „þá kemur smá gola undir.“ En það var engin gola, ekki minnsti andvari, þessi staður lá mikið neðar í fjöllum, næstum niður við sjávarmál.

„Þegar ég heyrði að þú varst að koma tók ég gott skot af rommi, síðan ég fékk ég mér glas af vatni til að kæla mig niður, en það kældi mig ekki niður, það rann út um augun mín í tárur og kveinstöfum. Af hverju svara þú mér ekki fyrst þegar ég skrifa þér?“ Hann hélt áfram að tala, augu hans fóst á innrömmuðum texta á veggnum, „Hefndin er mín.“

„Þú tekur of langan tíma, Herra,“ sagði hann við myndina. „Ég reka aðeins á eftir þér.“ Síðan þurrkaði hann magurt andlit sitt og snýtti sér í hornið á borðdúknum.

„Þeir kalla mig Daniel,“ sagði hann, leit enn ekki á mig, „en nafn mitt er Esau. Allt sem ég fæ er blótsyrði og komdu-þér-út frá þeim djöfli, föður mínum. Faðir minn gamli Cosway, með hvíta marmaraskjöldurinn sinn í kirkjunni í Spanish Town svo allir geta séð. Það er skjaldarmerki á honum og einkunnarorð á latínu og orð með stóru svörtu lettri. Ég hef aldrei vitað aðrar eins lygar. Ég vona að sá steinn bindist um hálsinn á honum og dragi hann niður til helvíti á endanum. ‚Guðhræddur,‘ skrifa þeir þar, ‚Dáður af öllum.‘ Ekki orð um fólkið sem hann keypti og seldi eins og skepnur. ‚Miskunnssamur hinum veiku,‘ skrifa þeir þar. Miskunnssamur! Maðurinn hafði hjarta eins og steinn. Stundum þegar hann fékk nóg af konu, sem var fljótlega, þá gaf hann henni frelsi eins og hann gaf móður minni frelsi, gaf henni jafnvel smá kofa og skika af land fyrir sig (garður kalla sumir það), en það er ekki miskunnsemi, það er af illgjarn hroki sem hann gerði það. Ég hef aldrei augum litið mann sem var svo drambsamur og hrokafullur – hann gekk um eins og hann ætti jörðina. ‚Mér er skítsama,‘ sagði hann. Látum hann bíða... Ég sé ennþá þennan skjöld fyrir augunum á mér af því ég fer oft að horfa á hann. Ég kann utan að alla lygarnar sem þeir segja – enginn stendur upp og segir, Af hverju skrifar þú lygar í kirkjunni?... Ég segi þér þetta svo þú vitir hvernig fólk þú blandar geði við. Hjartað þekkir sinn eigin biturleik, en að loka hann inni allan tímann, það er erfitt. Ég man eins og í gær morguninn sem hann lagði bölvun á mig. Sextán ára var ég og mjög kvíðafullur. Ég er af stað mjög snemma. Ég geng alla leið til Coulibri – fimm til sex klukkutíma tekur það mig. Hann neitaði ekki að sjá mig; hann tók á móti mér mjög afslappaður og byrjaði segja mér að ég er alltaf að angra hann að biðja um peningar. Þetta af því að ég hafði stundum beðið hann um hjálp að kaupa nýja skó og svoleiðis. Til að vera ekki berfættur eins og negri. Sem ég er ekki.

Hann horfði á mig eins og ég er skítur og ég varð voða reiður líka. „Ég á minn rétt, þegar allt kemur til alls,“ sagði ég við hann og veistu hvað hann gerði þá? Hann hló í andlitið á mér. Þegar hann hætta hlæja kallaði hann mig hvað-þú-nú-heitir. „Ég get ekki munað hvað þeir heita allir – það er til of mikils ætlast,“ sagði hann við sig sjálfan. Mjög gamall leit hann út í sólinni þennan morgun. „Það var þú sjálfur sem gafst mér nafnið Daniel,“ sagði ég við hann. „Ég er enginn þræll eins og mamma mín var.“

„Mamma þín var óttalegur lymskupúki,“ sagði hann, „og ég er enginn kjáni. En hvað um það, konan er dáiin og það er bara þannig. En ef það er einn dropi af mínu blóði í þínum mjóa skrokki skal ég éta hattinn minn.“ Þarna er blóðið í mér að fara að sjóða, skal ég segja þér, svo ég æpti á hann, „Étt'ann þá. Étt'ann. Þú hefur ekki mikinn tíma. Ekki mikinn tíma heldur að kyssa og elska nýju konuna þína. Hún of ung fyrir þig.“ „Guð minn góður!“ sagði hann og varð rauður í framan og svo grár á litinn. Hann reyndi að standa upp en datt aftur í stólinn. Hann á stóra blekbyttu á skrifborðið, hann henti henni í hausinn á mér bölvandi en ég beygði mig og blekbyttan lenti á hurðinni. Ég verð að hlægja en flýtti mér í burt. Hann sendi peninga – ekki orð, bara peningana. Það var það síðasta sem ég sá hann.“

Daniel andaði djúpt og þurrkaði sér í framan aftur og bauð mér romm. Þegar ég þakkaði fyrir mig og hristi höfuðið hellti hann sér í hálf t glas og skellti því í sig.

„Allt þetta fyrir löngu síðan,“ sagði hann.

„Af hverju vildir þú hitta mig, Daniel?“

Það virtist renna af honum við síðasta drykkinn. Hann leit beint framan í mig og talaði eðlilegar.

„Ég krefst þess því ég hef þetta að segja. Þegar þú spyrð ef það sem ég segi er satt, þá spyrðu mig þó þér líki ekki við mig, það sé ég; en þú veist vel að bréfið mitt er engin lygi. Passaðu við hverja þú talar. Margir segja hluti á bak við þig, beint við andlitið verða þeir hræddir, eða þeir vilja ekki klúðra. Friðdómarinn sko, hann veit helling, en konan hans mjög vinsamleg með Mason-fjölskyldunni og hún stoppar hann ef hún getur. Svo er hálfbróðir minn Alexander, þeldökkur eins og ég en ekki óheppinn eins og ég, hann vill segja þér alls konar lygi. Hann var uppáhald hjá gamla karlinum og honum vegnar vel alveg frá byrjun. Já, Alexander er ríkur maður núna en hann hefur ekki hátt um það. Af því honum vegnar vel er hann tvöfaldur, hann talar ekki á móti hvíta fólkinu. Það er kona þarna uppi í húsinu hjá þér, Christophine. Hún er verst. Hún þurfti að fara frá Jamaíku af því hún lenti í fangelsi: vissir þú það?“

„Af hverju var hún sett í fangelsi? Hvað gerði hún?“

Augu hans hvörfluðu frá mér. „Ég sagði þér ég fór frá Spanish Town, ég veit ekki allt sem gerðist. Það var eitthvað mjög slæmt. Hún er obeah-kona og þeir náðu henni. Ég trúí ekki allri þessi djöflavitleysu en margir trúá. Christophine er vond kona og hún lýgur í þig meira en konan þín. Þín eigin kona talar blíðmæli og hún lýgur.“

Svarta og gyllta klukkan á veggnum sló fjögur.

Ég verð að fara. Ég verð að komast burt frá þessu gula sveitta andliti og þessu litla hatursfulla herbergi. Ég sat kyrr, dofinn, starði á hann.

„Þér líst vel á klukkuna mín?“ sagði Daniel. „Ég vann mikið til að kaupa hana. En hún er bara til að gleðja mig. Ég þarf ekki að gleðja neina konu. Kaupu þetta handa mér, kaupu hitt handa mér – djöflar í mannsmynd er mín skoðun. En Alexander, hann getur ekki látið þær í friði, og á endanum giftist hann stúlku með mjög ljósa húð, mjög virðulega fjölskyldu. Sonur hans Sandi eins og hvítur maður, en miklu myndarlegri en nokkur hvítur maður, og viðurkenndur hjá mörgum hvítum mönnum, segja þeir. Kona þín þekkir Sandi síðan fyrir löngu síðan. Spyrðu hana og hún segir þér. En ekki allt held ég.“ Hann hló. „Ó nei, ekki allt. Ég sá þau þegar þau héldu enginn sá. Ég sá hana þegar... Ertu fara, ha?“ Hann stökk í átt að dyrunum.

„Nei, þú ferð ekki fyrr en ég er búinn að segja þér eitt að lokum. Þú vilt að ég haldi kjafti um það sem ég veit. Hún byrjaði á Sandi. Þeir plata þig vel með þessi stelpa. Hún horfir beint í augun þín og talar blíðmæli – og það eru allt lygar sem hún segir þér. Allt lygar. Mamma hennar var líka svoleiðis. Þeir segja að hún er verri en mamma sín, og hún er varla meira en barn. Þú hlýtur að vera heyrnarlaus ef þú heyrir ekki fólk hlæja að þér þegar þú giftist henni. Ekki vera reiður við mig, herra. Það er ekki ég sem plata þig, það er ég sem vill opna augu þín... Hávaxinn og ágætur Englendingur eins og þú, þú vilt ekki snerta gula rottu eins og mig, ha? Ég skil þig líka vel. Þú trúir mér, en þú vilt gera allt hljóðlega eins og Englendingar geta. Allt í lagi. En ef ég loka munnum þá finnst mér þú skulda mér eitthvað. Hvað eru fimmhundrað pund fyrir þig? Fyrir mig er það lífið mitt.“

Óbeitin vall upp í mér eins og ógleði. Óbeit og bræði.

„Allt í lagi,“ æpti hann, og færði sig frá dyrunum. „Farðu þá... komdu þér út. Nú get ég sagt það. Komdu þér út. Komdu þér út. Og ef ég fæ ekki peningana sem ég vil færðu að sjá hvað ég get gert.“

„Heilsa konunni þinni – systir minni frá mér,“ kallaði hann á eftir mér illkvittnislega. „Þú ert ekki fyrstur að kyssa hennar fallega andlit. Fallegt andlit, mjúkt skinn, fallegur litur – ekki gulur eins og ég. En systir mín samt...“

Við enda stígsins, úr heyrnarfæri og augskýningu nam ég staðar. Heimurinn var

undirlagður hita og flugum, það var ægibjart eftir myrkrið í litlu herberginu. Svört og hvít geit sem tjóðruð var þar nærri starði á mig í það sem virtust margar mínútur og ég starði á móti inn í skásett, gulgræn augu hennar. Síðan gekk ég að trénu þar sem ég hafði skilið hestinn minn eftir og reið í burtu eins hratt og ég gat.

Búið var að ýta sjónaukanum til hliðar á borðinu til að rýma fyrir hálffullri karöflu af rommi og tveimur glösum á áföllnum silfurbakka. Ég hlustaði á óaflátanleg næturhljóðin úti, og horfði á hersingu af náttfiðrildum og bjöllum fljúga inn í kertalogana, hellti mér síðan rommi í glas og hvolfði í mig. Um leið fjarlægðust næturhljóðin, urðu daufari, bærileg, jafnvel viðkunnanleg.

„Viltu hlusta á mig í guðanna bænum,“ sagði Antoinette. Hún var búin að segja það áður og ég hafði ekki svarað henni, nú sagði ég, „Auðvitað. Ég væri sá fauti sem þú telur mig vafalaust vera ef ég gerði það ekki.“

„Af hverju hatar þú mig?“ sagði hún.

„Ég hata þig ekki, ég er afar mæddur þín vegna, ég er frávita,“ sagði ég. En það var ekki satt, ég var ekki frávita, ég var sallarólegur, þetta var í fyrsta skiptið sem ég var svo rólegur, með fulla sjálfstillingu, í marga daga.

Hún var í hvíta kjólnum sem ég hafði dáðst svo að, en hann hafði sigið hirðuleysislega út af annarri öxlinni og virtist of stór á hana. Ég horfði á hana halda með hægri hendi um vinstri úlnið, pirrandi vani.

„Af hverju kemur þú þá aldrei nærri mér?“ sagði hún. „Eða kyssir mig, eða talar við mig. Af hverju heldur þú að ég þoli það, hvaða ástæðu hefur þú til að fara svona með mig? Hefur þú einhverja ástæðu?“

„Já,“ sagði ég, „ég hef ástæðu,“ og bætti við lágt, „Ó guð.“

„Þú ert alltaf að ákalla guð,“ sagði hún. „Trúir þú á guð?“

„Auðvitað, auðvitað trúi ég á mátt og vísdom skapara míns.“

Hún lyfti augabrúnum og munnvik hennar sigu niður á við í háðslegri spurn. Eitt augnablik líktist hún Amelie mjög. Kannski eru þær skyldar, hugsaði ég. Það er vel mögulegt, jafnvel líklegt á þessum bölvada stað.

„Og þú,“ sagði ég. „Trúir þú á guð?“

„Það skiptir ekki máli,“ sagði hún rólega, „hverju ég trúi eða þú trúir, því við getum ekkert gert í því, við erum eins og þessi.“ Hún sópaði dauðu náttfiðrildi út af borðinu. „En ég spurði þig spurningar, manstu. Ætlar þú að svara henni?“

Ég fékk mér annan drykk og hugur minn var kaldur og skýr.

„Gott og vel, en spurning á móti spurningu. Er móðir þín á lífi?“

„Nei, hún er dáin. Hún dó.“

„Hvenær?“

„Fyrir ekki svo löngu síðan.“

„Af hverju sagðir þú mér þá að hún hefði dáið þegar þú varst barn?“

„Af því að mér var sagt að segja það og af því að það er satt. Hún dó þegar ég var barn. Það eru alltaf tveir dauðdagar, sá raunverulegi og sá sem fólk veit um.“

„Að minnsta kosti tveir,“ sagði ég, „fyrir hina heppnu.“ Við þögðum um stund, síðan hélt ég áfram, „Ég fékk bréf frá manni sem kallar sig Daniel Cosway.“

„Hann á engan rétt á að kalla sig því nafni,“ sagði hún snögg. „Hans raunverulega nafn, ef hann á nokkuð, er Boyd. Daniel Boyd. Hann hatar allt hvítt fólk, en hann hatar mig mest. Breiðir út lygar um okkur og hann er sannfærður um að þú trúir honum en hlustir ekki á hina hliðina.“

„Er einhver önnur hlið?“ sagði ég.

„Það er alltaf önnur hlið, alltaf.“

„Eftir annað bréfið frá honum, sem var hótunarkennt, hugsaði ég með mér að best væri að fara og hitta hann.“

„Þú hittir hann,“ sagði hún. „Ég veit hvað hann sagði þér. Að móðir mín hafi verið geðveik og alræmd kona og að litli bróðir minn sem dó hafi verið kretíni, örviti, og að ég sé geðveik líka. Það er það sem hann sagði, ekki satt?“

„Jú, það var það sem hann sagði, og er einhver sannleikur í því?“ sagði ég, kaldur og rólegur.

Eitt kertanna ósaði upp og ég sá baugana undir augum hennar, drúpanði munninn, magurt, tekið andlið.

„Við tölum ekki um það núna,“ sagði ég. „Hvíldu þig í kvöld.“

„En við verðum að tala um það.“ Rödd hennar var há og hvell.

„Aðeins ef þú lofar að vera róleg.“

En þetta er hvorki staður né tími, hugsaði ég, ekki á þessari löngu dimmu verönd þar sem kertaljósín eru að brenna niður og horfandi, hlustandi nóttin fyrir utan. „Ekki í kvöld,“ sagði ég aftur. „Einhvern tíma seinna.“

„Kannski mun ég aldrei geta sagt þér nokkurs staðar annars staðar eða á nokkrum öðrum tíma. Engum öðrum tíma, núna. Þú hræddur?“ sagði hún, og hermdi eftir negrarödd, syngjandi og í móðgandi tóni.

Svo sá ég hana skjálfa og mundi að hún hafði verið með gult silkisjal. Ég stóð upp

(hugur minn svo kaldur og skýr, líkami minn svo þungur og þrúgaður). Sjalið lá á stól í næsta herbergi, það voru kerti á hliðarborðinu og ég fór með þau út á veröndina, kveikti á tveimur, og lagði sjalið yfir axlir hennar. „En af hverju ekki að segja mér frá á morgun, í dagsljósinu?“

„Þú hefur engan rétt,“ sagði hún reiðilega. „Þú hefur engan rétt til að spyrja spurninga um móður mína og neita svo að hlusta á svar mitt.“

„Auðvitað hlusta ég, auðvitað getum við talað núna, ef það er það sem þú vilt.“ En tilfinningin um eitthvað ókunnugt og fjandsamlegt var mjög sterk. „Mér líður mjög mikið eins og ég sé ókunnugur hérna,“ sagði ég. „Mér finnst þessi staður vera óvinur minn og á þínu bandi.“

„Það er algjör misskilningur hjá þér,“ sagði hún. „Hann er ekki fyrir þig og ekki fyrir mig. Hann kemur hvorugu okkar við. Það er þess vegna sem þú ert hræddur við hann, af því að hann er eitthvað annað. Ég áttaði mig á því fyrir löngu síðan, þegar ég var barn. Ég elskaði hann af því að það var ekkert annað til að elska, en hann er jafn skeytingarlaus og þessi guð sem þú ákallar svo oft.“

„Við getum talað hér eða hvar annars staðar sem þér sýnist,“ sagði ég, „eins og þú vilt.“

Rommkaraflan var næstum tóm, svo ég fór aftur inn í borðstofuna, og kom út með aðra rommfloösku. Hún hafði ekkert borðað og afþakkað vín, nú hellti hún sér í glas, snerti það rétt svo með vörunum og lagði það svo frá sér aftur.

„Þig langar til að vita eitthvað um móður mína, ég skal segja þér frá henni, sannleikann, ekki lygar.“ Síðan þagði hún svo lengi að ég sagði varlega, „Ég veit að eftir að faðir þinn dó, var hún mjög einmana og óhamingjusöm.“

„Og mjög fátæk,“ sagði hún. „Ekki gleyma því. Í fimm ár. Það er svo fljótsagt. Og það er svo langur tími að lifa. Og einmanalegur. Hún var svo einmana að hún fór að forðast fólk. Slíkt kemur fyrir. Það kom fyrir mig en það var auðveldara fyrir mig því ég mundi varla nokkuð annað. Fyrir hana var það framandi og skelfilegt. Og hún var svo falleg þá. Ég hugsaði oft með mér að í hvert skipti sem hún liti í spegil hlyti hún að vona og þykjast. Ég þóttist líka. Bara eitthvað annað auðvitað. Þú getur þóst býsna lengi, en á endanum fellur allt um sjálft sig og þú ert einn. Við vorum ein á fallegasta stað í heiminum, það er ekki mögulegt að það geti nokkurs staðar annars staðar verið jafn fallegt og á Coulibri. Hafið var skammt undan en við heyrðum samt ekki til þess, við heyrðum alltaf í ánni. Engu hafi. Það var gamaldags hús og einu sinni voru göng úr kóngapálmum en mikið af þeim hafði fallið og mörg höfðu verið höggvin niður og þau sem voru eftir

voru hálfumkomulaus. Umkomulaus tré. Síðan var eittrað fyrir hestinum hennar svo hún gat ekki lengur riðið út. Hún vann í garðinum jafnvel þegar sólin var sem heitust og þau sögðu, „Farðu nú inn, frú.“

„Og hver voru þau?“

„Christophine var hjá okkur þá, og gamli garðyrkjumaðurinn hann Godfrey var áfram, og strákur sem ég man ekki hvað hét. Ójú, nú man ég. Hann hét Disastrous af því að guðmóður hans fannst það svo fallett orð. Presturinn sagði, „Ég get ekki skírt barnið Disastrous, hann verður að fá annað nafn,“ svo hann var kallaður Disastrous Thomas, við kölluðum hann Sass. Það var Christophine sem keypti handa okkur matinn í þorpinu og fékk einhverjar stúlkur til að hjálpa sér með þrif og þvott. Móðir mín sagði alltaf að við hefðum dáið ef hún hefði ekki verið áfram hjá okkur. Margir dóu á þessum tíma, bæði hvítir og svartir, sérstaklega eldra fólkið, en enginn talar um þessa tíma lengur. Þeir eru gleymdir, nema lygnar. Lygar gleymast aldrei, þær halda áfram og þær vaxa.“

„Og þú,“ sagði ég. „Hvað um þig?“

„Ég var aldrei döpur á morgnana,“ sagði hún, „og hver dagur var ferskur dagur fyrir mér. Ég man bragðið af mjólkinni og brauðinu og hægt tifið í gólfklukkunni og fyrsta skiptið sem hárið á mér var bundið með garni af því að það voru engir borðar eftir og engir peningar til að kaupa nýja. Öll heimsins blóm uxu í garðinum okkar og stundum þegar ég var þyrst sleikti ég regndropana af jasmínublöðunum eftir skúr. Ef ég gæti bara sýnt þér garðinn, af því að þeir eyðilögðu hann og núna er aðeins þetta hér eftir.“ Hún sló á enni sér. „Eitt af því besta voru bogadregin grunn þrep sem lágu niður af veröndinni og að hestasteininum, handriðið var úr skrautlegu járn.“

„Smíðajárni,“ sagði ég.

„Já, smíðajárni, og við endann á síðasta þrepinu var það bogadregið eins og spurningamerki og þegar ég lagði hendina á það var járníð heitt og ég lét huggast við það.“

„En þú sagðir að þú hefðir alltaf verið hamingjusöm.“

„Nei, ég sagði að ég hefði verið hamingjusöm á morgnana, ekki alltaf á daginn og aldrei eftir sólsetur, því eftir sólsetur var reimt í húsinu, sum hús eru þannig. Svo kom dagurinn sem hún sá að ég var að vaxa upp eins og hvítur negri og að hún skammaðist sín fyrir mig, það var eftir þann dag sem allt breyttist. Já, það var mér að kenna, það var mér að kenna að hún fór að ráðgera og vinna í æðiskasti, í æsingi í að breyta lífi okkar. Þá fór aftur að koma fólk til okkar og þó að ég hataði það ennþá og hræddist kalt, ertnislegt augnarád þess, þá lærði ég að leyna því.“

„Nei,“ sagði ég.

„Af hverju nei?“

„Þú hefur aldrei lært að leyna því,“ sagði ég.

„Ég lærði að reyna það,“ sagði Antoinette. Það hefur ekki tekist vel, hugsaði ég.

„Og svo kom nóttin sem þeir eyðilögðu hann.“ Hún hallaði sér aftur í stólnum, mjög fól. Ég hellti dálitlu rommi í glas og bauð henni, en hún ýtti glasinu frá sér svo hranalega að það sullaðist niður á kjólinn hennar. „Það er ekkert eftir núna. Þeir tröðkuðu það niður. Þetta var heilagur staður. Hann var heilagur sólinni!“ Ég fór að hugsa hve mikið af þessu væri sannleikur, hve mikið ímyndað, afbakað. Það voru vissulega mörg gömlu býlanna brennd. Það sáust rústir út um allt.

Eins og hún hefði lesið hugsanir mínar hélt hún áfram, rólega, „En ég var að segja þér frá móður minni. Ég fékk hitasótt eftir þetta. Ég var hjá Coru frænku í Spanish Town. Ég heyrði öskur og einhvern hlægja hátt. Næsta morgun sagði Cora frænka mér að móðir mín væri veik og væri farin út í sveit. Mér fannst þetta ekkert skrítið því hún var hluti af Coulibri, og ef Coulibri hafði verið eyðilaggt og horfið úr mínu lífi, virtist eðlilegt að hún gerði það líka. Ég var veik lengi. Það voru umbúðir um höfuð mitt því einhver hafði kastað í mig steini. Cora frænka sagði að það væri að gróa og myndi ekki spilla fyrir mér á brúðkaupsdaginn minn. En ég held að það hafi spillt fyrir mér á brúðkaupsdaginn og alla aðra daga og nætur.“

Ég sagði, „Antoinette, nætur þínar eru ekki eyðilagðar, né heldur dagar þínir, láttu dapurlegu hlutina fara sinn veg. Hugsaðu ekki um þá og þá verður ekkert eyðilaggt, því lofa ég þér.“

En hjarta mitt var þungt sem blý.

„Pierre dó,“ hélt hún áfram eins og hún hefði ekki heyrt í mér, „og móðir mín hataði Hr. Mason. Hún leyfði honum ekki að koma nærri sér eða snerta sig. Hún sagðist myndu drepa hann, hún reyndi það, held ég. Svo hann keypti handa henni hús og réð kynblendingskonu til að hugsa um hana. Hann var dapur í dálítinn tíma en hann fór oft frá Jamaíku og dvaldi langtímum saman á Trínidad. Hann gleymdi henni næstum.“

„Og þú gleymdir henni líka,“ gat ég ekki að mér gert að segja.

„Ég er ekki gleymin manneskja,“ sagði Antoinette. „En hún – hún vildi mig ekki. Hún ýtti mér í burtu og grét þegar ég fór að heimsækja hana. Þau sögðu mér að það gerði illt verra að ég kæmi. Fólk talaði um hana, það gat ekki látið hana í friði, það var að tala um hana og hætti ef það sá mig. Dag einn ákvað ég að heimsækja hana, ein míns liðs. Áður en ég var komin að húsinu heyrði ég hana gráta. Ég hugsaði með mér að ég myndi drepa hvern þann sem særði móður mína. Ég steig af baki og hljóp í hvelli upp á

veröndina þaðan sem ég gat séð inn. Ég man eftir kjólnum sem hún var í – mjög fleginn kvöldkjóll, og hún var berfætt. Það var feitur svartur maður með rommglas í hendi. Hann sagði, „Drekktu og þú munt gleyma.“ Hún drakk það í einum teyg. Hann skenkti henni meira og hún tók við glasinu hlæjandi og fleygði því yfir öxl sér. Það fór í mask. „Þrífðu það upp,“ sagði maðurinn, „eða hún gengur ofan í það.“

„Ef hún ganga í það bara gott,“ sagði konan. „Kannski hún þegja þá.“ Hún fór þó samt og náði í kúst og fægiskóflu og sópaði upp glerbrotin. Allt þetta sá ég. Móðir mín horfði ekki á þau. Hún gekk fram og aftur og sagði, „En óvænt ánægja, Hr. Luttrell. Godfrey, taktu hestinn hans Hr. Luttrell.“ Síðan virtist hún þreytast og hún settist í ruggustólinn. Ég sá manninn lyfta henni upp úr stólnum og kyssa hana. Ég sá munn hans festan á hennar og hún var öll lin og slöpp í örmum hans og hann hló. Konan hló líka, en hún var reið. Þegar ég sá þetta þá hljóp ég í burtu. Christophine beið eftir mér þegar ég kom til baka grátandi. „Af hverju þú vilja fara þarna upp eftir?“ sagði hún, og ég sagði, „Þegi þú, djöfullinn þinn, fjandans svarti djöfull frá helvíti.“ Christophine sagði, „Heyhey! Sjáðu hvað ég sár, sjáðu hvað ég reið!“

Eftir langan tíma heyrði ég að hún sagði eins og við sjálfa sig, „Ég hef sagt allt sem ég þarf að segja. Ég hef reynt að gera þér þetta skiljanlegt. En ekkert hefur breyst.“ Hún hló.

„Ekki hlægja svona, Bertha.“

„Ég heiti ekki Bertha; af hverju kallar þú mig Berthu?“

„Af því að það er nafn sem mér þykir afar vænt um. Fyrir mér ert þú Bertha.“

„Skiptir ekki máli,“ sagði hún.

Ég sagði, „Þegar þú fórst í morgun, hvert fórst þú þá?“

„Ég fór að hitta Christophine,“ sagði hún. „Ég mun segja þér allt sem þig langar að vita, en í fáum orðum þar sem orðin eru gagnslaus, ég veit það núna.“

„Af hverju fórst þú að hitta hana?“

„Ég fór til að biðja hana að gera svolítið fyrir mig.“

„Og gerði hún það?“

„Já.“ Önnur löng þögn.

„Þú fórst til að biðja hana um ráð, ekki satt?“

Hún svaraði ekki.

„Hvað sagði hún?“

„Hún sagði að ég ætti að fara í burtu – fara frá þér.“

„Sagði hún það, já?“ sagði ég, hissa.

„Já, það voru hennar ráð.“

„Ég vil gera það sem er best fyrir okkur bæði,“ sagði ég. „Svo margt af því sem þú segir mér er undarlegt, ólíkt því sem mér skildist að ég gæti átt von á. Heldur þú að Christophine hafi kannski rétt fyrir sér? Að ef þú færir héðan burtu eða ég færi í burtu – hvernig sem þú vildir hafa það auðvitað – um tíma, það væri kannski það viturlegasta sem við gætum gert?“ Síðan sagði ég hvasst, „Bertha, ertu sofandi, ertu veik, af hverju svarar þú mér ekki?“ Ég stóð upp, gekk að stólnum hennar og tók kaldar hendur hennar í mínar. „Við erum búin að sitja hér nógu lengi, það er orðið framorðið.“

„Farð þú,“ sagði hún, „mig langar til að vera hérna í myrkrinu... þar sem ég er best geymd,“ bætti hún við.

„Vitleysa,“ sagði ég. Ég lagði handleggina utan um hana til að hjálpa henni á fætur, ég kyssti hana, en hún færðist undan.

„Munnur þinn er kaldari en hendur mínar,“ sagði hún. Ég reyndi að hlægja. Ég lokaði gluggahlerunum inni í herberginu. „Farðu nú að sofa, við tölum betur saman á morgun.“

„Já,“ sagði hún, „auðvitað, en viltu koma inn til mín og bjóða mér góða nótt?“

„Það vil ég svo sannarlega, elsku Bertha mín.“

„Ekki Bertha í kvöld,“ sagði hún.

„Auðvitað í kvöld, af öllum kvöldum, verður þú að vera Bertha.“

„Eins og þú vilt,“ sagði hún.

Þegar ég gekk inn í herbergið hennar tók ég eftir hvítu duftinu sem stráð hafði verið á gólfið. Það var það fyrsta sem ég spurði hana um – um duftið. Ég spurði hvað það væri. Hún sagði að það væri til að fæla kakkalakkana frá.

„Hefur þú ekki tekið eftir því að það eru engir kakkalakkar í húsinu og engar margfætlur? Ef þú bara vissir hvað þessi kvikindi geta verið hræðileg.“ Hún hafði kveikt á öllum kertunum og herbergið var fullt af skuggum. Það voru sex á snyrtiborðinu og þrjú á náttborðinu. Ljósið breytti henni. Ég hafði aldrei séð hana svo káta né svo fallega. Hún hellti víni í tvö glös og rétti mér annað en ég get svarið að það var áður en ég hafði tekið sopa sem mig langaði til að fela andlit mitt í hári hennar eins og ég hafði áður gert. Ég sagði, „Við látum draugana angra okkur. Af hverju ættum við ekki að vera hamingjusöm?“ Hún sagði, „Christophine þekkir draugana líka en hún kallar þá ekki því nafni.“ Hún hefði ekki þurft að gera mér það sem hún gerði. Ég mun alltaf standa á því fastar en fótunum, að það hefði hún ekki þurft að gera. Þegar hún rétti mér glasið brosti hún. Ég man eftir að hafa sagt með röddu sem var ekki mín eigin að það væri of bjart. Ég

man eftir að hafa slökkt á kertunum á náttborðinu og það er allt sem ég man. Allt sem ég mun muna af þeirri nótt.

Ég vaknaði í myrkri eftir að hafa dreymt að ég væri grafinn lifandi, og eftir að ég var vaknaður varði köfnunartilfinningin áfram. Eitthvað lá þvert yfir munninn á mér; hár sem ilmaði höfugt. Ég bægði því frá en gat samt ekki andað. Ég lokaði augunum og lá hreyfingarlaus í nokkrar sekúndur. Þegar ég opnaði þau aftur sá ég kertin sem voru brunnin niður á þessu herfilega snyrtiborði og þá vissi ég hvar ég var. Dyrnar út á veröndina voru opnar og golan var svo köld að ég vissi að það hlyti að vera mjög snemma morguns, fyrir dögum. Mér var líka kalt, dauðakalt og óglatt og mig verkjaði. Ég fór framúr rúminu án þess að líta á hana, staulaðist inn í fataherbergið mitt og sá sjálfan mig í speglinum. Ég sneri mér strax undan. Ég gat ekki kastað upp. Ég kúgaðist aðeins heiftarlega.

Ég hugsaði, það hefur verið eitrað fyrir mér. En það var sljó hugsun, eins og þegar barn stafar orð sem það getur ekki lesið, og jafnvel þó svo væri þá skildi það ekki merkingu þess eða samhengi. Mig svimaði of mikið til að geta staðið og datt aftur fyrir mig á rúmið, horfði á teppið sem var í sérkennilegum gulum lit. Eftir að hafa starað á það dálítla stund gat ég gengið út að glugganum og kastað upp. Mér fannst líða margar klukkustundir þangað til það tók enda. Ég hallaði mér upp að veggnum og þurrkaði mér í framan, síðan byrjaði ég aftur að kúgast og kasta upp. Þegar þetta var um garð gengið lá ég á rúminu of máttfarinn til að geta hreyft mig.

Ég hef aldrei á ævi minni tekið eins rækilega á öllu sem ég á eins og á þessari stundu. Mig langaði til að liggja þarna og sofa en ég neyddi sjálfan mig til að rísa á fætur. Ég var máttfarinn og mig svimaði en ekki lengur óglatt né með verki. Ég fór í náttslöppinn og skvetti vatni framan í mig, síðan opnaði ég dyrnar inn í herbergi hennar.

Köld birtan skein á hana og ég horfði á dapurlegar drúpandi varirnar, hrukkuna á milli þykkra augnabrána hennar, djúpa eins og hún hefði verið skorin með hnífi. Á meðan ég horfði hreyfði hún sig og slengdi handleggnum til. Ég hugsaði kalt, já, falleg er hún, grannur úlnliðurinn, sætur ilmurinn af framhandlegg hennar, ávalur olnboginn, sveigjan frá öxlinni niður á upphandlegginn. Allt eins og það átti að vera. Á meðan ég horfði, haturfullur, varð andlit hennar aftur mjúkt og ungt, hún virtist jafnvel brosa. Kannski var það birtan. Hvað annað?

Hún gæti vaknað á hverri stundu, sagði ég við sjálfan mig. Ég verð að flýta mér. Rifinn undirkjöllinn hennar lá á gólfinu, ég breiddi varlega yfir hana eins og ég væri að hylja lík. Annað glasið var tómt, hún hafði klárað úr sínu. Það var örlítið vín eftir í hinu

sem lá á snyrtiborðinu. Ég dýfði fingri í það og smakkaði. Það var beiskt. Ég leit ekki á hana aftur, en með glasið í hendinni fór ég út á veröndina. Hilda var þar með sóp í hendi. Ég setti fingur á varir mér og hún leit á mig stórum augum, hermdi svo eftir mér, setti fingur á varir sínar.

Þegar ég hafði klætt mig og komið mér út úr húsinu byrjaði ég að hlaupa.

Ég man þennan dag ekki ljóst, hvert ég hljóp eða hvernig ég datt eða grét eða lá örmagna. En á endanum var ég kominn í námunda við rústirnar og villiappelsínutréd. Hér hlýt ég að hafa sofnað, með höfuðið hvílandi á örmum mér og þegar ég vaknaði var orðið framorðið og vindurinn svalur. Ég reis á fætur og rataði aftur inn á stíginn sem lá heim að húsinu. Ég kunni að forðast hvern einasta vafningsvið, og hrasaði ekki í eitt einasta skipti. Ég fór inn í fataherbergið mitt og hafi ég mætt einhverjum sá ég það ekki og hafi þeir yrt á mig heyrði ég það ekki.

Á borðinu var bakki með vatnskönnu, glasi og nokkrum brúnum fiskikökum. Ég drakk næstum allt vatnið, því ég var mjög þyrstur, en snerti ekki matinn. Ég settist á rúmið og beið, því ég vissi að Amelie kæmi og ég vissi hvað hún myndi segja: „Ég kenna í brjóst um þig.“ Hún kom hljóðlega, berfætt. „Ég færa þér eitthvað að borða,“ sagði hún. Hún kom með kaldan kjúkling, brauð, ávexti og vínflösku, og ég drakk eitt glas án þess að segja orð, síðan annað. Hún skar bita af matnum og settist hjá mér og mataði mig eins og ég væri barn. Handleggur hennar aftan við hnakka minn var heitur en þegar ég snerti hann utanverðan var hann svalur, næstum kaldur. Ég horfði í fallett tjáningarlaust andlit hennar, settist upp og ýtti diskinum frá mér. Þá sagði hún, „Ég kenna í brjóst um þig.“

„Þú hefur sagt það við mig áður, Amelie. Er það það eina línan sem þú kannt?“

Ég sá glettnisglampa í augum hennar, en þegar ég fór að hlægja lagði hún hendina blíðlega yfir munn mér. Ég dró hana niður að mér og við hlógum bæði. Það er það sem ég man best við þennan fund. Hún var svo glaðvær, svo eðlileg og eitthvað af þessari glaðværð hefur smitað mig því ég fann ekki eitt augnablik fyrir samviskubiti. Né hafði ég minnstu áhyggjur af því sem gerðist hinum megin við þunnt skilrúmið á milli herbergis míns og konu minnar.

Um morguninn leið mér auðvitað öðruvísi.

Enn ein flækjan. Afleit. Og húð hennar var dekkri, varir hennar þykkari en mig minnti.

Hún svaf djúpt og rótt en þegar hún vaknaði var einhver meðvitaður svipur á andliti hennar og augnabliki seinna hálfkæfður hlátur. Ég var ánægður og rólegur en ekki

eins glaðvær og hún, nei, svo sannarlega ekki glaðvær. Ég hafði engan áhuga á að snerta hana og hún vissi það, því hún fór snarlega fram úr og fór að klæða sig.

„Þokkafullur kjóll,“ sagði ég og hún sýndi mér hvernig hægt var að klæðast honum á allrahandu máta, dragandi eftir gólfinu, lyft svo sæist í undirpilsíð eða bundið upp langt ofan við hné.

Ég sagði henni að ég myndi yfirgefa eyjuna fljótlega en að áður en ég færi vildi ég gefa henni gjöf. Það var stór gjöf en hún tók við henni án þakka eða nokkurra svipbrigða. Þegar ég spurði hana hvað hún hygðist gera sagði hún, „Það er langt síðan ég vissi hvað ég vil gera og ég get ekki gera það hérna.“

„Þú ert nógu falleg til að geta fengið allt sem þú vilt,“ sagði ég.

„Já,“ sagði hún einfaldlega. „En ekki hérna.“

Hana langaði sem sagt til að slást í hóp með systur sinni sem var klæðskeri í Demerara, en hana langaði ekki til að vera í Demerara, sagði hún. Hana langaði til Ríó. Það væru ríkir menn í Ríó.

„Og hvenær ætlar þú að hefjast handa?“ sagði ég, og var skemmt.

„Ég byrja núna.“ Hún ætlaði að ná einhverjum af fiskibátunum frá Massacre og fara þannig til borgarinnar.

Ég hló og stríddi henni. Sagði við hana að hún væri bara að flýja gömlu kerlinguna hana Christophine.

Hún brosti ekki þegar hún sagði, „Ég er ekki illa við neinn en ég geta ekki vera hérna.“

Ég spurði hvernig hún kæmist til Massacre. „Ég vil engan hest eða múlasna,“ sagði hún. „Fæturnir mínir nógu sterkir að bera mig.“

Þegar hún var í þann veginn að fara stóðst ég ekki mátið að segja, ögn löngunarfullur, ögn sigri hrósandi, „Jæja, Amelie. Kennir þú ennþá í brjósti um mig?“

„Já,“ sagði hún, „ég kenna í brjóst um þig. Ég hef hjarta í mér til að kenna í brjóst um hana líka.“

Hún lokaði dyrunum varlega. Ég lá og hlustaði eftir því hljóði sem ég bjóst við að heyra, hófahljóðinu þegar konan mín yfirgaf húsið.

Ég sneri mér á hina hliðina og svaf þangað til Babtiste vakti mig með kaffi. Hann var þungbúinn á svip.

„Kokkurinn er að fara núna,“ tilkynnti hann.

„Af hverju?“

Hann ypti öxlum og glennti út fingur sína.

Ég stóð upp, leit út um gluggann og sá hana strunsa út, vörpuleg kona. Hún talaði enga ensku, eða sagðist ekki tala hana. Þessu hafði ég gleymt þegar ég sagði, „Ég verð að tala við hana. Hvaða stóri pinkill er þetta sem hún er með á höfðinu?“

Dýnan hennar,“ sagði Babtiste. „Hún kemur aftur og sækja rest. Þýðir ekkert að tala við hana. Hún getur ekki verið í þessu húsi.“

Ég hló.

„Ert þú að fara líka?“

„Nei,“ sagði Babtiste. „Ég er umsjónarmaður hér.“

Ég tók eftir því að hann kallaði mig ekki „herra.“

„Og stúlkan litla, hún Hilda?“

„Hilda gerir eins og ég segi henni að gera. Hilda verða kyrr.“

„Fyrirtak,“ sagði ég. „Af hverju ertu þá svona áhyggjufullur? Húsmóðir þín kemur fljótlega til baka.“

Hann ypti öxlum og muldraði eitthvað, en hvort sem hann var að tala um siðferði mitt eða þá vinnu sem hann þyrfti að taka á sig aukalega vissi ég ekki, því hann muldraði það á búramáli.

Ég sagði honum að skella einu hengirúminu undir sedrustrén og þar varði ég restinni af deginum.

Babtiste færði mér mat, en hann brosti sjaldan og sagði aldrei orð nema hann væri að svara spurningu. Konan mín kom ekki til baka. Ég var þó hvorki einmana né vansæll. Sól, svefn og svalt árvatnið nægðu mér. Á þriðja degi skrifaði ég varfærnislegt bréf til Hr. Fraser.

Ég sagði honum að ég væri að skoða bók um obeah og hefði munað eftir sögunni um málið sem hann hefði farið með. Vissi hann eitthvað um dvalarstað konunnar? Væri hún ennþá á Jamaíku?

Þetta bréf var sent með sendiboðanum sem kom tvisvar í viku og hann hlýtur að hafa svarað því um leið því ég fékk bréf til baka frá honum aðeins nokkrum dögum seinna.

Ég hef oft hugsað til þín og konu þinnar. Og hafði hugsað mér að skrifa þér. Ég hef sannarlega ekki gleymt þessu máli. Umrædd kona hét Josephine eða Christophine Dubois, eða eitthvað þvílíkt og var þjónn hjá Cosway-fjölskyldunni. Eftir að hún kom út úr fangelsinu hvarf hún, en það var opinbert leyndarmál að gamli Hr. Mason hafði vingast við hana. Ég heyrði að hún ætti eða að henni hefði verið gefið lítið hús og landskiki nærri Granbois. Hún er þrýðisvel gefin á sinn hátt og getur vel tjáð sig, en ég

kunni alls ekki við hana, og ég held að hún sé hættuleg manneskja. Konan mín hélt því fram að hún hefði farið aftur til Martiník þaðan sem hún kemur, og komst í mikið uppnám yfir því að ég skyldi vera að nefna þetta mál, þó svona óbeint væri. Nú vill svo til að ég veit að hún sneri ekki aftur til Martiník, þannig að ég hef nú, svo lítið ber á, skrifað honum Hill, hvíta lögregluvarðstjóranum í bænum hjá þér. Ef hún býr þar einhvers staðar nærri og fer að vera með einhvern sinn vitleysisgang láttu hann þá strax vita. Hann sendir þér þá tvo lögregluþjóna og hún mun ekki sleppa svo auðveldlega í þetta skiptið. Ég mun sjá til þess...

Þannig fór nú það, Josephine eða Christophine, hugsaði ég. Þannig fór nú það, Pheena.

Það var þessum hálf tíma eftir sólsetur, bláa hálf tímanum eins og ég kallaði hann með sjálfum mér. Vindinn lægir, birtan er svo falleg, fjallsbrúnirnar svo skarpar, hvert lauf á hverju tré er skýrt og greinilegt. Ég sat í hengirúminu, fylgdist með Antoinette koma ríðandi heim. Hún fór fram hjá mér án þess að líta á mig, steig af baki og fór inn í húsið. Ég heyrði hana skella svefnherbergisdýrunum og hringja handbjöllunni kröftuglega. Babtiste kom hlaupandi eftir veröndinni. Ég stóð upp úr hengirúminu og fór inn í setustofuna. Hann hafði opnað skápinn og tekið út rommflösku. Hann hellti slurk úr henni í karöflu og lagði hana á bakka ásamt glasi.

„Handa hverjum er þetta?“ sagði ég. Hann svaraði ekki.

„Er það hestaskálin?“ sagði ég og hló.

„Ég vil ekki vita neitt um allt þetta,“ sagði hann.

„Babtiste!“ kallaði Antoinette hárrí röddu.

„Já, frú.“ Hann leit hvasst á mig og fór út með bakkann.

Ég sá skugga gömlu konunnar áður en ég sá hana sjálfa. Hún gekk fram hjá mér án þess svo mikið sem að líta á mig. Hún fór ekki heldur inn í herbergi Antoinette og leit ekki í áttina að því. Hún gekk eftir veröndinni, niður þrepin hinum megin, og fór inn í eldhúsið. Á þessum stutta tíma var orðið aldimmt og Hilda kom til að kveikja á kertunum. Þegar ég talaði til hennar leit hún felmtruð á mig og hljóp í burtu. Ég opnaði skápinn og horfði á raðirnar af flöskunum í honum. Þarna var rommið sem drægi mann hægt til dauða, brandífið, rauðvínið og hvítvínið, líklega smyglað inn frá St. Pierre á Martiník – París Vestur-Indíanna. Ég kaus rommið. Já, það var milt við góminnn, ég beið augnablik eftir hitasprengringunni í brjóstkassanum, kraftinum og hitanum flæðandi um líkama minn. Síðan reyndi ég við hurðina á herbergi Antionette. Hún gaf örlítið eftir. Hún hlýtur að

hafa ýtt einhverjum húsgögnum upp að henni, sennilega kringlótta borðinu. Ég ýtti aftur við henni og dyrnar opnuðust rétt nóg til að ég gæti aðeins séð hana. Hún lá á bakinu á rúminu. Augu hennar voru lokuð og andardrátturinn þungur. Hún hafði dregið teppið upp að höku. Á stól við hliðina á rúminu stóð tóm karaflan, glas með örlítilli rommlögg og litla messinghandbjallan.

Ég lokaði dyrunum og settist niður með olnbogana á borðinu því ég taldi mig vita hvað myndi gerast og hvað ég þyrfti að gera. Mér fannst yfirmáta heitt í herberginu, svo ég slökkti á flestum kertunum og beið í hálförökrinu. Síðan fór ég út á veröndina til að fylgjast með eldhúsdyrnunum því þar sá ég ljósrönd.

Brátt kom litla stúlkan út og Babtiste á eftir henni. Á sömu stundu hringdi handbjallan í svefnherberginu. Þau fóru bæði inn í setustofuna og ég fylgdi á eftir. Hilda kveikti á öllum kertunum og skotraði hræðslulegum augum í áttina til mín. Handbjallan hringdi án afláts.

„Blandaðu mér einn sterkan, Babtiste. Eins og ég þarf hann núna.“

Hann steig eitt skref frá mér og sagði, „Fröken Antoinette –“

„Babtiste, hvar ertu?“ kallaði Antoinette. „Af hverju kemur þú ekki?“

„Ég kem eins fljót og ég get,“ sagði Babtiste. En þegar hann teygði sig eftir flöskunni tók ég hana af honum.

Hilda hljóp út úr stofunni. Babtiste og ég stöðum hvor á annan. Mér fundust útstæð augu hans og fullkomlega ráðvilltur svipurinn mjög broslæg.

Antoinette æpti frá svefnherberginu, „Babtiste! Christophine! Pheena, Pheena!“

„*Que komesse!*“ sagði Babtiste. „Ég sæki Christophine.“

Hann hljóp næstum eins hratt og stelpan hafði gert.

Dyrnar að herbergi Antoinette opnuðust. Þegar ég sá hana var mér svo brugðið að ég kom ekki upp orði. Hár hennar hékk ógreitt og líflaust niður yfir augu hennar, sem voru þrútin og starandi, andlit hennar rautt og bólgið að sjá. Hún var berfætt. Þegar hún talaði var rödd hennar hins vegar lág, nánast óheyranleg.

„Ég hringdi bjöllunni af því að ég var þyrst. Heyrði enginn í mér?“

Áður en ég náði að stöðva hana stökk hún að borðinu og greip rommflöskuna.

„Drekktu nú ekki meira,“ sagði ég.

„Og hvaða rétt hefur þú til að að segja mér hvað ég á að gera? Christophine!“ kallaði hún aftur, en rödd hennar brast.

„Christophine er ill gömul kerling og þú veist það alveg jafn vel og ég,“ sagði ég.

„Hún verður hérna varla mikið lengur.“

„Hún verður hérna varla mikið lengur,“ hermdi hún eftir mér, „og þú ekki heldur, þú ekki heldur. Ég hélt að þú værir svo hrifinn af svarta fólkinu,“ sagði hún, ennþá með þessari eftirhermurödd, „en það er bara lygi eins og allt annað. Þú ert hrifnari af brúnu stelpunum, ekki satt? Þú hrakyrtir plantekrueigendurna og skáldaðir upp sögur um þá en gerir svo nákvæmlega sömu hluti og þeir. Þú ert bara fljótari að senda stelpuna í burtu og lætur hana hafa enga eða minni peninga, það er allur munurinn.“

„Þrælalald var ekki spurning um að líka eða mislíka,“ sagði ég, og reyndi að halda ró minni. „Það var spurning um réttlæti.“

„Réttlæti,“ sagði hún. „Ég hef heyrt það orð áður. Það er kalt orð. Ég prófaði það,“ sagði hún, enn lágri röddu. „Ég skrifaði það niður. Ég skrifaði það niður nokkrum sinnum og það leit alltaf út eins og kaldranaleg fjandans lygi í mínum augum. Það er ekkert réttlæti til.“ Hún fékk sér meira af romminu og hélt svo áfram, „Móðir mín, sem þið talið öll um, hvaða réttlætis naut hún? Móðir mín, sitjandi í ruggustól, talandi um dauða hesta og dauða hestasveina og einhver svartur skratti að kyssa döpru varirnar hennar. Eins og þú kysstir mínar,“ sagði hún.

Það var orðið óbærilega heitt í stofunni. „Ég ætla að opna gluggann og hleypa dálitlu lofti inn,“ sagði ég.

„Hann hleypir líka nóttinni inn,“ sagði hún, „og tunglinu og ilminum af þessum blómum sem þú þolir ekki.“

Þegar ég sneri mér frá glugganum sá ég að hún var að fá sér sopa aftur.

„Bertha,“ sagði ég.

„Ég heiti ekki Bertha. Þú ert að reyna að gera mig að einhverri annarri, með því að kalla mig öðru nafni. Ég veit, það er líka obeah.“

Tár streymdu úr augum hennar.

„Ef faðir minn, minn raunverulegi faðir, væri á lífi þá myndir þú ekkert vera að flýta þér hingað í hvelli þegar hann væri búinn að afgreiða þig. Ef hann væri á lífi. Veistu hvað þú hefur gert mér? Það er ekki stelpa, ekki stelpa. En ég elskaði þennan stað og þú hefur breytt honum í stað sem ég hata. Ég hugsaði oft að ef allt annað brygðist mér í lífinu þá hefði ég altént þetta, og nú ert þú búinn að eyðileggja það. Ég hef bara verið óhamingjusöm annars staðar og nú blikna allir þeir hlutir í samanburði við það sem gerst hefur hér. Nú hata ég staðinn eins og ég hata þig og áður en ég dey vil ég sýna þér hvað ég hata þig mikið.“

Mér til mikillar undrunar hætti hún að gráta og sagði, „Er hún svona miklu fallelgri en ég? Elskar þú mig alls ekki neitt?“

„Nei, ég elska þig ekki,“ sagði ég (á þeirri sömu stundu mundi ég eftir að Amelie hafði sagt, „Finnst þér ekki hárið mitt fallett? Er það ekki meira fallett en hennar?“).

„Ekki á þessari stundu,“ sagði ég.

Hún hló. Brjálæðislegum hlátri.

„Sjáðu til. Þannig ert þú. Steinn. En mér var nær því hvað sagði ekki Cora frænka við mig að ég skyldi ekki giftast þér. Ekki þó hann væri úr demöntum gjörður. Og margt fleira sagði hún við mig. Ertu að tala um England, sagði ég, og ertu að tala um afa að rétta glasið yfir vatnsflöskuna, með tárin streymandi niður andlitið yfir öllum vinunum sem horfnir eru yfir móðuna miklu, og hann mun aldrei sjá frammar. Það hafði ekkert með England að gera svo ég vissi til, sagði hún. Þvert á móti:

Bogin fótur og boginn leggur

fyrir Charlie yfir vatnið.

Charlie, Charlie.“

söng hún hástri röddu. Og lyfti flöskunni til að fá sér sopa.

Ég sagði, og rödd mín var ekki mjög styrk, „Nei.“

Mér tókst að halda um úlnið hennar með annarri hendi og á rommflöskunni í hinni en þegar ég fann tennur hennar á handlegg mínum missti ég flöskuna. Lyktin fyllti stofuna. En nú var ég orðinn reiður og hún sá það. Hún braut aðra flösku á veggnum og stóð með brotið glerið í hendinni og drápsglampa í augum.

„Vogaðu þér ekki að snerta mig. Þú færð þá fljótt að sjá hvort ég er sama helvítis gungan og þú.“

Síðan bölvaði hún mér allítarlega, augum mínum, munninum, hverjum líkamshluta mínum, og það var eins og í draumi í stórri, óinnréttaðri stofunni með flöktandi kertaljósín og þessa rauðeygðu, úfnu framandi manneskju sem var konan mín, æpandi ókvæðisorðum að mér. Það var á þessari martraðarstundu sem ég heyrði rólega rödd Christophine.

„Svona, þagna nú og vera hljóð. Og ekki gráta. Ekki til neins að gráta við hann. Ég sagði það áður. Grátur gerir ekkert.“

Antoinette hrundi niður á sófann og hélt áfram að snökta. Christophine leit á mig og smá augu hennar voru afar döpur. „Af hverju þú gera þetta, ha? Af hverju taka þú ekki þessa einskisnýta stelpa eitthvað burt? En hún elska peninga eins og þú elska peninga – af því vera þið saman hlýtur að vera. Líkur sækja líkan sér.“

Ég þoldi ekki lengur við og aftur fór ég út á veröndina og settist niður.

Það blæddi úr handleggnum á mér og ég fann til í honum svo ég batt vasaklútinn minn um hann, en það var eins og allt umhverfi mitt væri mér fjandsamlegt. Sjónaukinn

færði sig fjær og sagði ekki snerta mig. Trén höfðu í hótunum við mig og skuggar trjáanna sem færðust hægt yfir gólfið ógnuðu mér. Þessi græna ógn. Ég hafði fundið fyrir henni frá því ég kom fyrst til þessa staðar. Það var ekkert sem ég þekkti, ekkert mér til huggunar.

Ég hlustaði. Christophine var að tala lágum rómi. Konan mín grét. Síðan lokuðust dyr. Þær voru farnar inn í svefnherbergið. Einhver söng „*Ma belle ka di*“, eða var það lagið um einn dag og þúsund ár. Hvað sem verið var að syngja þá var það hættulegt. Ég yrði að vernda sjálfan mig. Ég gekk hljóðlega eftir dimmri veröndinni. Ég sá Antoinette liggja endilanga og grafkyrra á rúminu. Eins og brúðu. Meira að segja þegar hún ógnaði mér með flöskunni var yfir henni þokki leikbrúðunnar. „*Ti moun*“,“ heyrði ég og, „*Do do l'enfant do*.“³ Ég hlustaði og fann að mig var farið að syfja og mér var orðið kalt.

Ég staulaðist aftur inn í kertalýsta stofuna sem angaði ennþá af rommi. Þrátt fyrir það opnaði ég skápinn og náði í aðra flösku. Það var það sem ég var að hugsa þegar Christophine kom inn. Ég var að hugsa um síðasta sterka drykkinn inni í herberginu mínu, báðar dyr læstar, og svo færi ég að sofa.

„Ég vona þú ánægður, ég vona þú mjög ánægður,“ sagði hún, „og þýða ekkert að byrja með lygi þína við mig. Ég vita hvað þú gera með þessi stelpa eins vel og þú. Betra. Ekki halda ég vera hrædd við þig heldur.“

„Svo hún hefur rokið af stað til að segja þér hvað ég hefði farið illa með hana, eða hvað? Ég hefði mátt vita það.“

„Hún segir ekki mér neitt,“ sagði Christophine. „Ekki neitt. Alltaf eins. Enginn stoltur nema þú. Hún er meira stolt en þú en hún segir ekki neitt. Ég sá hana standa í dyrnar hjá mér með þennan svip á andlitinu og ég veit að eitthvað kom fyrir hana. Ég veit ég þarf bregðast skjótt við og ég geri það.“

„Það lítur sannarlega út fyrir að þú hafir brugðist við. Og hvað gerðir þú áður en þú komst með hana í þessu ástandi?“

„Hvað geri ég! Sjáðu til! Ekki ögra mér meira en þú ert búin að ögra mér nú þegar. Best ég ekki segi neitt. Þú vilt vita hvað ég geri? Ég segi doudou, ef þú í vandræðum þá rétt að koma til mín. Og ég kyssi hana. Það er þegar ég kyssi hana að ég sé hún grætur – ekki fyrr. Það er langur tími sem hún heldur það inni, held ég. Svo ég leyfi henni að gráta. Það er það fyrsta til að gera. Láta þau gráta. Það léttir á hjartað. Þegar hún getur ekki grátið meira gef ég henni bolla af mjólk – heppin að ég á smá. Hún vill ekki borða, hún

³ „*Ti moun*“ þýðir „litla barn“; „*doudou ché*“ þýðir „elskan litla“ og „*Do do l'enfant do*“ þýðir „sofðu sofðu barnið sofðu.“

vill ekki tala. Svo ég segi, „Leggðu þig niður í rúmið, doudou og reyndu að sofa, ég get sofið á gólfíð, ekki hafa áhyggjur af mér.“ Hún getur ekki sofið eðlilega en ég get látið hana sofa. Ég geri það. Það sem þú gerir – þú borgar fyrir það dag einn.“

„Þegar þær verða svona,“ sagði hún, „verða þær fyrst að gráta, svo verða þær að sofa. Ekki tala við mig um lækni. Ég vita meira en neinn lækni. Ég háttaði Antoinette svo hún getur sofið í friði, þá sá ég hvað þú varst ruddalegur við hana, ha?“

Á þessum tímapunkti hló hún – hjartanlegum, glaðlegum hlátri. „Allt þetta bara smámál – þetta er ekki neitt. Ef þú hefðir séð það sem ég sá á þessum stað með sveðjan glampanði í hornið, þú ekki vera hissa á svona smámál. Þú lætur hana elska þig meira ef það er það sem þú vilt. Það ekki út af því sem hún hefur þennan dauðasvip á andlitinu. Ónei.“

„Eina nótt,“ hélt hún áfram, „hélt ég á nefinu af konu því maðurinn hennar skar það næstum af með sveðjunni. Ég hélt á því, ég sendi strák að sækja lækni og lækni kom á harðaspretti um miðja nótt og saumaði konuna saman. Þegar hann var búinn sagði hann við mig, „Christophine, þú ert mjög skynsöm.“ Það segja hann við mig. Núna grét maðurinn eins og smábarn. Hann sagði, „Lækni, ég ætla ekki að gera það, það bara gerast.“ „Ég veit, Rupert,“ segja lækni, „en það má bara ekki gerast aftur. Af hverju geymdir þú ekki helvítis sveðjuna í hinu herberginu?“ sagði hann. Þau voru bara með tvö lítil herbergi svo ég sagði, „Nei, lækni – það miklu verra nærri rúmið. Þau myndu skera hvort annað í bita á skömmum tíma.“ Lækni hló og hló. Ó, hann var svo góður lækni. Þega hann var búinn með nefið á þessari konu þá segi ég ekki að það hafi verið eins og það var áður en maður tók ekki mikið eftir því. Rupert var nafnið á þessum manni. Margir Rupert hér, hefur þú tekið þú eftir því? Einn er Rupert prins, og einn sem gerir lög er Rupert af Rín. Sástu hann? Hann selur lög sín við brúna þarna í borginni. Það var í borginni sem ég bjó fyrst þegar ég koma til Jamaíku. Fallegt nafn, ha – Rupert – en hvaðan kemur það? Ég held það er frá gamla tímanum sem þeir fengu það.

Þessi lækni gamaldags lækni. Þeir nýju, mér líkar ekki við þá. Fyrsta orð í þeirra munni er lögreglan. Lögreglan – það er eitthvað sem mér líkar ekki.“

„Því trúir ég vel,“ sagði ég. „En þú hefur ekki sagt mér hvað gerðist þegar konan mín var hjá þér. Eða hvað þú gerðir nákvæmlega.“

„Konan þín!“ sagði hún. „Þú lætur mig hlæja. Ég veit ekki allt sem þú gerðir en ég veit sumt. Allir vita að þú giftist henni fyrir peningana hennar og þú tókst þá alla. Og svo vilt þú brjóta hana niður, því þú ert afbrýðisamur út í hana. Hún meira betri en þú, hún hefur betra blóð í sér og henni sama um peninga – þeir eru ekkert fyrir henni. Ó, ég sá það

um leið þegar ég sá þig fyrst. Þú ert ungur en þú ert strax harður. Þú plataðir stelpuna. Þú lést hana trúa að þú sæir ekki sólina fyrir henni.“

Það var þannig, hugsaði ég. Það var þannig. En best að segja ekkert. Þá fara þær örugglega báðar í burtu og það kemur að mér að sofa – langur og djúpur, verður minn svefn, og langt langt héðan.

„Og síðan,“ hélt hún áfram sinni dómara röddu, „þú elskaðir hana þangað til hún ölvuð af því, ekkert romm getur gert hana svo ölvada, þangað til hún ekki getur lifað án þess. Nú er það *hún* sem sér ekki sólina lengur. Bara þú sem hún sér. En þú vilt bara brjóta hana niður.“

(Ekki á þann hátt sem þú meinar, hugsaði ég)

„En hún hélt út, ha? Hún hélt út.“

(Já, hún hélt út. En sú synd)

„Svo þykist þú trúa allar lygar sem þessi fjandans skratti segir þér.“

(Sem þessi fjandans skratti segir þér)

Nú bergmálaði hvert orð sem hún sagði, bergmálaði hátt í höfði mér.

„Svo þú getur látið hana eiga sig.“

(Látið hana eiga sig)

„Og ekkert segja henni af hverju?“

(Af hverju?)

„Engin meiri ást, ha?“

(Engin meiri ást)

„Og það,“ sagði ég kuldalega „var þá sem þú tókst stjórnina, ekki satt? Þú reyndir að eittra fyrir mér.“

„Eittra fyrir þér? Nei, heyrðu mig nú vandræðin, maðurinn er brjáláður! Hún kom til mín og bað mig um eitthvað til að láta þig elska hana aftur og ég sagði nei ég blanda mér ekki í svoleiðis fyrir *bekè*. Ég segi við hana að það er kjánaskapur.“

(Kjánaskapur, kjánaskapur)

„Og jafnvel þó það er enginn kjánaskapur, er það of sterkt fyrir *bekè*.“

(Of sterkt fyrir bekè, of sterkt)

„En hún grætur og hún biður mig.“

(Hún grætur og hún biður mig)

„Svo ég gef henni eitthvað til að láta elska.“

(Til að láta elska)

„En þú elskar ekki. Þú gerir ekki annað en brjóta hana niður. Og það hjálpar þér að

brjóta hana niður.

(Brjóta hana niður)

„Hún segir mér á meðan allt þetta gengur á þá fyrst þú að kalla hana önnur nöfn. Marionette. Eitthvað svoleiðis.“

„Já, ég man að ég gerði það.“

(Marionette, Antoinette, Marionetta, Antoinetta)

„Þetta orð þýðir brúða, ha? Af því hún segir ekki neitt. Þú vilt þvinga hana til að gráta og tala.“

(Þvinga hana til að gráta og tala)

„En hún vill það ekki. Svo þér dettur annað í hug. Þú kemur með þessa einskis verðu stelpu til að leika með í næsta herbergi og þú talar og hlærð og elskar svo hún heyrir allt. Þú vilt láta hana heyra allt.“

Já, það gerðist ekki bara. Ég lét það gerast.

(Ég lá vakandi alla nóttina eftir að þau voru sofnuð, og um leið og bjart var orðið fór ég á fætur, klæddi mig og söðlaði Preston. Og ég kom til þín. Ó, Christophine. Ó, Pheena, Pheena, hjálpaðu mér.)

„Þú hefur ekki ennþá sagt mér hvað þú gerðir við konu – við Antoinette.“

„Jú, ég sagði þér það. Ég lét hana sofa.“

„Hvað meinar þú? Allan tímann?“

„Nei, nei. Ég vakti hana til að sitja úti í sólinni, baða í svölu ánni. Jafnvel þó hún datt næstum út af að sofa. Ég gerði sterka súpu. Ég gaf henni mjólk, ég gaf henni ávexti sem ég tindi af trjánum. Ef hún vildi ekki borða þá sagði ég, „Borðaðu það fyrir mig, *doudou*.“ Og hún borðaði það allt, sofnaði svo aftur.“

„Og af hverju gerðir þú þetta allt?“

Það varð löng þögn. Svo sagði hún, „Það er betra að hún sefur. Hún verður að sofa á meðan ég vinn fyrir hana – til að gera hana fríska aftur. En ég tala ekki um það allt við þig.“

„Til allrar óhamingju þá tókst þér ekki að lækna hana. Þú gerðir hana ekki hressari, þú gerðir hana verri.“

„Jú, mér tókst það víst,“ sagði hún reiðilega. „Mér tókst það. En ég óttast hún sofi of mikið, of lengi. Hún er ekki *bekè* eins og þú, en hún samt *bekè*, og ekki heldur eins og við. Það kom morgunn sem hún gat ekki vaknað, eða ef hún vaknaði þá eins og hún er ennþá sofandi. Ég vildi ekki gefa henni meira af – því sem ég gaf henni. Svo, „hélt hún áfram eftir stundarþögn, „ég gaf henni romm í staðinn. Ég veit það gerir henni ekki mein.“

Ekki mikið. Um leið og hún fékk rommið byrjaði hún að rugla um að fara aftur til þín og ég gat ekki þaggað niður í henni. Hún sagðist fara ein ef ég kæmi ekki með en hún grátbað mig að koma með. Og ég heyrði vel þegar þú sagðir henni að þú elskar hana ekki – svo rólega og kuldalega sagðir þú það við hana, og eyðilagðir allt gott sem ég var búin að gera.“

„Það var þá gott sem þú gerðir! Ég er búinn að fá mig svo fullsaddan af vitleysunni í þér, Christophine. Þú virðist hafa gert hana svo dauðadrukna af vondu rommi að hún var algjört flak. Ég þekkti hana varla fyrir sömu manneskju. Ekki veit ég af hverju þú gerðir það – af hatri á mér væntanlega. Og þar sem þú heyrðir þetta allt þá varst þú kannski að hlusta á allt sem hún viðurkenndi – státaði sig af, og öll ógeðslegu nöfnin sem hún kallaði mig. Hún *doudou* þín kann sko nóg af soramáli.“

„Ég segi þér nei. Ég segi að það er ekki neitt. Þú gerðir hana svo óhamingjusama að hún vissi ekki hvað hún sagði. Faðir hennar, gamli Hr. Cosway bölvaði eins og andskotinn – hún lærði það frá hann. Og einu sinni, þegar hún var lítil þá hljóp hún í burtu til að vera hjá fiskimönnunum og sjórunum við flóann. Þeir menn!“ Hún beindi augunum upp í loft með hneykslunarsvip. „Ekki hægt að ímynda sér að þeir voru einu sinni saklaus börn. Hún kom til baka og hermdi eftir þeir. Hún skildi ekki hvað hún sagði.“

„Ég held að hún hafi skilið hvert einasta orð, og meint það sem hún sagði líka. En það er rétt sem þú sagðir, Christophine – þetta var mjög lítið. Þetta var ekki neitt. Engin sveðja hér á ferð svo það var enginn skaði af henni. Enginn skaði í þetta sinn. Ég er viss um að þú sást til þess þrátt fyrir það hvað þú varst búin að hella hana fulla.

„Þú ert helvíti harður maður af svo ungum manni.“

„Þú segir það, þú segir það.“

„Ég sagði henni það. Ég varaði hana við. Ég sagði að þetta er ekki maður sem hjálpar þegar hann sér þig brotna niður. Bara þeir bestu gera það. Þeir bestu – og stundum þeir verstu.“

„En þú álítur mig með þeim verstu, það hlýtur að vera?“

„Nei,“ sagði hún tómlega, „fyrir mér ert þú ekki bestur, ekki verstur. Þú ert –“ hún yppti öxlum, „– þú hjálpar henni ekkert. Ég sagði henni það.“

Kertin voru nærri öll brunnin upp. Hún kveikti ekki á nýjum – ég ekki heldur. Við sátum í hálförökrinu. Ég ætti að stöðva þessar gagnslausu samræður, hugsaði ég, en gat ekki annað en hlustað, dáleiddur, á dimma rödd hennar koma út úr myrkrinu.

„Ég þekki þessa stúlku. Hún biður þig aldrei frammar um ást, hún deyr frekar. En ég

Christophine, grátbið þig. Hún elskar þig svo mikið. Hún þyrstir í þig. Bíddu, og kannski þú getir elskað hana aftur. Bara svolítið, eins og hún segir. Svólítið. Eins og þú getur elskað.“

Ég hristi höfuðið og hélt áfram að hrista það vélrænt.

„Það eru lygar, allt sem þessi guli skratti segir þér. Hann er heldur enginn Cosway. Mamma hans var ómerkileg kona og reyndi að plata gamla manninn en gamli maðurinn lét ekki plata sig. „Einn enn, til eða frá“ sagði hann og hló. Það var ekki rétt. Meira sem hann gerði fyrir þetta fólk, meira þau hötuðu hann. Hatrið í þessum manni Daniel – hann finnur enga ró í sér. Ef ég hefði vitað að þú værir að koma hérna þá hefði ég stoppað þig. En þú giftist fljótt, þú yfirgafst Jamaíku fljótt. Enginn tími.“

„Hún sagði mér að allt sem hann hefði sagt væri satt. Hún var ekki að ljúga þá.“

„Af því þú særðir hana þá hún vildi særa þig líka, það var af því.“

„Og að móðir hennar hafi verið geðveik. Önnur lygi?“

Christophine svaraði mér ekki strax. Þegar hún gerði það var röddin eilítið óstyrk.

„Þau ráku hana til þess. Þegar hún missti drenginn sinn missti hún sig sjálfa um tíma og þau lokuðu hana inni. Þau sögðu henni að hún er brjáluð, létu eins og hún er geðveik. Spyrja, spyrja. En ekki eitt huggandi orð, engir vinir, og maðurinn hennar fór líka, skildi hana eftir. Þau leyfðu mér ekki sjá hana. Ég reyndi, en nei. Þau leyfðu ekki Antoinette sjá hana heldur. Á endanum – geðveik veit ég ekki – hún gafst upp, sama um allt. Þessi maður sem passaði hana misnotaði hana hvenær sem hann vildi og konan hans kjaftaði. Þessi maður, og fleiri. Og þá höfðu þeir hana. Æi, það er enginn guð.

„Bara andarnir þínir,“ minnti ég hana á.

„Bara andarnir mínir,“ sagði hún stillilega. „Í Biblíunni þinni stendur að guð er andi – það segja engir aðrir. Alls engir. Það gerði mig dapra hvað kom fyrir mömmu hennar, og ég get ekki horft á það aftur. Þú kallar hana brúðu? Hún gerir þig ekki ánægðan? Prófaðu einu sinni enn, ég held hún geri þig ánægðan núna. Ef þú yfirgefur hana þá tæta þau hana í sig – eins og mömmu hennar.“

„Ég yfirgef hana ekki,“ sagði ég þreytulega. „Ég mun gera allt sem ég get fyrir hana.“

„Þú elskar hana eins og áður?“

(Kysstu systur mína, konuna þína, frá mér. Elskaðu hana eins og ég gerði – ójá, það gerði ég. Hvernig get ég lofað því?) Ég sagði ekkert.

„Það er hún sem ekki getur verið ánægð. Hún er kreólastelpan, og hún hefur sólina í sér. Segðu sannleikann núna. Það var ekki hún sem kom til húsið þitt í Englandi sem þeir

segja mér frá, það var ekki hún sem kom og bað þig að giftast sér. Nei, það varst þú sem komst alla löngu leiðina til hennar húss – það varst þú sem baðst hana að giftast. Og hún elskaði þig og gaf þér allt sem hún á. Nú segist þú ekki elska hana og brýtur hana niður. Hvað gerðir þú við peningana hennar, ha?“ Rödd hennar var ennþá lágvær en hún hljómaði hvæsandi þegar hún sagði „peningana.“ Auðvitað hugsaði ég, svo þetta er það sem allt ruglumbullið snýst um. Ég var ekki lengur ringlaður, þreyttur, hálf dáleiddur, heldur vökull og tortrygginn, tilbúinn að verja sjálfan mig.

Af hverju, vildi hún vita, gæti ég ekki skilað helmingnum af heimanmundi Antoinette og yfirgefið eyjuna – „Yfirgefið Vestur-Indíur ef ég vildi hana ekki lengur.“

Ég spurði hvaða upphæð hún hefði í huga, en hún var eitthvað óræð um það.

„Þú ræðir það við lögfræðinga og svoleiðis.“

„Og hvað verður þá um hana?“

Hún, Christophine, myndi hugsa vel um hana (og peningana, auðvitað).

„Verðið þið þá báðar áfram hér?“ Ég vonaði að rödd mín væri eins mjúk og hennar. Nei, þær myndu fara til Martiník. Síðan til annarra staða.

„Mig langar að sjá heiminn áður en ég dey.“

Kannski var það vegna þess hve hljóður og rólegur ég var sem hún bætti við illgirnislega, „Hún giftast einhverjum öðrum. Hún gleymir þér og lifir hamingjusöm.“

Reiði og afbrýðisemisstingur fór um mig. Ónei, hún mun ekki gleyma. Ég hló.

„Þú hlærð að mér? Af hverju hlærð þú að mér?“

„Auðvitað hlæ ég að þér – fátánlega gamla kerling. Ég hef ekki í hyggju að ræða mín mál við þig lengur. Eða húsmóður þína. Ég er búinn að hlusta á allt sem þú hafðir að segja og ég trúir þér ekki. Nú kveður þú Antoinette og ferð svo burt. Það sem búið er að gerast hér er þér að kenna, svo þú skalt ekki koma aftur.“

Hún rétti úr sér, há og beinvaxin, og studdi höndum á mjaðmir sér.

„Hver þykist þú vera að segja mér að fara? Þetta hús tilheyrði móðir fröken Antoinette, nú tilheyrir það henni. Hver þykist þú vera að segja mér að fara?“

„Ég fullvissa þig um að þetta hús tilheyrir mér núna. Þú ferð eða ég fæ menn til að koma þér út.“

„Heldur þú að menn hér þori að snerta mig? Þeir eru ekki sömu kjánar og þú að leggja hendur á mig.“

„Þá fæ ég lögregluna hingað, ég vara þig við. Það hljóta einhver lög og reglur að gilda á þessari guðsvoluðu eyju.“

„Enga lögreglu hér,“ sagði hún. „Engin keðjugengi, engar stigmyllur, engin dimm

fangelsi heldur. Þetta er frjálst land og ég frjáls kona.“

„Christophine,“ sagði ég, „þú bjóst árum saman á Jamaíku og þú þekkir friðdómarann, Hr. Fraser vel. Ég skrifaði honum og spurði um þig. Viltu heyra hverju hann svaraði?“ Hún starði á mig. Ég las niðurlagið á bréfi Frasers upphátt: „Ég hef nú, svo lítið ber á, skrifað honum Hill, hvíta lögregluvarðstjóranum í bænum hjá þér. Ef hún býr þar einhvers staðar nærri og fer að vera með einhvern sinn vitleysisgang láttu hann þá strax vita. Hann sendir þér þá tvo lögregluþjóna og hún mun ekki sleppa svo auðveldlega í þetta skiptið. ...þú gafst húsmóður þinni eitrið sem hún setti í vínið mitt?“

„Ég er búin að segja það – þú talar vitleysu.“

„Við sjáum nú til með það – ég geymdi dálítið af víninu.“

„Ég segi henni það,“ sagði hún. „Það virkar ekki alltaf á *bekè*. Það skapar alltaf vandræði.... Svo þú sendir mig burtu og heldur öllum peningunum hennar. Og hvað gerir þú við hana?“

„Ég sé ekki að ég þurfi að segja þér allar mínar ráðagerðir. Ég ætla að fara til Jamaíku til að ráðfæra mig við lækna í Spanish Town og við bróður hennar. Ég mun fara að þeirra ráðum. Það er allt og sumt sem ég hyggst fyrir. Hún er ekki heilbrigð.“

„Bróðir hennar!“ Hún skyrpti á gólfíð. „Richard Mason er ekki bróðir hennar í raun. Þú heldur að þú platir mig? Þú vilt peningana hennar en þú vilt ekki hana. Þú ætlar að láta eins og hún sé geðveik. Ég veit það. Læknar segja það sem þú segir þeim að segja. Þessi maður Richard hann segir það sem þú segir honum að segja – fús og frjáls líka, það veit ég. Hún verður eins og mamma hennar. Þú gerir þetta fyrir peninga? Þú ert illur eins og Satan sjálfur.“

Ég sagði hátt og tryllingslega, „Og þú heldur að ég hafi viljað þetta allt? Ég vildi feginn gefa úr mér augun fyrir að hafa aldrei séð þennan andstyggilega stað.“

Hún hló. „Og þetta er fyrsta sannleiksorð sem þú talar. Þú velur hvað þú vilt gefa, ha? Veldu þá bara. Þú skiptir þér af einhverju og kannski veist þú ekki hvað það er.“ Hún byrjaði að muldra með sjálfri sér. Ekki á búramálinu. Ég þekkti það nú orðið.

Hún er jafn biluð og hin, hugsaði ég og sneri mér að glugganum.

Þjónarnir stóðu í hóp undir negultrénu. Babtiste, drengurinn sem hjálpaði til við hestana og litla stúlkan hún Hilda.

Christophine hafði rétt fyrir sér. Þau ætluðu ekki að láta blanda sér í þetta mál.

Þegar ég leit á hana var andlitið sem gríma og augu hennar sýndu engan bilbug. Hún var baráttujaxl, það varð ég að viðurkenna. Gegn vilja mínum endurtók ég, „Viltu kveðja Antoinette?“

„Ég gef henni dálítið til að sofa – ekkert sem skaðar hana. Ég vek hana ekki upp til einhverja eynd. Ég skil það eftir handa þér.“

„Þú getur skrifað henni,“ sagði ég kuldalega.

„Lesu og skrifa kann ég ekki. Ég kann aðra hluti.“

Hún gekk í burtu án þess að líta við.

Öll löngun til að sofna hafði yfirgefið mig. Ég gekk fram og aftur um herbergið og fann blóðið erta fingurgómana. Það hljóp upp eftir handleggjunum og náði svo til hjartans sem fór að slá mjög hratt. Ég talaði upphátt á meðan ég gekk. Ég þuldi bréfið sem ég hugðist skrifa.

„Ég veit núna að þú lagðir á ráðin um þetta til þess að losna við mig. Þú barst enga ást til mín. Alls enga. Bróðir minn ekki heldur. Áætlun þín heppnaðist af því að ég var ungur, sjálfumglaður, heimskur, fullur trúnaðartrausts. Fyrst og fremst af því að ég var ungur. Þetta gastu gert mér...“

En ég er ekki ungur núna, hugsaði ég, hætti að skálma um og fékk mér að drekka. Þetta romm er sannarlega milt eins og móðurmjólk eða föðurblessun.

Ég gat rétt ímyndað mér svipinn á honum ef ég sendi þetta bréf og hann læsi það. „*Kæri faðir,“ skrifaði ég. „Við erum að yfirgefa þessa eyju og höldum til Jamaíku fljótlega. Ófyrirséðar kringumstæður, að minnsta kosti ófyrirséðar mér, hafa neytt mig til að taka þessa ákvörðun. Ég er viss um að þú veist eða getur giskað á hvað gerst hefur, og ég er viss um að þú trúir því að því minna sem þú talar um mín mál við aðra, einkanlega um hjónaband mitt, því betra. Það er þér í hag ekki síður en mér. Þú munt heyra frá mér aftur. Fljótlega vona ég.“*

Síðan skrifaði ég lögfræðistofunni sem ég hafði átt viðskipti við í Spanish Town. Ég sagði þeim að ég óskaði eftir að taka á leigu fullbúið hús ekki of nærri borginni, nógu rúmgott til að hafa aðskilin svefnherbergi. Ég bað þá einnig að ráða þjónustufólk sem ég væri tilbúinn að borga rífleg laun – að því tilskildu að það gæti haldið kjafti, hugsaði ég – að því tilskildu að það væri þagmælt, skrifaði ég. Konan mín og ég kæmum til Jamaíku eftir um það bil viku og byggjumst við að þá yrði allt til reiðu.

Allan tímann á meðan ég var að skrifa bréfið galaði hani stanslaust fyrir utan. Ég tók þá bók sem hendi mér var næst og kastaði í hann, en hann stikaði bara nokka metra í burtu og byrjaði aftur.

Babtiste birtist, og leit í átt að hljóðu herbergi Antoinette.

„Áttu meira af þessu fræga rommi?“

„Alveg nóg romm,“ sagði hann.

„Er það í alvörunni hundrað ára gamalt?“

Hann kinkaði kolloi tómlega. Hundrað ára, þúsund ára, allt er það eins fyrir *le bon Dieu* og líka fyrir Babtiste.

„Af hverju er helvítis haninn eiginlega að gala?“

„Galar fyrir breytingum í veðri.“

Út af því að augu hans voru föst á svefnherberginu æpti ég á hann, „Sofandi, *dormi, dormi.*“

Hann hristi höfuðið og fór.

Hann yggldi sig við mig, hugsaði ég. Ég yggldi mig líka þegar ég las bréfið sem ég hafði skrifað lögfræðingunum aftur yfir. Hversu mikið sem ég myndi borga Jamaíkískum þjónum gæti ég aldrei keypt þagmælsku. Um mig yrði slúðrað, sungið (en þeir semja lög um allt og alla. Þú ættir að heyra það sem þeir gerðu um ríkisstjórafrúna). Hvert sem ég færi yrði kjaftað um mig. Ég fékk mér dálítið meira romm og, á meðan ég drakk, teiknaði ég upp hús umkringt trjám. Stórt hús. Ég skipti þriðju hæðinni niður í herbergi og í eitt herbergið teiknaði ég standandi konu – barnaleg krot, punktur fyrir höfuð, annar stærri fyrir bók, þríhyrningur fyrir pils, skáhallar línur fyrir handleggi og fætur. En þetta var enskt hús.

Ensk tré. Ég velti fyrir mér hvort ég myndi nokkru sinni aftur sjá England.

*

Undir lárviðarrósunum... Ég horfði á falin fjöllin og mistrið sem huldi ásjónur þeirra. Það er svalt í dag; svalt, kyrrlátt og skýjað eins og enskt sumar. En yndislegur staður í hvaða veðri sem er, hversu mikið sem ég ferðast mun ég aldrei líta neinn yndislegri.

Fellibyljamánuðirnir eru ekki svo langt undan, hugsaði ég, og sá hvar tré rak rót sína dýpra, til að búa sig undir að veita vindinum viðnám. Gagnslaust. Ef og þegar hann kemur fara þau öll. Sumir konunglegu pálmanna munu standa (sagði hún mér). Strípaðir af greinum sínum, eins og háir brúnir stólpar, standa þeir enn – ögrandi. Það er ekki að ástæðulausu sem þeir eru kallaðir konunglegir. Bambusarnir fara auðveldari leið, þeir beygja sig til jarðar og liggja þar, brakandi, kveinandi, grátbiðjandi um miskunn. Fullur fyrirlitningar æðir vindurinn hjá, kærir sig kollóttan um þessa lítilmótlegu hluti. (*Leyfum þeim að lifa.*) Ýlfrandi, skrækjandi, hlægjandi, æðir tryllt rokan hjá.

En það eru mánuðir í það. Það er enskt sumar núna, svo svalt, svo grátt. Samt hugsa ég um hefnd mína og fellibylji. Orð þjóta í gegnum höfuð mitt (gjörðir líka). Orð. Meðaumkun er eitt þeirra. Það veitir mér enga hvíld.

Meðaumkun eins og nýfætt barn sem skálmar mót rokunni.

Ég las þetta fyrir löngu síðan, þegar ég var ungur – nú hata ég skáld og ljóð. Eins og ég hata tónlist sem ég elskaði einu sinni. Syngdu þína söngva, Rupert af Rín, en ég mun ekki hlusta, þó mér sé sagt að þú hafir hina þýðustu rödd...

Meðaukum. Er engin slík til handa mér? Bundinn geðsjúklingi fyrir lífstíð – drykkfelldum, lygnum geðsjúklingi – sem farin er sömu leið og móðir hennar.

„Hún elskar þig svo mikið. Hana þyrstir í þig. Elskaðu hana bara svolítið, eins og hún segir. Það er allt sem þú getur elskað – svolítið.“

Svei því síðasta, djöfullinn þinn. Heldur þú að ég viti það ekki? Hana þyrstir í hvern sem er – ekki í mig...

Hún losar um svart hárið, og hlær og lokkar og smjaðrar (geðveika stúlka. Henni er sama með hverjum hún elskast). Hún stynur og hljóðar og gefur sig eins og engin kona með réttu ráði myndi gera – eða *gæti* gert. Liggur síðan grafkyrr, jafn kyrr og þessi grámóskulegi dagur. Geðsjúklingur sem alltaf veit hvað klukkan slær. En veit það aldrei.

Þar til hún er svo djúpt sokkin í drykkju, hefur leikið sinn leik svo oft að hinir ómerkilegustu yppa öxlum og hæðast að henni. Og á ég að vita það – ég? Nei, ég sé við henni.

„Hún elska þig svo mikið, svo mikið. Prófa hana einu sinni enn.“

Ég segi þér að hún elskar engan, ekki neinn. Ég gæti ekki snert hana. Nema eins og fellibylurinn snertir þetta tré – og brýtur það. Þú segir að ég hafi gert það? Nei. Það var hinn ofsafengni leikur ástarinnar. Nú mun ég gera það.

Hún mun ekki hlæja í sólinni aftur. Hún mun ekki klæða sig upp á og brosa að mynd sinni í bannsettum speglinum. Svo glöð, svo ánægð.

Hégómlega, kjánalega grey. Sköpuð til að elskast? Já, en hún mun ekki eiga neinn elskhuga því ég vil hana ekki og hún vill engan annan.

Tréð titrar. Titrar og safnar öllum sínum styrk. Og bíður.

(Það blæs svalur vindur núna – kaldur vindur. Ber hann með sér barnið sem fætt er til að skálma mót rjúkandi fellibyljunum?)

Hún sagðist elska þennan stað. Hún mun ekki sjá meira af honum. Ég mun fylgjast með hvort það kemur eitt tár, eitt mannlegt tár. Ekki þessu sljóa, hatursfulla, tunglsjúka andliti. Ég mun hlusta... Hvort hún segir vertu sæl, kannski adieu. *Adieu* – eins og í þessum gamaldags lögum sem hún söng. Alltaf *adieu* (og það er í öllum lögnum). Ef hún segir það líka, eða grætur, þá tek ég hana í faðm mér, geðsjúklinginn minn. Hún er geðveik en *mín, mín*. Hverju skipta mig guð eða djöflar eða örlaganornin sjálf. Ef hún brosir eða grætur eða hvort tveggja. Út af *mér*.

Antoinetta – ég get verið blíður líka. Feldu andlit þitt. Feldu þig en í örmum mínum. Þú munt fljótt sjá hve blíður. Geðsjúklinginn minn. Klikaða stúlkan mín.

Hérna er þungbúinn dagur þér til léttis. Engin glampanði sól.

Engin sól... Engin sól. Veðrið hefur breyst.

*

Babtiste beið á meðan lagt var á hestana. Strákurinn stóð hjá negultrénu og við hlið hans karfan sem hann átti að bera. Þessar körfur eru léttar og vatnsheldar. Ég hafði ákveðið að nota eina undir nauðsynlegasta fatnað – megnið af eigum okkar kæmi svo eftir einn eða tvo daga. Vagn tæki á móti okkur í Massacre. Ég hafði hugsað fyrir öllu, gengið frá öllu.

Hún stóð þarna í stráskýlinu, tilhlýðilega klædd fyrir ferðina, sá ég, en andlitið var sljólegt, algjörlega svipbrigðalaust. Tár? Það var ekkert tár sjáanlegt. Jæja, við sjáum til. Mundi hún eitthvað, velti ég fyrir mér, fann hún til einhvers? (Þetta bláa ský, þessi skuggi, er Martiník. Það er ljóst núna... Eða nöfn fjallanna. Nei, ekki fjall. *Morne*, myndi hún segja. „Fjall er ljótt orð – finnst þeim.“ Eða sögurnar um risavespunar. Í gamla daga. Og þegar þau sögðu, „Sjáðu! Smaragðatjaldið! Það boðar gæfu.“ Já, í eitt augnablik varð himininn grænn – fagurgrænt sólsetur. Sérstakt. En ekki nærri eins sérstakt og að segja að það boðaði gæfu.) Ég var nú svo sem undir sviplaust tómlæti hennar búinn. Ég vissi að draumarnir mínir voru draumar. En depurðin sem ég fann fyrir þegar ég horfði á subbulegt hvítt húsið – undir það var ég ekki búinn. Það barðist meira en nokkru sinni gegn svörtum frumskóginum, sem umlukti það eins og snákar. Æ herra og örvæntingafyllra hrópaði það: Bjargið mér frá eyðileggingu, glötun og auðn. Bjargið mér frá hægum dauða af völdum maura. En hvað ætlar þú að gera hérna, kjánalega skrauthýsi? Svo nærri frumskóginum. Veistu ekki að þetta er hættulegur staður? Og að þessi dimmi frumskógur hefur alltaf vinninginn? Alltaf. Ef þú veist það ekki þá munt þú brátt komast að því, og ég get ekkert gert til að hjálpa þér.

Babtiste var mjög breyttur. Ekki snefill eftir af kurteisa heimilisþjóninum. Hann var með barðastóran stráhatt, eins og fiskimannahattana, nema kollurinn flatur, ekki hár og oddmjór. Breiða leðurbeltið hans var gljápússað, og það var einnig skeftið á slíðruðu bjúgsverðinu hans, og blá bómullarskyrtan og buxurnar voru tandurhrein. Hatturinn, vissi ég, var vatnsheldur. Hann var undir rigninguna búinn og hún var sannarlega á leiðinni.

Ég sagðist vilja kveðja litlu hlæjandi stúlkuna – Hildu. „Hilda er ekki hér,“ svaraði hann á vandvirknislegri enskunni sinni. „Hilda fór – í gær.

Hann talaði svo sem nógu kurteislega, en ég fann andúð hans og fyrirlitningu. Sömu fyrirlitningu og hjá kerlingardjöflinum þegar hún sagði, „Smakka nautsblóðið

mitt.“ Sem þýddi það gerir þig að karlmanni. Kannski. Eins og það skipti mig máli hvað þeim fyndist um mig! Og hvað hana varðaði, þá mundi ég ekki eftir henni á þeirri stundu. Ég mun því aldrei skilja af hverju, allt í einu, svo yfirþyrmandi, var ég viss um að allt sem ég hafði hingað til trúað sem sannleika væri ósatt. Ósatt. Aðeins töfrarnir og draumarnir eru sannir – allt annað er lygi. Slepptu takinu á því. Hérna er leyndarmálið. Hérna.

(En það er týnt, leyndarmálið, og þeir sem þekkja það geta ekki sagt frá því.)

Ekki týnt. Ég hafði fundið það á leyndum stað og ég ætlaði að geyma það, halda fast um það. Eins og ég ætlaði að halda henni.

Ég leit á hana. Hún starði út á hafið í fjarska. Hún var þögnin holdi klædd.

Syngdu, Antoinetta. Nú heyri ég í þér.

Hér segir vindurinn það hefur verið, það hefur verið

Og hafið segir það hlýtur að verða, það hlýtur að verða

Og sólin segir það getur orðið, það getur orðið

Og regnið...?

„Þú verður að hlusta á það. Regnið okkar kann alla söngvana.“

„Og öll tárin?“

„Öll, öll, öll.“

Já, ég ætla að hlusta á regnið. Ég ætla að hlusta á fjallafuglinn. Ó, hann stoppar hjarta manns, eintóna söngur skeggþrastarins – hár, kliðmjúkur, einmanalegur, töfrandi. Maður heldur niðri í sér andanum og hlustar... Nei... Þarna hætti hann. Hvað átti ég að segja við hana?

Ekki vera döpur. Eða hugsaðu Adieu. Aldrei Adieu. Við munum horfa á sólsetrið aftur – mörgum sinnum, og kannski sjáum við smaragðatjaldið, græna glampann sem færir gæfu. Og þú verður að hlæja og spjalla eins og þú varst vön – segja mér frá bardaganum undan Saints eða lautartúrnum á Marie Galante – þeim fræga lautartúr sem endaði með bardaga. Eða sjóræningjunum og hvað þeir gerðu á milli ferða. Því hver ferð gat orðið þeirra síðasta. Sól og sangría, höfug blanda. Síðan – jarðskjálftinn. Ójá, fólk segir að guð hafi reiðst hlutum sem það gerði, vaknað upp af svefni sínum, einn andardráttur og það var farið. Hann sofnaði aftur. En það skildi eftir fjársjóði sína, gull og meira gull. Sumt af því fannst – en þeir sem fundu það sögðu aldrei frá því, því skilurðu, það fengi aðeins þriðjung þess: þannig eru fjársjóðslögin. Þeir vilja eiga það allt, svo þeir tala aldrei um það. Stundum mjög verðmætir hlutir, eða skartgripir. Það eru engin takmörk fyrir því hvað þeir finna og selja í laumi einhverjum varkárum manni sem vigtar og mælir, hika, spyr spurninga sem ekki er svarað, afhendir síðan peninga í skiptum.

Allir vita að hlutir úr gulli, dýrgripir, koma fram í Spanish Town – (hérna líka). Á öllum eyjunum, hvergi neins staðar frá, þaðan sem enginn veit. Því það er betra að tala ekki um dýrgripi. Betra að segja þeim ekki.

Já, betra að segja þeim ekki. Ég segi þér ekki að ég hlustaði varla á sögurnar þínar. Ég þráði nóttina og myrkrið og tímann þegar mánablómin opnast.

Þurrkið út tunglið

Togið niður stjörnurnar

Elskist í myrkrinu, því við tilheyrum myrkrinu

Svo fljótt, svo fljótt.

Eins og montnir sjóræningjarnir, skulum við gera það mesta og besta og versta úr því sem við höfum. Gefum ekki þriðjung heldur allt. Allt – allt – allt. Höldum ekki aftur af neinu...

Nei, ég myndi segja – ég veit hvað ég myndi segja. „Ég hef gert hræðileg mistök. Fyrirgefðu mér.“

Ég sagði það, horfði á hana, sá hatrið í augum hennar – og fann mitt eigið hatur vella upp til að taka á móti því. Aftur kom þessi svimandi breyting, minningin, velgjuleg sveiflan yfir í hatrið aftur. Þeir keyptu mig, mig með þínum ómerkilegu peningum. Þú hjálpaðir þeim að gera það. Þú blektir mig, sveikst mig, og verra muntu af þér gera ef þú getur.... (*Þessi stúlka hún horfir beint í augun þín og talar blíðmæli – og það eru allt lygar sem hún segir þér. Mamma hennar var þannig. Þeir segja að hún er verri en mamma sín.*)

...Væri ég á leið til helvítis þá látum svo vera. Ekki fleiri blekkingahimnaríki. Ekki meiri bölvaðir galdrar. Þú hatar mig og ég hata þig. Við skulum sjá hver hatar best. En fyrst, fyrst ætla ég að eyðileggja þitt hatur. Núna. Hatur mitt er kaldara, sterkara, og þú munt ekki eiga neitt hatur til að ylja þér við. Þú munt ekki hafa neitt.

Ég gerði það líka. Ég sá hatrið fara úr augum hennar. Ég þvingaði það út. Og með hatrinu fegurð hennar. Hún var aðeins draugur. Draugur í grárri dagsbirtu. Ekkert eftir annað en vonleysi. *Segðu deyðu og ég dey. Segðu deyðu og horfðu á mig deyja.*

Hún leit upp. Tómleg falleg augu. Geðveik augu. Geðveik stúlka. Ég veit ekki hvað ég hefði sagt eða gert. Óútkljáð – allt. En á þessari stundu hallaði nafnlausu drengurinn höfði sínu upp að negultrénu og snökkti. Hávært hjartaskerandi snökkt. Ég hefði með mestu ánægju getað kyrkt hann. En mér tókst að hafa hemil á sjálfum mér, ganga til

þeirra og spyrja kuldalega, „Hvað er að honum? Af hverju er hann að gráta?“ Babtiste svaraði ekki. Þungbúið andlit hans varð enn þungbúnara og það var allt og sumt sem Babtiste gaf uppi.

Hún hafði elt mig og hún svaraði. Ég þekkti varla rödd hennar. Engin hlýja, engin kliðmýkt. Brúðan hafði brúðurödd, andstutta en sérkennilega áhugalaus rödd.

„Hann spurði þegar við komum hingað fyrst hvort við – hvort þú – gætir tekið hann með þér þegar við færum. Hann vill enga peninga. Bara vera hjá þér. Af því að –“ Hún hætti og strauk tungunni eftir vörum sínum. „Honum þykir mjög vænt um þig. Svo ég sagði honum að þú myndir gera það. Taka hann með. Babtiste sagði honum að þú viljir það ekki. Þess vegna grætur hann.

„Það geri ég svo sannarlega ekki,“ sagði ég reiðilega. (Góður guð! Hálfgerður villimannsstrákur í ofanálág við... í ofanálág við...)

„Hann kann ensku,“ sagði hún, áhugalaust. „Hann hefur lagt hart að sér að læra ensku.“

„Hann hefur ekki lært neina ensku sem ég skil,“ sagði ég. Þegar ég horfði á stjarft hvítt andlit hennar óx reiði mín. „Hvaða rétt hefur þú til að gefa loforð í mínu nafni? Eða tala fyrir mína hönd almennt?“

„Nei, ég hafði engan rétt, fyrirgefðu mér. Ég skil þig ekki, ég veit ekkert um þig, og get ekki talað fyrir þína hönd...“

Og þar með var því lokið. Ég kvaddi Babtiste. Hann hneigði sig stirðlega, gegn vilja sínum og muldraði – óskir um góða ferð, væntanlega. Hann vonaði, er ég viss um, að hann þyrfti aldrei að líta mig augum frammar.

Hún hafði stigið á bak og hann gekk yfir til hennar. Þegar hún teygði fram höndina tók hann í hana og hélt í hana á meðan hann talaði mjög einlæglega. Ég heyrði ekki hvað hann sagði en ég hélt að hún væri að bresta í grát. Nei, brúðubrosið birtist aftur – neglt á andlitið. Þó hún hefði grátið eins og Magdalena hefði það engu breytt. Ég var úrvinda. Allar villtu stríðandi tilfinningarnar höfðu yfirgefið mig og látið mig eftir þreyttan og tóman. Með réttu ráði.

Ég var þreyttur á þessu fólki. Mér líkaði ekki hlátur þess né tár, smjadríð og öfundin, þóttinn og undirferlið. Ég hataði þennan stað.

Ég hataði fjöllin og hæðirnar, regnið og árnar. Ég hataði sólsetrið, sama hvaða lit, ég hataði fegurð hans og töfra og leyndardóminn sem ég myndi aldrei þekkja. Ég hataði áhugaleysi hans og grimmdina sem var hluti af yndisleik hans. En umfram allt hataði ég hana. Af því að hún tilheyrði töfrunum og yndisleikanum. Hún hafði skilið mig eftir

þyrstan og allt mitt líf yrði þorsti og löngun eftir því sem ég týndi áður en ég fann það.

Þannig riðum við í burtu og skildum hann eftir – leynda staðinn. Ekki fyrir mig og ekki fyrir hana. Ég myndi sjá til þess. Hún var nú komin langt á undan mér.

Brátt yrði hún komin í hóp þeirra sem þekkja leyndarmálið og munu ekki segja frá því. Eða geta það ekki. Eða reyna það og mistekst af því að þeir vita ekki nógu mikið. Það er hægt að þekkja þá. Hvít andlit, ringlað augnaráð, stefnulausar hreyfingar, skerandi hlátur. Hvernig þeir ganga og tala og öskra og reyna að drepa (sig sjálf eða þig) ef þú hlærð að þeim á móti. Já, það er betra að fylgjast með þeim. Því sá tími mun koma að þeir reyna að drepa, og hverfa svo. En aðrir bíða eftir að koma í þeirra stað, það er löng, löng biðröð. Hún er ein þeirra. Ég get beðið líka – eftir þeim degi þegar hún verður aðeins minning til að forðast, loka inni, og eins og allar minningar, goðsaga. Eða lygi....

Ég man að þegar við komum að gatnamótunum, hugsaði ég til Babtiste og velti fyrir mér hvort hann bæri annað nafn – ég hafði aldrei spurt. Og síðan að ég myndi selja staðinn fyrir það sem fyrir hann fengist. Ég hafði ætlað að gefa henni hann. En til hvers var það úr því sem komið var?

Strákasninn elti okkur, með körfuna skorðaða á höfði sér. Hann þurrkaði tár sín með handabökunum. Hverjum hefði dottið í hug að strákur myndi grenja svona. Út af engu. Engu...

Þanghafið breiða

III. hluti

„Þau vissu að hann var á Jamaíku þegar faðir hans og bróðir létust,“ sagði Grace Poole. „Hann erfði allt, en hann var auðugur maður fyrir. Sumir eru heppnir, er sagt, og það voru sögusagnir um konuna sem hann hafði með sér til Englands. Daginn eftir vildi Frú Eff finna mig og hún kvartaði yfir slúðrinu. Ég líð ekki slúður. Ég sagði þér það þegar þú komst. Þjónarnir munu tala og þú getur aldrei komið í veg fyrir það, sagði ég. Og ég er ekki viss um að aðstæðurnar henti mér, frú. Fyrst þegar ég svaraði auglýsingunni þinni sagðir þú að manneskjan sem ég ætti að líta eftir væri ekki ung stúlka. Ég spurði hvort hún væri gömul kona og þú sagðir nei. Nú þegar ég er búin að sjá hana veit ég ekki hvað skal segja. Hún situr skjálfandi og hún er svo mögur. Ef hún deyr í mínum höndum hverjum verður þá um kennt? Bíddu, Grace, sagði hún. Hún hélt á bréfi. Áður en þú tekur ákvörðun viltu þá hlusta á hvað húsbóndinn hefur að segja um málið. Ef fröken Poole er starfinu vaxin því þá ekki að greiða henni tvöföld, þreföld laun, ‘ las hún, og braut bréfið

saman en ekki fyrr en ég hafði séð orðin á næstu blaðsíðu, „en í guðanna bænum ekki plaga mig með því framar.“ Það var erlent frímerki á umslaginu. „Ég þjóna ekki andskotanum fyrir neina peninga,“ sagði ég. Hún sagði, „Ef þú heldur að þú sért að þjóna andskotanum þegar þú þjónar þessum herraþingi þá hefur þér aldrei skjáttlast eins hrapallega á ævinni. Ég þekkti hann þegar hann var drengur. Ég þekkti hann þegar hann var ungur maður. Hann var ljúfur, örlátur, hugrakkur. Dvöl hans í Vestur-Indíum hefur gert hann óþekktanlegan. Hár hans hefur gránað og það er depurð í augum hans. Ekki biðja mig um að sýna þeim sem því hafa valdið nokkra einustu samúð. Ég hef sagt meira en nóg og of mikið. Ég er ekki tilbúin til að þrefalda launin þín, Grace, en ég gæti tvöfaldað þau. En það verður ekki slúðrað meir. Ef það gerist þá læt ég þig strax fara. Ég held að það verði ekki ómögulegt að fylla skarð þitt. Ég er viss um að þú skilur mig.“ Já, ég skil, sagði ég.

„Síðan voru allir þjónarnir sendir í burtu og hún réð kokk, eina þjónustustúlku og þig, Leah. Þeir voru sendir í burtu en hvernig gat hún komið í veg fyrir að þeir slúðruðu? Ef ég á að segja eins og er þá veit öll þjóðin. Sögusagnirnar sem ég hef heyrt – órafjarri sannleikanum. En ég ber ekki á móti neinu, ég hef vit á því að segja ekki orð. Þegar allt kemur til alls þá er húsið stórt og öruggt, athvarf frá heiminum þarna úti sem, hvað sem þú segir, getur verið svartur og grimmur heimur fyrir konu. Kannski var það þess vegna sem ég var áfram.“

Þessir þykku veggir, hugsaði hún. Handan hliðsins við hliðvarðarbústaðinn voru löng trjágöng og inni í húsinu voru logandi arnar og dimmrauð og hvít herbergin. En umfram allt þykkir veggirnir, sem héldu fyrir utan öllu því sem barist hefur verið gegn þar til baráttukrafturinn var þrotinn. Já, kannski var það þess vegna sem við vorum allar áfram – Frú Eff, Leah og ég. Allar nema þessi stúlka sem lifir í sínu eigin myrkri. Eitt verð ég að segja henni til hróss, hún hefur ekki bugast. Hún er ennþá ofsafengin. Ég sný ekki baki í hana þegar þessi glampi er í augum hennar. Ég þekki hann.

Í þessu herbergi vakna ég snemma og ligg skjálíandi því það er mjög kalt. Eftir langa mæðu kemur Grace Poole, konan sem hugsar um mig, kveikir upp með pappír, spýtum og kolamolom. Hnú krýpur til að blása í hann með fýsibelg. Pappírinn skreppur saman, spýturnar bresta og snarka, kolin molna og glóa. Á endanum rísa logarnir og þeir eru fallegir. Ég fer fram úr rúminu og kem nær til að fylgjast með þeim og hugsa um af hverju hafi verið komið með mig hingað. Hver er ástæðan? Einhver hlýtur ástæðan að vera. Hvað þarf ég að gera? Þegar ég kom hingað fyrst hélt ég að það yrði bara í einn eða

tvo daga, kannski viku. Ég hélt að þegar ég talaði við hann yrði ég vitur sem snákur, meinlaus sem dúfa. „Ég gef þér allt sem ég á af fúsum og frjálsum vilja,“ ætlaði ég að segja, „og ég mun ekki ónáða þig framar ef þú leyfir mér að fara.“ En hann kom aldrei.

Konan Grace sefur í herberginu mínu. Á næturnar sé ég hana stundum sitja við borðið og telja peninga. Hún heldur á gullpeningi og brosir. Síðan setur hún hann í litla strigaskjóðu með reyrstreng og hengir skjóðuna um háls sér og felur hana þannig í kjólnum sínum. Til að byrja með leit hún alltaf á mig áður en hún gerði þetta en ég þóttist alltaf vera sofandi, núna virðist ég ekki trufla hana lengur. Hún fær sér að drekka úr flösku á borðinu og fer svo í háttinn, eða leggur handleggina á borðið, leggur höfuðið ofan á handleggina, og sofnar. En ég ligg og horfi á eldinn deyja út. Þegar hún er farin að hrjóta fer ég á fætur og ég hef bragðað á litlausum drykknum í flöskunni. Í fyrsta skiptið langaði mig til að spýta því út úr mér en mér tókst að kyngja því. Þegar ég var komin aftur upp í rúm mundi ég meira og gat hugsað skýrar. Mér var ekki svo kalt lengur.

Það er einn gluggi hátt uppi – það er ekki hægt að sjá út um hann. Það voru hurðir fyrir rúminu mínu en það er búið að fjarlægja þær. Það er ekki margt annað í herberginu. Rúmið hennar, svört kommóða, borðið í miðjunni og tveir svartir stólar með útskornum ávöxtum og blómum. Þeir eru með háum bökum en engum örmum. Fataherbergið er mjög lítið, herbergið við hliðina á þessu er þakið veggteppum. Þegar ég virti veggteppin fyrir mér einn daginn tók ég eftir móður minni íklæddri kvöldkjól en berfættri. Hún horfði framhá mér, yfir höfuð mér eins og hún var vön. Ég sagði Grace ekki frá því. Hún ætti ekki að heita Grace. Nöfn skipta máli, eins og þegar hann vildi ekki kalla mig Antoinette, og ég horfði á Antoinette líða út um gluggann með ilm sinn, fallegu fötin sín og spegilinn.

Það er enginn spegill hér og ég veit ekki hvernig ég lít út núna. Ég man hvernig ég horfði á sjálfa mig burstu hár mitt og hvernig augu mín horfðu á mig á móti. Stúlkan sem ég sá var ég sjálf en samt ekki alveg ég sjálf. Fyrir langalöngu þegar ég var barn og mjög einmana reyndi ég að kyssa hana. En glerið var á milli okkar – hart, kalt og móða á því eftir andardrátt minn. Nú eru þau búin að taka allt í burtu. Hvað er ég að gera á þessum stað og hver er ég?

Dyrnar að teppaherberginu eru hafðar læstar. Það liggur, veit ég, að gangi. Það er þar sem Grace Poole stendur og talar við aðra konu sem ég hef aldrei séð. Hún heitir Leah. Ég hlusta en ég skil ekki hvað þær segja.

Svo það er ennþá ómurinn af sama hvíslinu og ég hef heyrt alla mína ævi, en þetta eru aðrar raddir.

Þegar náttar, og hún er búin að fá sér nokkra drykki og er sofnuð, þá er auðvelt að taka lyklana hennar. Ég veit hvar hún geymir þá. Síðan opna ég dyrnar og geng út í heiminn. Hann er, eins og ég vissi, gerður úr pappa. Ég hef séð hann einhvers staðar áður, þennan pappaheim þar sem allt er brúnt á lit eða dumbrautt eða með þessum gula lit sem engu birtu ber í sér. Þegar ég geng eftir göngunum vildi ég að ég gæti séð það sem er handan pappans. Þau segja mér að ég sé í Englandi en ég trúi þeim ekki. Við týndumst á leiðinni til Englands. Hvenær? Hvar? Ég man það ekki en við týndumst. Var það kvöldið í klefanum þegar hann kom að mér að tala við unga manninn sem kom til að færa mér mat? Ég tók utan um hálsinn á honum og bað hann að hjálpa mér. Hann sagði, „Ég vissi ekki hvað ég átti að gera, herra.“ Ég kastaði glösunum og diskunum í kýraugað. Og vonaði að það brotnaði og sjórinn kæmi flæðandi inn. Það kom kona og svo eldri maður sem þreif upp brotin af gólfinu. Hann leit ekki á mig á meðan hann gerði það. Þriðji maðurinn sagði drekktu þetta og þá sofna þú. Ég drakk það og sagði, „Þetta er ekki eins og það lítur út fyrir að vera.“ – „Ég veit, það er það aldrei,“ sagði hann. Og svo sofnaði ég. Þegar ég vaknaði var komið annað haf. Kaldara. Það var það kvöld, held ég, sem við breyttum kúrsinum og villtumst af leiðinni til Englands. Þetta pappahús sem ég geng um á næturnar er ekki England.

Einn morguninn þegar ég vaknaði verkjaði mig í allan skrokkinn. Ekki út af kvefi, þetta voru annars konar verkir. Ég sá að úlnliðir mínir voru rauðir og þrútnir. Grace sagði, „Ég geri ráð fyrir að þú munir segja mér að þú munir ekki neitt af því sem gerðist í nótt.“

„Hvenær var í nótt?“ sagði ég.

„Í gær.“

„Ég man ekki eftir gærdeginum.“

„Það kom herramaður að heimsækja þig í gærkvöldi.“

„Hver þeirra var það?“

Af því að ég vissi að það var ókunnugt fólk í húsinu. Þegar ég tók lyklana og fór fram á ganginn heyrði ég það hlæja og tala í fjarska, eins og fugla, og það voru ljós á hæðinni fyrir neðan.

Þegar ég gekk fyrir horn sá ég stúlku koma út úr svefnherbergi. Hún var í hvítum kjól og sönglaði með sjálfri sér. Ég þrýsti mér upp að veggnum því ég vildi ekki að hún sæi mig, en hún nam staðar og horfði í kringum sig. Hún sá ekkert nema skugga, ég sá til þess, en hún gekk ekki að stigaskörinni. Hún hljóp. Hún mætti annarri stúlku og sú stúlka spurði, „Sástu draug?“ – „Ég sá ekkert en mér fannst ég finna fyrir einhverju.“ – „Það er

draugurinn,“ sagði hin þá og þær gengu saman niður stígann.

„Hvað af þessu fólki kom að hitta mig, Grace Poole?“ sagði ég.

Hann kom ekki. Jafnvel þó ég hafi verið sofandi þá hefði ég vitað það. Hann hefur ekki komið enn. Hún sagði, „Ég held að þú munir meira en þú þykist muna. Af hverju hagaðir þú þér svona þegar ég var búin að lofa að þú yrðir róleg og skynsöm? Ég mun aldrei reyna að gera þér gott framar. Bróðir þinn kom að heimsækja þig.“

„Ég á engan bróður.“

„Hann sagðist vera bróðir þinn.“

Hugur minn stritaði langt aftur í tímann.

„Hét hann Richard?“

„Hann sagði mér ekki hvað hann hét.“

„Ég þekki hann,“ sagði ég og stökk fram úr rúminu. „Það er allt hérna, það er allt hérna, en ég faldi það fyrir þínum kvikindislegu augum eins og ég fel allt. En hvar er það? Hvar faldi ég það? Í skóssólanum mínum? Undir dýnunni? Ofan á kómmóðunni? Í vasanum á rauða kjólnum mínum? Hvar, hvar er bréfið? Það var stutt því ég man að Richard var ekki hrifinn af löngum bréfum. Kæri Richard. Vertu svo vænn að fara með mig í burtu úr þessum stað þar sem ég er að deyja af því að það er svo kalt og dimmt.“

Frú Poole sagði, „Það þýðir ekkert að æða um allt og leita núna. Hann er farinn og mun ekki koma aftur – enda myndi ég ekki gera það í hans sporum.“

Ég sagði, „Ég man ekki hvað gerðist. Ég man það ekki.“

„Þegar hann kom inn,“ sagði Grace Poole, „þekkti hann þig ekki.“

„Viltu kveikja upp í arninum,“ sagði ég, „því mér er svo kalt.“

„Þessi herramaður kom skyndilega og vildi endilega hitta þig og þetta voru þakkirnar sem hann fékk. Þú æddir að honum með hníf og þegar hann náði honum af þér þá beistu hann í handlegginn. Þú sérð hann ekki aftur. Og hvar fékkstu þennan hníf? Ég sagði honum að þú hefðir stolið honum frá mér en ég er varkárari en svo. Ég þekki þína líka. Þú fékkst engan hníf frá mér. Þú hlýtur að hafa keypt hann daginn sem ég fór með þig út. Ég sagði Frú Eff að það ætti að fara með þig út.“

„Þegar við fórum til Englands,“ sagði ég.

„Kjáninn þinn,“ sagði hún, „þetta er England.“

„Ég trúí því ekki,“ sagði ég, „og mun aldrei trúa því.“

(Þetta síðdegi fórum við til Englands. Þar var gras og ólífugrænt vatn og há tré sem horfðu ofan í vatnið. Þetta, hugsaði ég, er England. Ef ég gæti verið hér myndi mér batna og hljóðið í höfði mínu þagna. Leyfðu mér að vera hér aðeins lengur, sagði ég, og

hún settist undir tré og sofnaði. Stutt þar frá voru hestur og vagn – það var kona sem ók. Það var hún sem seldi mér hnífinn. Ég gaf henni nistið um hálsinn á mér í staðinn.)

Grace Poole sagði, „Svo þú manst ekki að þú réðst á herra Manninn með hnífi? Ég sagði að þú yrðir róleg. „Ég verð að tala við hana,“ sagði hann. Jæja, ég varaði hann við en hann hlustaði ekki. Ég var í herberginu en ég heyrði ekki allt nema hvað hann sagði „Ég get ekki skipt mér af lagalegum málum milli þín og eiginmanns þíns.“ Það var þegar hann sagði „lagalegum“ sem þú réðst á hann og þegar hann sneri hnífinn úr hendi þér þá beistu hann í handlegginn. Ertu að segja mér að þú munir ekki eftir neinu?“

Ég man núna að hann bar ekki kennsl á mig. Ég sá að hann horfði á mig og ég sá að augu hans hvörfluðu frá einum stað til annars og fundu ekki það sem þau áttu von á. Hann horfði á mig og talaði við mig eins og ég væri ókunnug manneskja. Hvað gerir þú þegar slíkt kemur fyrir þig? Af hverju hlærð þú að mér? „Ertu búin að fela rauða kjólinn minn líka? Ef ég hefði verið í honum þá hefði hann þekkt mig.“

„Það hefur enginn falið kjólinn þinn,“ sagði hún. Hann hangir í skápnum.“

Hún horfði á mig og sagði, „Ég held að þú vitir ekki hvað þú ert búin að vera hérna lengi, vesalingur.“

„Þvert á móti,“ sagði ég, „aðeins ég veit hvað ég er búin að vera hér lengi. Nætur og daga og daga og nætur, hundruð þeirra hafa runnið úr greipum mér. En það skiptir ekki máli. Tíminn hefur enga merkingu. En eitthvað sem hægt er að koma við og halda á eins og rauði kjóllinn minn, það hefur merkingu. Hvar er hann?“

Hún hnykkti höfðinu til í áttina að skápnum og munnvik hennar sigu niður á við. Um leið og ég sneri lyklinum sá ég hann hanga þar, litur eldsins og sólsetursins. Litur logablómanna. „Sért þú grafinn undir logatré,“ sagði ég, lyftist sál þín upp þegar það blómstrar. Það vilja allir.“

Hún hristi höfuðið en hún hreyfði sig hvorki né snerti mig.

Ilmurinn af kjólnum var daufur í fyrstu, varð síðan sterkari. Ilmur af vetíver og örlagatré, kanil og ryki og límónutrjám í blóma. Ilmur af sumri og ilmur af regni.

...Ég var í kjól í þeim lit þegar Sandi kom fyrst til mín.

„Viltu koma með mér?“ sagði hann. „Nei,“ sagði ég „ég get það ekki.“

„Svo þetta er þá kveðjustund?“

„Já, þetta er kveðjustund.“

„En ég get ekki skilið við þig svona,“ sagði hann, „þú ert svo óhamingjusöm.“

„Þú ert að sóa tímanum,“ sagði ég, „og við eigum svo lítið af honum.“

Sandi kom oft að hitta mig þegar maðurinn var í burtu og þegar ég fór í ökuferðir hitti ég hann stundum. Ég gat farið í ökuferðir þá. Þjónarnir vissu af því, en enginn þeirra kjaftaði frá.

Nú var tíminn runninn út og við kysstum hvort annað í þessu asnalega herbergi. Útbreiddir blævængir héngu til skrauts á veggjunum. Við höfðum oft kysst hvort annað áður en ekki svona. Þetta var koss lífs og dauða og maður veit það ekki fyrr en löngu seinna hvað hann er, koss lífs og dauða. Hvíta skipið flautaði þrisvar, einu sinni glaðlega, einu sinni kallandi, einu sinni til að kveðja.

Ég tók rauða kjólinn niður og bar hann við mig. „Gerir hann mig hömlulausa og ósiðsama?“ sagði ég. Maðurinn sagði það. Hann hafði komist að því að Sandi hafði komið í heimsókn og að ég hefði farið að hitta hann. Ég veit ekki hver kjaftaði frá. „Illræmd dóttir illræmdrar móður,“ sagði hann við mig.

„Æi, láttu hann inn aftur,“ sagði Grace Poole, „og komdu og borðaðu matinn þinn. Hérna er grái sloppurinn þinn. Af hverju þau geta ekki látið þig fá neitt skárna skil ég ekki. Nógu rík eru þau.“

En ég hélt áfram á kjólnum og velti fyrir mér hvort þau hefðu gert það síðasta og versta við hann. Hvort þau hefðu *breytt* honum þegar ég sá ekki til. Ef þau hefðu breytt honum og að hann væri alls ekki lengur kjóllinn minn – en hvernig hefðu þau náð ilminum?

„Svona, stattu ekki þarna skjálfandi,“ sagði hún, óvenju vingjarnlega.

Ég lét kjólinn falla á gólfið, og leit af eldinum á kjólinn, af kjólnum á eldinn.

Ég vafði gráa sloppnum um axlir mínar, en ég sagði henni að ég væri ekki svöng og hún reyndi ekki að þvinga mig til að borða eins og hún gerir stundum.

„Það er eins gott að þú manst ekki eftir gærkvöldinu,“ sagði hún. „Það leið yfir herramanninn og varð heljarinnar skarkali hérna uppi. Blóð úti um allt og mér var kennt um að hafa látið þig ráðast á hann. Og það er von á húsbóndanum eftir nokkra daga. Ég mun aldrei aftur reyna að hjálpa þér. Þér er ekki við bjargandi.“

Ég sagði, „Ef ég hefði verið í rauða kjólnum hefði Richard þekkt mig.“

„Rauða kjólnum,“ sagði hún og hló.

En ég leit á rauða kjólinn á gólfinu og það var eins og eldur hefði breiðst út um herbergið. Það var svo fallett og það minnti mig á svolítið sem ég þyrfti að gera. Ég ætla að muna eftir því hugsaði ég. Ég ætla að muna eftir því mjög fljótlega.

Þetta var í þriðja skiptið sem mig dreymdi drauminn minn, og hann endaði. Ég veit núna að þrepin liggja að herberginu þar sem ég ligg og horfi á konuna sofa með höfuðið hvílandi á örmum sér. Í draumnum beið ég þangað til hún var farin að hrjóta, stóð síðan á fætur, tók lyklana og hleypti sjálfri mér út með kerti í hönd. Það var auðveldara en nokkru sinni áður og það var eins og ég flygi þegar ég gekk.

Allt fólkið sem dvalið hafði í húsinu var farið, því dyr svefnherbergjanna voru lokaðar, en mér fannst sem einhver kæmi á eftir mér, einhver væri að elta mig, hlægjandi. Stundum leit ég til hægri eða vinstri en ég leit aldrei aftur fyrir mig því ég kærði mig ekki um að sjá konudrauginn sem þau sögðu að gengi hér aftur. Ég fór niður stigann. Ég fór lengra en ég hafði nokkru sinni áður farið. Það var einhver að tala í einu herbergjanna. Ég fór hljóðlega framhjá því, hægt og rólega.

Loks var ég komin niður í anddyrið þar sem logaði á lampa. Ég man eftir því þegar ég kom. Lampa og dimmum stigaganginum og slæðunni yfir andliti mínu. Ég hélt ekki að ég myndi það en ég man. Það voru dyr til hægri. Ég opnaði þær og gekk inn. Þetta var stórt herbergi með rauðu teppi á gólfinu og rauð gluggatjöld. Allt annað var hvítt. Ég settist á sófa til að virða það fyrir mér og það virtist dapurlegt, kalt og tóm eins og ég, eins og kirkja án altaris. Mig langaði til að sjá það skýrt svo ég kveikti á öllum kertunum, og þau voru mörg. Ég kveikti varlega á þeim með því sem ég hélt á en ég náði ekki upp í ljósakrónuna. Ég leit í kringum mig eftir altarinu því út af öllum kertunum og öllum rauða litnum, þá minnti herbergið mig á kirkju. Ég heyrði tif í klukku sem gerð var úr gulli. Gull er þeirra guð.

Skyndilega leið mér illa í þessu herbergi, þó sófinn sem ég sat í væri svo mjúkur að ég sökk ofan í hann. Mér fannst eins og ég væri að sofna. Ég ímyndaði mér að ég heyrði fótatak og hugsaði hvað þau myndu segja, hvað þau myndu gera ef þau finndu mig hérna? Ég hélt vinstri hönd um hægri úlnlið og beið. En það var ekkert. Ég var orðin mjög þreytt eftir þetta. Mjög þreytt. Mig langaði til að fara út úr þessu herbergi en kertið mitt var brunnið niður svo ég tók eitt af hinum. Allt í einu var ég í herbergi Coru frænku. Ég sá hvernig sólin skein inn um gluggann, tréð fyrir utan og skugga laufanna á gólfinu, en ég kom líka auga á vaxkertin og ég hataði þau. Svo ég sló þau öll niður. Það slokkaði á flestum þeirra en eitt þeirra kveikti í þunnu gluggatjöldunum sem voru á bak við þau rauðu. Ég hló þegar ég sá dásamlegan litinn breiðast svo hratt út, en ég staldraði ekki til að horfa á hann. Ég fór aftur fram á ganginn með háa kertið í hendinni. Það var þá sem ég sá hana – drauginn. Konuna með flæðandi hárið. Hún var umkringd gylltum ramma en ég bar kennsl á hana. Ég missti kertið sem ég hélt á og það kveikti í einu horninu á

borðdúknum og ég sá logana stíga upp. Þegar ég hljóp eða kannski flaut eða sveif kallaði ég á Christophine að hjálpa mér og þegar ég leit við sá ég að mér hafði verið komið til hjálpar. Þar var eldveggur sem verndaði mig en hann var of heitur, hann brenndi mig og ég fór frá honum

Það voru fleiri kerti á borðinu og ég tók eitt þeirra og hljóp upp stigann upp á aðra hæð og svo þá þriðju. Á þriðju hæðinni henti ég frá mér kertinu. En ég staldraði ekki til að horfa á. Ég hljóp upp restina af stiganum og eftir ganginum. Ég fór framhjá herberginu þangað sem þau fóru með mig í gær eða fyrradag, ég man ekki hvort. Kannski var það fyrir löngu síðan því mér fannst ég þekkja húsið vel. Ég vissi hvernig átti að komast frá hitanum og ópunum, því nú var verið að æpa. Þegar ég var komin út á brjóstvörnina var svalt og ég heyrði næstum ekkert til þeirra. Ég sat þar róleg. Ég veit ekki hve lengi ég sat. Svo sneri ég mér við og sá himininn. Hann var rauður og í honum var öll ævi mín. Ég sá standklukkuna og bútasauminn hennar Coru frænku, í öllum regnbogans litum, ég sá orkídeurnar og frúarlaufið og jasmínuna og lífsins tré skíðlogandi. Ég sá ljósakrónuna og rauða teppið niðri og bambusinn og burknatrén, gullburknann og silfurburknann, og mjúkt grænt flauel mosans á garðveggnum. Ég sá brúðuhúsið mitt og bækurnar og myndina af Dóttur Malarans. Ég heyrði kallið í páfagauknum þegar hann sá ókunnuga, *Qui est là? qui est là?* og maðurinn sem hataði mig kallaði líka, Bertha, Bertha! Vindurinn þreif í hár mitt og það breiddist út eins og vængir. Það gæti haldið mér uppi, hugsaði ég, ef ég stykki niður á harða steinana. En þegar ég leit fram af brúninni sá ég hylinn við Coulibri. Tia var þar. Hún gaf mér bendingu um að koma og þegar ég hikaði, hló hún að mér. Ég heyrði hana segja, þú hrædd? Og ég heyrði rödd mannsins, Bertha, Bertha! Allt þetta sá ég og heyrði á sekúndubroti. Og himininn svo rauðan. Einhver öskraði og ég hugsaði, af hverju var ég að öskra? Ég kallaði „Tia!“ og hrökk við og vaknaði.

Grace Poole sat við borðið en hún hafði heyrð öskrið líka, því hún sagði, „Hvað var þetta?“ Hún stóð á fætur, kom til mín og horfði á mig. Ég lá kyrr, andaði rólega með augun lokuð. „Mig hlýtur að hafa verið að dreyma,“ sagði hún. Síðan fór hún til baka, ekki að borðinu heldur að rúminu sínu. Ég beið lengi eftir að ég heyrði að hún var farin að hrjóta, fór þá fram úr, tók lyklana og lauk upp dyrunum. Ég var fyrir utan og hélt á kertinu mínu. Núna veit ég loksins af hverju það var komið með mig hingað og hvað ég þarf að gera. Það hlýtur að hafa verið dragsúgur því loginn flökti og ég hélt að hann hefði slokknað. En ég skýldi honum með hendinni og hann tók við sér aftur til að lýsa mér leið eftir dimmum ganginum.